NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
Býður fjölskyldunni í mat í hverri viku
matur tíska
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

VETRARLÍF
Smáfuglarnir eru mættir í mat
Sérblað um útivist og veturinn
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Jólatilboðsblað Betra Bak fylgir blaðinu í dag
Löng helgi
Betra BAK

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

2. nóvember 2007 — 298. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Ný mynd í smíðum
Margrét Örnólfsdóttir og Inga Lísa Middleton gera kvikmynd eftir Öðruvísi dögum, bók Guðrúnar Helgadóttur.
FÓLK 58

Sæmdur frönskum riddarakrossi

Sigurður Pálsson skáld heiðraður af sendiherra Frakklands á næstunni.
FÓLK 58

Ótrúlegur sigur hjá KR
Íslandsmeistarar KR unnu ævintýralegan sigur á Njarðvíkingum vestur í bæ. Sigurkarfan kom um leið og leiktíminn rann út.

ÍÞRÓTTIR 54

SIRKUS
Í mér blundar bóndi
Andrea Róberts er flutt í sveitina og fílar það vel.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



VEÐRIÐ Í DAG



SNÝST Í NORÐRIÐ - í fyrstu vestan og suðvestan strekkingur en hægari nyrðra. Él norðan til í kvöld. Hiti 3-10 stig en kólnar með kvöldinu.
VEÐUR 4

Heimurinn bíður ekki eftir rifrildi borgarfulltrúanna

Orkuútrásarfyrirtæki hafa takmarkaðan tíma til stefnu og verða að hreyfa sig hratt til að taka þátt í leiknum segir Hannes Smárason. Borgarráð fellst ekki á samruna REI og GGE. Hannes segir samninga standa.

ORKUMÁL „Við ætlum okkur að halda áfram með það sem við erum að gera. Geysir Green Energy var fínt félag áður en þetta mál kom upp, og mun halda áfram að vera það," segir Hannes Smárason, stjórnarformaður í Geysi Green Energy (GGE) og forstjóri FL Group.

„Menn hafa ákveðinn glugga núna til að ná árangri [í orkuútrásinni]. Það byggir á því að núna er heimurinn allt í einu farinn að horfa á þennan orkugjafa, sem þýðir að við munum keppa um verkefni við mörg af stærstu fyrirtækjum heims," segir Hannes.

„Menn geta ekki setið hér og rifist um ekki neitt, og haldið að heimurinn bíði eftir þeim, það virkar ekki þannig. Menn verða að hreyfa sig hratt ef þeir ætla að vera með í þessum leik."

Borgarráð ákvað í gær að fallast hvorki á samruna GGE og Reykjavik Energy Invest (REI) né á þjónustusamning REI við Orkuveitu Reykjavíkur til tuttugu ára. Þrátt fyrir þetta lítur stjórn GGE svo á að samningarnir standi óhaggaðir.

„Það hefur ekkert komið upp í þessu ferli sem gefur tilefni til að ætla að það sé hægt að rifta samningum einhliða. Þegar skriflegir samningar eru gerðir er ekki hægt að rifta þeim einhliða án þess að taka afleiðingunum af því," segir Hannes.

Óljóst er hvaða áhrif ákvörðun borgarráðs hefur á samninga REI við erlenda samstarfsaðila. „Það liggur ekki fyrir, en það er eitt af því sem gæti skapað borginni skaðabótaskyldu. Ef aðgerðir hennar leiða til þess að samningar sem þessi félög hafa gert ganga ekki eftir myndast klárlega skaðabótaskylda. Þannig geta þessar upphæðir orðið mjög stórar," segir Hannes.

Verkþekking og viðskiptavild OR var metin á tíu milljarða króna við sameiningu REI og GGE. Hannes segir að verði ákvörðun borgarráðs endanleg og þjónustusamningnum kippt úr sambandi verði borgin og skattgreiðendur af þeim tíu milljarða króna verðmætum.

„Hvort þeir geta reynt að búa sér til önnur verðmæti annars staðar og reynt að ná þeim verðmætum til baka skal ég ekki segja, en verðmætin sem urðu til við þennan samruna eru komin út af borðinu ef hann verður ekki með þeim hætti sem lagt var af stað með," segir Hannes. - bj / sjá síðu 6

ALDINN MEISTARI Sýning á verkum listmálarans Kristjáns Davíðssonar var opnuð í Listasafni Íslands í gær. Kristján, sem er meðal brautryðjenda í íslenskri nútímamálaralist, varð níræður fyrr á þessu ári. Hann vinnur enn að list sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Lögregla hefur stöðugt eftirlit:

Dópgreni á tuttugu stöðum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu segir ekki ofáætlað að stöðug vandamál tengd fíkniefnum séu í um tuttugu húsum eða íbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Vandinn krefst stöðugs eftirlits og nágrönnum er haldið í heljargreipum, að sögn lögreglu.

Dæmi er um einbýlishús í miðbæ Reykjavíkur þar sem sextán lögreglumál hafa komið upp í ár. Þar hafa fundist fíkniefni, þýfi og vopn. Nágrannar verða fyrir mikilli truflun og barnafólki er sérstaklega órótt.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir lögregluþjóna verða vitni að mikilli eymd og þeir leggi sig í hættu þar sem fólk í mikilli fíkniefnaneyslu sé oft óútreiknanlegt. Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir að tekið verði á vandanum hvar sem hann komi upp. Annað sé uppgjöf fyrir vandanum. - shá / sjá síðu 2

Bifreiðaeigendur greiða 200 milljónir fyrir hverja krónu sem bensínverð hækkar um:

Dísilolían aldrei verið dýrari

NEYTENDUR Dísilolía hefur aldrei verið dýrari en eftir verðhækkanir olíufélaganna á miðvikudag. Þá hækkuðu Skeljungur, N1 og Olís dísilolíuna um 2 krónur og bensínið um 1.50 krónur.

Bensín kostar með þjónustu 134.70 krónur hver lítri og dísilolían 135.40 krónur. Bensín hefur ekki verið dýrara á árinu, samkvæmt Runólfi Ólafssyni, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB).

Runólfur segir að kostnaður bifreiðeigenda vegna álagningar á bensín hafi verið yfir ellefu krónum hærri í október samanborið við í apríl þegar álagningin var lægst. Yfir heilt ár nemur þessi verðmunur rúmum tveimur milljörðum króna. „Hver króna í aukna álagningu yfir eitt ár þýðir tvö hundruð milljónir úr vasa neytenda."

Runólfur segir að nú sé meiri ástæða en nokkru sinni fyrr til að leita að besta verðinu. „En það er erfitt á svo einsleitnum markaði þar sem allir virðast elta þá stærstu." - shá

SPURNING DAGSINS

Andrea, vilt þú fá handritið heim?

„Já, því JPV útgáfa vill gefa þetta út."

Fornt skinnhandrit sem Andrea Brabin, framkvæmdastjóri Eskimo Models, keypti í Eþíópíu er til rannsóknar á Stofnun Árna Magnússonar. Andreu var tjáð að um eþíópískan biblíutexta væri að ræða þegar hún keypti handritið.

Maður á fimmtugsaldri ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur:

Sveik út fjórar milljónir króna

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að svíkja út fjórar milljónir króna.

Honum er gefið að sök að hafa í apríl 2004 selt í Landsbanka Íslands í Hafnarfirði tryggingabréf upp á tvær milljónir króna. Tryggingabréfið hafði hann falsað með því að rita nöfn annarra einstaklinga á það, þannig að lánið var tryggt með veðsetningu í fasteign í Reykjavík. Þá er manninum gefið að sök að hafa leikið sama leikinn í júlí 2006 og þá selt Landsbankanum í Austurstræti víxil að fjárhæð tvær milljónir króna, sem hann gaf út fyrir hönd fyrirtækis og falsaði undirskriftir.

SKJALAFALS Ákærur um skjalafals, fjársvik og fjárdrátt voru þingfestar í héraðsdómi í gær.

Landsbankinn krefst skaðabóta úr hendi mannsins upp á nær tvær milljónir króna ásamt vöxtum, auk þess sem ákæruvaldið krefst þess að hann verði dæmdur til refsingar.

Þá hefur rúmlega tvítugur maður verið ákærður fyrir fjársvik með því að svíkja út veitingar á veitingastaðnum Pravda. Hann lét skuldfæra andvirði veitinganna á greiðslukortareikning annars manns.

Loks hefur tvítug stúlka verið ákærð fyrir að hafa dregið sér 89 þúsund krónur meðan hún starfaði sem gjaldkeri hjá Bónus.

- jss

Átta mánaða fangelsisdómur:

Beraði sig fyrir fimm börnum

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest átta mánaða fangelsisdóm yfir karlmanni á fertugsaldri sem ákærður var kynferðisbrot gegn fimm börnum. Hann beraði kynfæri sín fyrir þeim og fróaði sér að þeim viðstöddum í ágúst í fyrra.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt hann í átta mánaða fangelsi, en ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar og krafðist þyngri dóms. Hæstiréttur varð ekki við því heldur staðfesti dóminn eins og hann var. Fimm mánuðir af fangelsisdómnum eru skilorðsbundnir til þriggja ára.

- sþs

Frumvarp lagt fram á Alþingi:

Vilja breyta lögum um ferðir forseta Íslands

ALÞINGI Fellt verður úr stjórnarskrá ákvæði um að forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar fari með forsetavald þegar forseti Íslands er erlendis, verði frumvarp sem þrír þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram á Alþingi að lögum.

ELLERT B. SCHRAM

Talsvert hefur verið rætt um kostnað við launagreiðslur til staðgengla forsetans í utanlandsferðum í fjölmiðlum undanfarið.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að sú ráðstöfun að staðgenglar taki við af forsetanum í utanlandsferðum sé komin til ára sinna, og óþörf vegna bættra fjarskipta og samgangna. Fyrsti flutningsmaður frumvarpsins er Ellert B. Schram.

- bj

Stöðug vandræði í tuttugu dópgrenum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu telur ekki ofáætlað að viðvarandi vandamál vegna fíkniefnaneyslu tengist um tuttugu húsum og íbúðum. Flest eru í miðbæ Reykjavíkur. „Nágrönnum er haldið í heljargreipum," segir yfirlögregluþjónn.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu telur ekki ofáætlað að viðvarandi vandamál vegna fíkniefnaneyslu tengist um tuttugu húsum eða íbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Lögregla hefur stöðugt eftirlit með íbúum þeirra og þarf ítrekað að hafa afskipti af þeim vegna misalvarlegra brota. Flest eru þau í miðbæ Reykjavíkur en vandamálið þekkist um allt höfuðborgarsvæðið.

Fréttablaðið greindi í gær frá húsi í miðbæ Reykjavíkur þar sem lögregla hefur ítrekað haft afskipti af íbúum vegna fíkniefnamála. Á þessu ári hafa komið upp sextán mál þar sem fundist hafa fíkniefni, þýfi og vopn. Nágrannar eru óttaslegnir og í ráðaleysi sínu hafa þeir leitað ásjár borgarfulltrúa og gengið á fund lögreglustjóra.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að aðstaða nágranna þeirra sem búa í téðu húsi í miðbænum sé fjarri því einsdæmi, þó að ástandið þar sé með því versta sem gerist. „Ég held að það sé ekki ofáætlað að svipaður vandi eigi við um fimmtán til tuttugu önnur hús eða íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Nágrannarnir eru fólk sem er haldið í heljargreipum þessa vanda." Geir Jón segir að aðstaða lögreglu sé erfið þar sem skýrar lagaheimildir þurfi að liggja fyrir til að grípið sé inn í. „Það er líka vandi okkar að þegar búið er að uppræta vandann á einum stað er það oftar en ekki svo að sama vandamál kemur upp annars staðar. Þá koma nöfn sama fólks upp aftur, bara í öðru heimilisfangi."

101 REYKJAVÍK Vandi vegna stöðugrar fíkniefnaneyslu tengist allt að tuttugu íbúðum og húsum á höfuðborgarsvæðinu. Flest eru í miðbænum. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Geir Jón segir að oft sé erfitt að grípa inn í þar sem vandi er mikill og varanlegur. Átök séu ekki óþekkt og stundum sé eina ráðið að vísa öllum á dyr. Aðspurður hvort lögregluþjónar í slíku útkalli hafi sérstakan viðbúnað segir hann svo ekki vera. „En það er ljóst að lögregluþjónar geta verið í hættu. Einstaklingarnir eru óútreiknanlegir og við verðum vitni að mikilli mannlegri eymd."

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir að oftast sé reynt að leysa vandamál í samstarfi við eigendur viðkomandi eignar, og oft sé um yfirgefin hús að ræða. Oft séu mál vegna ónæðis frá nágrönnum einnig leyst á grunni fjöleignarhúsalaga. Hann segir vandann vissulega mikinn en tekið verði á honum hvar sem hann komi upp. Annað sé uppgjöf.

svavar@frettabladid.is

HÚSLEITIN GERÐ HÉR Aðstaða bifhjólasamtakanna er við Frakkastíg í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Fjölmenn aðgerð lögreglu:

Húsleit gerð hjá Fáfnismönnum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum gerði húsleit hjá bifhjólaklúbbnum Fáfni í gær og naut við það aðstoðar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sérsveitar ríkislögreglustjóra. Nokkrir meðlimir klúbbsins voru handteknir og tengist málið fíkniefnamisferli.

Samkvæmt heimildum fréttavefsins Vísis.is lagði lögreglan hald á vopn, fíkniefni og tölvubúnað í húsleitinni.

Félagar í Fáfni hafa tengst bifhjólasamtökunum Vítisenglum (Hells Angels) og komist í kast við lögin í sambandi við komu þeirra til landsins. Vítisenglarnir eru fjölmenn samtök og tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, meðal annars á Norðurlöndunum.

- shá

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þrír í farbann

Lögreglan á Selfossi hélt í gær áfram rannsókn nauðgunarmálsins sem kom upp á laugardag. Eitt vitni var yfirheyrt og sakborningar voru leiddir fyrir dómara þar sem þeir gáfu skýrslu. Dómari dæmdi sakborninga í farbann til 17. desember.

Fimmtán ára ökuþór

Ökumaður, sem reyndist aðeins fimmtán ára gamall, var stöðvaður af lögreglu í fyrrinótt. Eigandi bifreiðarinnar sat í farþegasætinu. Báðir eiga þeir von á kæru fyrir athæfið.

Dreifing Fréttablaðsins styrkt

Pósthúsið mun framvegis annast þjónustuver Fréttablaðsins og taka á móti fyrirspurnum og ábendingum um dreifingu blaðsins.

Pósthúsið hvetur lesendur Fréttablaðsins til að koma með ábendingar um dreifingu blaðsins en vonast er til að með þessu styrkist dreifingarkerfi þess enn frekar. Símanúmer þjónustuversins er sem fyrr 512 5000 og er netfangið dreifing@frettabladid.is.

Austurland–Seyðisfjörður
FAAS
Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma
Fræðslufundur um málefni fólks með
Alzheimerssjúkdóminn
og aðra heilabilunarsjúkdóma verður í fundarsal heilsugæslustöðvarinnar laugardaginn 3. nóvember kl. 13:00.
María Th. Jónsdóttir formaður FAAS og dr. Kristín Inga Hannesdóttir taugasálfræðingur flytja erindi.
Allir eru velkomnir og kaffisopi á eftir

Þingmenn sammála um að samkeppnisyfirvöld eigi að rannsaka meint samráð:

Aðför að neytendum ef rétt er

ALÞINGI Fulltrúar í viðskiptanefnd Alþingis munu heimsækja Samkeppniseftirlitið í dag til þess meðal annars að tala um meint verðsamráð Bónuss og Krónunnar sem fjallað hefur verið um í fréttum Ríkisútvarpsins. Þingmenn voru almennt sammála um að samkeppnisyfirvöld ættu að kanna sannleiksgildi ásakananna.

Rætt var um meint verðsamráð í umræðunum um störf Alþingis í gær. Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar, sagði ásakanir sem komið hefðu fram í fjölmiðlum afar alvarlegar. Miklu skipti að eftirlitsaðilar brygðust við með réttum hætti.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sagði fréttir af meintu samráði skelfilegar. Væru þær réttar væri um að ræða aðför að neytendum og alvarlegt brot á samkeppnislögum.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagðist hafa vissu fyrir því að Samkeppniseftirlitið hefði haft áhuga á því að gera úttekt á matvælamarkaðnum, en hvorki haft tíma né fé til að sinna því verkefni.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sagði opinbert eftirlit með matvörumarkaðnum í molum og eftirlitsaðila í fjársvelti. Verði í verslunum væri breytt oft á dag og því ekkert að marka heilsíðuauglýsingar í blöðum.

VERÐLAG Því hefur verið haldið fram í fréttum Ríkisútvarpsins að Bónus og Krónan hafi haft með sér ólöglegt samráð árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undir það tók Birkir J. Jónsson, þingmaður Framsóknarflokks: „Það er alveg ljóst að það er ekki verið að segja neytendum satt í þeim efnum ef verðið breytist tvisvar eða þrisvar á dag."

- bj



Saman förum við langt fyrir minna

Við erum **hagkvæm** og í forystu á framboði ódýrra fargjalda. Frábært verð, þægindi og góð þjónusta eru órjúfanleg heild hjá Iceland Express.

Iceland Express

með ánægju

Fíton/SÍA FI023616

www.icelandexpress.is

GENGIÐ 01.11.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	58,65	58,93
Sterlingspund	121,9	122,5
Evra	84,63	85,11
Dönsk króna	11,354	11,42
Norsk króna	10,849	10,913
Sænsk króna	9,192	9,246
Japanskt jen	0,5065	0,5095
SDR	92,06	92,60

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,1519
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sameiginlegur lyfja- og heilsumarkaður á Norðurlöndum:

Íslenskar tillögur samþykktar

ÓSLÓ, FRÉTTABLAÐIÐ Ríkisstjórnir Norðurlandanna munu skipa sameiginlegan starfshóp sem vinna á að því að finna leiðir til að þróa áfram sameiginlega lyfja- og heilsumarkaði á Norðurlöndum. Þetta var samþykkt á sérboðuðum fundi norrænu heilbrigðis- og félagsmálaráðherranna í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Ósló í gær.

Frumkvæði að því að ráðherrarnir ræddu þetta átti Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. Í samtali við Fréttablaðið sagði Guðlaugur að á fundinum hefði verið lýst mikilli ánægju með þetta frumkvæði.

„Niðurstaðan er þessi: Það er kominn vinnuhópur af stað sem er að fara yfir þessi mál. Við vonumst til að hann skili niðurstöðu sem allra fyrst. Markmiðið er skýrt. Við höfum áhuga á því að opna íslenska, og í rauninni norræna lyfjamarkaðinn til þess að fá aukna samkeppni og lægra verð," segir Guðlaugur. „Þetta er lítill og lokaður markaður, samkeppni er ekki mikil og verðið of hátt. Og það er það sem við erum að vinna í, við erum að reyna að opna hann og reyna að njóta kosta stærri markaðar eins og við gerum á flestum öðrum sviðum."

- aa

GÓÐAR UNDIRTEKTIR Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra lýsti ánægju með góðar undirtektir kollega sinna frá hinum Norðurlöndunum við tillögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Litháarnir sitja enn í farbanni

LÖGREGLUMÁL Litháarnir þrettán sem setið hafa í farbanni að undanförnu verða að una því enn um hríð. Þeir voru í gær úrskurðaðir í áframhaldandi farbann til 13. nóvember.

Mennirnir eru taldir tengjast þjófnaðarmálum, en lögreglan fann mikið magn af þýfi í húsleitum í byrjun síðasta mánuðar. Um var að ræða fatnað, snyrtivörur og tölvu- og tæknibúnað. Auk þýfisins fann lögregla hálfa milljón króna í reiðufé. Ekki er talið að mennirnir hafi staðið í innbrotum heldur hafi þeir eingöngu hnuplað vörunum úr verslunum.

- jss

Logi Freyr Einarsson:

Vill nafn sitt afmáð úr fréttum

FJÖLMIÐLAR Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, lögfræðingur Loga Freys Einarssonar, sem grunaður var um að hafa átt aðild að Pólstjörnumálinu á Fáskrúðsfirði, hefur farið fram á það við ritstjóra Vísis að nafn Loga verði afmáð úr öllum fréttum í fréttasafni Vísis.

„Verði hann ekki við beiðninni mun ég athuga hver næstu skref í stöðunni eru," segir Vilhjálmur.

Óskar Hrafn Þorvaldsson, ritstjóri Vísis, segist hafa farið vandlega yfir málið og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að verða við bón Vilhjálms. Það sé staðreynd að Logi Freyr hafi verið handtekinn og erfitt sé að endurskrifa söguna.

„Skjólstæðingur Vilhjálms hefur notið fyllstu sanngirni í umfjöllun okkar," segir Óskar Hrafn og bætir við að sé Vilhjálmur ósáttur verði hann að leita annarra leiða til að ná sínu fram.

- kdk

DÓMSMÁL

Fíkniefnadómur mildaður

Hæstiréttur hefur mildað dóm yfir manni á sextugsaldri sem var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir vörslu á 142 grömmum af hassi. Ekki þótti sannað að hann hefði vitað af 136 grömmum sem fundust á veitingastað í hans eigu. Dómnum var því breytt úr 30 daga skilorðsbundnu fangelsi í 50 þúsund króna sekt.

LÖGREGLURFRÉTTIR

Lögreglan lýsir eftir vitnum

Lögreglan lýsir eftir vitnum að umferðaróhappi sem varð um níuleytið á miðvikudagskvöld á mótum Stekkjarbakka og Hamrastekks í Reykjavík. Við umferðarljós rákust á grænn bíll af gerðinni Dodge Caravan og rauður bíll af gerðinni Audi A4. Vitni eru beðin um að hafa samband við lögreglu í síma 444 1000.

Biðja uppljóstrara að afhjúpa samráð

Samkeppniseftirlitið segist í tilefni af fullyrðingum í fjölmiðlum hvetja alla sem telji sig vita um ólögmætt verðsamráð að gefa upplýsingar. Forsvarsmenn bæði Krónunnar og Bónuss segja allar ásakanir um verðsamráð vera fráleitar.

SAMKEPPNISMÁL Þeir sem telja sig hafa upplýsingar um brot á samkeppnislögum eru hvattir til þess að koma þeim upplýsingum á framfæri við Samkeppniseftirlitið.

Hvatningin er sögð sett fram í tilefni af umfjöllun fjölmiðla undanfarna daga þar sem því hafi verið haldið fram að matvöruverslanir hafi með sér ólögmætt samráð. Samkeppniseftirlitið segir að upplýsingunum sé hægt að koma á framfæri í síma eða á skrifstofu eftirlitsins og að starfsmenn eftirlitsins séu reiðubúnir til að eiga fundi með viðkomandi. Einnig er hægt að senda ábendingar á www.samkeppni.is, nafnlaust eða undir nafni.

„Af eðli máls leiðir að ábendingar sem eru ítarlegar um staðreyndir máls eru haldbetri en órökstuddar fullyrðingar," segir í tilkynningu Samkeppniseftirlitsins, sem vill fá upplýsingar um það hvaða fyrirtæki sé um að ræða, hvenær brotin hafi átt sér stað, hvernig staðið hafi verið að samráði og hversu umfangsmikið það hafi verið.

Í umfjöllun um verðsamráð síðustu daga hefur spjótum einkum verið beint að lágvöruverslunum Bónus og Krónunni. Forsvarsmenn þessara matvörurkeðja neita því harðlega að þau hafi nokkurt samráð um verðlagningu.

„Þetta eru fáranlega fjarstæðukenndar ásakanir," segir Kristinn Skúlason, rekstrarstjóri Krónunnar. „Við erum alla daga að breyta verði og seljum sumar vörur langtímum saman undir kostnaðarverði vegna harðrar samkeppni frá þeim sem eru markaðsráðandi. Halda menn virkilega að við myndum standa í þessu ef við ættum í samráði við samkeppnisaðilann? Við höfum ekkert að fela."

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, tekur í sama streng.

„Það er á alveg á kristaltæru að það er ekkert samráð, ég vísa því algerlega á bug," segir Guðmundur, sem kveður það fráleitar ásakanir að menn eigi stefnumót á kaffihúsum til að sammælast um verð. Hann hitti forsvarsmenn Krónunnar aldrei. „Ég tala ekkert við þessa menn," segir hann.

Umræða liðinna daga hefur að sögn Guðmundar verið mjög skaðleg fyrir Bónus. „Ég vona að Samkeppnisstofnun fari yfir þetta mál hið fyrsta. Við höfum ekkert að fela," segir hann.

gar@frettabladid.is

KRÓNAN OG BÓNUS Sitja undir alvarlegum ásökunum um samráð en forsvarsmenn verslananna segjast hafa hreinan skjöld.

GUÐMUNDUR MARTEINSSON

KRISTINN SKÚLASON

Hæstiréttur staðfestir dóm:

Bætur vegna símhlerunar

DÓMSMÁL Ríkið skal greiða 23 ára karlmanni fimmtíu þúsund krónur fyrir ólögmæta símhlerun. Maðurinn var yfirheyrður vegna bruna sem varð á Sauðárkróki í desember 2004 og var sími hans hleraður í tvær vikur í kjölfarið.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að símhlerunin hefði falið í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs því hver sem sakaður sé um refsiverða háttsemi sé saklaus uns sekt hans er sönnuð. Hæstiréttur staðfesti þetta. Málskostnaður, hálf milljón, var greiddur af ríkinu.

- sþs

Óhapp nálægt Ólafsvík:

Slösuð rjúpnaskytta sögð ölvuð

SLYS Rjúpnaskytta var flutt á Landspítalann í Reykjavík síðdegis í gær eftir að hafa slasast á Fróðárheiði, nálægt Ólafsvík.

Vegfarandi tók eftir undarlegri þúst um fimmtíu metra frá veginum yfir Fróðárheiði. Við nánari fyrirgrennslan sá hann að þetta var meðvitundarlaus maður. Hann kallaði því á hjálp og rankaði maðurinn fljótt við sér.

Lögreglu grunar að maðurinn hafi verið ölvaður við veiðarnar og fallið niður fimmtán metra háa brekku. Var hann aumur í baki eftir fallið.

- sgj

NORÐURLANDARÁÐ

Tuomioja nýr forseti

Erkki Tuomioja, fyrrverandi utanríkisráðherra Finnlands, var kjörinn forseti Norðurlandaráðs í lok 59. þings þess í Ósló í gær. Tuomioja er flokksmaður í Jafnaðarmannaflokknum finnska. Sextugasta þing ráðsins fer fram í Helsinki að ári.

gott að vita

Veist þú hver lífeyrisréttindi þín eru?

- Er skylt að greiða í lífeyrissjóð?
- Hvað felst í lífeyrissréttindum?
- Hvers vegna þarf að greiða skatt af lífeyrisgreiðslum?
- Hvaða ávinningur er fólgin í því að greiða í lífeyrissjóð?

Svörin við þessum spurningum og fjölda annarra væri sannarlega gott að vita og þú finnur þau á www.gottadvita.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

www.gottadvita.is

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐRIÐ Í DAG Það er hraðfara lægð á austurleið og vindátt því breytileg framan af degi. Víða strekkingur en lengst af hægari norðan til. En smám saman hallar hann sér í norðrið og þá styttir að mestu upp sunnan til en nyrðra þróast úrkoman yfir í éljagang með kvöldinu. Á morgun er svo vaxandi sunnan átt vestan til með vætu og hlýnandi veðri og yfirleitt milt á sunnudag.

REYKJAVÍK Í DAG Fremur stíf vestan og síðar norðvestan átt. Rigning eða skúrir en úrkomulítið í kvöld. Hiti 4-8 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

» á morgun



10-15 m/s á vesturhluta landsins, annars hægari lengst af.

» sunnudagur



10-15 m/s austast á landinu, annars 5-10 m/s.

Kaupmannahöfn	10°C hálfskýjað	London	17°C léttskýjað	Friedrichshafen	11°C léttskýjað
Billund	12°C léttskýjað	París	14°C alskýjað	Lúxemborg	11°C hálfskýjað
Osló	4°C hálfskýjað	Amsterdam	16°C alskýjað	Alicante	21°C hálfskýjað
Stokkhólmur	5°C hálfskýjað	Frankfurt	13°C skúrir	Róm	17°C léttskýjað
Gautaborg	9°C hálfskýjað	Berlín	13°C skúrir	Las Palmas	24°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

GLJÁÐUR KJÚKLINGUR

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 stk. stór kjúklingur
4 msk. hunang
3 msk. smjör
5 msk. limesafi
3 msk. svört sesamfræ
2 msk. kóríanderfræ, möluð
salt og hvítur pipar

Hitið hunang í potti og hrærið saman við stofu-heitt smjör. Blandið saman við limesafa, sesamfræ og kóríanderfræ. Penslið gljáanum á kjúklinginn og kryddið með salti og hvítum pipar. Setjið kjúklinginn á ofngrind með bakka undir og eldið við 120°C þar til kjarnhiti nær 70°C, eða í um 2 klst. Penslið gljáanum reglulega á kjúklinginn á meðan á steikingu stendur. Berið fram með fersku salati. Uppskriftin miðast við fjóra.

Holta-kjúklingur

40% afsláttur við kassa

Heill, ferskur **kjúklingur**

TILBOÐ 419 kr/kg
Merkt verð 699,-

Kjöt & fisktorgið – Alltaf ferskt

Lambafille með fitu

TILBOÐ 2.698 kr/kg
Verð áður 3.451,-

Kjöt & fisktorgið – Alltaf ferskt

Ferskar **svínalundir**

TILBOÐ 1.698 kr/kg
Verð áður 2.559,-

Jói FEL

Tilbúið deig
Skerið niður og raðið á bökunarpappír. Bakist í u.þ.b. 10 mín.

MJÓLKA

Sýrður rjómi

30% afsláttur við kassa

30% afsláttur af öllu konfekti í dag!

NÓI SÍRÍUS

Gildir til 4. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Reykjavik Energy Invest

Borgin hafnar samruna orkufyrirtækja

Allar reglur voru þverbrotnar við sameiningu Geysis Green Energy og Reykjavik Energy Invest segir Svandís Svavarsdóttir. Borgarráð lætur vinna stjórnsýsluúttekt á Orkuveitu Reykjavíkur. Óttast ekki að ósáttir leiti réttar síns.

ORKUMÁL Reykjavíkurborg hafnar samruna Reykjavik Energy Invest (REI) og Geysis Green Energy (GGE) og telur að einkaréttarsamningur milli REI og Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sé óásættanlegur. Þetta var ákveðið á fundi borgarráðs í gær. Þar var jafnframt ákveðið að ráðast í stjórnsýsluúttekt á Orkuveitunni.

Svandís Svavarsdóttir, formaður stýrihóps borgarráðs um samruna REI og GGE, segir að hún hafi fyrir hönd stýrihópsins lagt fram þessar tvær tillögur í borgarráði í gær. Þverpólitísk sátt hafi náðst um tillögurnar og fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga í borgarráði samþykkt þær. Borgarráð hefur beint ákvörðunum sínum fyrir stjórn OR, sem mun taka ákvörðun um útfærslu.

Svandís segir stýrihópinn sammála um að verulegur vafi leiki á því hvort þeir samningar sem lagðir hafi verið fyrir stjórnarfund OR 3. október síðastliðinn hafi öðlast gildi. Þar var sameining REI og GGE samþykkt.

Í greinargerð með tillögu stýrihópsins segir að upplýsingagjöf og kynning á tuttugu ára þjónustusamningi OR við REI og sameiningu REI og GGE hafi brugðist. Stjórnarmönnum sé ekki ætlað að taka umfangsmiklar ákvarðanir án þess að fyrir því hafi legið samþykktir eða rökstuðningur.

HELLISHEIÐARVIRKJUN Borgin hafnar því að þjónustusamningur Orkuveitu Reykjavíkur til tuttugu ára við Reykjavik Energy Invest sé í gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BORGARRÁÐ FUNDAR Svandís Svavarsdóttir kynnti niðurstöður borgarráðs fyrir fréttamönnum í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN JÓNASSON

„Hér hafa allar reglur verið þverbrotnar," segir Svandís. „Hér hefur umboð farið fyrir ofan garð og neðan í sumum málefnum. Hér hafa verkferlar verið meira og minna á skjön. Það hefur blasað við í opinberri umræðu að kynningu var ábótavant. Opinberri umræðu var ábótavant, og kjörnir fulltrúar fengu jafnvel ekki nægar upplýsingar á ýmsum stigum. Það út af fyrir sig er tilefni til að taka allan gjörninginn upp."

Borgarráð samþykkti einnig tillögu um að gerð yrði stjórnsýsluúttekt á OR, og hefur innri endurskoðun borgarinnar verið falið að vinna úttektina. Þar á meðal annars að kanna stjórnskipulag og ábyrgð á verkefnum, hlutverk stjórnar og stjórnenda. Enn fremur á að fara yfir það hvernig OR hafi staðið að stofnun félaga, og hvernig eftirliti með slíkum félögum sé háttað.

Vinnu stýrihópsins er hvergi nærri lokið þrátt fyrir að hann skili af sér þessum tillögum, segir Svandís. Ætlunin er að hópurinn skili skýrslu til borgarstjórnar í lok nóvembermánaðar.

Svandís segist ekki óttast að ákvörðun borgarráðs í gær kunni að skapa grundvöll fyrir því að þeir sem stóðu að sameiningu GGE og REI krefjist skaðabóta. Besta niðurstaðan væri sú að allir aðilar sættust á málalyktir, en verði niðurstaðan óviðunandi fyrir einhverja aðila geti þeir leitað réttar síns.

„Ég myndi vilja sjá að fjárfestar og aðrir sem koma að þessu máli áttuðu sig á því að almenningur gerir þessa kröfu sem við erum að reisa hér í borgarráði í dag," sagði Svandís.

HANNES SMÁRASON

BJARNI ÁRMANNSSON

Niðurstaða kemur forsprökkum REI og GGE á óvart:

Fé kastað á glæ og orðsporið skaðað

ORKUMÁL „Þessi afdráttarlausa niðurstaða kemur mér á óvart og veldur mér vonbrigðum," segir Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður Reykjavik Energy Invest (REI). „Nú þurfum við að fara yfir afleiðingar þessarar niðurstöðu og skoða hver staða REI er í ljósi hennar."

Bjarni sagðist ekki geta sagt til um áhrif ákvörðunar borgarráðs á til dæmis samninga sem REI hefur gert um uppbyggingu erlendis fyrr en farið hefði verið nákvæmlega yfir málið.

Sú viðskiptavild sem falin er í Orkuveitu Reykjavíkur, og þar með samningur til tuttugu ára um einkarétt REI á hugviti OR til útrásar, var metin á tíu milljarða króna við sameiningu REI og Geysis Green Energy (GGE). „Miðað við minn lestur á þeim upplýsingum sem ég hef séð virðist sem verulegum fjárhæðum sé varpað fyrir róða," segir Bjarni.

Bjarni fjárfesti í REI og kom þar inn sem stjórnarformaður nokkru áður en sameining REI við GGE var ákveðin og útfærð. Hann vildi ekki tjá sig nánar um sína stöðu hjá fyrirtækinu, þau mál yrði að skoða eins og önnur. Sömu svör fengust þegar Bjarni var spurður hvort hann hygðist leita réttar síns fyrir dómstólum gengju samningarnir ekki eftir.

Samningur um sameiningu GGE og REI er enn í fullu gildi, sem og þjónustusamningur til tuttugu ára við Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta fullyrðir stjórn GGE í yfirlýsingu í gær, undirritaðri af Hannesi Smárasyni, forstjóra FL Group og stjórnarformanni GGE.

„Stjórn Geysis Green Energy undrast niðurstöðu borgarráðs og bíður þess að fá fullnægjandi skýringar á ákvörðuninni og á hvaða forsendum borgarráð telur sig geta rift gerðum samningum," segir í yfirlýsingunni.

Þar segir enn fremur að það sé skilningur félagsins að gerðum samningum verði aðeins breytt með nýjum samningum eða ákvörðun dómara. Stjórn og hluthafar muni fara vandlega yfir málið á næstu dögum.

Vísað er til þess í yfirlýsingunni að í svari Reykjavíkurborgar til umboðsmanns Alþingis lýsi borgarlögmaður því áliti að um þá samninga sem stjórn OR gerir gildi reglur einkaréttar og þar með að stjórn OR standi að þessum samningum en ekki borgarráð.

Stjórnin óttast að ákvörðun borgarráðs geti sett stór verkefni í uppnám og að samningar sem gerðir hafi verið við erlenda samtarfsaðila geti verið í hættu. Auk þess geti ímynd íslenskra fyrirtækja á þessum vettvangi skaðast til frambúðar vegna ákvörðunarinnar.

Þannig bendir stjórnin á það í yfirlýsingu sinni að „umtalsverð fjárhagsleg verðmæti" geti tapast fyrir hluthafa í REI, GGE og eigendur Orkuveitu Reykjavíkur. - bj



DRAUMURINN UM ÚTRÁS EKKI ÚTI

„Ég tel að það séu allir að bakka að ákveðnu leyti," segir Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, spurður um þá niðurstöðu borgarráðs að hafna samruna Reykjavik Energy Invest (REI) og Geysis Green Energy (GGE).

„Það má ekki gleyma því að samruninn var samþykktur á eigendafundi og í stjórn Orkuveitunnar af öllum flokkum. Vinstri grænir sátu hjá en Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Framsókn samþykktu," segir hann.

„Draumurinn um útrás er ekki úti, ég hef ekki skilið félaga mína í nýjum meirihluta öðruvísi en þannig að það sé mikill vilji til að standa áfram myndarlega að útrásinni, en á þeim forsendum að það sé gert með hagsmuni almennings að leiðarljósi og dreginn sé ákveðinn lærdómur af þessu ferli. Ég er sannfærður um að í því eru mikil tækifæri fyrir almenning og fyrir Orkuveituna," segir Björn Ingi.

Spurður hvort hann reikni með því að samruni REI og GGE verði að veruleika þó síðar verði segist Björn Ingi ekki treysta sér til þess að svara því á þessari stundu, engin ákvörðun hafi verið tekin um slíkt. Fyrirtækin séu þó víða í samstarfi, til dæmis í verkefnum á Filippseyjum, og hafi verið í samstarfi áður en samruninn átti sér stað.

Orkuveita Reykjavíkur á fimmtán prósenta hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Björn Ingi segir að lögð sé áhersla á að HS verði að meirihluta í samfélagslegri eigu. Hann bindi miklar vonir við boðað frumvarp iðnaðarráðherra þar sem líklega verður mælt fyrir um aðskilnað samkeppnisreksturs og veita.

BJÖRN INGI HRAFNSSON

„Það hefur lengi verið baráttumál mitt og annarra að standa þannig að málum. Ég tel að það hafi verið mistök af hálfu ríkisins að selja þennan fimmtán prósenta hlut sem setti ferlið í gang," segir Björn Ingi.

Í SAMRÆMI VIÐ ÁHERSLUR FLOKKSMANNA

„Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru mjög sáttir við þessa fyrstu aðgerð stýrihópsins, enda eyðir hún þeirri óvissu sem hefur verið í málinu," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stýrihópi sem kannað hefur samruna Reykjavik Energy Invest og Geysis Green Energy.

„Þessi ákvörðun er í góðu samræmi við þær áherslur sem við höfum talað fyrir. Málið er ekki nógu vel unnið og það leikur of mikill vafi á mikilvægum atriðum í þessu ferli, of mikill vafi til að borgarstjórn Reykjavíkur geti staðið vörð um slíkan gjörning," segir Hanna Birna.

Hún segir mikilvægt að stýrihópurinn haldi áfram að skoða málið og að hann ætli sér að birta áfangaskýrslu um málið í lok nóvember. Þar verði farið yfir lögfræðilega þætti málsins og hverjum steini velt við. Mikilvægt sé að borgin og borgarbúar verði upplýst um ferlið allt, þar með talið hlut stjórnarmanna, starfsmanna og kjörinna fulltrúa.

Niðurstaða borgarráðs er ekki í samræmi við þær áherslur sem Björn Ingi Hrafnsson var með fyrir nokkrum vikum, segir Hanna Birna. Hún segir að velta megi því fyrir sér hvers vegna Björn Ingi sé tilbúinn að bakka með afstöðu sína nú, þegar hann hafi staðið mjög fast á þeirri afstöðu að halda málinu óbreyttu í fyrri meirihluta.

„Björn Ingi sagði að þessi samruni og þessi samningur væri

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

eitt mikilvægasta viðskiptatækifæri sem Íslendingar hefðu staðið frammi fyrir. Hann sagði líka á sínum tíma að hann myndi að sjálfsögðu axla ábyrgð sem varaformaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmaður í REI. Nú verða menn að spyrja sig að því hvort hann er búinn að axla þessa ábyrgð á sama tíma og borgarráð hefur komist að þeirri niðurstöðu að þessi gjörningur standist engan veginn," segir Hanna Birna.

15% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót**,
SPRON Viðbót eða SPRON Veltubót á Netinu **fyrir 3. desember nk.**
fá um næstu áramót 15% vaxtaauka á áunna vexti.

SPRON Vaxtabót

– allt að 14,6% vextir* + vaxtaauki

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stighækkandi vaxtaálag
- Alltaf laus

SPRON Viðbót

– allt að 7,5% vextir* + vaxtaauki

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum

SPRON Veltubót

– allt að 14,6% ársávöxtun* + vaxtaauki

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stighækkandi vaxtaálag
- Alltaf laus

Nýttu þér þetta **TILBOÐ**
og stofnaðu reikning á spron.is

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi SPRON,
í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

**Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. nóvember 2007.*

75 ára | spron

ARGUS / 07-0827

VEISTU SVARIÐ?

1 *Á hvaða tungumáli var skinntexti sem fannst í Hafnarfirði?*

2 *Hvar býr fatlaði maðurinn sem dekkjunum var stolið frá í vikunni?*

3 *Hvaða bandaríski tónlistarmaður mælir með íslenskri tónlist á heimasíðu sinni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Sjóður stofnaður til að efla rannsóknarstarf og myndir og skjöl varðveitt:

Styrkir í nafni Bjarna Benendiktssonar

MENNTAMÁL Stofnaður hefur verið sjóður sem ætlað er að efla rannsóknir í lögfræði og sagnfræði. Það eru vinir og samherjar Bjarna Benediktssonar, lagaprófessors og forsætisráðherra, sem standa fyrir styrkjunum en með þeim vilja þeir minnast þess að 30. apríl árið 2008 verða 100 ár liðin frá fæðingu hans. Þann dag verða sex fyrstu styrkirnir veittir.

„Hugmyndin spratt af áhuga margra á því að minnast þessara tímamóta á næsta ári á einhvern þann hátt, sem sameinar fortíð og framtíð. Fátt er betur til þess fallið í nútíðinni en að ýta undir rannsókna- og vísindastörf ungs fólks," segir Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og sonur Bjarna.

Ætlunin er að þrír rannsóknarstyrkir verði veittir árlega á sviði stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttar og réttaröryggis borgaranna gagnvart leyfisvaldi og eftirliti stjórnvalda. Að auki verða veittir þrír styrkir á sviði hag- og stjórnmálasögu 20. aldar til okkar daga með því markmiði að efla rannsóknir og dýpka skilning á umbreytingum í íslensku efnahagslífi, stjórnmálum og utanríkismálum á 20. öld. Tveir hæstu styrkirnir munu nema einni milljón króna en fjórir þeirra hálfri milljón króna.

MARKAÐI DJÚP SPOR Bjarni Benediktsson kenndi stjórnlagafræði við Háskóla Íslands og skrifaði ritgerð um störf og starfshætti Alþingis. Sem forsætisráðherra beitti hann sér fyrir setningu laga og reglugerðar um Stjórnarráð Íslands en með þeim var lagður grunnur að þeirri stjórnsýslu sem síðan hefur þróast. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Ákveðið hefur verið að Borgarskjalasafnið muni framvegis varðveita myndir og skjöl Bjarna í safninu og er á döfinni að opna heimasíðu í tengslum við það safn. - kdk

Ólympíuleikarnir í Peking:

Stjórnvöld líða ekki mótmæli

KÍNA, AP Stjórnvöld í Kína munu ekki sætta sig við leyfislausar mótmælagöngur eða fjöldasamkomur á meðan Ólympíuleikarnir standa yfir í Peking á næsta ári.

„Öll lögleg hegðun verður varin af lögreglu," segir fjölmiðlafulltrúi almannavarnaráðuneytis Kína. „Öll ólögleg hegðun verður stöðvuð af lögreglu."

Kínversk lög leyfa mótmæli, en til að mega mótmæla þarf sérstök leyfi, sem nær aldrei eru veitt. Þeir sem sækja um slík leyfi lenda yfirleitt undir eftirliti lögreglu, sérstaklega ef mótmæla á Kommúnistaflokknum. - sgj

SMYGLSKÚTAN Fimm manns sem taldir erur tengjast smyglskútumálinu með einum eða öðrum hætti sitja nú inni. Gæsluvarðhald sem og einangrunarvist eins þeirra var framlengd í gær.

Fíkniefnin í flotholtum

Hluti fíkniefnanna sem tekin voru í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn á dögunum var falinn í flotholtum. Önnur efni voru geymd í töskum um borð.

LÖGREGLUMÁL Hluti fíkniefnanna sem lögregla lagði hald á í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn að morgni fimmtudagsins 20. september var falinn í flotholtum um borð í skútunni sem notuð var til smyglsins, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Hinn hluti efnanna var í töskum um borð.

Lögreglan lagði hald á um 40 kíló af fíkniefnum um borð í skútunni. Um var að ræða 14 kíló af etöfludufti, tæp 24 kíló af amfetamíni og 1.800 e-töflur.

Flotholt eins og um ræðir eru notuð til að setja milli skips og bryggju þegar skipið leggst að. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru umrædd flotholt þó um borð þegar lögreglan lagði hald á efnin, eins og áður sagði.

Í gær rann út gæsluvarðhald yfir öðrum mannanna af tveimur sem teknir voru um borð í skútunni, en hann hefur jafnframt verið í einangrunarvist. Hann var úrskurðaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í áframhaldandi gæsluvarðhald til 8. nóvember. Jafnframt mun hann sitja í einangrun til þess tíma vegna rannsóknarhagsmuna.

Fjórir aðrir sitja inni vegna málsins. Einn þeirra fór beint úr gæsluvarðhaldi í afplánun. Annar situr í gæsluvarðhaldi til 29. nóvember og tveir til viðbótar sitja í gæsluvarðhaldi til 8. nóvember.

Rannsókn málsins hefur miðað vel, að sögn lögreglu. - jss

Yfir hundrað fríkort gerð upptæk hjá Strætó:

Þóttist heita Xu

SAMGÖNGUR „Nýjasta námsmannakortið sem var tekið er með nafninu Xu. Sá sem var með það kort virtist rammíslenskur í báðar ættir," segir Einar Kristjánsson, sviðstjóri þjónustusviðs hjá Strætó bs.

Eftir að fríkort í strætó fyrir námsmenn voru tekin í notkun í ágúst hefur eftirlitsmaður farið í vagnana og kannað hvort farþegar eru að framvísa námsmannakorti með eigin nafni. Vagnstjórarnir hafa lent í því að farþegar framvísa korti á nafni einstaklings af gagnstæðu kyni. Að sögn Einars hafa rúmlega eitt hundrað fríkort verið gerð upptæk.

„Þeir sem hafa námsmannakort hafa skrifað undir að hafa skilríki með sér. Ef þeir annað hvort geta ekki framvísað skilríkjum eða eru með skilríki á öðru nafni en er á kortinu þá er kortið tekið," segir Einar.

EINAR KRISTJÁNSSON

Ef fólk segist hafa gleymt skilríkjum býðst eftirlitsmaðurinn til að taka af þeim mynd sem síðan er send með fríkortinu á skrifstofu Strætó. Komi þeir þangað með skilríki og ber saman við ljósmyndina sem tekin var í vagninum fá þeir kortið aftur. Annars missa þeir kortið út skólaárið. Nýtt kort sem gildir þann tíma kostar 30.500 krónur. Það er því dýrt spaug fyrir fríkorthafa að missa kortið. Sá sem misnotaði það sleppur hins vegar með að vera vísað úr vagninum.

„Það er veikleiki í löggjöfinni að við höfum ekkert vald til að sekta þá sem misnota kortin," segir Einar Kristjánsson. - gar

ÞETTA ER EKKI OPNUNARTILBOÐ!

Íslendingar þekkja IKEA.
Þeir þekkja gæðin og vita hvar þeir fá hagstæðasta verðið alla daga, hvort sem um er að ræða glös, húsgögn, gjafavöru eða annað fallegt til heimilisins.
IKEA er alltaf ódýr - það þarf ekki opnunartilboð til!

16,-/stk.

REKO glös
6 stk. í pakka 95 kr.

Auðvelt aðgengi / Næg bílastæði

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga 10:00 - 18:00 | Sunnudaga 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

IKEA®

Ódýr alla daga

ÍSLENSKA SIA.IS IKE39824 11/07

FRAMBJÓÐANDINN OG FORSETINN Skemmtanaglatt fólk í Hollywood í Bandaríkjunum fjölmennti í eitt stærsta hrekkjavökuteiti sem haldið er árlega utandyra. Þetta par er klætt eins og Hillary Clinton forsetaframbjóðandi og eiginmaður hennar, Bill Clinton, fyrrverandi forseti.

NORDICPHOTOS/AFP

Zimsen-húsið verður fært í upprunalega mynd í Grófinni:

Komið fyrir á gamla grjótinu

SKIPULAGSMÁL Zimsen-húsinu, sem áður stóð við Hafnarstræti gegnt Lækjartorgi, verður komið fyrir við Vesturgötu 2, nánar tiltekið á Grófartorgi.

„Við erum að undirbúa deiliskipulagsbreytingu þar sem hætt verður við nýbyggingu á reitnum og Zimsen-húsinu komið þar fyrir í staðinn, sem fer vel við Hlaðvarpann og Kaffi Reykjavík í þessum hluta Kvosarinnar. Gert verður ráð fyrir veitingahúsarekstri í kjallaranum og skemmtilegheitum í umhverfinu, þar á meðal litlu torgi suðaustan við húsið milli Kaffi Reykjavíkur og Zimsens," segir Jóhannes S. Kjarval, skipulagsfulltrúi hjá skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

ZIMSEN Í GRÓFINA Gert er ráð fyrir veitingarekstri í kjallara hússins, verslun á hæðinni og skrifstofuhúsnæði á annarri hæð.

Minjavernd sér um flutningana og að gera húsið upp.

„Við byrjum í næstu viku að grafa könnunarskurði til að athuga hvort vísbendingar séu um fornleifar undir en við gerum ekki ráð fyrir því. Í fyrstu viku í janúar hefjum við framkvæmdir og þá verður grafið fyrir undirstöðum hússins. Húsinu verður komið fyrir á gamla grjótinu sem var áður undirstaða þess. Þá höfum við tekið niður leifar af gömlum hafnargörðum sem stóðu við Zimsen í Hafnargötu, og þeir verða endurhlaðnir við hliðina á húsinu," segir Þorvarður Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar.

Gert er ráð fyrir að húsið verði tilbúið að ári liðnu. **- eb**

Fréttastofa RÚV í útrás:

Flytur fréttamenn til heimsborga

FJÖLMIÐLAR Sveinn Halldór Guðmarsson fréttamaður hefur verið ráðinn til starfa á fréttastofu Sjónvarpsins. Fyrst um sinn mun hann sinna sérstökum verkefnum, en í janúar tekur hann við nýju starfi fréttamanns Ríkisútvarpsins í Lundúnum.

Ráðgert er að fréttastofa Sjónvarps komi á næstunni upp útibúum í Lundúnum, Kaupmannahöfn og New York þar sem fréttamenn verði í fullu starfi.

Héðinn Halldórsson verður þá fréttamaður í Kaupmannahöfn og Sveinn Helgason í New York frá og með næsta hausti. **- sgj**

Kryddaðu tilveruna með SS

Pestó salamí áleggspylsan er enn einn gleðigjafinn frá SS. Ofurlítið kröftug á bragðið, með óvæntum en skemmtilegum bragðkeim sem pestóið gefur. Pestó salamí frá SS er frábær á gróft brauð en svo er líka tilvalið að prófa hana á smáréttabakka, t.d. með fleiri tegundum af kryddpylsum eða fínni skinku.

VEISLA Í HEILA ÖLD 1907 SS 2007

www.ss.is

Fíton ehf. / SÍA

ÆTTINGJAR BRASILÍUMANNSINS Erinaldo Da Silva, fyrir miðju, og Alex Periera, til hægri, töluðu við fjölmiðla fyrir utan dómshúsið Old Bailey í London í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lögreglan braut lögin

Lögreglulið Lúndúnaborgar var í gær dæmt fyrir að skjóta mann til bana árið 2005. Skorað er á lögreglustjórann að segja af sér en hann tekur því fálega.

BRETLAND, AP Breska lögreglan var í gær fundin sek um að stofna almannafriði í hættu sumarið 2005 þegar hún elti uppi og skaut til bana brasilískan mann vegna gruns um að hann væri hryðjuverkamaður.

Jean Charles de Menezes var 27 ára gamall þegar hann var skotinn til bana á lestarstöð í London 22. júlí árið 2005. Grunurinn reyndist á engum rökum reistur.

Daginn áður höfðu fjórir menn reynt að fremja sjálfsvígssprengjuárásir í samgöngukerfi borgarinnar, aðeins hálfum mánuði eftir að tugir farþega í neðanjarðarlestum og strætisvögnum fórust í sprengjuárásum.

Lögreglumenn töldu Menezes vera einn þessara manna og höfðu með leynd elt hann frá heimili hans á Stockwell-lestarstöðina þar sem hann var skotinn sjö sinnum af stuttu færi. Enginn lögreglumannanna sem skutu hann hefur verið ákærður, en lögreglumbættið í Lundúnum hlaut í gær dóm fyrir verknaðinn. Var það dæmt til að greiða sektir sem nema rúmlega 21 milljón króna auk málskostnaðar upp á nærri 47 milljónir.

Ian Blair lögreglustjóri sagði atburðinn hafa verið hörmulegan. Þó hefði ekki verið framinn glæpur af ásetningi; mistök hefðu orðið.

„Enginn lögreglumaður ætlaði sér þennan dag að skjóta saklausan mann," sagði Blair í gær. „Þetta var einangrað lögbrot við afar óvenjulegar aðstæður."

Báðir helstu stjórnarandstöðuflokkar Bretlands, Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn, kröfðust þess að Blair segði af sér en sjálfur aftók hann slík. Jacqui Smith innanríkisráðherra sagðist bera fullt traust til lögreglustjórans.

gudsteinn@frettabladid.is

BÍLAVÖR

N1 VERSLANIR

Klaufskur Bandaríkjamaður:

Skaut sig í fæturna í vinnunni

BANDARÍKIN 47 ára karlmaður sem starfar hjá tryggingafélagi í Texas skaut sig á dögunum fyrir slysni í báða fæturna. Maðurinn bar byssu innanklæða í vinnunni.

Lögreglustjóri sagði manninn líklega ekki hafa ætlað að ógna neinum með byssunni. „Hann átti ekki við nein hegðunarvandamál að stríða og það fór vel á með honum og samstarfsmönnum hans," sagði hann. „Við höfum engan grun um að þetta hafi verið annað en slysaskot."

Starfsmaðurinn verður ákærður fyrir að bera vopn á almannafæri. **- sgj**

ÍSAFJÖRÐUR Ágreiningur er uppi um ágæti þess að flytja tiltekin störf vestur.

Flutningur opinberra starfa:

Formaður vill ekki flytja störf

STJÓRNSÝSLA **Starfshópur um flutning á Innheimtustofnun sveitarfélaga til Ísafjarðar telur mögulegt að flytja sex til átta störf til sveitarfélagsins. Hópurinn taldi ekki skynsamlegt að flytja öll störf stofnunarinnar þar sem flutningurinn gæti haft neikvæð áhrif á innheimtuárangur hennar.**

Stofnunin sinnir bókhaldsstörfum og almennum samskiptum við meðlagsgreiðendur. Samkvæmt álitinu getur töluverður hluti af vinnu stofnunarinnar farið fram hvar sem er á landinu.

Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Innheimtustofnunar, telur ekki vænlegt að flytja störfin því það gæti komið niður á innheimtuárangri hennar. Þetta kemur fram á bb.is. **- eb**

SAMGÖNGUR

Egilsstaðaflugvöllur bætir sig

Farþegum sem fóru um íslenska áætlunarflugvelli í fyrra fjölgaði um 3,7 prósent frá árinu 2005. Mest aukning farþega var um Egilsstaðaflugvöll, eða 8,4 prósent. Farþegum um Reykjavíkurflugvöll fjölgaði um 3,5 prósent, 7,2 prósent á Akureyri og 0,4 prósent á Hornafirði. Farþegum til Ísafjarðar fækkaði um 2,4 prósent.



N1

Í verslunum N1 færðu úrval af bílavörum, allt frá perum og kösturum til barnabílstóla og slökkvitækja. Öryggi er lykilorð þegar kemur að rekstri bílsins, og því mikilvægt að velja ávallt vandaðar og traustar vörur.

WWW.N1.IS

N1 - Meira í leiðinni.

FALLEG HÖNNUN Indverskar handverkskonur hanna lampa úr leir í bænum Amritsar. Lamparnir eru mikið notaðir á trúarhátíðinni Deepawali, sem kölluð er ljósahátíðin, en hún hefst 9. nóvember næstkomandi. NORDICPHOTOS/AFP

Svínseigandi ósáttur:

Svín fitnaði um fimmtíu kíló

BANDARÍKIN Lögregla í Minnesota í Bandaríkjunum skoðar hvort ákæra eigi konu fyrir að fita gælusvín um 50 kíló á meðan hún gætti þess fyrir samstarfsmann sinn. Eigandi svínsins segir þetta vera slæma meðferð á dýrinu.

Svínið vóg 25 kíló þegar það fór í pössun en níu mánuðum seinna var það orðið 75 kíló.

Eiganda svínsins er mjög annt um það og hefur nafn þess húðflúrað á líkama sinn. Hún segist hafa grátið í marga daga vegna skyndilegrar offitu svínsins.

„Svínið er líf mitt," sagði eigandinn. „Það er ekki samt og áður."

Lögreglu er nokkur vandi á höndum enda málið afar sérstakt. **- sgj**

Beið eftir ráðherra í tvö ár til einskis

Ævar Sveinsson safnaði eitt sinn 20.000 undirskriftum gegn afnotagjaldi RÚV og vildi ræða við Þorgerði Katrínu menntamálaráðherra, þegar breyta átti lögum um RÚV. Hann hringdi mánaðarlega í tvö ár áður en hann gafst upp.

LÝÐRÆÐI „Þetta fólk heldur að það sé yfir allt og alla hafið og er eins og í flálabeinsturni um leið og búið er að kjósa það. En það situr í sínum stólum í umboði þjóðarinnar," segir Ævar Sveinsson.

Hann reyndi í tvö ár að fá viðtal við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og minnti á sig í ráðuneytinu mánaðarlega, áður en hann gafst upp.

Á mánudaginn birtist í Fréttablaðinu yfirlit um viðtalstíma ráðherranna. Í því kom fram að „þó nokkrir" væru að bíða viðtals við Þorgerði Katrínu, en í ráðuneytinu fengust ekki nákvæmar upplýsingar um fjölda þeirra, né um hugsanlegan biðtíma hvers og eins.

Því rifjar Ævar upp að hann hafi á sínum tíma eytt miklum tíma og kröftum í að ná tali af Þorgerði.

„Við vorum nokkrir sem vorum ósáttir við afnotagjald Ríkisútvarpsins og við lögðum fram undirskriftalista til að mótmæla því á bensínstöðvum og víða um bæinn. Við fengum tæplega 20.000 undirskriftir, þótt talsverður hluti þeirra hafi skemmst. Að lokum áttum við um 14.000 undirskriftir og fórum með þær til ráðherra."

Eftir langan biðtíma hafi hann loks fengið að afhenda undirskriftirnar Birni Bjarnasyni, þáverandi menntamálaráðherra, en lítið mark hafi verið tekið á þeim.

„Svo þegar Þorgerður tekur við segist hún ætla að fara að hræra upp í þessu Ríkisútvarpi. Ég fór því af stað og óskaði eftir viðtali við hana. Mér fannst að þessar undirskriftir ættu auðvitað að vera til hliðsjónar við lagabreytinguna. Þær ráku úr mér garnirnar í ráðuneytinu og sögðu svo að hringt yrði í mig. Svo leið og beið og ég hringdi mánaðarlega. Eftir nokkra mánuði var mér boðið upp á að Þorgerður hringdi í mig og ég féllst á það. En hún hringdi aldrei." Ævar hélt áfram að hringja, einu sinni í mánuði, í heil tvö ár, áður en hann gafst upp.

„Ég var flokksbundinn hjá Sjálfstæðisflokki og talaði við skrifstofuna í Valhöll. Þar var mér líka sagt að haft yrði samband við mig, en ekkert gerðist."

Ævar skilur ekki hvers vegna honum hafi ekki einfaldlega verið vísað frá. Hann hafi beðið um staðfestingu í ráðuneytinu á því að ráðherra vildi ekki tala við hann, en ekki fengið.

„Ég sá mína sæng upp reidda og kaus ekki Sjálfstæðisflokkinn aftur. Með sinni frekju og einræði kom Þorgerður því svo í gegn að afnotagjaldið var gert að nefskatti," segir Ævar og dæsir.

Menntamálaráðherra svaraði ekki beiðni Fréttablaðsins um viðtal vegna þessa máls, en hún er stödd erlendis. **klemens@frettabladid.is**

ÆVAR SVEINSSON Segir ráðherra ekki hafa sýnt sér mikla virðingu þegar hann var látinn bíða viðtals í tvö ár, án þess að það bæri árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MENNTAMÁLARÁÐHERRA Svaraði ekki beiðnum um viðtal vegna málsins.

Níu mánaða fangelsi staðfest:

Með 70 grömm af amfetamíni

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest níu mánaða fangelsisdóm yfir manni á þrítugsaldri sem ákærður var fyrir að hafa í fórum sínum tæp sjötíu grömm af amfetamíni og gramm af kókaíni.

Maðurinn játaði að eiga efnin við yfirheyrslu, en sagðist fyrir dómi ekki muna eftir játningunni. Hann dró þó ekki í efa að hafa gefið skýrsluna. Í ljósi þess að gild játning lá fyrir sá Hæstiréttur ekki ástæðu til að endurskoða dóm Héraðsdóms Reykjavíkur síðan í mars.

Maðurinn var á skilorði þegar fíkniefnin fundust. **- sþs**

Ahmadinejad Íransforseti:

Varar Evrópu við aðgerðum

ÍRAN, AP Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, varar ríki Evrópu við að fylgja fordæmi Bandaríkjanna og leggja einhliða viðskiptahöft á Íran.

MAHMOUD AHMADINEJAD

Forsetinn hótar því að Íran muni svara slíkum aðgerðum í sömu mynt. „Ef Evrópuríkin vilja starfa með óvini írönsku þjóðarinnar getum við ekki túlkað það sem vinalega hegðun. Við munum bregðast við því. Evrópubúar vita vel hvað gerist í alþjóðaviðskiptum ef Íran kýs að bregðast alvarlega við." **- sgj**

frá krónum **28.520,-** Flug og gisting frá föstudegi til mánudags

Tilboðið gildir frá 26. okt. 2007 – 31. mar. 2008.
Verð með sköttum.



Hotel Føroyar **

krónur **36.167,-**

Gisting í tveggjamanna herbergi
m / morgunmat.
Verð pr. per.

Farfuglaheimilið Kerjalon

krónur **28.520,-**

Gisting í tveggjamanna herbergi
uppábúið án / morgunmat. Verð pr. per.

Hotel Tórshavn *

krónur **34.270,-**

Gisting í tveggjamanna herbergi
m / morgunmat.
Verð pr. per.

ATLANTIC AIRWAYS

sími: 482 2426 . davidsam@eyjar.is . www.faereyjaferdir.is

Á ALÞINGI Laun þingkarla eru að jafnaði hærri en þingkvenna. Samtök atvinnulífsins segja skýringuna meðal annars þá að fleiri karlar axli meiri ábyrgð en konur.

Athugun sýnir að laun þingkvenna eru lægri en karla:

Minni ábyrgð skýrir launamun kynjanna

JAFNRÉTTI Kynbundinn launamunur alþingismanna er fjögur til sex prósent að því er rannsókn Samtaka atvinnulífsins sýnir. Launamunurinn orsakast af því að karlmenn á þingi gegna fleiri ábyrgðarstöðum en þingkonur og fá því hærri álagsgreiðslur.

Meðallaun karlkyns þingmanna eru rúmlega 602 þúsund krónur á mánuði, en meðallaun kvenkyns þingmanna rúmlega 34 þúsund krónum lægri. Samkvæmt rannsókninni spilar starfsaldur inn í, en þingmenn með lengri starfsaldur eru líklegri til að fá álagsgreiðslur, til dæmis fyrir formennsku í flokkum eða nefndum.

Launakerfi þingmanna byggist á þingfararkaupi, en þingmenn fá álag ofan á það fyrir að gegna ráðherraembætti, formennsku í nefnd eða vera varaforseti svo fátt eitt sé nefnt. Álagsgreiðslurnar eru misháar eftir embættum.

59 prósent karla á þingi eru með álagsgreiðslur, en 49 prósent kvenna. Í greinargerð frá Samtökum atvinnulífsins segir að eina leiðin til að leiðrétta þennan mun sé að þingkonur fái aukna ábyrgð. Til dæmis sé hægt að fjölga konum sem eru formenn stjórnarandstöðuflokka. **- sgj**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

LANDSSÖFNUN BJÖRGUNARSVEITANNA 2007

Þetta er Neyðarkall til þín!

Dagana 2.–4. nóvember fer fram fjáröflunarátakið **Neyðarkall björgunarsveitanna** og er þetta annað árið sem við seljum Neyðarkallinn. Viðtökur Íslendinga í fyrra voru einstakar og seldist Neyðarkallinn upp í miðju átaki. Aukin verkefni björgunarsveitanna kalla á meira fé til starfseminnar og þetta er okkar leið til að bregðast við því. Fólk er því að stuðla að eigin öryggi með stuðningi í þessu átaki.

Líkt og í fyrra er um að ræða sölu á litlum neyðarkalli sem nú er eftirlíking af björgunarkonu. Við hvetjum almenning til þess að taka vel á móti sölufólki en Neyðarkallinn verður seldur á 1000 krónur við verslanir, verslunarmiðstöðvar, áfengisútsölur og aðra þá staði sem almenningur sækir þessa fjóra daga á meðan átakið stendur. Í sumum bæjarfélögum verður gengið í hús.

Kaupum Neyðarkall!

LANDSSÖFNUN
NEYÐARKALL
BJÖRGUNARSVEITANNA
2.–4. NÓVEMBER

112
EINN EINN TVEIR

Aðalstyrktaraðilar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru

GLITNIR samskip SJÓVÁ N1

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG | Berst fyrir lífi þínu!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Helgarsteikur frá Íslandslambi nú á 40% afslætti !

Helgarsteik, úrbeinaður lambaframpartur 1079 kr/kg.
Merkt verð 1798 kr/kg.

Helgarsteik, úrbeinað lambalæri 1499 kr/kg.
Merkt verð 2498 kr/kg.

Ferskur kjúklingur 40% AFSLÁTTUR

Holta ferskar kjúklingabringur 40% afsláttur 1445 kr/kg. *Merkt verð 2408 kr/kg.*

Holta ferskir kjúklingavængir 40% afsláttur 179 kr/kg. *Merkt verð 299 kr/kg.*

Holta fersk kjúklingalæri 40% afsláttur 363 kr/kg. *Merkt verð 605 kr/kg.*

Holta ferskir kjúklingaleggir 40% afsláttur 363 kr/kg. *Merkt verð 605 kr/kg.*

Coke Zero 2 ltr.
Mega verð 59 kr. flaskan.

MH smjörlíki

Trópí 1 ltr. 98 kr.

BÓNUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAG: 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Kjötveisla 999

Ali ferskar grísalundir
aðeins 999 kr/kg.
2 tonn í boði.

500g 79 kr. stk.

fernan.

FERSKLEIKI OG FAGMENNSKA
KJÖTBANKINN
www.kjotbankinn.is

Ferskt Íslenskt 100% ungnautahakk **40% afsláttur**
799 kr/kg. *Merkt verð 1330 kr/kg.*

Bónus piparkökur 500g poki
Íslensk framleiðsla 198 kr.

Gull harðfiskur 200g 998 kr. **81% próteininnihald.**

Myllu vinarkökur **350 gr** 129 kr/stk.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

HEIMASÍÐA BÓNUS ER: **BONUS.IS** AÐALSÍMI BÓNUS: **588 8699**

BÓNUS

PÓLITÍK OG ORKA

MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

Á HELLISHEIÐINNI Nær allir viðmælendur Fréttablaðsins voru sammála um að pólitísk yfirsýn í orkumálum væri lítil sem engin eftir að ákveðið var að selja einkaaðilum hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landsnetið ómetanlegt en þó ekki

Pólitísk og viðskiptaleg átök um orkumálefni landsmanna hafa verið í brennidepli að undanförnu. Verðlagning á flutningsvirkjum fyrir raforku, sem Hitaveita Suðurnesja á meðal annars, er eldfimt deilumál. 68 prósenta hlutur Landsvirkjunar í Landsneti hf. sem á og rekur flutningsvirki fyrir raforku í landinu er metinn á 4,7 milljarða. Stenst þessi verðmiði skoðun?

Sumir heimildarmanna Fréttablaðsins halda því fram að sala Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar á helmingshlut í Landsvirkjun hafi fyrst og fremst verið „pólitísk eignafærsla“ mánuði áður en grundvallarbreyting varð á orkumálum í landinu með sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja (HS). Gerð var grein fyrir þessum viðhorfum í Fréttablaðinu í gær.

Við söluna á hlutnum í HS hófst ferli sem að grunni til er ein af ástæðum pólitískra og viðskiptalegra átaka um málefni Orkuveitu Reykjavíkur (OR), Reykjavík Energy Invest (REI), Geysis Green Energy (GGE) og HS. Undirliggjandi er síðan sú spurning hvort nýtingarréttur á orkuauðlindum eigi að vera í höndum hins opinbera eða hjá einkaaðilum.

Grunnnetið - hvað kostar það?

Landsvirkjun var verðmetin á 59 milljarða út frá forsendum sem raktar voru í Fréttablaðinu í gær. Umdeilanlegar segja margir, rökréttar segja aðrir. Meðal þess sem innifalið er í verðinu er 68 prósenta eignarhlutur í Landsneti hf. sem starfar á grundvelli raforkulaga frá því í maí árið 2003. Hann er metinn á 4,7 milljarða. Samkvæmt því verðmati er heildarverðmæti Landsnetsins um 6,8 milljarðar.

Eigendahópur Landsnets tók breytingum í september síðastliðnum en þá varð Orkuveita Reykjavíkur eigandi 6,78 prósenta hlutar í Landsneti.

Félagið hefur það hlutverk að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun samkvæmt lögum. Einn heimildarmanna Fréttablaðsins telur Landsneti ekki vera gert



FLUTNINGSVIRKIN Þessi mynd sýnir flutningsvirki fyrir raforku á vegum Landsnets hf. Eins og sést á myndinni eru flutningsvirkin umfangsmikil. Hlutur Landsvirkjunar í Landsneti var metinn á um 4,7 milljarða íslenskra króna í verðmati Par X viðskiptaráðgjafar.

nægilega hátt undir höfði í verðmatinu. „Landsnet á flutningsvirki fyrir raforku í landinu. Hvers vegna í ósköpunum eru þau ekki metin sem meiri verðmæti en raun ber vitni?“ Þessu viðhorfi eru ekki allir sammála en flestir telja að í raun sé Landsnet „ómetanlegt“ í ljósi mikilvægis flutningsvirkja fyrir raforku. „Samfélagið reiðir sig á flutningsvirkin, bæði fyrirtæki og fjölskyldur. Það má spyrja sig að því, hvort ekki sé tilefni til þess að taka öll málefni er tengjast flutningsvirkjum á raforku til endurskoðunar í ljósi þess að einkafyrirtæki eiga orðið hlut í þeim,“ segir einn heimildarmanna.

Eigendur Landsnets hf. eru Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða og Orkuveita Reykjavíkur. Flutningsvirki eru að einhverjum hluta lögð inn í félagið sem hlutafé.

Landsnet fellur undir það sem nefnt er „órekstrartengdar eignir“ í verðmatinu á Landsvirkjun. Matið var framkvæmt á grundvelli núvirtra áætlaðra arðgreiðslna til ársins 2019.

Grundvallarbreyting - ekkert stopp?

Heimildarmenn Fréttablaðsins, sem voru vel á annan tug, voru flestir sammála um að pólitísk yfirsýn í orkumálum „væri lítil sem engin“ eftir að ákveðið var að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja til einkaaðila. Sumir telja þetta gæfuspor sem auki líkurnar á því að „raunveruleg samkeppni“ myndist á raforkumarkaði. Aðrir segja slík sjónarmið fráleit. „Þetta er einokunarrekstur og raunveruleg samkeppni getur aldrei ríkt í svoleiðis rekstri, nema gengið sé alla leið.“

Salan á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun til ríkisins er að mati margra heimildarmanna undanfari grundvallarbreytinga á orkugeiranum, jafnvel hlutafélagavæðingar á Landsvirkjun eða uppstokkunar á fyrirtækinu. Án þeirrar eignatilfærslu hefði ríkið ekki getað „haldið vopnum sínum“ nægilega vel að lokinni sölu á hlutnum í Hitaveitu Suðurnesja, þar sem fyrirsjáanlegt væri að „boltinn myndi halda áfram að rúlla“; það er að nýtingarréttur á orkuauðlindum héldi áfram að fara frá opinberum fyrirtækjum til einkaaðila.

Breytingar og titringur

„Við sjálfstæðismenn erum á móti því að hið opinbera sé að standa í áhætturekstri,“ sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, þáverandi borgarstjóri, á blaðamannafundi í Valhöll hinn 8. október þar sem mælt var fyrir því að hlutur Reykjavíkurborgar, í gegnum OR, í REI yrði seldur á „næstu mánuðum.“ Þessi yfirlýsing borgarstjóra reyndist afdrifarík eins og fram hefur komið en hún hafði áhrif á það að Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, sleit meirihlutasamstarfi við sjálfstæðismenn í borgarstjórn.

Slitin varpa ljósi á augljósan pólitískan átakapunkt að mati margra heimildarmanna, sérstaklega innan Sjálfstæðisflokksins. Spyrja má hvernig þátttaka hins opinbera á samkeppnismarkaði eigi að vera á sviði orkumála. Opinber fyrirtæki hafa tekið þátt í áhættufjárfestingaverkefnum í samkeppnisrekstri um áratugaskeið, hér á landi og erlendis, meðal annars með sölu á raforku til stóriðju. Þá hafa opinber fyrirtæki stofnað félög með einkaaðilum á undanförnum árum með það fyrir augum að nýta endurnýjanlega orkugjafa erlendis. Frumvarpi Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra er ætlað að taka á þessu umdeilda máli en stefnt er að því að taka það til umræðu og afgreiðslu á Alþingi í vetur.

Ársfundur Úrvinnslusjóðs

Ársfundur Úrvinnslusjóðs verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, í fundarsalnum Háteigi b, 4. hæð, mánudaginn 5. nóvember kl. 13:30.

Dagskrá

- Formaður stjórnar setur fundinn
- Ávarp umhverfisráðherra
- Ávarp formanns stjórnar Úrvinnslusjóðs
- Ársreikningur 2006 kynntur
- Yfirlit yfir starfsemi Úrvinnslusjóðs
- Umræður

Fundargögn munu liggja frammi á fundarstað.

Stjórn Úrvinnslusjóðs

ÚRVINNSLUSJÓÐUR www.urvinnslusjodur.is

2.999
~~6.990~~

55% afsláttur

10 ltr

Penta
Akrýlbundin plastmálning á loft og veggi, gljástig 5
7207040-6

Takmarkað magn.
föstudag til sunnudags

HELGAR SPRENGJA

Við blöndum alla liti af hvaða **litakorti sem er**

3.499

Veggmálning
Jotaplast, gljástig 7, beinhvítt
7119800

699
~~1.350~~

Rúlla og bakki
23 sm
7014821

499
~~725~~

Fínspartl
750 ml, í sprungur og naglagöt
7111005

Léttspartl
750 ml, alhliða spartl
7111008

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

„ORÐRÉTT“

Betri er einn fugl í hendi en 9.999 í skógi

„Á meðan þetta er bara 99,99 prósent öruggt get ég ekki fullyrt algjörlega að Pétur Pétursson verði aðstoðarmaður minn.“

ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI
24 stundir, 1. nóvember

Úr orrahríð í blankalogn

„Ég ætla bara að láta staðar numið hér.“

ÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR Í ATLANTA. AÐ KRÖFU ÞÓRU ÓMERKTI HÉRAÐSDÓMUR UMMÆLI Í SÉÐ OG HEYRT UM AÐ HÚN VÆRI BLÖNK.
Vísir.is 1. nóvember.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞÓRHILDUR ÓLAFSDÓTTIR, FRÉTTAKONA OG NEMI

Grænmetisætur og óræð kyn

„Það er nú svona bara bærilegt að frétta,“ segir Þórhildur Ólafsdóttir, fyrrverandi fréttakona á Ríkisútvarpinu og núverandi nemi í kynjafræði í Háskólanum í Brighton á Englandi.

„Þessa stundina er ég að reyna að berja saman fyrirlestri fyrir námið mitt en ég er einmitt í Gender and Media Studies. Fyrirlesturinn gengur hægt og því er líðanin bara bærileg. Að öðru leyti nýt ég lífsins hér í Brighton, enda ekki annað hægt þegar útsýni er yfir sjóinn og veðrið er gott og fallegt.

Kynjafræðin er víðfeðm og mikil fræðigrein og allt er hægt að skoða með kynjafræðigleraugun á sér. Þú sérð og upplifir hluti á nýjan hátt þegar þér er kennt að taka betur eftir ákveðnum hlutum. Kynjafræðin kennir mér það og ég nýt þess að læra nýja hluti og sjá gamla hluti á nýjan hátt. Brighton er frjálslynd og fjörug borg og hér finnur þú ekki hinn dæmigerða Breta að drekka te og nöldra yfir dagskrárgerð BBC. Hér búa hippar, grænmetisætur og óræð kyn. Hins vegar hafa þeir teppi á gólfunum hér sem er breskur siður sem mér finnst að Brighton-búar ættu að kasta fyrir róða. Hér er allt „fair-trade“ og fallegt, fólk er mjög meðvitað og endurvinnur eins og ljón. Bara með því að búa hérna fær maður á tilfinninguna að maður sé að gera restinni af heiminum stórkostlegan greiða – ef ekki bjarga honum. Ég reyni að vera eins og aðrir í Brighton, endurvinn og kaupi „fair-trade“ og vistvænt og svona og fíla það bara vel. Borða samt kjöt og versla ekki í Vegetarian Shoes.“

SVESKJUTÆR:
HÚÐIN LÍKIST SVAMPI

Líklega kannast flestir við svokallaðar sveskjutær, sem koma oft í ljós að loknu góðu baði. Húðin á tám og fingrum hrukkast þá öll og minnir einmitt á sveskjur. Þetta er vegna þess að húðin er ekki ólík svampi. Eftir nokkra stund í vatninu byrjar hún að drekka í sig vatnið. Lesa má á Vísindavefnum um hvernig sebum-olían lætur undan vatninu með osmósuflæði. Sebum-olían myndast í fitukirtlum og þekur og verndar húðina. Hún skolast burt í baðinu og minnkar þá vatnsheldni húðarinnar.

SJÓNARHÓLL
VERÐSAMRÁÐ

AGNAR FREYR HELGASON Formaður ungra jafnaðarmanna í Reykjavík.

Reiður

„Maður verður náttúrlega reiður við að frétta af hugsanlegu verðsamráði á matvörumarkaði. Það kemur slæmu orði á þá frelsisvæðingu sem hefur orðið í atvinnulífinu undanfarna áratugi. Það vekur mann til umhugsunar um hvort ekki þurfi að styrkja til að mynda samkeppniseftirlitið. Ef sérstaklega er litið á matvörumarkaðinn þá er ljóst að hátt verð á Íslandi orsakast meðal annars af höftum og miðstýringu í landbúnaði en líka fákeppni. Það þarf því einnig að efla neytendavitund. Þegar Samfylkingin settist í ríkisstjórn í vor þá voru neytendamálin sett á oddinn og bind ég miklar vonir við að Björgvin viðskiptaráðherra muni vinna að hagsmunum neytenda og sporna gegn ólöglegu verðsamráði.“

Orð á flótta undan nýrri sjálfsmynd

Endurútgáfa bókarinnar Tíu litlir negrastrákar minnir rækilega á að tungumálið er lifandi fyrirbæri sem tekur stöðugum breytingum. Guðrún Kvaran, Andri Snær Magnason og Mörður Árnason velta fyrir sér hvað viðbrögð við bókinni segja um íslenska tungu og sjálfsmynd okkar í upphafi 21. aldar.

NEMENDUR AUSTURBÆJARSKÓLA AÐ LEIK „Íslendingar eru ekki lengur einsleit hvít þjóð, við erum nú í öllum regnbogans litum.“

„Eins og margir ólst ég upp við bókina Tíu litlir negrastrákar og fann aldrei neitt að þessu fyrr en á seinni árum, þegar farið var að tengja þetta við enskuna,“ segir Guðrún Kvaran prófessor.

Hún bendir á að vissulega megi finna fleiri dæmi um orð sem áður þóttu ágæt til síns brúks en eru ekki boðleg lengur. „Blámaður og surtur eru önnur dæmi um orð sem höfð voru yfir svertingja en þykja ekki góð og gild lengur. Fáviti er neikvætt orð og það má ekki lengur segja að nokkur maður sé klepptækur eða brjálaður, eins og almenna orðið var þegar ég var að alast upp. Helst má ekki segja gamalmenni, þaðan af síður gamlingi, heldur aldraður.“

Guðrún nefnir einnig að mörg orð hafi upphaflega verið búin til sem jákvæð orð en merkingin hafi snúist við í tímans rás. „Nefna má orðið vangefinn. Það þótti lengi vel hið ágætasta orð en svo fóru menn að nota það sem skammaryrði og þá var ekki hægt að nota það í venjulegri merkingu. Það er ekki við hugtakið sjálft að sakast hedlur notkun í daglegu tali. Þá var orðið nýbúi upphaflega búið til yfir þann hóp sem var verið að taka á móti til landsins. Síðar var farið að tala um nýbúa í niðrandi merkingu og neikvæðum texta og það verkar þá um leið særandi.“

Neikvæð orð verða jákvæð

Hún segir þess líka mörg dæmi að orð sem áður þóttu verstu skammaryrði verði hlutlaus, jafnvel jákvæð. „Það er hægt að snúa við merkingu hugtaka ef það er gert meðvitað og markvisst. Það er ekki langt síðan það þótti verulegt skammaryrði að kalla einhvern homma eða lesbíu, en þessir hópar tóku það upp hjá sér að nota þessi orð sjálf og breyttu þannig merkingunni. Þetta sýnir að oft er ekki ástæða til að skipta orðum út heldur tala um þau á jákvæðan hátt og setja í annað samhengi.“

GUÐRÚN KVARAN

Bragfræðileg aðför

„Í fyrsta lagi finnst mér þessi bók illa ort og atlaga að öllum með brageyra,“ segir Andri Snær Magnason um endurútgáfu Negrastrákanna.

„Annars er ég á báðum áttum. Ég held að fáir Íslendingar noti orðið negri sem níðyrði, ég hugsa að þeir noti sterkari orð til þess. Sem heimild verður þessi bók alltaf til. Sumir segja að þessi bók hafi ekki haft nein áhrif hér á landi. En það verður ekki framhjá því litið að kynslóðin sem gaf hana út og las var sama kynslóð og vildi ekki fá svarta hermenn til landsins. Við erum því ekki alveg saklaus í þessum efnum.“

Andri segir að oft sé best að fara sömu leið og hommar og lesbíur, tileinka sér orðin frekar en að flýja þau. „Maður kemst aldrei langt áður en næsta orð verður líka ónýtt. Í Bandaríkjunum þykir orðið svartur til dæmis ekki boðlegt lengur, heldur er talað um „African-American“. En kannski er ekki hægt að fara þessa leið í þessu máli því við erum í rauninni orðanýlenda; við stjórnum ekki alveg merkingu orðsins heldur ræðst hún af miklu flóknari þáttum. Erlenda útgáfa bókarinnar – Ten Little Niggers – er til dæmis næg ástæða til að gefa bókina ekki út.“

Félagslegt sprengjusvæði

Andri segir að þar sem margir virðist taka endurúgáfunni illa eigi að virða það. „Hins vegar er hættan sú að það sama gerist og í Bandaríkjunum, þar sem er tilhneiging til að ritskoða þessa hluti allrækilega. Á meðan fara miklu ógeðslegri hlutir upp á yfirborðið á netinu og í tölvuleikjum. Í þýðingu á Bláa hnettinum fyrir Bandaríkjamarkað átti til dæmis að taka fyrir selát. Tólf ára börn í Bandaríkjunum mega sem sagt ekki lesa um selát en það er í lagi að spila Grand Theft Auto. Þetta er ofboðslega þversagnakennt.“

ANDRI SNÆR MAGNASON

Þá telur Andri möguleika á að umræðan sjálf verði skaðleg. „Börn skynja ekki að vinir þeirra séu öðruvísi þótt þeir séu ekki eins á litinn. En svo ætlum við hin fullorðnu að hefja einhverja upplýsta umræðu og af henni gætu börnin lært öll orðin og hugmyndirnar sem ekki þykir við hæfi að nota. Mér finnst engin augljós lending í þessu; þetta er félagslegt jarðsprengjusvæði.“

Vaknað af vondum draumi

„Ég held að þetta sé að mörgu leyti vondur draumur sem við vöknum af,“ segir Mörður Árnason, íslenskufræðingur og fyrrverandi alþingismaður. „Þegar ég sá þessa bók aftur varð mér aðallega brugðið vegna myndanna, sem lýsa allt öðrum hugarheimi en nú ríkir og manni finnst við hæfi. En þessi tími er ekkert svo langt undan.“

MÖRÐUR ÁRNASON

Mörður bendir hins vegar á að þegar rætt sé um óviðurkvæmileg orð verði menn að greina á milli orða sem séu í sjálfu sér hlutlaus og öðrum orðum þar sem málleg grundvöllur þeirra sé byggður á fordómum. „Í fyrri flokkinn myndi ég setja orð á borð við negri en í þann seinni færu orð eins og kynvillingur og litaður. Þetta eru hiklaust niðrunaryrði sem verðskulda ekki annað en að vera lögð af. Svo eru önnur orð, eins og svertingi , sem í sjálfu sér og oft í upphafi voru hlutlaus.“

Íslendingar í öllum litum

Mörður segir umræðuna um bókina til marks um að sjálfsmynd Íslendinga breytist miklu hraðar en hún gerði áður. „Sumir eiga hreinlega erfitt með að fóta sig í öllu þessu. Þegar mín kynslóð rifjar upp sína bernsku man hún eftir þeim viðhorfum sem er lýst í bókinni gagnvart öðrum en hvítum Vesturlandabúum. Afstaða Íslendinga lýsir sér líka í því að við eigum ýmis orð um fólk af öðrum litarhætti en erum aftur á móti hlutlaus gagnvart okkar eigin litarafti, orðið hvítingi er til dæmis notað yfir albínóa. Þetta eru sem sagt „við“ og aðrir sem eru öðruvísi á litinn. Það er ekki ástæða til að fara á flótta með orð sem eru í sjálfu sér ekki neikvæð en það verður líka að ríkja jafnræði og þarna þurfa nútíma Íslendingar að hugsa málin upp á nýtt því Íslendingar eru ekki lengur einsleit hvít þjóð, við erum nú í öllum regnbogans litum.“



The Pier húsgagna –og gjafavöruverslunin – núna líka á Íslandi

opnum í dag kl.10:00

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | við hlið Toys'r'us
mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00
tilboð gilda á meðan birgðir endast

Svona erum við
> Fjöldi póstafgreiðslustaða á landinu



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: FORSETAFRAMBOÐ GAMANLEIKARANS STEPHENS COLBERT

Grínframboð íhaldssamrar gervipersónu

Bandarískur spjallþáttastjórnandinn og gamanþáttaleikarinn Stephen Colbert kynnti forsetaframboð sitt fyrir skemmstu. Hyggst hann eingöngu sækjast eftir kjöri, bæði sem repúblikani og demókrati, í heimaríki sínu, Suður-Karólínu. Helsta stefnumál hans er að tortíma nágrannaríki þess, Georgíu.

Hver er Stephen Colbert?
Stephen Colbert er gamanleikari sem fyrst gat sér gott orð í spjallþættinum The Daily Show sem Jon Stewart stýrir. Í þættinum brá hann sér í hlutverk gervifréttamanns og varð fljótt gríðarlega vinsæll meðal áhorfenda.

Fljótt fékk hann að stjórna sínum eigin þætti, The Colbert Report. Í þættinum leikur hann íhaldssaman, ofsatrúaðan og stríðssinnaðan hommahatara, sem ber þó sama nafn og hann. Persónuna byggir hann á Bill O'Reilly, sem stýrir spjallþætti á fréttastöðinni Fox News. Sjálfur hefur Colbert frjálslyndar stjórnmálaskoðanir og þykir frekar hallur undir demókrata en íhaldssaman væng Repúblikanaflokksins.

Hvernig kom framboðið til?
Spjallþættir Stewarts og Colberts eru gríðarlega vinsælir meðal ungs fólks í Bandaríkjunum og umfjöllun þeirra um stjórnmál og atburði líðandi stundar hefur vakið mikla athygli. Í aðdraganda forkosninganna fyrir forsetakosningarnar á næsta ári fóru stórir hópar á netinu að hvetja Colbert í framboð. Fyrir nokkrum vikum tilkynnti hann framboð sitt í þætti sínum eftir að hafa lengi ýjað að því. Hann mun þó einungis bjóða sig fram í einu ríki og á því enga möguleika á að komast í Hvíta húsið.

Verður framboðið tekið alvarlega?
Colbert og stuðningsmenn hans greiddu þátttökugjöldin fyrir forkosningar demókrata í Suður-Karólínu og mælist hann með um 2,5 prósenta stuðning í könnunum. Demókrataflokkurinn hefur þó ekki enn tekið ákvörðun um hvort honum verður leyft að taka þátt. Colbert auglýsir framboð sitt grimmt í þætti sínum og hefur gert styrktarsamning við Doritos.

SPURT & SVARAÐ
HVERFISRÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR

Stuðla að samstarfi

RAGNAR SÆR RAGNARSSON Formaður hverfisráðs Grafarvogs.

Fulltrúum í hverfisráðum Reykjavíkurborgar verður fjölgað úr þremur í sjö, samkvæmt tillögu nýs meirihluta sem samþykkt var á fundi stjórnkerfisnefndar borgarinnar í fyrradag. Ragnar Sær Ragnarsson er formaður hverfisráðs í Grafarvogi.

Hvað gerir hverfisráð?
„Hlutverk hverfisráðs er í meginþáttum tvískipt. Annars vegar á það að stuðla að samstarfi innan hverfisins, gera tillögur til borgarráðs um það hvernig slíkt geti farið fram og veita ráð varðandi þjónustu sem veitt er hjá borginni í viðkomandi hverfi. Hins vegar á það að vera vettvangur fyrir samráð íbúa hverfisins, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda."

Hvernig starfar hverfisráð, og hve mörg eru þau?
„Hverfisráð fundar mánaðarlega, auk þess sem það heldur einn fund á ári sem er opinn öllum íbúum.

Flestum aftökum frestað til vors

Síðan Hæstiréttur Bandaríkjanna heimilaði aftökur á ný árið 1976 hafa meira en þúsund dauðadæmdir fangar verið teknir af lífi þar í landi, síðustu árin nánast allir með banvænni sprautu. Sú aðferð þykir nú vafasöm og bíður úrskurðar hæstaréttar Bandaríkjanna.

Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði nú í vikunni að fresta skyldi aftöku morðingjans Earl Wesley Berry í Mississippi. Þessi afstaða dómstólsins þykir ótvírætt merki um að hann vilji fresta flestum aftökum í Bandaríkjunum fram á vorið.

Ástæðan er sú að í vor er reiknað með því að Hæstiréttur taki afstöðu til þess hvort framkvæmd dauðarefsinga með banvænni sprautu samræmist stjórnarskrá Bandaríkjanna.

Frestað á síðustu stundu
Earl Wesley Berry var dæmdur til dauða árið 1988 fyrir að hafa rænt og myrt 56 ára gamla konu, Mary Bounds. Ættingjar hennar brugðust ókvæða við þegar tilkynnt var um úrskurð hæstaréttar seint á miðvikudagskvöld, rétt áður en framkvæma átti verknaðinn. „Þið skulið aldrei hleypa þessum manni út úr fangelsi," sagði eftirlifandi eiginmaður hennar, Charles Bounds, „því annars fáið þið mig. Ég mun drepa hann."

Berry hafði reynt allar aðrar leiðir til að fá dómnum áfrýjað þar til lögmönnum hans hugkvæmdist nú síðast að leita til hæstaréttar um að fá úrskurð um réttmæti aðferðarinnar, að beita hinni banvænu sprautu.

Hæstiréttur grípur inn í
Mánuði fyrr, hinn 25. september, hafði Hæstiréttur Bandaríkjanna nefnilega fallist á að taka til meðferðar mál fanga í Kentucky þar sem úrskurðað verður um lögmæti þessarar líflátsaðferðar. Síðan þá hefur aðeins einn fangi verið líflátinn, en Hæstiréttur hefur í þrígang stöðvað aftöku sem átti að framkvæma.

Á árinu hafa auk þess yfirvöld í Kaliforníu, Illinois, Flórída og fleiri ríkjum Bandaríkjanna tekið þá ákvörðun að bíða með aftökur þar til fundin hefur verið lausn á þeim hnökrum sem komið hafa í ljós á þessari líflátsaðferð.

Reynslan af banvænu sprautunni, sem átti að vera mannúðlegri dauðarefsing en aðrar, hefur nefnilega verið sú að stundum virka lyfin ekki rétt. Dauðadæmdir fangar hafa hvað eftir annað þurft að engjast í kvölum langa hríð áður en dauðinn miskunnar sig yfir þá.

Mannúðlega aðferðin
Hugmyndin er sú að þremur efnum sé sprautað í æð fangans í þessari röð: fyrst er svæfingarlyfið natríum-thiopental notað til að svæfa fangann; næst er sprautað í hann pancuronium-brómíði sem lamar vöðvakerfið og stöðvar öndun; loks stöðvar kalíum-klóríð hjartað og fanginn deyr.

Vandinn við sprautuna er meðal annars sá að siðareglur lækna banna þeim að taka þátt í að lífláta fólk. Þeir sem taka að sér framkvæmdina hafa oft litla reynslu og eiga erfitt með að reikna út réttan lyfjaskammt auk þess sem oft er erfitt að finna nothæfar æðar í föngum sem jafnvel hafa árum saman notað eiturlyf.

Afleiðingin hefur því verið sú að stundum virka lyfin ekki eins og ætlast er til þannig að hinn dauðadæmdi getur verið enn með meðvitund, þótt svæfingarlyfið sé byrjað að virka til hálfs, þegar næsta lyf, sem lamar vöðvana og stöðvar öndunina, byrjar að virka.

Leitin að mannúð
Samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna er bannað að beita fanga „ómannúðlegum eða óvenjulegum refsingum", og undir það fellur refsing sem fólgin er í því að fanginn eigi langt og kvalafullt dauðastríð. Þess vegna hafa bandarísk stjórnvöld allt frá síðustu áratugum 19. aldar reynt að finna aðferðir til að lífláta dauðadæmda fanga með mannúðlegum hætti.

Gamla aðferðin, henging, þótti ekki henta nægilega vel til þess að tryggja mannúðlega aftöku vegna þess hve erfitt er að meta hve löng snaran þarf að vera miðað við líkamsþyngd fangans. Stundum reyndist snaran of stutt, sem gerði það að verkum að hann kafnaði hægt í staðinn fyrir að deyja strax.

Ekki þótti mikið skárra að stilla hinum dauðadæmda upp fyrir framan skotsveit. Hætta er á því að ekkert skot fari beint í hjartað, og þá er næsta víst að fanganum blæði hægt út og hann kveljist óstjórnlega á meðan.

Fyrsta „nútímalega og mannúðlega aðferðin" var rafmagnsstóllinn, sem fundinn var upp árið 1888 og fyrst notaður 1890. Með tímanum kom þó í ljós að oft vantar upp á mannúðina þar líka. Iðulega þarf að gefa fanganum raflost hvað eftir annað þangað til hann deyr og dauðastríðið þykir ófagurt upp á að horfa: fanginn missir þvag og saur með tilheyrandi fnyk sem berst til áhorfenda, stundum skjótast augun út úr tóftunum, líkaminn fær á sig æ rauðari lit eftir því sem hann hitnar meira og brunalykt berst um herbergið. Stundum kviknar í fanganum.

Gasklefar áttu sömuleiðis að vera mannúðlegri en hengingin, en reynslan er sú að dauðastríðið verður oft langt og kvalafullt. Til dæmis vegna þess að fanginn reynir ósjálfrátt að halda niðri í sér andanum þegar gasið byrjar að streyma og dregur þannig andlátið á langinn.

Fyrir þrjátíu árum töldu menn sig hins vegar loks hafa fundið lausnina á þessum vanda, nefnilega banvænu sprautuna.

Beðið úrskurðar
Síðustu árin hafa nánast allar aftökur í Bandaríkjunum farið fram með þessum hætti, þótt rafmagnsstóllinn hafi einnig verið notaður í einstaka tilfellum. Í þrjátíu af ríkjum Bandaríkjanna er dauðarefsing eingöngu framkvæmd með banvænni sprautu. Aðeins í einu ríki, Nebraska, er rafmagnsstóllinn enn notaður stöku sinnum.

Nú er staðan breytt. Búast má við að fáum dauðarefsingum verði fullnægt í Bandaríkjum fyrr en Hæstiréttur hefur kveðið upp úrskurð sinn, sem væntanlega verður ekki fyrr en í vor.

CHARLES BOUNDS OG CHRIS EPPS Charles Bounds, eftirlifandi eiginmaður hinnar myrtu, á tali við fangelsismálastjórann í Mississippi. Bounds fór ekki dult með vonbrigði sín yfir því að aftökunni hefði verið frestað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LÍFLÁTSAÐFERÐIR

■ Banvæn sprauta
Fyrst notuð við aftöku árið 1982 í Texas. Átti að vera mannúðlegri líflátsaðferð en hinar eldri. Hefur verið langalgengasta aðferðin síðustu árin; 85 prósent af öllum aftökum í Bandaríkjunum frá því þær voru heimilaðar á ný 1976.

DAUÐAKLEFI Klefinn í San Quentin-fangelsi í Kaliforníu, þar sem fangar hafa verið teknir af lífi með banvænni sprautu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

■ Rafmagnsstóll
Fyrst notaður við aftöku árið 1890. Átti að vera mannúðlegri líflátsaðferð en henging. Enn heimilaður í Nebraska. Hefur verið notaður að meðaltali einu sinni á ári síðustu árin, síðast 12. september á þessu ári.

■ Gasklefi
Fyrst notaður við aftöku árið 1924. Átti að vera mannúðlegri aðferð en þær eldri. Fimm ríki Bandaríkjanna heimila þessa aðferð en bjóða einnig upp á banvæna sprautu. Síðast notaður árið 1999 í Arizona.

■ Skotsveit
Enn heimil í Idaho þótt einnig sé boðið upp á banvæna sprautu þar. Síðast beitt árið 1996 í Utah.

■ Henging
Var allt til ársins 1890 helsta aðferðin sem notuð var við líflát dauðadæmdra fanga í Bandaríkjunum. Er enn heimil í Delaware og Washington-ríki þótt þar sé einnig boðið upp á banvæna sprautu. Síðast notuð árið 1996.

FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

handlaugar

SÉR-TILBOÐ!

Eitt flottasta úrval landsins

Handlaugar á borð, í borð og á veggi

PD-9141 44x39

JX-1109 45.5x45.5

SC-001 32x28

PD-4181 53x33

JX-43118 41x41

CINDY 55x35

CASER 42x42

TINA Til í 4 stærðum

DEAN 47x37

JX-4223 52x42

A-002 42x42

B-22 42x42

A-165 42x42

A-155 42x42

A-001 42x42

GAVIN 40x40

GEVIN 42x42

SIM A í borð 56x47 og 51x43

NILO í borð 47x39

LYRA á vegg 45x34

CARL 2 42x42

CARL 1 42x42

KENT 30x30 og 40x40

B-27 42x42

B-C06 46x46

B-22 42x42

B-31 42x42

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Sama verð!

Dótabúðin Leikbær

LEIKBÆR
FAXAFENI

AFGR.NO.: 4 DAGS .: 29.10.2007
KASSI ..: 2 TIMI .: 13:35

AFGREIÐSLUMAÐUR: 1 ELÍAS

FL	VÖRUHEITI	MAGN	VERÐ	SAMTALS
V2	LEGO 7661	1	7.999	7.999
V2	FP CHICKEN CHASE	1	3.499	3.499
V2	BRATZ KIDZ HORSEBACK	1	2.199	2.199
V2	FP BG HOPPANDI API	1	2.999	2.999
V2	EIR.SJÓRÆNINGJASKÚTA	1	10.999	10.999

SAMTALS 27.695
PENINGAR 27.695

V2 = 24,50% VSK. AF KR.27.695 = KR.5.450

GEYMIÐ KVITTUNINA
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN !

FULLUR SKILARÉTTUR GEGN
FRAMVÍSUN KVITTUNAR

Keppinautarinn

TOYS "R" US
Smáratorg 3, Kópavogur
Sími 550 0800
Kt.: 7005070330

LEGO 7661	(153729)	7,999.00
CHICKEN CHASE	(112794)	3,499.00
Með rafhlöðum.		
BRATZ KIDZHORSE YA	(124461)	2,199.00
API	(411342)	2,999.00
Notar 3 C-rafhlöður.		
PMB 4290	(112668)	10,999.00
TOTAL		27,695.00
CASH		30,000.00
CHANGE		2,305.00
24.5 % VAT		5,450.02

Afgreiðslumaður 7
Takk fyrir að versla hjá
TOYS "R" US.

14 daga skilafrestur sé varan ónotuð
og kassakvittun framvísað.
7-25 07-10-29 kl. 13:38

Samkvæmt könnun sem Dótabúðin Leikbær lét gera, kom í ljós að Dótabúðin Leikbær býður nákvæmlega sömu verð og keppinautarinn

Betri þjónusta!

- ✓ Við pökkum inn fyrir viðskiptavini
- ✓ Við veitum ráðleggingar við gjafainnkaup
- ✓ Við sendum í póstkröfu hvert á land sem er
- ✓ Við tölum og skiljum íslensku
  Einnig getur starfsfólk okkar bjargað sér á ensku

Póstkröfusími: 568-4860
www.leikbaer.is

Dótabúðin Leikbær

Við stöndum þér næst!

Erum við með verslun í þínu hverfi?

Verslaðu hjá okkur og vertu snöggur að því!

Elías Þorvarðarson
Framkvæmdastjóri

Fyrir um ári síðan boðaði ég til blaðamanna-fundar og tilkynnti að Leikbær stefndi að auknum umsvifum á komandi ári. Aukin umsvif setja okkur í sterkari stöðu gagnvart erlendum birgjum.

Það hagræði sem kæmi til vegna hagstæðari innkaupa myndum við skila út til neytenda.

Í dag eru Leikbær, Liverpool og Dótabúðin sameinaðar undir nafninu Dótabúðin Leikbær og stefnt er að opnun Just 4 Kids innan 2ja vikna.

Við höfum þegar lækkað verð um 20% eins og lofað var og munum fylgja þeim lækkunum enn frekar eftir ef markaðsaðstæður breytast.

Nú eru aðeins

52

dagar til jóla

Dótabúðin Leikbær

Vefurinn: Rotten Tomatoes

Kvikmyndavefur sem tekur saman einkunnagjöf mynda hjá fjölda gagnrýnenda og reiknar þannig út meðaleinkunn kvikmynda.

www.rottentomatoes.com

tækni&vísindi
taekni@frettabladid.is

SKÝRING: YFIRVOFANDI SKORTUR Á VISTFÖNGUM Á NETINU

Fjórir milljarðar IP-talna við það að klárast

Internetþjónustur þurfa sem fyrst að skipta yfir í nýja tækni til að útdeila vistföngum til tækja á internetinu, annars munu vistföngin hreinlega klárast á næstu tveimur til þremur árum. Nýtt kerfi hefur verið í burðarliðnum í tíu ár, en hefur enn ekki komist í almenna notkun.

Hvert einasta tæki sem tengist netinu fær úthlutað svokallaðri IP-tölu, sem er notuð til þess að einkenna tækið. Talan er eins konar heimilisfang tækisins á netinu, til dæmis hefur einn af mörgum vefþjónum Google-leitarvélarinnar IP-töluna 64.233.187.99. Til þess að skilaboð rati á réttan stað eru engin tvö tæki með sömu IP-tölu.

Venjuleg IP-tala, sem nefnist IPv4 eða IP version 4, er sett saman úr fjórum tölum með punkti á milli og getur hver tala verið á milli 0 og 255. Það þýðir að allar mögulegar samsetningar á tölum nema um fjórum milljörðum. Ef fjölgun tölva, farsíma og annarra nettengdra tækja heldur áfram sem horfir munu tölurnar klárast í kringum árið 2010.

Rétt er að árétta það að þó að IP-tölurnar klárist þýðir það ekki að internetið hætti að virka. Það þýðir hins vegar að ný tæki geta ekki fengið úthlutað IP-tölu og þar af leiðandi ekki komist á netið.

Tölvunarfræðingar komu auga á þennan vanda, og hafa fyrir löngu fundið lausn á honum. Hún nefnist IPv6 eða IP version 6, og býður upp á margfalt fleiri samsetningar á tölum. Nánar tiltekið 340 milljarðar milljarðar milljarðar milljarða. Sá fjöldi ætti að nægja okkur um ókomin ár.

Gallinn er sá að netþjónustur hafa hingað til verið tregar til að taka upp þennan nýja staðal. Til þess þarf ný tæki, nýjan hugbúnað og betur þjálfað starfsfólk sem kostar allt peninga.

Á meðan enn eru til IP-tölur sjá forsvarsmenn þessara fyrirtækja ekki ástæðu til að eyða í slíkar breytingar. Þegar kemur að því að nauðsynlega þarf að skipta um kerfi gæti það hins vegar verið orðið of seint.

TÆKNIHEIMURINN

Folding@home öflugasta dreifnetið

Verkefnið Folding@home, sem miðar að því að nýta reiknigetu tölva þegar þær eru ekki í notkun til að rannsaka sjúkdóma, er öflugasta dreifnet heims samkvæmt heimsmetabók Guinness. Hægt er að taka þátt í verkefninu með því að ná í forrit á vefsíðunni folding.stanford.edu, og hafa það í gangi í tölvunni. Reiknigeta þeirra tölva sem taka þátt í verkefninu er notuð til að reikna út hvernig prótín eru „brotin saman“, sem hjálpar vísindamönnum að skilja sjúkdóma betur.

Ljósgeisli með aðdráttarafl

Vísindamenn við MIT-háskólann í Bandaríkjunum hafa þróað aðferð til að hreyfa hluti með ljósinu einu. Enn er aðeins hægt að hreyfa örsmáar eindir á örflögum, en tæknina verður hægt að nota til að smíða örflögur á nákvæmari hátt en áður. Vísindamennirnir sýndu fram á tæknina með því að raða sextán E.coli frumum upp með ljósi þannig að þær mynduðu stafina M, I og T.

Frumleg atvinnuumsókn

Sebastian Klein, þýskur kerfisstjóri, fer ekki hefðbundnar leiðir í atvinnuleit. Hann hefur keypt fjölda léna sem tengjast Google á einn eða annan hátt, og segist ekki munu láta þau af hendi nema hann fái starf hjá fyrirtækinu. Skilyrðin eru að hann fái gott starf við kerfisstjórn, og geti ferðast til Kölnar um helgar til að heimsækja dóttur sína. Í viðtali við Sydney Morning Herald sagði talsmaður Google hugmyndina vissulega frumlega, en hann ætti frekar að senda ferilskrána sína.

Vilja takmarka eftirlit auglýsenda

Persónuverndarsamtök í Bandaríkjunum vilja láta búa til lista yfir netnotendur sem vilja ekki að auglýsendur geti fylgst með netnotkun þeirra. Þeir sem vildu gætu skráð sig á listann, og auglýsendum væri þá bannað að sníða auglýsingar að netnotkun viðkomandi. Listinn væri í raun netútgáfa sams konar lista sem bannar fyrirtækjum að hringja heim til fólks skrái það sig á hann.

Apple uppfærir MacBook

Apple hefur uppfært MacBook fartölvur sínar og sett í þá nýjustu örgjörvana frá Intel, Santa Rosa. Örgjörvinn í ódýrustu útgáfu tölvunnar er enn tvö gígarið, en dýrari útgáfan er nú 2,2 gígarið. Skjákortið hefur einnig verið uppfært. Kosturinn við nýju örgjörvana er aukinn brautarhraði, 800 megarið, sem skilar sér í afkastameiri tölvu.

Í GEIMNUM Geimfarinn Scott E. Parazynski vinnur við uppsetningu á nýrri burðargrind utan á geimstöðinni. Hann mun sjá um viðgerðirnar á sólarrafhlöðunni, fastur við endann á fimmtán metra langri bómu. MYND/NASA

Rifin rafhlaða veldur geimförum vandræðum

Sjötíu sentimetra löng rifa á sólarrafhlöðu ógnar framtíð Alþjóðlegu geimstöðvarinnar, sem er á braut um jörðu. Þeir sem eiga hlut að verkefninu reyna nú eins og þeir geta að laga rafhlöðuna með vírum, límbandi, fimmtán metra langri stöng og hugrökkum geimfara.

SKEMMD Hér sést í rifuna á sólarrafhlöðunni sem hefur valdið geimförunum vandræðum. Hún kom til þegar verið var að færa rafhlöðuna síðastliðinn þriðjudag. MYND/NASA

Geimfarar um borð í Alþjóðlegu geimstöðinni reyna nú að gera við rifu á stórri sólarrafhlöðu sem sér stöðinni fyrir orku. Takist ekki að laga rafhlöðuna gætu áætlanir um stækkun stöðvarinnar verið í hættu vegna orkuleysis. Geimgöngum og rannsóknum hefur verið frestað í millitíðinni.

Sólarrafhlaðan rifnaði þegar verið var að færa hana á þriðjudag. Rifan er rúmlega sjötíu sentimetrar að lengd en skemmdirnar hafa enn sem komið er ekki dregið úr orkuframleiðslunni. Geimfararnir sem sjá um viðgerðirnar komu til geimstöðvarinnar með Discovery-geimskutlunni á þriðjudag í síðustu viku.

„Ef það tekst ekki að laga sólarrafhlöðuna eða koma henni í stöðugt ástand höfum við ekki úr mörgu að velja — líklegast munum við þurfa að varpa henni fyrir borð,“ sagði Michael T. Suffredini, framkvæmdastjóri geimstöðvarverkefnisins hjá bandarísku geimferðastofnunnini NASA, í samtali við New York Times. Án orkunnar sem sólarrafhlaðan framleiðir fyrir geimstöðina verður erfitt að stækka geimstöðina, eins og áætlað er að gera.

Aðferðin sem geimfararnir munu beita til að laga rafhlöðuna er ekki sú tæknilegasta. Þar sem rifan er á enda rafhlöðunnar, tiltölulega langt frá sjálfri stöðinni, var enginn búnaður á lausu sem gæti komið manni þangað á öruggan hátt.

Eftir að geimfararnir og stjórnendur á jörðu niðri höfðu lagt höfuðið í bleyti fundu þeir leið til að festa fimmtán metra langa bómu, sem er framlenging á tölvustýrðum armi geimstöðvarinnar, á arminn með geimfarann Scott E. Parazynski á endanum. Þannig verður hann fluttur að rifunni þar sem hann mun reyna að laga hana með tæki, sem að stórum hluta er gert úr vírum og límbandi, og var smíðað sérstaklega af þessu tilefni.

salvar@frettabladid.is

Uppskeruhátíð fyrir fjölspilunarleik verður haldin í Laugardalshöll um helgina:

EVE Online-ráðstefnan hafin

Uppskeruhátíð fjölspilunarleiksins EVE Online hófst í Laugardalshöll í gær. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu koma um þúsund erlendir gestir á ráðstefnuna, sem nefnist Fanfest. Þetta er í fjórða skipti sem hátíðin er haldin, en henni lýkur á sunnudag.

Meðal hápunkta um helgina verður fyrirlestur Hilmars Veigars Péturssonar, framkvæmdastjóra CCP, fyrirtækisins sem á og rekur leikinn. Ný viðbót við leikinn verður einnig kynnt í fyrirlestri ásamt kynningu á nýju fyrirkomulagi leiksins þar sem spilarar fá að taka þátt í ákvarðanatökum um leikinn í gegnum sérstakt leikmannaráð.

„Ég er mjög spenntur fyrir því að vera kominn aftur til Íslands á þessa hátíð,“ segir Kristoffer Touborg, Dani sem er að koma á Fanfest í annað sinn. „CCP á það til að setja upp frábæra sýningu, og þetta er gott tækifæri fyrir okkur Evrópubúa að hitta bandaríska vini okkar á hlutlausum stað.“ - sþs

Á RÁÐSTEFNU Gestir hlýddu á fyrirlestra á ráðstefnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NÝ FALLEG LÍNA AÐ BÆJARLIND SEX

NÝ

Salto | Verð 94.200

Línan ehf | Bæjarlind sex | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18, lau 11-16 og sun 13-16

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
7.984 **-1,61%**

Fjöldi viðskipta: 443
Velta: 9.827 milljónir

MESTA HÆKKUN

ATL. PETROLEUM	+2,29%
TEYMI	+1,42%
ÖSSUR	+0,48%

MESTA LÆKKUN

SPRON	-3,82%
KAUPÞING	-2,16%
EXISTA	-2,15%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,98 -0,72% ... Bakkavör 64,00 -1,24% ... Eimskipafélagið 41,65 -0,83% ... Exista 31,90 -2,15% ... FL Group 24,40 -2,01% ... Glitnir 27,60 -1,25% ... Icelandair 24,90 +0,00% ... Kaupþing 1.087 -2,16% ... Landsbankinn 43,35 -1,03% ... Straumur-Burðarás 18,60 -1,06% ... Össur 104,50 +0,48% ... Teymi 6,44 +1,42%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Mistök skemmdu útsendingu
Seðlabankinn hafði vart undan að afsaka sig þegar vefútsending af kynningarfundi bankans um stýrivaxtaákvörðun í gærmorgun misfórst og rigndi yfir bankann símtölum. Tæknimaður Nýherja sem annast vefútsendingar Seðlabankans hafði víst með sér ranga tölvu með þeim afleiðingum að ekki sást annað í vefútsendingu bankans en skyggnusýning bankastjórnarinnar. Hlýtur þetta að teljast verulega bagalegt því stýrivaxtaákvörðunin sem kynnt var í gærmorgun er sú sögulegasta í langan tíma. Seðlabankinn var þá að kynna sýn sína á þróun efnahagsmála í riti sínu Peningamálum um leið og vextir voru hækkaðir verulega þvert á væntingar sérfræðinga efnahagsmála hjá greiningardeildum.

Boðleiðir brogaðar víðar
Misfellur í beinum útsendingum plöguðu hins vegar fleiri en Seðlabankann og áhugafólk um efnahagsmál í gær. Fyrr um morguninn var Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans, lítt skemmt þar sem hann var búinn að koma sér fyrir í litlu útsendingarveri Sjónvarpsins í Efstaleiti. Þar taldi bankastjórinn sig vera mættan til að kynna afkomu bankans í beinni hjá ónefndri erlendri viðskiptafréttaveitu og búið að koma á tengingu um gervihnött við sjónvarpsstöðina ytra. Eitthvað hafði þó misfarist í samskiptum við stöðina því þar á bæ töldu menn sig ekkert vita af viðtalinu og leið því og beið án þess að bankastjórinn kæmist nokkurn tímann á dagskrá.

Viðsnúningur hjá 365 hf.

Hagnaður 365 á þriðja ársfjórðungi nemur 40 milljónum króna. Á sama tíma í fyrra nam tap félagsins 323 milljónum af sömu starfsemi, en 3,1 milljarði í heildina.

Viðsnúningur í rekstri félagsins er verulegur. Sé horft til fyrstu níu mánaða þessa árs tapar félagið 40 milljónum króna, en í fyrra nam tap af áframhaldandi starfsemi tæplega 1,7 milljörðum króna. Sölutekjur félagsins námu 8,3 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins. Ari Edwald, forstjóri félagsins, segir þriðja ársfjórðung þessa árs þann besta í sögu fjölmiðlarekstrarins.

Hagnaður á hlut á þriðja ársfjórðungi 2007 nemur 1,1 eyri. **- óká**

Helmingur tekna Landsbankans er frá útlöndum

Hluthafar hagnast um 8,5 milljarða á þriðja fjórðungi.

Hagnaður til hluthafa Landsbanka Íslands nemur 8,5 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Aukningin frá sama tíma í fyrra nemur 61,3 prósentum.

Hagnaður hluthafa fyrstu níu mánuði ársins nemur hins vegar 34,2 milljörðum króna, 36 prósentum meira en á sama tíma í fyrra þegar hann var 26,2 milljarðar króna.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir afkomu og arðsemi bankans mjög góða þar sem hagnaður eftir skatta nemi 35 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár 33 prósentum. Hann bendir á að nú komi um helmingur tekna bankans að utan, auk þess sem stór hluti af tekjum innlendrar starfsemi sé tengdur erlendum myntum. Hann segir hlutfall erlendra mynta í heildartekjum nema um það bil tveimur þriðju hlutum.

SIGURJÓN Þ. ÁRNASON Afkoma Landsbanka Íslands fyrstu níu mánuði ársins var kynnt á fundi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá bendir Halldór J. Kristjánsson bankastjóri á að í uppgjörinu gæti jákvæðra áhrifa af margháttuðum aðgerðum sem bankinn hafi gripið til á fyrri hluta árs 2006 til að draga úr áhættu og bæta fjármögnun. Hann segir að sérstaklega hafi komið sér vel, í óróa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum síðsumars, skref sem stigin voru við fjármögnun bankans. Innlán viðskiptavina nemi nú um helmingi af heildarfjármögnun samstæðunnar og muni þar mestu um innlán frá 110 þúsund viðskiptavinum sem valið hafi IceSave-innlánsform bankans í Bretlandi. **- óká**

HAGNAÐUR Á HLUT* Í LANDSBANKANUM

Tímabil	Upphæð
Jan.-sept. 2007	3,00 krónur
Jan.-sept. 2006	2,28 krónur
*þynntur hagnaður	

Fasteignir seldar fyrir rúma 43 milljarða króna

Eimskipafélag Íslands hefur selt fasteignir í Kanada til fasteignafélagsins Kingsett fyrir 305 milljónir Kanadadala, eða rúma 19 milljarða króna.

Alls hefur félagið selt eignir í N-Ameríku fyrir rúmlega 43,1 milljarð króna á ársfjórðungnum, en í byrjun október var tilkynnt um sölu á 23 kæli- og frystigeymslum í Bandaríkjunum og Kanada. Samhliða sölunni hefur Eimskip gert leigusamning um eignirnar.

Eimskip á eftir söluna fasteignir tengdar rekstri Versacold og Atlas sem metnar eru á 900 til 1.000 milljónir kandadískra dollara, eða 56 til tæpra 63 milljarða króna. Til stendur að setja þær eignir í sérstakt félag og selja meirihlutann í því á næstu mánuðum. **- óká**

Hækka ekki stýrivexti sér til skemmtunar

Davíð Oddsson segir að til lengri tíma litið séu það ríkir hagsmunir fyrir íslensku þjóðina að ná verðbólgunni niður. Þótt menn finni að háum vöxtum og sterku gengi, verði að hafa rót vandans í huga. Seðlabankinn hækkaði ekki vexti sér til skemmtunar.

SAMSTILLT ÁKVÖRÐUN Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir vaxtahækkunina sýna einbeittan vilja bankans til aðhalds. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Slakara aðhald nú myndi aðeins leiða til þrálátari verðbólgu og sársaukafyllri aðlögunar síðar," sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri í gær þegar hann rökstuddi óvænta stýrivaxtahækkun bankans um 0,45 prósentustig. Stýrivextir bankans eru nú 13,75 prósent og höfðu ekki hækkað síðan í desember 2006.

Davíð sagði að verðbólga hefði aukist á ný og að horfur væri á því að hún yrði meiri á þessu ári og því næsta en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Tólf mánaða verðbólga mælist 4,5 prósent.

Í grunnspá Seðlabankans um stýrivexti, sem birt er í Peningamálum, var gert ráð fyrir að bankastjórnin hækkaði vextina um 0,2 prósentustig 1. nóvember. Davíð Oddsson sagði að 0,45 prósenta hækkun nú sýni einbeittan vilja Seðlabankans til aðhalds.

Seðlabankinn gerir ráð fyrir óbreyttum vöxtum fram á mitt næsta ár, en síðan verði þeir lækkaðir heldur skarpt og verði komnir í um fjögur prósent árið 2009. Davíð sagði þetta þó ekki fela í sér fyrirheit um að vaxtalækkunin gangi endilega fram með þessum hætti.

Seðlabankastjóri sagði að vísbendingar væru um að eftirspurn hefði aukist frá því í sumar og frá síðustu vaxtaákvörðun bankans í september. Auk þess hefði hagvöxtur í fyrra reynst meiri en ráð var fyrir gert. Hækkun á verði fasteigna skýrði einnig að töluverðu leyti vaxandi verðbólgu undanfarið. Einkaneysla hefði aukist á öðrum fjórðungi ársins og vísbendingar væru um að hún myndi enn aukast á hinum þriðja. Umframeftirspurn hefði valdið viðvarandi skorti á fólki til starfa og launaskriði. Ráðstöfunartekjur hefðu einnig vaxið óvenju hratt í ár og í fyrra, vegna lægri skatta og hærri launa. „Þá hefur fjárfesting hins opinbera vaxið stórlega, þvert á fyrirheit og væntingar," sagði Davíð.

Þá segir í Peningamálum Seðlabankans að spenna á vinnumarkaði hafi enn aukist í aðdraganda kjarasamninga og fyrirtæki virðist áforma að velta auknum launakostnaði og hækkun á verði aðfanga út í verðlagið.

ikh@frettabladid.is

SJÚKDÓMURINN AÐALATRIÐIÐ

Davíð Oddsson sagði menn einblína um of á stýrivextina þegar stefna Seðlabankans væri gagnrýnd. „Það er hinn efnahagslegi þrýstingur, hin mikla spenna sem við höfum verið að lýsa, sem er ástæða þess að vextir eru háir. Við megum ekki gleyma því. Stundum er mönnum gefin sterk lyf til að berjast við sjúkdóma. Af þeim lyfjum eru aukaverkanir. Menn horfa ekki á aukaverkanirnar og lyfin sér. Menn horfa á sjúkdóminn. Vegna sjúkdómsins eru lyfin gefin. Vegna þessarar spennu sem er í efnahagslífi þjóðarinnar verður bankinn að hafa vexti háa til að knýja verðbólguna niður. Við trúum því að til lengri tíma séu það ríkir hagsmunir fyrir þjóðina, einstaklinga sem fyrirtæki, að ná verðbólgunni niður. Þess vegna höfum við vextina svona háa. Við gerum það ekki að gamni okkar," sagði Davíð í gær.

Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum

149.990kr
GOTT VERÐ

Philips 32" LCD Sjónvarp 32PFL7332
• 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar
• Pixel Plus 2 HD Myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu
• Digital Natural Motion og Progressive Scan
• HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 8ms
• Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 550 cd/m²
• Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa
• 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
• 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• USB tengi • Textavarp með 1.200 síðna minni
• Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur með snúningi fylgir
• Mál í cm (bxhxd): 80,5x54,7x12 og þyngd: 14,4kg

139.990kr
GOTT VERÐ

United 42" LCD Sjónvarp LTV42W42
• 42" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive Scan • HD Ready
• 30w Nicam Stereó Hljóðkerfi • 3 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• VGA tengi • Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring
• Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 118,8x69,3x12,4 og þyngd: 21,8kg

79.990kr
Verð áður 89.990,-

United 32" LCD Sjónvarp LTV32W63
• 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • Progressive Scan • Nicam Stereo hljóðkerfi • 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring • Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

49.990kr
GOTT VERÐ

United 20" LCD sjónvarp
LTV20L42
• 20" 4:3 LCD Sjónvarp
• Upplausn: 640x480 punktar
• Digital Comb Filter • 10w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS • VGA tengi • Textavarp
• Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Stærð í cm (bxhxd): 58,5x40,5x9,2

Dantax 19" LCD sjónvarp
19LCDDVDP3
• 19" 16:9 LCD skjár • Upplausn: 1440x900 punktar • Progressive Scan • HD Ready • Innbyggður DVD Spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m²
• Skerpa: 500:1 og svartími: 4ms
• Nicam Stereó hljóðkerfi • kortalesari SD/MS/MMC • USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• VGA tengi • Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur fylgir
• Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8

49.990kr
GOTT VERÐ

39.990kr
GOTT VERÐ

Dantax 15" LCD sjónvarp 15LCDDVDP1
• 15" 16:9 LCD skjár • Upplausn: 1440x900 punktar • Progressive Scan • HD Ready
• Innbyggður DVD Spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
• Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m²
• Skerpa: 500:1 og svartími: 3,5ms
• 12v og 220v • Nicam Stereó hljóðkerfi
• Kortalesari SD/MS/MMC • USB tengi
• Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi
• Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring
• Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5

69.990kr
Verð áður 89.990,-

Untied 27" LCD Sjónvarp LTV27W63
• 27" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn 1280x720 punktar • Progressive Scan • HD Ready • 2x6w Nicam Stereo Hljóðkerfi • 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Stærð í cm (bxhxd): 79,5x43,8x11

Gildir til 8. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

greinar@frettabladid.is

Nágrannar ógæfuhúsa í borginni verða að geta treyst á að lögreglan taki fast á vandanum.

Ólíðandi yfirgangur

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það er eitthvað mjög öfugsnúið við að íbúar í einu húsi, eða jafnvel einni íbúð, komist upp með að halda næsta nágrenni sínu í heljargreipum svo mánuðum skiptir. Fréttablaðið sagði í gær frá einu slíku tilfelli. Í því dæmi mega íbúar í götu í miðbænum búa við stöðugt ónæði og ógn frá nágrönnum sínum sem stunda fíkniefnasölu nánast fyrir opnum tjöldum, með öllum þeim hörmungum sem geta fylgt þeim viðskiptum.

Á þessu ári hafa verið færðar til bókar sextán heimsóknir lögreglunnar í viðkomandi hús og þar hafa fundist fíkniefni, þýfi og afsöguð haglabyssa.

Það er engin furða að fólkið sem býr í næsta nágrenni við slík ósköp óttist um sig og sína.

Því miður er þetta ástand ekki einsdæmi. Í Fréttablaðinu í dag er sagt frá því að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu telur síst ofáætlað að viðvarandi vandamál vegna óreglu íbúa tengist fimmtán til tuttugu húsum eða íbúðum í borginni. Gera má ráð fyrir að hvert þessara húsa og íbúða trufli líf nokkurra fjölskyldna og einstaklinga í næsta nágrenni. Það þýðir að á hverjum degi þurfa mögulega tugir eða hundruð saklausra borgarbúa að lifa við þá tilfinningu að vera ekki öruggir inni á eigin heimili.

Úrræðaleysi kerfisins gagnvart þessum vanda virðist vera sláandi.

Í frétt Fréttablaðsins í gær kemur fram að nágrannar hússins í miðbænum hafa skrifað borgarfulltrúum bréf og farið fram á þeirra hjálp í málinu. Bréfriturum finnst óskiljanlegt að fíknefnasala geti viðgengist á sama stað í svo langan tíma, þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir til lögreglu. Þar er síst of sterkt til orða tekið.

Stefán Eiríksson, hinn röggsami lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir að lögreglan deili áhyggjum íbúa og verið sé að skoða hvað hægt sé að gera til að koma málinu í rétt horf.

Eftir sextán heimsóknir á sama stað, upptöku þýfis, eiturlyfja og haglabyssu, sem hefur verið breytt í árásarvopn, hefði maður ætlað að málið ætti fyrir löngu að vera komið af skoðunarstigi. Ef þetta dugar ekki til aðgerða, hvað þá?

Lögreglan hefur sýnt í verki að vont ástand getur lagast hratt ef hún leggur af lausatök. Besta dæmið er stórbætt hegðun fólks í miðbænum að nóttu til um helgar. Þar komust menn áður upp með ýmis skrílslæti, brjótandi glös og mígandi þar sem þeim sýndist, eins og það væri viðunandi framkoma. Þegar lögreglan varð loks sýnileg í miðbænum var hún fljót að leiðrétta þann mikla misskilning. Og ólíkt því sem hinn reyndi yfirlögregluþjónn Geir Jón Þórisson hélt fram fyrir fáeinum mánuðum þurfti ekki mörg hundruð lögreglumenn í það verk.

Svipaða viðhorfsbreytingu virðist þurfa innan lögreglunnar gagnvart íbúum ógæfuhúsa og íbúða í borginni. Nágrannar þeirra eiga skýlausan rétt á því að lögreglan taki mun fastar á málum en nú virðist vera raunin. Jafnvel þó að það kosti stöðuga viðveru lögreglumanna við viðkomandi hús til að koma í veg fyrir ólíðandi yfirgang íbúa þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

Ræstingastjórnun
- Stjórnun í krafti þekkingar -

Námskeiðið verður haldið hjá *Nýsköpunarmiðstöð Íslands,* dagana *9.-16. nóvember*, *kl. 13.00 til 17.00*.

- Almenn ræsting.
- Skipulag ræstinga.
- Efnafræði hreinsiefna.
- Örverur - sótthreinsun og sýklavarnir.
- Samskipti og sjálfsmynd í starfi.
- Hæfni og verkefni starfsfólks í ræstingum.
- Fyrirlestrar, umræður, verkefni og heimsókn í fyrirtæki.

Skráning stendur yfir hjá *Impru* á *Nýsköpunarmiðstöð Íslands* í síma *522 9000* hjá *brynjasig@nmi.is* eða á *www.nmi.is*.

Starfsmenntasjóðir sumra stéttarfélaga greiða niður námskeið sem þessi.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

FRÁ DEGI TIL DAGS

Undarleg staða

Magnús Þór Gylfason, skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar, er í heldur undarlegri stöðu þessa dagana. Magnús starfaði áður sem framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins en var ráðinn sem skrifstofustjóri borgarinnar í afleysingum til eins árs fyrir Kristínu Árnadóttur, sem nú vinnur að framboði Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.



Þegar Magnús var ráðinn fór Sjálfstæðisflokkurinn með völd í borginni ásamt Framsóknarflokknum og starfaði hann því náið með Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra og aðstoðarmanni hans. Nú, nokkrum vikum seinna, þarf Magnús hins vegar að starfa náið með Degi B. Eggertssyni. borgarstjóra Samfylkingarinnar, sem og sauðtryggum aðstoðarmanni hans Guðmundi Steingrímssyni.

Útrunnin áskrift

Og meira úr ráðhúsinu. Fram kom á þessum stað í gær að bílafyrirtækið Stilling hf. hefði komið sér fyrir á heimasvæði borgarstjórans, dagur.is, þar sem borgarstjórinn hefur um þó nokkurt skeið haldið utan um hugleiðingar sínar. Skýringin reyndist þó einföld því í öllum hamaganginum við að mynda nýja borgarstjórn gleymdi Dagur að endurnýja áskriftina að léninu en nú hefur málið verið leyst.

Fram og til baka

Útgáfufyrirtækið Birtíngur mun hafa yfirtekið rekstur DV. Reynir Traustason verður sviðsstjóri sérstakrar fréttadeildar innan fyrirtækisins en undir hana heyra DV, dv.is og tímaritið Mannlíf. Það er óhætt að segja að Reynir, gamli skipstjórinn frá Flateyri, hafi komið víða við á fjölmiðlum síðustu misseri. Fyrst hvarf hann úr stóli fréttastjóra á DV og tók við ritstjórn Mannlífs. Þá færði hann sig um set yfir á Ísafold, áður en hann fór aftur yfir á Mannlíf og þar til hann settist við hlið Sigurjóns M. Egilssonar í ritstjórastól DV. Og nú virðist sem ein breytingin enn sé að verða á högum skipstjórans vestfirska.

kristjan@frettabladid.is

Vín í búðir!

Hávær hópur úrtölumanna reynir nú að öskra niður Sigurð Kára Kristjánsson alþingismann og aðra flutningsmenn frumvarps um að leyfa að selja bjór og léttvín í búðum. Voði sé á ferð. Ég spyr: Ætlið þið þá ekki að banna bjórinn aftur?

Þið notuðuð sömu rök fyrir tuttugu árum gegn Geir H. Haarde og öðrum flutningsmönnum frumvarps um að leyfa bjórsölu. Heimurinn hlyti að farast í nýju áfengisflóði. En ekkert gerðist, þegar bjórbanninu var hnekkt, annað en það, að víndrykkja, sem áður mældist ekki í opinberum tölum, kom fram og að drykkjusiðir Íslendinga bötnuðu, eins og allir geta borið vitni um, sem komnir eru yfir miðjan aldur. Með bjórbanninu var fólki mismunað: Þeir, sem áttu oft erindi til útlanda, gátu jafnan útvegað sér bjór. Aðrir urðu að hafa miklu meira fyrir því að kaupa hann. Með núgildandi sölubanni í venjulegum búðum er fólki líka mismunað: Þeir, sem eiga heima langt frá ríkisbúðunum, eiga erfiðara með að útvega sér léttvín með mat eða bjór yfir sjónvarpi en aðrir.

Stórt smámál

Úrtölumennirnir vilja vegna áfengisbölsins banna sölu bjórs og léttvíns í venjulegum búðum. Ég spyr: Hvers vegna viljið þið þá leyfa hana í ríkisbúðunum, sem hefur snarfjölgað síðustu ár, um leið og úrval hefur þar batnað? Er ekki nær, að við hættum að öskra hvert á annað og komumst að samkomulagi? Hér er tillaga: Þeir menn, sem ekki vilja kaupa bjór og léttvín í venjulegum búðum, fá leyfi okkar hinna til að gera það ekki og kaupa þennan varning alls

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Áfengisstefna

ekki eða kaupa hann aðeins í ríkisbúðunum. Hinir, sem vilja fá að kaupa bjór og léttvín í venjulegum búðum, fá hins vegar leyfi til að gera það. Hver gerir þá það, sem honum líkar. Verða ekki allir ánægðir?

Ég er bindindismaður fyrir sjálfan mig, ekki fyrir aðra, sagði Guðmundur Magnússon hagfræðiprófessor. Mikil speki er fólgin í þessum orðum. Þótt sölubannið í búðum sé vissulega smámál, er það um leið stórmál, þegar sumir ætla eftir

Við getum ekki látið þetta fólk gjalda þess, að sumir aðrir vilja fara beina leið til helvítis og nota til þess ýmist áfengi eða önnur efni. Þeir menn verða alltaf til. Á að refsa venjulegu fólki fyrir það?

geðþótta sínum að ráða því beint eða óbeint, hvað aðrir drekka með mat eða yfir sjónvarpi.

Miðum reglur við venjulegt fólk

Heimurinn ferst ekki í nýju áfengisflóði, þótt reglur um sölu léttvíns og bjórs verði rýmkaðar. Árni Pálsson prófessor sagði, að rónarnir mættu ekki koma óorði á vínið. Við tökum ekki málfrelsi af öllum, þótt sumir misnoti það.

Á sama hátt hljótum við að miða reglur um sölu léttvíns og bjórs við venjulegt fólk, sem vill gjarnan fá að stinga einni flösku af léttvíni niður í matarkörfuna í kjörbúðinni, ef það á von á gestum um kvöldið, í stað þess að þurfa að gera sér sérstaka ferð í ríkisbúðina, sem oft er langt í burtu. Við getum ekki látið þetta fólk gjalda þess, að sumir aðrir vilja fara beina leið til helvítis og nota til þess ýmist áfengi eða önnur efni. Þeir menn verða alltaf til. Á að refsa venjulegu fólki fyrir það?

Ekki er heldur verið að ana út í neitt ævintýri. Það er vitað, hvaða afleiðingar hefur að selja léttvín og bjór í venjulegum búðum. Þetta er gert í langflestum löndum, sem Íslendingar sækja heim, án þess að neitt hafi þar breyst til hins verra. Raunar virðist mér, að vínmenning verði því betri sem reglur um meðferð víns eru frjálslegri.

Bætum víni við vatn

Það má áfengið eiga, að það hefur engum gert mein að fyrra bragði, eins og Tómas Guðmundsson skáld benti hógværlega á. Það er hvorki því né venjulegu fólki, sem notar léttvín og bjór í hófi, að kenna, að illa fer fyrir sumum í lífinu. Ekki er heldur úr vegi að minna á, að nýjar rannsóknir sýna, að það sé fólki beinlínis hollt að drekka hæfilega mikið rauðvín, því að þá dragi úr hjartasjúkdómum. Það er leitun að drykk, sem er í senn hollur og eykur vellíðan, og full ástæða til að auðvelda aðgang að honum fremur en torvelda.

Í brúðkaupinu í Kana forðum breytti Kristur vatni í vín við mikinn fögnuð. Nú er kominn tími til að bæta víni við vatn í kjörbúðum.

Stundum hófsamar veiðar

UMRÆÐAN
Rjúpnaveiðar

ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Rjúpnaveiðitímabilið hófst í gær. Í haust verða veiðar á rjúpu eingöngu leyfðar í nóvembermánuði, fjóra daga vikunnar. Þetta er gert í ljósi niðurstöðu rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands sem sýndi að fækkað hefur í varpstofni rjúpunnar um 70.000 fugla frá því í fyrra. Við aðstæður sem þessar ber stjórnvöldum að gæta ítrustu varfærni við ákvörðun um veiðistjórnun og við því hefur verið brugðist með því að fækka veiðidögum úr 26 í 18. Auk þess verður griðlandi rjúpu á Suðvesturlandi viðhaldið og sölubanni á rjúpu og rjúpnaafurðum framlengt. Fækkun veiðidaga á ekki að koma niður á þorra skotveiðimanna. Breytingin mun hins vegar verst koma við þá fáu magnveiðimenn sem eftir eru.

Veiðikortakerfi það sem notað er við veiðistjórnun hér á landi hefur að mörgu leyti reynst vel. Engu síður hefur borið á því að skil veiðimanna á veiðiskýrslum dreifist nokkuð yfir árið. Það er hins vegar nauðsynlegt að skýrslurnar skili sér fyrr, það er að þær hafi allar borist að vori, svo að stjórnvöld geti unnið úr upplýsingunum og haft hliðsjón af þeim við ákvörðunartöku um rjúpnaveiði. Ég mun á næstunni beita mér fyrir breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum til að svo megi verða.

Undanfarin ár hafa skotveiðimenn brugðist vel við óskum umhverfisráðuneytisins um hófsamar og ábyrgar veiðar. Rjúpnaskyttur bera mikla ábyrgð á því að vel takist til við veiðarnar í haust og eiga jafnframt mikilla hagsmuna að gæta að vel takist til. Ég vil þess vegna hvetja veiðimenn til þess að leggja sitt af mörkum og skjóta ekki fleiri rjúpur en þeir þurfa fyrir sig og sína. Þannig stuðla þeir að því að áfram verði gengið til rjúpna á Íslandi um ókomna framtíð. Að lokum óska ég veiðimönnum ánægjulegrar útivistar í íslenskri náttúru.

Höfundur er umhverfisráðherra.

Örfirisey, olíubirgðastöðin og framtíðarflugvöllur

UMRÆÐAN
Skipulagsmál

BJÖRN KRISTINSSON

Í tilefni af skýrslu verkefnisstjórnar um olíubirgðastöðina í Örfirisey er ástæða til að íhuga málið nánar. Núverandi staðsetning olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey er nefnilega alls ekki besti kosturinn ef grannt er skoðað. Annar kostur er fyrir hendi sem er miklu vænlegri og frá þeim stað mætti trúlega afgreiða yfir 90% af því eldsneyti sem þörf er fyrir á öllu Suðvesturlandi án teljandi flutninga á þjóðvegum landsins.

Lítum á málið með opnum huga. Skýrsla samráðsnefndar samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar um framtíðarskipan flugmála rakti ýmsa kosti en forðaðist að nefna þann kostinn sem gefur mesta möguleika, þ.e. Skerjalandið. Ástæðan er ekki tæknileg en virðist vera pólitísk. Hvað felst svo í Skerjalandshugmyndinni: Hugmyndin er mjög stór og felur í sér 2.300 hektara af nýju landsvæði vestast á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdin er ódýr, aðeins um 3 milljarðar. Öll tækni er vel þekkt. Næstum engin landfylling. Hugmyndin var m.a. kynnt og rökstudd í tímaritinu Arkitektúr, verktækni og skipulag, 3.tbl. 2005, bls. 55-61. og lauslega kynnt í dagblöðum. Engar tæknilegar athugasemdir eða gagnrýni hafa komið fram. Engir stjórnmálamenn hafa þorað að nefna Skerjalandið og það er ekki nefnt í opinberum skýrslum og athugunum. Skerjalandið myndi kæfa allar Vatnsmýrardeilur og gera Vatnsmýrina næsta verðlausa. Kröfur um tafarlausan flutning olíutankanna eru ástæðulausar. Málið þarf að skoða miklu betur.

1. Skammtímasjónarmið: „Samtök um betri byggð“ halda því fram að fjármagnstap vegna vannýtingar á um 150 hektara svæði Vatnsmýrarinnar nemi um 3,5 milljörðum kr. á ári. Þetta tap rennur út í sandinn í samanburði við Skerjalandið. Fjármagnstapið við að nýta ekki Skerjalandið, 2.300 hektara, nemur um fimmtán sinnum hærri upphæð eða um 50 milljörðum kr. á ári með sömu rökum. Það liggur greinilega ekkert á að rýma Reykjavíkurflugvöll og samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni er í hæsta máta eðlileg.

2. Langtímasjónarmið: Skerjalandið þarf pólitískan aðlögunartíma vegna þess að möguleikarnir sem 2.300 hektarar lands skapa á miðju höfuðborgarsvæðinu krefjast verulegs pólitísks hugrekkis sem ekki er ennþá fyrir hendi. Verði flugvöllurinn fluttur úr Vatnsmýrinni einhvern tíma í framtíðinni má byggja nýjan flugvöll á Skerjalandinu og allt farþegaflug, innanlands- og millilandaflug flyst þangað. „Reykjavik International Airport“ verður vestast á Skerjalandinu með flugstefnur yfir sjó eða (eina) í mikilli hæð til austurs. Olíuhöfn og olíutankar koma í næsta nágrenni. Vöruflutningar og varnarmálin verða áfram á Keflavíkurflugvelli.

Á heimasíðu minni – http://brunnur.rt.is/bk – eru ýtarlegar upplýsingar um Skerjalandshugmyndina. Ég hvet til þess að borg og ráðuneyti sýni þá pólitísku dirfsku að láta kanna alla þá stórkostlegu möguleika, sem Skerjalandið býður upp á og kynna almenningi.

Höfundur er fyrrverandi prófessor og einkaflugmaður.

Gott hjá Valgerði

UMRÆÐAN
Eftirlaun alþingismanna

Valgerður Bjarnadóttir er komin inn á Alþingi sem varaþingmaður fyrir Samfylkinguna. Hún er ein þeirra sem gagnrýnt hafa eftirlaunafrumvarpið illræmda sem skammtaði æðstu embættismönnum ríkisins, alþingismönnum og síðast en ekki síst ráðherrum lífeyrisréttindi langt umfram það sem almenningur í landinu býr við. Þessi lög voru gagnrýnd harðlega á sínum tíma og á Alþingi fékk frumvarpið þá einkunn af hálfu undirritaðs, að verið væri að búa til „dollarabúð lífeyrisréttinda“ og var þar skírskotað til aðstæðna sem sovéskur forréttindaaðall bjó við með aðgangi að sérstökum dollarabúðum með lúxusvarning á boðstólum sem ekki var að finna annars staðar.

ÖGMUNDUR JÓNASSON

Á Alþingi hefur komið til tals að breyta þessum eftirlaunalögum lítillega og hef ég jafnan lagst gegn því og lýst yfir að kæmi fram slík tillaga myndi ég koma með breytingartillögu um algert afnám laganna. Lýtaaðgerð – breytingar til að sýnast – eru nefnilega verri en ekkert. Þær eru til þess eins að villa fólki sýn. Á Alþingi hefur til þessa ekki verið meirihluti til að rífa lögin upp með rótum. Nú kann hins vegar sá meirihluti að hafa skapast enda gefin loforð um afnám laganna af hálfu annars stjórnarflokksins, Samfylkingarinnar, fyrir síðustu kosningar. Frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur afnemur ekki þau réttindi sem þegar hafa myndast með eftirlaunalögunum en myndi hins vegar verða til þess að koma í veg fyrir frekari eignamyndun á grundvelli þeirra.

Með því að leggja frumvarp sitt fram stígur Valgerður Bjarnadóttir skref sem ég tel vera mjög lofsvert. Stundum hefur þingmálum verið hraðað í gegnum Alþingi. Þótt ég mæli ekki almennt með slíkum vinnubrögðum væri ég því fylgjandi í þessu tilviki. Málið liggur nefnilega kristaltært fyrir. Allir ættu að gerþekkja málið enda auðskilið. Til er lífeyrissjóður sem stendur öllum hlutaðeigandi opinn, Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna. Hann skapar prýðileg réttindi en byggir ekki á þeirri fráleitu forréttindahugsun sem eftirlaunafrumvarpið var reist á.

Höfundur er þingmaður VG.

Vegagerð á villigötum

UMRÆÐAN
Vegagerð

TRYGGVI FELIXSON

Upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar segir í grein í Fréttablaðinu 26. október sl. að áformaður vegur á milli Laugarvatns og Þingvallavatns sé góð leið. Þetta er því miður ekki rétt þegar málið er skoðað heildstætt.

Umrædd leið, sem Vegagerðin kallar Lyngdalsheiðarveg, liggur nokkuð norðan Lyngdalsheiðar yfir óraskað og verndað hraunið frá Reyðarbarmi vestur að Miðfelli. Þessi leið mun hafa óafturkræf áhrif á landslag og ásýnd svæðis sem liggur að þjóðgarði landsmanna sem skráður hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO. Vegarstæðið er í grennd við verðmæt vatnsból sem hætta er á að yrði spillt með framkvæmdum. Vegur með þessum hætti mun óhjákvæmilega kalla á frekari umferð í gegnum Þjóðgarðinn á Þingvöllum og auka mengun og spilla friðsæld. Sýnt hefur verið fram á að aukin niturmengun vegna viðbótar gegnumumferðar getur spillt lífríkinu í vatninu vegna ofauðgunar á viðkvæmum hrygningarsvæðum. Þegar allt er reiknað virðist þessi áformaða vegarbót aðeins stytta leiðina á milli Reykjavíkur og Laugarvatns sem nemur fáeinum mínútum. Því miður hefur Vegagerðin ekki tekið mark á fjölmörgum vel rökstuddum ábendingum opinberra stofnana, samtaka, sérfræðinga og einstaklinga um framangreind efni.

Vanda þarf til vegagerðar á Íslandi og velja leiðir með þeim hætti að þær valdi ekki óásættanlegu tjóni á umhverfi okkar og náttúru. Vegagerð af því tagi sem boðuð er við Þingvallavatn brýtur í bága við almenn og viðurkennd náttúruverndarviðmið og virðist ekki í samræmi við ýmsa alþjóðlega sáttmála sem Ísland hefur undirgengist. Rannsókn á málsmeðferð og efnislegum forsendum á niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum gæti nú leitt til þess að málið fari fyrir dómstóla.

Það er brýnt að Vegagerðin finni aðra lausn til að mæta óskum íbúa um greiða og hraðfara leið til höfuðborgarinnar. Mikil náttúruverðmæti búa í óspilltu landi og við þennan helgasta stað þjóðarinnar er áformuð vegagerð á villigötum. Við Þingvallavatn á náttúran að njóta vafans. Æskilegt er að bæta núverandi akveg frá Gjábakka og austur á Reyðarbarm (Barmskarð) eða Laugarvatnshelli (gamla Kóngsveginn) sem ferðamannaveg um áhugaverða skoðunarstaði og með tilkomumikið útsýni yfir Þingvallavatn. Landvernd, Ómar Ragnarsson og Pétur M. Jónasson vatnalíffræðingur hafa kynnt aðrar hugmyndir um almennar samgöngubætur á svæðinu sem Vegagerðin ætti að huga betur að.

Höfundur er áhugamaður um náttúruvernd og vandaða vegagerð.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Andsvar um aðrar leiðir

Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar, skrifar um vegagerð:

Af ágætri grein vinar míns G. Péturs Matthíassonar vegna greinar minnar um betri leið til Laugarvatns mátti ráða að mín grein hefði aðeins verið um það að gera Konungsveginn að aðalleið milli Reykjavíkur og Laugarvatns. Ég lagði að vísu til að fyrsta skrefið í vegabótum yrði að lagfæra þann veg en síðan var það aðalatriði greinarinnar að benda á tvo möguleika til að gera stystu mögulegu hraðleiðina til Laugarvatns. Önnur liggur um Nesjavelli, Kaldárhöfða og Lyngdalsheiði, en hin um Grafningsskarð og annaðhvort þaðan norður á Lyngdalsheiði eða austur yfir Sog norðan Álftavatns austur í Grímsnesi. Mér líst reyndar best á síðasttöldu leiðina til framtíðar.

Hitaveita til skiptanna – fyrir hverja?

UMRÆÐAN
Orkumál

GUÐBRANDUR EINARSSON

Harðvítugar deilur hafa að undanförnu staðið um þá ákvörðun stjórnenda REI (útrásarfyrirtækis OR) að sameinast Geysi Green Energy ehf. Svo harðvítugar hafa þær verið að sjálfstæðismenn í Reykjavík misstu völdin og við hefur tekið nýr meirihluti. Það er í raun hægt að halda því fram að það sem er að gerast og hefur verið að gerast í málefnum Hitaveitu Suðurnesja sé í raun miklu alvarlegra en það sem gerst hefur í málefnum OR. Orkuveita Reykjavíkur er ekki lögð að veði heldur á hún aðeins hlut í útrásarfyrirtæki, en Hitaveita Suðurnesja er í raun komin að 48% í eigu áhættusækinna aðila sem ætla sér að sjálfsögðu ekkert annað með henni en að græða. Fjárfestingin kostaði mikla fjármuni og eðlilega verður krafist góðrar ávöxtunar af þeirri fjárfestingu.

Einkavæðing HS

Bæjarfulltrúar A-listans í Reykjanesbæ lögðu fram tillögu í bæjarstjórn hinn 2. júlí sl. um að sveitarfélagið nýtti sér forkaupsrétt á hlut ríkisins í HS. Því miður varð ekki samstaða um það í bæjarstjórn, heldur náði bæjarstjórinn fram þeirri ætlan sinni að GGE fengi hlutinn og raunar gott betur en það. Á þessum sama fundi sagði bæjarstjórinn að það yrði aldrei samþykkt að GGE eignaðist stærri hlut í HS en Reykjanesbær. En núna er hann tilbúinn til þess að samþykkja að eitt fyrirtæki eigi tæplega helmingshlut í HS eða umtalsvert stærri hlut en Reykjanesbær á og segir nú í viðtölum að hann hafi bara átt við GGE. Hvers lags málflutningur er þetta? Hversu langt er bæjarstjórinn tilbúinn að ganga til þess að þóknast þeim sem hafa aðgang að peningum?

Hitaveitunni skipt upp

Nú tala sjálfstæðismenn um að skipta hitaveitunni upp og segja að þeir ætli sér að eiga meirihluta í nýrri hitaveitu. En þeir skýra ekki hvers konar hitaveitu þeir eru að tala um. Hin nýja hitaveita þeirra sjálfstæðismanna er hitaveita sem á dreifikerfi og verður að kaupa sér aðgang að orku sem aðrir ráða yfir. Þessir aðrir verða þá útrásaraðilarnir eða einkaaðilar sem koma til með að eiga virkjanirnar og miklar landareignir ásamt nýtingarrétti á orkuauðlindum.

Aðferðin

Mér hefur veist erfitt að skilja hvers vegna salan á hlut ríkisins í HS var framkvæmd á þann hátt sem raunin varð og engar skýringar hafa fengist á því hvers vegna þetta var gert með þessum hætti. Hitaveitan var í eigu margra opinberra aðila og því algjörlega fordæmalaust að einn aðilinn ákveði hverjir megi kaupa og hverjir ekki. Nú er að koma í ljós að fleiri eru undrandi vegna þessarar ákvörðunar. Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 20. okt. sl. voru málefni orkufyrirtækja viðfangsefni greinarhöfundar. Sá sem skrifaði þetta Reykjavíkurbréf er allsendis ósáttur við framkvæmdina og spyr m.a. eftirfarandi spurninga vegna sölu ríkis á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja:

1.Hvers vegna var sú ákvörðun tekin?

2. Hvaða rök lágu þar að baki? Það er ljóst að salan hefur leitt til þess að einkaaðilar hafa komizt með fótinn inn fyrir dyrnar í fyrirtæki sem áður var í opinberri eigu.

3.Eru einhver tengsl milli þeirrar ákvörðunar og þeirrar atburðarásar sem þjóðin hefur orðið vitni að í tengslum við Orkuveitu Reykjavíkur?

Höfundur Reykjavíkurbréfsins hafnar algjörlega þeirri aðferðarfræði sem viðhöfð var við sölu á hlut ríkisins í HS og krefst atkvæðagreiðslu þjóðinni til handa í þessu máli. Ég tek undir þau sjónarmið og hef talið rangt að farið í þessu máli.

Ég ætla í lokin að leyfa mér að kasta fram eigin hugrenningum vegna þessara spurninga sem settar voru fram í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins.

1. Þáði þáverandi fjármálaráðherra ráð frá aðstoðarmanni sínum, Böðvari Jónssyni, þegar ákvörðun um sölu var tekin og þá aðferðarfræði sem var viðhöfð? Og hafði þá aðstoðarmaðurinn samráð við samstarfsmenn sína í meirihlutanum í Reykjanesbæ?

2. Eða var þessi aðferð valin vegna þess að með henni var hægt að koma hitaveitunni eða stórum hluta hennar í hendur einkaaðila sem er auðvitað í samræmi við kenningar frjálshyggjumanna sem nú ráða ríkjum í Reykjanesbæ?

3. Er það tilviljun að núverandi forstjóri GGE, Ásgeir Margeirsson, er fyrrverandi aðstoðarforstjóri OR og verðandi forstjóri REI? Er það tilviljun að Bjarni Ármannsson, fyrrverandi Glitnisbankastjóri, er núverandi stjórnarformaður REI sem er komið í eigu sömu aðila og eiga Glitni? Og er það tilviljun að sömu aðilar stjórna þessu öllu, GGE, REI, Glitni, FL Group, Fasteign hf. og kannski Reykjanesbæ?

Höfundur er oddviti A-listans í Reykjanesbæ.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

Verð frá kr.:
15.990

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

Skemmtum okkur í zumba og styðjum UNIFEM

UMRÆÐAN
Hjálparstarf

SJÖFN VILHELMSDÓTTIR

Áætlað er að ein af hverjum þremur konum um allan heim hafi orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma á lífsleiðinni og ofbeldi gegn konum er mannréttindabrot af grófustu tegund. Á alheimsvísu er talið að ofbeldi gegn konum dragi jafnmargar konur til dauða og krabbamein og sé mun algengari ástæða fyrir heilsubresti kvenna en umferðarslys og malaría til samans.

Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi er ein af megináherslum í starfi UNIFEM, sem er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna og eingöngu myndaður með frjálsum framlögum. Hæstu framlögin koma frá aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna en auk þeirra rennur það fjármagn sem landsnefndir UNIFEM afla til þróunarsjóðsins. Hér á Íslandi starfar landsnefnd UNIFEM sem frjáls félagasamtök og er hlutverk hennar að styðja við starf UNIFEM í baráttunni fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna um allan heim.

Á vegum UNIFEM er rekinn Styrktarsjóður til afnáms ofbeldis gegn konum. Sem betur fer eru framlög í sjóðinn alltaf að aukast en á hinn bóginn er þörfin því miður einnig alltaf að aukast. Á síðasta ári bárust umsóknir um tíu sinnum meira fjármagn en hægt var að úthluta. Fjáröflun fyrir Styrktarsjóðinn er eitt af forgangsverkefnum UNIFEM á Íslandi. Fyrirtæki eru byrjuð að styðja við sjóðinn með frjálsum framlögum og stöðugt eru ný fyrirtæki að bætast í hópinn.

Á döfinni er viðburður til styrktar UNIFEM á vegum líkamsræktarstöðvarinnar Hreyfingar. Haldinn verður fjöldatími í zumba og þannig safnað til styrktar baráttunni gegn ofbeldi gagnvart konum í Suður-Ameríku. Zumba er æfingakerfi sem byggist á léttum sporum við suðræna tónlist og er það nýjasta í heilsuræktargeiranum í dag. Leiðbeinendur verða John Fernando, kólumbískur gestakennari, og Máni Þorfinnsson, leiðbeinandi hjá Hreyfingu. Leikin verður dúndrandi suðræn tónlist og að sögn fagfólks eru sporin einföld og ættu allir að geta tekið þátt í tímanum á sínum hraða. Aðgangseyrir verður að lágmarki 1.000 kr. en allur ágóði mun renna í Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Zumba-tíminn til styrktar UNIFEM verður haldinn í Valsheimilinu laugardaginn 3. nóvember og verður húsið opnað kl. 13.30 en tíminn hefst kl. 14.00.

Við hjá UNIFEM á Íslandi viljum hvetja alla til að taka þátt og leggja góðu málefni lið. Hægt er að skrá sig í líkamsræktarstöðinni en einnig verðum við frá UNIFEM í Valsheimilinu á laugardag.

Höfundur er framkvæmdastjóri UNIFEM á Íslandi.

Hlýjar peysur fyrir veturinn

Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • Iðu, Lækjargötu 2A.
s. 552 1890 • www.handknit.is

Nanna ásamt aðstoðarkokkinum Úlfi Árnasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Matarveisla í hverri viku

Fjölskylda Nönnu Rögnvaldardóttur býr vel en hún býður sínum nánustu í mat einu sinni í viku.

Nanna Rögnvaldardóttir, sem meðal annars hefur sent frá sér matreiðslubækurnar Matarást og Matreiðslubók Nönnu, býður börnum sínum tveimur, tengdabörnum og barnabörnum í mat einu sinni í viku. „Í fyrstu bauð ég þeim um helgar en svo voru þau orðin hálf leið á því að fá alltaf veislumat og nú held ég boðið yfirleitt á miðvikudögum," segir Nanna. Á miðvikudagskvöldið var eldaði hún vetrarpottrétt. „Þetta er notalegur vetrarréttur sem tilvalið er að elda á letilegum laugardegi þegar hægt er að gefa sér góðan tíma. Kjötið þarf að fá að malla lengi við hægan hita svo það verði meyrt og svo bragðið þroskist. Þetta er tiltölulega ódýr réttur og er meginuppistaðan kjöt, kartöflur og tómatar," segir Nanna og bætir við að rétturinn ætti að geta fallið í kramið hjá öllum aldursflokkum.

Uppskriftin er úr Stóru matarbókinni – matargerð meistaranna sem nýlega kom út í þýðingu Nönnu en þar er farið yfir helstu grunnþætti matargerðar og einnig undirstöðuatriði í svæðisbundinni matargerð. Í bókinni eru uppskriftir eftir marga af frægustu matreiðslumeisturum heims og er vetrarpottrétturinn eftir Marcus Wareing sem er vel þekktur á Englandi. „Í bókinni heitir rétturinn reyndar hreindýrapottréttur en ég breyti öllum uppskriftum," segir Nanna „og í þetta sinn notaði ég lambaframhrygg sem ég skar í bita". Nanna staðfærir einnig uppskriftirnar í bókinni og bendir á hvernig hægt er að breyta þeim. „Í upprunalegu uppskriftinni er dökkur bjór en ég nota maltöl. Maltið gerir sósuna svolítið sæta en tómatarnir og kartöflurnar vega upp á móti. Til að gera réttinn bragðmeiri, þar sem villibráðarbragðið vantar, notaði ég helmingi meira af malti en er í upprunalegu uppskriftinni," segir Nanna og bætir við að matarboðið hafi heppnast vel og að Úlfur Árnason, dóttursonur hennar, hafi verið sérlegur aðstoðarkokkur.

Auk Stóru matarbókarinnar gaf Nanna nýlega út bókina Maturinn okkar sem kom út á ensku undir heitinu Cool Cuisine fyrir tveimur árum. Þar er að finna uppskriftir að íslenskum heimilismat frá mömmum, ömmum og langömmum landsins ásamt myndskreytingum.

vera@frettabladid.is

www.natturan.is

Eirberg

Swopper
vinnustóllinn

- Bylting fyrir bakið
- Styrkir magavöðvana
- Frelsi í hreyfingum
- Ánægja við leik og störf
- Fæst í ýmsum litum

www.eirberg.is

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Veldu möguleika

Poppkorn er ágætis nasl sem hentar alltaf vel með góðri kvikmynd. Auk þess að bragðast vel er poppkorn hollara en margt annað sælgæti þar sem það er sykurlaust og lítið unnið.

Sérfræðingar í saltfiski

Ekta Sælgæti fiskur úr sjónum

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Fikraði sig sjálfur áfram

Halldór Halldórsson er ungur maður með ævintýraþrá í blóðinu. Hann hefur lagt eldamennsku fyrir sig og vakið athygli fyrir snilli sína í faginu.

„Ég var tólf ára þegar ég byrjaði að pæla í matreiðslu sem framtíðarstarfi og átján ára þegar ég fór að læra," segir Halldór glaðlega þegar í hann næst. Þá er hann við störf á Hótel Höfn, þar sem hann er hagvanur því hann var þar sem nemi frá 2002-2006 og útskrifaðist úr Hótel- og matvælaskólanum í MK vorið 2006. Eftir það tók hann að sér eldhús hótelsins á Hallormsstað og var síðan yfirkokkur á Hótel Reykholti. Í mars 2007 flutti hann til Sviss með kærustunni, ferðaðist um Evrópu í fjóra mánuði og lærði frönsku. Nú eru þau í þriggja mánaða ferð í Asíu og Eyjaálfu að skoða veitingastaði. Halldór hefur samt Hornafjörð í sigti. „Á Hornafirði er allt. Ferskt sjávarfang, ferskar landbúnaðarvörur, egg, endur, gæsir. Það er skemmtilegast að vinna með það sem fæst úr heimahaganum," segir hann.

Halldór er einn þeirra sem koma við sögu í nýrri matreiðslubók sem Salka er að gefa út með laxauppskriftum eftir kokka í veiðihúsum landsins og myndum eftir Lárus Karl Ingason ljósmyndara. Hann sá nefnilega um eldamennsku við Eystri-Rangá í sumar. „Það var góð reynsla og öðruvísi en víða annars staðar," segir hann. „Maturinn var yfirleitt seint á kvöldin og eldaður fyrir framan tigna gestina. Maður var því nokkurs konar skemmtikraftur í leiðinni," segir hann og brosir. Hann segir lambakjötið tvímælalaust vinsælast hjá veiðimönnum. Sjálfur þróaði hann rétt sem hefur þá sérstöðu að hann bakar kjötið inni í kartöflunum. „Ég fikraði mig áfram," segir hann yfirlætislaus og tekur því vel að gefa Fréttablaðinu uppskriftina.

gun@frettabladid.is

Halldór hefur þróað rétt þar sem lambakjöt er bakað inni í kartöflum og hefur sá réttur slegið í gegn.

Innbakaður lambavöðvi

UPPSKRIFT HALLDÓRS KOKKS HALLDÓRSSONAR.

2 x 400 g fitulaus lambahryggvöðvi
Kartöfludeig:
500 g flysjaðar bökunarkartöflur
2 egg
260 g hveiti
salt, pipar
1 meðalstór sæt kartafla (má sleppa)

Kartöflurnar eru soðnar í söltu vatni þar til þær eru meyrar. Síðan marðar í gegnum sigti og kældar niður. Egg og hveiti hrært saman og loks kartöflurnar. Varist að hræra deigið of mikið. Deiginu er skipt í tvennt og það flatt út í ca 0,5-1 cm þykkt á smjörpappír. Kjötið er brúnað, saltað og piprað eftir smekk, sett á deigið og rúllað upp. Sæta kartaflan er skorin örþunnt niður og raðað utan um kartöfludeigið (má sleppa). Klætt með bökunarpappír og bakað í 180° heitum ofni í 30-40 mínútur eða þar til kjarnhiti nær 55°.

MEÐLÆTI LAUKUR OG FENNEL
2 laukar
2 rauðlaukar
1 blaðlaukur
1 fennel
5 msk. balsamik-edik
ólífuolía
salt og pipar

Laukarnir eru afhýddir, skolaðir og sneiddir í þunnar sneiðar ásamt fennel. Steikt á pönnu við vægan hita þar til farið er að glærast, þá er hitinn aukinn og balsamik-edikinu bætt við og soðið niður. Saltað og piprað eftir smekk.

SÓSA
1 dós Hunt's roasted garlic-tómatar.
3 dl lambasoð eða nautasoð (teningur + vatn)
Soðið saman og þykkt með Maizena-sósujafnara.

Gott er að móta afgangs kartöfludeig í litlar kúlur og djúpsteikja eða steikja á pönnu sem meðlæti.

PAPINOS™
PIZZA
2 Á 2000
Hækkaðu þig upp um einn
papinos.is

Leikið við bragðlaukana

SPÆGIPYLSUR FRÁ SS ERU SPENNANDI NÝJUNGAR Á MATVÖRUMARKAÐINUM.

Heil spægipylsa sem krydduð er á franska vísu er komin á markað frá SS og er án efa kærkomin öllum unnendum þurrpylsna. Hún er bragðmild og hentar vel með ostum og kexi. Sömuleiðis er hún sniðug í ýmsa brauð- og pastarétti en líka gómsæt ein og sér. Kjötmeistarar SS hafa líka búið til spægipylsu með pestói. Stórar og mjúkar sneiðarnar bráðna í munni og keimurinn af pestóinu leikur við bragðlaukana án þess að yfirgnæfa spægipylsubragðið. Hvoru tveggja sómir sér vel á hvaða veislubarði sem er.

Hálsklútar, eða svokallaðir ömmuklútar, eru orðnir meira áberandi í götutískunni. Það er ekki einungis eldri kynslóðin sem ber þá heldur sjást ungar stúlkur oft með skrautlega klúta um hálsinn og setja þeir óneitanlega svip á heildarstílinn.

Gunnhildur segir gleraugun sín hafa vakið töluverða athygli og hefur hún gaman af að bera þau. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Geggjuð gleraugu

Tískan fer oft í hringi og vekur það kátínu hjá eldri kynslóðinni þegar gömlu hallærislegu fötin og fylgihlutirnir líta aftur dagsins ljós.

Eins manns rusl getur verið annars manns fjársjóður og nú ætti fólk að hugsa sig tvisvar um áður en það fleygir stóru, litríku gleraugunum sem sáust víða í kringum fæðingartíma Stöðvar 2.

Gunnhildur Þórðardóttir menntaskólanemi er ein þeirra sem fallið hafa kylliflatir fyrir töfrum súpuskálagleraugnanna sem þekja hálft andlitið og setja svo sannarlega sinn svip á eigandann.

„Ég fékk mín gleraugu í Popp á Laugaveginum en þar er mikið úrval. Þar eru margar tegundir frá fjölbreyttum merkjum. Þó að þetta séu gömul gleraugu þá eru þau samt ónotuð þar sem þetta er gamall lager," útskýrir Gunnhildur sem er mjög ánægð með gleraugun sín. Hún lét setja gler með styrkleika í umgjörðina í gleraugnabúð og var það lítið mál. En hvað er svona heillandi við þessi gleraugu?

„Þau eru sérstök og það eiga ekki allir eins gleraugu. Mér finnst þau líka bara flott og gaman að vera með þau," segir Gunnhildur og bætir við hlæjandi að fyrst hafi mamma sín fengið dálítið sjokk þegar hún sá gleraugun en hafi svo vanist þeim.

„Hún átti nú svona gleraugu sem ég ætlaði fyrst að vera með og ég fór með þau til gleraugnasmiðs. En af því að þau voru gömul og notuð þá var ekki hægt að setja nýtt gler í því þá var hætt við því að þau myndu brotna," segir Gunnhildur sem á nú gráröndótt gleraugu með gyllingu að ofan.

„Gleraugun hafa vakið mismikla lukku en það er aðallega fjölskyldan sem talar um þau. Þeim finnst þetta dálítið fáránlegt en ég hef samt fengið mikið hrós frá jafnöldrum mínum," segir Gunnhildur kímin. Vinkona hennar á sams konar gleraugu og fékk hún þau í Kolaportinu þannig að hægt er að nálgast þau víða. Frá því að Gunnhildur keypti sín gleraugu í ágúst hefur hún orðið vör við auknar vinsældir gleraugnanna.

„Ég hef séð heilmikið af fólki með svona en það er aðallega fólk á mínum aldri," segir Gunnhildur og heldur áfram að brosa framan í heiminn með geggjuð gleraugu á nefinu.

hrefna@frettabladid.is

Munúðarfull hafgola

NÝR ILMUR ELIZABETH ARDEN ER INNBLÁSINN AF LÍFSGLEÐI MIÐJARÐARHAFSEYJANNA KAPRÍ OG SARDINÍU.

Ilmurinn ber nafn Miðjarðarhafsins, Mediterranean. Það er aðalilmhönnuður Arden, sjálfur Claude Dir, sem á heiðurinn af þessu ómótstæðilega ilmvatni sem er í fegurri umbúðum en sést hafa lengi í hillum ilmvatnssala.

Claude segist hafa fangað þá tæru fegurð og frelsi sem einkennir lífið þar sem haf og himinn mætast í hlýrri hafgolu Miðjarðarhafsins. Til þess valdi hann seiðandi blómaangan og mjúka skógartóna sem túlka ferskan fjallaskógarilm sem berst að sendnum ströndum.

Það er því eins og að lifa við mestu dásemdir Miðjarðarhafsins að skarta þessum unaðslega ilmi.

Ilmandi tásur

FRÁ FREEMAN ERU KOMIN FÓTAKREM FYRIR ALLA SEM VILJA STUNDUM GETA VERIÐ BERFÆTTIR.

Hreinar og vel lyktandi tær eru prýði hvers manns og nauðsynlegt að dekra við fætur sína.

Úr Bare Foot-línu Freeman er nú hægt að fá Creamy Pumice-fóta-skrúbb-krem og fótakrem sem innihalda frísk-andi efni úr plóm-um og pip-armyntu, ásamt mýkjandi olíu úr Tea Tree, sem lætur þreytta fætur slaka á.

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

TOYOTA COROLLA Nýskr: 04/2001, 1600cc 5 dyra, Beinskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 150.000 þ. Verð: 690.000 Tilboðsverð 530.000

Bílaland, B & L
Grjóthála 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

Nissan Navara 2.5 Diesel árg 09/05 ek 63 þ.km verð áður 2690 tilboð 2190

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Hippar
Á afmælistilboði 298 þús. með götuskráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófavörn, rollbar, töskum, litur: svart.

X Motos Super Pit
Mótorcrosshjól, 250cc, 5 gíra dirt bike, hæð sætis 90cm, hæð undir pönnu 32cm, upside down temparar stillanlegir.

Mótor og sport ehf
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Sími: 567 1040
Eigum til á lager 80cc kitt í vespur. Kr. 34.000.-
www.motorogsport.is

Nissan Navara 4WD Double Cab AT LE. Árgerð 2007, ekinn 10 þ.km. Nýskráður 5/2007. Næsta skoðun 2008. Verð kr. 3560.000.

SG Bílasala
Bolafót 1,
Sími: 421 4444

M.BENZ E220 árg 10/93, ek 250 þ. km, ssk, mjög gott eintak, verð 590 þ. TILBOÐ 490 þ. stgr Nánari uppl á www.arnarbílar.is rn: 110593 S. 567 2700

Toyota Rav4 stuttur 4WD árg 11/03, ek. 64 þ. km, bsk. Er a nelgdum vetrardekkjum, í ábyrgð til maí '08. Verð 1.590 þ. áhv 1.330 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 140163 S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Vantar bíla á planið vegna mikillar sölu. www.100bilar.is opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Chevrolet Suburban '02. Ek. 30þús. Ath. skipti á nýjum eða nýlegum pick up eða vörubíl. Hafið samband í síma 663 5775.

Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! Japanskir, Amerískir, Evrópskir bílar á útsölu. T.d. Dodge Caliber eða Ford F150 frá 1990þús! Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Lúxus Jeppi! Engin útborgun!!! Hummer H3 Special 4x4
Árg. '06, ek. 22.000 km, sólþak, leður, sat-nav, 20" króm felgur, læst hátt og lágt drif, ofl. Verð 4.600.000. Gott lán fylgir. 100% yfirtaka möguleg! Unnar. GSM. 899 7787. unnar@unnar.com

Engin útborgun!!! BMW 545i
Árg. '04, 335 hö, ek. 85.000 km, 19" felgur, topplúga, Xenon aðalljós, fjarlægðaskynjarar, leður sæti, head-up display. Tilboð 5.600.000 kr. 100% yfirtaka!!! Unnar. GSM: 899 7787. unnar@unnar.com

Daiwoo Musso 2001. Tilbúinn fyrir veturinn
Daiwoo Musso '01, 2.9 TDI 155 hö., ssk., 35" breyttur. high output. Ek. 105 þús. Nýsk. án aths. Áhv. 900 þús. V. 1370 þ. Eða verðtilboð. Uppl. í s. 690 6230.

Opel Astra Station, árg. '05, ek. 56 þús. Álfelgur og vetrardekk á felgum. V. 1.540 þús. Uppl. í s. 663 2858.

Flott Corsa 1400 árg.'03. Ek. 67 þús. Tilboð 690 þús. Uppl. í s. 899 8129.

toyota avensis '05, sumar og vetrardekk á felgum,gluggahlífar, dráttarkrókur, V. 1.990.000, S. 8643442

Silverado 2004 Diesel
35" breyting, eins og nýr. Lok á palli, upphituð leðursæti og hlaðinn aukabúnaði. Verðhugmynd 3,2 millj. Uppl. í s. 897 3015.

BMW árg. '97. Verð 550 þús. Uppl. í s. 893 1940.

Til sölu Musso 2005 2,9D ssk. ekinn 19 þ. km og Get 2003 1600 ssk. 5d ekin 38 þ. km Uppl. í sima 894 0068.

Ath til sölu af sérstökum ástæðum. L300 4x4 dísel turbo '95. Gott eintak, sæti f. 7. V. 350 þ. Get tekið ódýran station bíl uppí. helst 4x4. S. 848 0310.

Topp vinnubíll
VW Caddy '99 1,6 beinsk. sk. '08. Topp vinnubíll. Verð 250 þús. stgr. Uppl. 692 5577 óli.

www.bilapartar.is
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Toyota Corolla 1,6 GLi '93. Ek. Aðeins 89 þús. frá upphafi. Ný tímareim, bremsur uppgerðar, eins og nýr að innan, verð 160 þús. Frekari uppl. í s. 866 9028.

Ford Explorer Sporttrac árgerð 2006 Ekinn 12 þ. km á rekstrarleigu fæst gegn yfirtöku samnings. Litur grár. Upplýsingar í síma 8671978

Til sölu Hundai Coupe 2.0 árg. '97 V. 220 þ. Sk. '08 Ek. 140 þ. S. 869 6638.

Nissan Micra árg. '95 til sölu Keyður 78.000 km, vetrar og sumardekk á felgum Skoðaður 2008 Aðeins tveir eigendur (konur) Lítur mjög vel út að innan og utan Fæst fyrir sanngjarnt verð Upplýsingar í síma 892-2221

Til í skipti á hippa eða nýju fellihýsi
Infiniti fx 45 árg. '04, lítið keyrður. Hægt að láta bílalán fylgja. Einn með bókstaflega öllu. Verð 4990 þús. Uppl. í s. 699 1105.

0-250 þús.

Til sölu Renalut Megane arg.98 ekinn100000 þkm.1,4 beinsk. SK.08. Ny timareim,vetrardekk.Verð 170þus. S.8619169

Til sölu Saab 9000CS árg. '92 ekinn 148 þús. km. Þarfnast smálagfæringa fyrir skoðun. Tilboð óskast. gsm: 8617809

Til sölu Toyota Corolla 1600xli '93 árg. ek. 174.000. Mjög vel með farin. Verð 70.000 kr. Uppl. í s. 867 1060.

Til sölu Ford Econoline húsbíll árg. '87. Vél 351 V. 80 þ. S. 867 5860.

MMC Lancer st. Árg. 2000. 4x4. Verð 265 þús. Uppl. í s. 896 6744.

Hyundai Acc. '00 ek. 103 þús. Ssk., Skoðaður '08 án ath. Verð 250 þús. Yfirtaka + 50 þús. möguleg. Uppl. í s. 861 0086.

Ford Rancer árg. '93, ek. 230 þús, óskoð. V. 200 þús. Uppl. í s. 822 5650.

Sjálfskiptur - Verð 220 þús!
Toyota Corolla Station, árg. '98, ssk. krókur. Verð aðeins 220 þús. S. 691 9374.

250-499 þús.

Öndvegis vetrarbíll, Subaru Outback, árg. 98, ek. 147 þ, í góðu standi. Yfirtaka 220þ og 150þ í pen. Uppl: 824 0059.

VAXTALAUST LÁN!!! vw polo 1999. ekinn 112þ, skoðaður 08. ásett verð 450 þ fæst á yfirtöku á 360þ s.6916318

Opel Vectra 1.6 árg. '98, 4 dyra ek. 121 þ. V. 330 þús. (Tilboð). Ný viðgert, tímareim, púst, bremsur ofl. S. 865 7261.

500-999 þús.

Hyundai Getz 07-2006 1600, ssk., álfelgur, ekinn 19 þús. Verð tilboð 990 þús. Sími 861 6260.

BMW 318 árg 99. ek. 122 þús, beinskiptur með leðri, dökkar rúður, sumardekk á álfelgum fylgja. Flottur vel með farinn bíll. s:861-3583 gott stgr. verð.

Toyota avensis 1999, ek 107þ. bsk. skoðaður 08. topp smurbók verð.690þ s.6916318

Ford Puma 1,4L '98 ek. 125 þ. km. Innfluttur fra Italiu nov. 06. Nýr rafg., nýjar felgur og ný vetrard. Bsk., einn eigandi. Vel með farinn. Verh. 550þ. S. 661 3457.

Til Sölu. VW Golf árg 2000. 4 dyra. Mjög vel með farin ekin 62000. 1 eigandi . Verð 650 þús. Topp bíll. Upplýsingar í síma 8986838.

1-2 milljónir

Dodge Dakota árg. '00 Ssk. bensín, Ek. 129 þ. Mjög góður bíll. V. 1390 þ. Ný nagladekk fylgja á felgum. Uppl. 892 5195.

Outl. Sport ný skr. 12/04 ekinn 53.5þ km. Verð 1990þ kr., lán 1525þ kr. 821-6466

2 milljónir +

Toyota Landcruiser 90 VX '01. Common Rail.Ek 144þ 33" dekk. Leður,kastarar,krókur. Gott eintak með góðri þjónustubók.V.2.5m. engin skipti. S:8643717

Bmw 545 2004. ekinn 72þ, ssk, topplúga, leður of.l áhvílandi ca. 4.9 m Tilboð óskast s.6916318

Bílar óskast

Óska eftir 7 manna/sendibíl 1980-2000, fyrir lítinn pening. Uppl. í s. 663 4838.

Ég vil staðgreiða 520 þús. fyrir ssk. 5 manna bíl. Vélarstærð 1600 og minna. Uppl. í s. 692 1547.

Óska eftir bíl frá 0-150 helst ekki eldri en '97, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 691 9374.

Jeppar

Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

SiRKUS

MYND/VALLI

ANDREA RÓBERTS SJÓNVARPSKONA

LÍFIÐ IÐAR AF TÆKIFÆRUM

2. NÓVEMBER 2007 ■ Ásgrímur Már hannar fyrir E-label ■ Hallgrímur Helgason er að mála 20 milljóna málverkið

Dularfullt boðskort

Í vikunni fékk valinkunnur hópur boðskort frá Ingibjörgu Pálmadóttur, athafnakonu og kærustu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, um boð í haustfagnað. Mikið var lagt í boðskortið, það var kolbikasvart að lit með upphleyptum stöfum. Það var þó ekki fyrir sjóndapra að lesa það því stafirnir voru einnig svartir og því ógreinilegir. Á boðskortinu var hins vegar ekkert talað um hvenær boðið væri eða klukkan hvað, heldur einungis verið að tryggja að viðkomandi tæki 17. nóvember frá. Eflaust eru margir sem bíða spenntir eftir frekari upplýsingum um haustfagnað ársins.

Bannar kærastanum að tala við Séð og heyrt

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fegurðardrottning og laganemi, leggur mikið upp úr því að eiga sitt einkalíf út af fyrir sig. Sögusagnir herma að hún hafi bannað kærastanum, Reynaldi Hinrikssyni, að tjá sig við Séð og heyrt. Ef tímaritið hringir á hann að skella á. Þetta kallar maður að hafa stjórn á hlutunum.

SIRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@frettabladid.is
Indíana Ása Hreinsdóttir
indiana@frettabladid.is
Forsíðumynd Anton Brink
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
Sirkusblaðið Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
Sölustjóri Bergur Hjaltested
512 5466 bergurh@365.is

ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR OG ÁSGRÍMUR MÁR FATAHÖNNUÐUR BÍÐA SPENNT EFTIR AÐ E-LABEL MERKIÐ KOMI Á NETIÐ EN SÍÐAN OPNAR FORMLEGA 15.NÓVEMBER.

ÁSGRÍMUR MÁR HANNAR FYRIR E-LABEL

SPLUNKUNÝ SKVÍSUFÖT

Fatahönnuðurinn Ásgrímur Már er kominn heim til Íslands á ný eftir að hafa freistað gæfunnar í Danmörku. Nú er hann búinn að hanna fatalínuna E-label sem seld verður í gegnum netið. Í Danmörku var hann aðstoðartískustjóri hjá tímaritinu Cover sem er eitt heitasta tískublaðið í Danmörku.

Hinn 15. nóvember mun hann frumsýna línuna E-label sem einkennist af þægilegum en jafnframt smart fötum fyrir konur á öllum aldri. Það sem er sérstakt við fatalínuna er að hún verður eingöngu seld á netinu en það er gert til að geta haft hana á sem bestu verði.

„Fyrsta fatalínan er öll svört, við ákváðum að hafa hana í einum lit en svo sjáum við til hvort við blöndum ekki fleiri litum inn í næstu línu," segir Ásgrímur Már. Hann leggur áherslu á að E-label sé glamúrleg en um leið sjúklega þægileg. Í línunni eru aðallega hettupeysur, skyrtur og bolir. Efnin eru falleg en línan er framleidd í heild sinni á Indlandi. Ásta Kristjánsdóttir og Andrea Brabin, oft kenndar við Eskimo, eru framkvæmdaaðilarnir á bak við línuna.

„Hugmyndin er búin að vera í þróun í tvö ár. Við Andrea höfum verið töluvert á Indlandi vegna verkefna og komumst í kynni við fataframleiðsluna þar og fannst tilvalið að láta reyna á þetta. Öll hönnun er þó í höndum Ásgríms," segir Ásta. Hún segir að netverslun sé algerlega málið enda færist það í vöxt að fólk kaupi fatnað og annað dót á netinu. „Kosturinn við að gera þetta á Íslandi er að afhendingartíminn er skammur og því þurfa konur ekki að bíða lengi eftir vörunum," segir hún.

Ásmundur segir að þau hafi gert 200 prufuflíkur fyrr á árinu til að athuga hvernig stemningin væri fyrir fötunum.

„Það seldist allt upp og í framhaldi var ákveðið að kýla á þetta," segir Ásgrímur en hann teiknaði línuna upp meðan hann starfaði í Danmörku. Hann er þó feginn að vera kominn heim.

„Danmörk er ekki fyrir mig. Þetta var fín reynsla og gaman að fá að vinna á svona flottu blaði. En mér finnst Danir ekki vera með þetta „tískusense" sem til þarf. Þar eru allir í því sama og það er innprentað í þjóðarsálina að það sé bannað að skera sig úr," segir hann. Meðfram vinnu við E-label er hann að kenna tískuteikningu við Listaháskóla Íslands.

Áhugasamir geta farið inn á síðuna WWW.E-LABEL.IS og litið dýrðina augum.

martamaria@365.is

Hallgrímur nostrar við 20 milljóna listaverkið

Hallgrímur Helgason er búinn að taka tvö ár í að mála ómálaða málverkið sem fór á 20 milljónir á Unicef-galaboðinu sem haldið var til styrktar Barnahjálparinnar í desember 2005. Mikil leynd hvíldi yfir því hver fjárfesti í verkinu og sögusagnir voru um að Jón Ásgeir eða Hannes Smárason hefði keypt enda ekki á allra færi að reiða fram 20 milljónir fyrir málverk, jafnvel þótt það væri eftir Hallgrím sjálfan. Þegar Sirkus hafði samband við Hallgrím vildi hann ekkert segja um það hver hefði keypt verkið. „Ég er að vinna í þessu, það verður tilbúið um áramótin," sagði hann. Þegar hann var spurður út í litapallettuna í verkinu var fátt um svör. „Ég vil ekkert segja um hana, það verður bara að koma í ljós þegar verkið er tilbúið. Ég hef ekki sýnt neinum verkið enn þá," segir hann.

Ef gæði eru talin í klukkustundum ætti málverkið að verða ódauðlegt enda varð það landsfrægt löngu áður en það var málað.

GRIM Ætli Grim fái að vera með á myndinni?

HALLGRÍMUR HELGASON Hann er búinn að vera í tvö ár að mála 20 milljóna verkið.

borgin mín SAN DIEGO

Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir leikkona

Hætt að nenna út að borða

MORGUNMATURINN:
Grísk jógúrt og lífrænir ávextir, múslí eða beygla með rjómaosti og laxi eða egg á ýmsa vegu, skrömbluð/spælð og fullt af sterku kaffi og heimapressaður ávaxtadjús.
SKYNDIBITINN:
Alveg hætt að borða skyndibita.
UPPÁHALDSVERSLUNIN:
Whole foods er besta matvöruverslun sem ég hef komið í. Get verið þar tímunum saman.
LÍKAMSRÆKTIN:
Ungbarnajóga og göngutúrar. Svo lyfti ég lóðum þegar ég nenni.
RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:
Ég er eiginlega hætt að nenna út að borða. Ég hef svo mikið sjálfstraust í eldhúsinu og finnst ég elda besta matinn.
BEST VIÐ BORGINA?
Stanslaus blíða og hægt að vera úti flesta daga ársins.

OPIÐ Í DAG FRÁ 9-19

Frábær tilboð á tölvum og tölvubúnaði

STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM

TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

1GB MINNI

2.990

1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni

ER MEÐ 500GB HÖRÐUM DISK

LÆGSTA VERÐ Á ÍSLANDI

500GB INOi SPILARI

19.900

SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ 720P

TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

25DVD DISKAR

1.890

Verbatim 16x DVD+R spindill

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

500GB HARÐDISKUR

8.990

Western Digital Caviar SE16 SATA2

HVERGI LÆGRA VERÐ!

Strax

Til afgreiðslu á meðan birgðir endast

ACER 2480 FARTÖLVA

46.900

HVERGI Á LÆGRA VERÐI

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

Opið í dag
9:00 - 19:00
Laugardag
10:00 - 18:00

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

UNGFRÚ NORÐURLÖND OG EYSTRASALT **„Þetta er búið að vera skemmtilegt og í rauninni væri ég alveg til í að upplifa þetta einu sinni enn en ég kem náttúrlega hingað aftur á næsta ári til að krýna arftakann minn."**

FANNEY LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR ER MISS SCANDINAVIA

Til í tuskið

„Þetta kom mér alveg rosalega á óvart. Ég bjóst alls ekki við þessu enda tala ég ekki málið og skildi ekkert hvað þau voru að segja fyrr en ég heyrði nafnið mitt," segir Fanney Lára Guðmundsdóttir, sem var krýnd Miss Scandinavia Baltic Sea á miðvikudagskvöldið. Fanney Lára var í skýjunum þegar Sirkus náði tali af henni í gær þar sem hún var í verslunarmiðstöð ásamt sænsku stelpunni sem lenti í þriðja sæti. „Ég er alveg rosalega ánægð með þetta en það verður gott að komast heim. Þetta er búið að vera mikil og löng törn," segir hún en Fanney fékk peninga, föt, skart og bikar í verðlaun. „Kórónan er orðin svo gömul svo ég fæ ekki að taka hana með mér heim. Hins vegar fékk ég flottan bikar sem ég má eiga," segir Fanney sem fór ein til Finnlands til að taka þátt í keppninni en Elín Gestsdóttir var formaður dómnefndar. Aðspurð hvort sigurinn opni dyr að frekari keppnum segist hún ekki viss. „Ég held að þetta sé búið núna. Þetta er búið að vera skemmtilegt og í rauninni væri ég alveg til í að upplifa þetta einu sinni enn en ég kem náttúrlega hingað aftur á næsta ári til að krýna arftakann minn," segir Fanney Lára sem kemur til Íslands í dag.

indiana@frettabladid.is

DAGBÓKIN HANS DARRA

Veröld verðandi föður

Líf Darra Johansen, rithöfundar og viðskiptastjóra á auglýsingastofunni TBWA\ Reykjavík, tók heldur betur stakkaskiptum fyrir rúmum þremur árum. Hann hafði nýkynnst konu sinni, Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur, blaðamanni á tímaritinu Ísafold, þegar í ljós kom að þau áttu von á barni. Á stuttum tíma breyttist líf þeirra mjög hratt. Frelsið og áhyggjuleysið sem hafði áður einkennt líf þeirra beggja vék fyrir ábyrgðinni og skuldbindingunni sem fylgir foreldrahlutverkinu. „Meðan á meðgöngunni stóð hélt ég dagbók yfir hugsanir sem fóru í gegnum huga minn og skrifaði um allt sem kom upp á. Ég hef alltaf haft mikla þörf fyrir að skrifa og í upphafi var engin ástæða fyrir skrifum mínum önnur en sú að fá útrás fyrir tilfinningar mínar og þær breytingar sem fram undan voru." Bókaútgáfan Salka gefur út þessa dagbók Darra sem ber nafnið „Maður gengur með. Dagbók verðandi föður" og kemur út 9. nóvember. „Þetta er mín persónulega saga um hvernig ég upplifði meðgöngu kærustu minnar. Hún lýsir tilhlökkun minni, kvíða og spennu, skondnum uppákomum og vangaveltum um föðurhlutverkið allt frá þeirri stundu frá því við vissum að við ættum von á erfingja þar til barnið okkar leit dagsins ljós." Bókin „Maður gengur með. Dagbók verðandi föður" er án efa áhugaverð lesning fyrir foreldra sem og tilvonandi foreldra og gefur lesandanum skemmtilega sýn inn í veröld verðandi föður.

bergthora@frettabladid.is

„Ingibjörg er tekin að ljóma. Sé gleðina skína meira og meira úr augum hennar. Finnst eins og eftirvæntingin sé smátt og smátt að afvopna kvíða fæðingar – eða óvissu framtíðarinnar."(Darri Johansen, Maður gengur með. Dagbók verðandi föður. Salka, 2007.)



VINSÆLASTA TÓNLISTINN

1	Mugiboogie	N	Mugison
2	Tímarnir okkar	↓	Sprengjuhöllin
3	Vivere Best Of Bocelli CD/DVD	↓	Andrea Bocelli
4	Hold er mold	↓	Megas og Senuþjófarnir
5	Pictures	N	Katie Melua
6	Forever	↓	Pavarotti
7	Síðasta vetrardag CD/DVD	↓	Síðan skein sól
8	Vivere: Best Of Bocelli	↓	Andrea Bocelli
9	Complete Clapton	↓	Eric Clapton
10	Human Child/Mannabarn	↓	Eivör
11	Bara	N	Hara
12	All The Last Souls	↓	James Blunt
13	Human Child	N	Eivör
14	Iceland Airwaves 2007	↓	Ýmsir
15	The first Crusade	A	Jakobínarína
16	Pottþétt 44	↑	Ýmsir
17	Magic	A	Bruce Springsteen
18	Íslandslög 1-6 (6CD)	↓	Ýmsir
19	Life In Cartoon Motion	A	Mika
20	Snákar í Garðinum	A	Rúnar Júl

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

VINSÆLUSTU LEIKIRNIR

1	Football Manager 2008
2	Fifa 08
3	Crash of the Titans
4	Heroes of Might & Magic Tribes
5	Counter-Strike Source
6	Simpsons Hit and Run
7	Sims 2 Bon Voyage
8	Halo 3
9	NBA Live 08
10	Neverwinter Nights 2 Betrayer

SKÍFU LISTINN

VINSÆLUSTU DVD

1	Mýrin
2	SPIDER-MAN 3 (2 DISC)
3	Arthur og Minimóarnir
4	Köld Slóð
5	TMNT (2007)
6	Death Proof
7	300
8	Zodiac DVD
9	Simpsons Season 10
10	The Illusionist
11	Delta Farce
12	Perfect Stranger
13	Sunshine
14	John Tucker Must Die
15	28 Weeks Later
16	Apocalypto
17	Shooter
18	The Sentinel
19	Blades of Glory
20	Little Miss Sunshine

Listinn gildir 1 - 7. nóvember 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Nældu þér í eintak

FYRSTA
NÓVEMBER
NÁÐI EPAL
NÝJUM HÆÐUM
SEM GEFUR
OKKUR KOST Á
AÐ FÆRA ÞÉR
ENN MAGNAÐRA
ÚRVAL AF
BESTU HÖNNUN
ALHEIMSINS.
MEIRA PLÁSS OG
STÓRAUKIÐ ÚRVAL
ER LÍTIÐ SKREF
FYRIR EPAL
FYRIR EPAL
EN RISAVAXIÐ
STÖKK FYRIR
ÖLL FALLEGU
HEIMILIN.
GEIM
SKIPIÐ
ER LENT
OPIÐ HÚS LAUGARDAG
ALLIR VELKOMNIR
ÁHÖFN EPAL TEKUR ALLTAF VEL Á MÓTI ÞÉR!
epal
Epal hf. /
Skeifunni 6 /
Sími 568 7733 /
www.epal.is /

SIF ATLADÓTTIR KNATTSPYRNUKONA HEFUR SKIPT HÆLASKÓNUM ÚT FYRIR CONVERSE OG HETTUPEYSU. SIF OPNAÐI FATASKÁPINN FYRIR SIRKUS.

MEÐ ÁRÁTTU FYRIR SKÓM

Þegar ég var yngri var ég meira og minna alltaf í íþróttagöllum. Á gelgjuskeiðinu skipti ég svo yfir í gallabuxurnar," segir Sif Atladóttir, landsliðskona í knattspyrnu. Sif segist þó enn þá freistast til að ganga í íþróttagöllum utan æfinga enda sé ekki minni tíska í sportinu en öðrum klæðnaði. Þegar hún er beðin um að lýsa stílnum sínum segist Sif aðallega ganga í því sem henni þyki flott og þægilegt. „Ég er ekki mikið að hugsa um tískumerki og finnst mikilvægast að ég fíli fötin. Ég á ekki auðvelt með að velja einhverja eina uppáhaldsverslun hér heima en ef ég ætla að kaupa mér flottan kjól fer ég helst í Cosmo. Annars er það bara Sautján og Kolaportið og allt þar á milli," segir Sif og bætir við að hún reyni að komast í búðarráp þegar hún sé erlendis með landsliðinu. „Þá er það H&M og skóbúðirnar sem verða fyrir valinu. Áráttan mín er helst í skónum," segir Sif sem á um 20 pör af skóm. „Ég er búin að gefa mikið af skónum mínum en þar sem kærastinn minn er með sömu áráttu er þetta mikill fjöldi sem er löngu búinn að sprengja af sér skóskápinn," segir hún hlæjandi. Sif segir að stíll hennar hafi þróast síðasta árið úr fínum, hefðbundnum fötum yfir í meiri götustíl. „Í fyrra gekk ég mikið í háhæluðum skóm sem hafa í dag vikið fyrir Converce-skónum og hettupeysunni. Mér finnst götutískan í Japan rosalega flott en annars horfi ég ekki upp til neins þegar kemur að tísku. Vonandi kemst ég einhvern tímann til Japans til að geta skoðað fötin þar því ég fíla þegar fólk klæðir sig eins og það vill án þess að hugsa hvað öðrum finnst."

indiana@frettabladid.is

EKTA SIF „Þetta er týpísk ég. Gallapils og hettupeysa, fínt en samt götustíll." MYND/VALLI

LEGGINGS „Ég tek alveg þátt í leggingstískunni líka og þennan flotta bol gaf systir mín mér þegar hún kom heim frá Köben."

ÓHRÆDD AÐ PRÓFA SIG ÁFRAM "Ég var í þessu dressi á lokahófi KSÍ. Þetta er fallegur hvítur kjóll með ljósbláu munstri í stíl við bláu Converse-skóna."

MEÐ ÆÐI FYRIR SKÓM Sif og kærastinn hennar eru bæði með æði fyrir skóm. „Það er mjög létt að kaupa handa okkur gjafir. Við erum alltaf ánægð með skópar."

SPARIDRESSIÐ „Ég fékk þetta svarta dress í H&M og ég nota það þegar ég fer eitthvað fínt."

UPPÁHALDSSKÓRNIR „Bláu Converse-skórnir mínir og þessir Adidas-skór eru í uppáhaldi hjá mér."

BLÁR Í UPPÁHALDI „Kúrekaskyrtuna fékk ég að gjöf. Ég held að blár sé minn litur, það er allavega mjög margt blátt í fataskápnum mínum."

buxur 20% afsláttur

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

ANDREA RÓBERTS ER MÆTT AFTUR Á SKJÁINN OG NÚ ER BÚIÐ AÐ TILNEFNA ÞÁTTINN HENNAR 07/08 BÍÓ LEIKHÚS TIL EDDUVERÐLAUNANNA. UNDANFARIÐ ÁR HEFUR ORÐIÐ MIKIL BREYTING Á LÍFI HENNAR EN SNEMMA Á ÁRINU FLUTTI HÚN ÚR MIÐBÆNUM Í HVALFJÖRÐINN. HÚN ER ÞÓ ALLS EKKI HÆTT AÐ VERA SKVÍSA ÞÓTT HÚN SÉ FLUTT Í SVEITINA, GÚMMÍSKÓR MEÐ GLIMMERÍVAFI VERÐA VÍST MÁL MÁLANNA EFTIR TVÖ ÁR.

MYND/VALLI

Það blundar í mér bóndi

Leiðindin eru ekki að þvælast fyrir Andreu Róberts, sjónvarpskonu, meistaranema,sveitakonuogstjórnarkonu Unifem. Með gleðina og húmorinn að vopni sameinar hún leik og starf án þess að taka sjálfa sig of hátíðlega. Í haust hóf þátturinn 07/08 Bíó leikhús göngu sína hjá Sjónvarpinu en Andrea er einn af umsjónarmönnum þáttarins ásamt Ásgrími Sverrissyni, Elsu Maríu Jakobsdóttur og Jóni Agli Bergþórssyni undir ritstjórn Þorsteins Joð. Hún segir að það sé gaman að vera komin aftur á skjáinn.

„Þátturinn fjallar um bíó og leikhús frá öllum hliðum, þó aðallega ferskum og faglegum. Þetta eru náttúrlega allt snillingar á sínu sviði sem ég vinn með og engin busabræla í gangi. Hann er á dagskrá á fimmtudögum fyrir þá sem finnst gott að glápa," segir Andrea og glottir. Hún er þakklát fyrir að hafa fengið þetta tækifæri því hún segir þáttagerðarvinnuna henta sér afar vel og hún hafi lúmskt gaman af því að vera ráðin aftur til fyrrum yfirmanns.

„Mér fannst alveg kjörið að prófa að starfa hjá Sjónvarpinu, svo er þetta ekki fullt starf og hentar því ágætlega með skólanum og mastersritgerðinni í mannauðsstjórnun. Ég er reyndar líka stjórnarkona í Unifem sem er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna. Ég er sem sagt að næra vinnualkann í mér og nú er sá tími að fara í hönd þar sem vinnuvikan er átta dagar og sólarhringurinn 25 stundir. Í þessu ástandi finn ég það líka að það er kominn tími til að skoða gildin betur í lífinu, horfa á sig á röngunni og pæla aðeins í því hvað skiptir mestu máli í þessu lífi. Kominn tími til að klófesta tímaþjóf. Ég á það til að taka að mér of mög verkefni en er orðin þokkaleg í að segja nei. Áður en ég fór að æfa mig í því að segja nei var vöðvabólga mitt millinafn," segir hún og hlær. Hún segist þó ekki hafa þurft að hugsa sig um tvisvar þegar henni bauðst starfið í þættinum 07/08. „Ég er almennt fljót að taka ákvarðanir. Annars hef ég ekki unnið neitt fjölmiðlaverkefni á Íslandi þar sem tími hefur gefist til að hugsa yfir sig. Þetta gerðist hratt, eitt símtal og málið dautt."

Í gegnum sjónvarpsstarfið hefur Andrea kynnst ógrynni af fólki en hún segir að fólkið sjálft gefi starfinu gildi. „Um daginn sat ég í förðun í Sjónvarpinu þegar Jón Gnarr kom inn ber að ofan til að máta hárkollur og hin ýmsu gervi fyrir tökur. Það gerði mikið fyrir mig og það var þá sem ég hugsaði með mér: Það eru forréttindi að fá að vinna í sjónvarpi."

Þegar hún er spurð út í vandræðaleg atvik á skjánum hugsar hún sig um í smástund og segir svo að það hafi alveg komið fyrir að hún hafi viljað eiga stórt strokleður. „Það getur verið erfitt að vinna í sjónvarpi þegar illa stendur á í einkalífinu og svo er algjört helvíti að fá hláturskast í beinni," segir hún og fer að hlæja. Nú er búið að tilnefna Andreu og hennar fólk til Eddu-verðlaunanna í flokknum menningar- og lífsstílsþáttur ársins.

„Ég brosti þegar ég frétti af tilnefningunni fyrir þáttinn sem segir kannski eitthvað. Ég væri með svarta tungu og nefið væri að stækka ef ég segði annað. Mér finnst gaman að við skyldum vera tilnefnd og hlakka til að sjá hver hlýtur Edduna þegar hún verður afhent síðar í mánuðinum. Ég hvet alla til að kjósa á www.visir.is en ég er ekki að plata þegar ég segi að ég tek verðlaunahátíðir ekki mjög hátíðlega. Ég mun að minnsta kosti ekki rispa bílinn hjá akademíunni ef við vinnum ekki."

Kindur í innkeyrslunni

Fyrir nokkrum árum var Andrea dæmigerð miðbæjarrotta, bjó í þekktasta hverfi landsins þar sem stutt var í hringiðuna og allan þann unað sem því hverfi fylgir. Nú hefur hún hins vegar vent sínu kvæði í kross og flutt í Hvalfjörðinn ásamt kærastanum, Jóni Þóri Eyþórssyni.

„Í mér blundar bóndi og ég veit fátt betra en að vera heima hjá mér. Þetta er ekkert Southfork, við búum í litlu húsi með trjám allt í kring. Nágrannarnir eru algjörir snillingar og það er ekki hægt að segja annað en hamingjan elti mig á röndum. Eins og framsóknargaurinn Bjarni Harðarson segir þá er aðeins ein árstíð á Íslandi og hún heitir ekki neitt. Það átti ekki við síðasta sumar, þá var sól og sumar með stóru S-i sem þyddi mikið hangs í hengirúmi og gesti alla daga. Sveitin er að rokka; kindur í innkeyrslunni, lækur, skógur, sjósund, ugla sem býr í garðinum og rjúpur sem kíkja í kaffi. Ferlega ferskt loft og frábært útsýni. Það getur samt verið mjög fyndið á morgnana að standa á bílaplaninu með gloss í háum hælum á leiðinni í vinnuna og þurfa að reka kindurnar í burtu svo ég geti bakkað út úr stæðinu."

Hún segir að það hafi blundað lengi í þeim Jóni Þóri að flytja út fyrir bæjarmörkin og því keyptu þau hús sem er gamall bústaður í byrjun ársins. Þegar hún er spurð að því hvort þetta sé ekki of langt frá bænum segir hún svo ekki vera. „Ég nýt þess að drekka kaffið mitt í bílnum á leiðinni í bæinn, þetta hefur mun fleiri kosti en hitt og ég var vön að ferðast til og frá vinnu þegar ég bjó erlendis."

Talið berst að heimilum. Áður fyrr lagði hún mikið upp úr fallegu heimili og átti dýrt innbú. Nú segist hún hafa þetta svolítið öðruvísi og sé mun afslappaðri gagnvart dauðum hlutum.

„Heimilið mitt er fremur látlaust en þó ekki kuldalegt. Mínimalismi sem hefur verið merkisberi smekkvísinnar á Íslandi síðustu ár er umhverfi sem knúsar mig ekki og heillar því ekki sérstaklega. Bilið á milli óskasjálfs og raunsjálfs hjá mér hefur alltaf verið að styttast og á tímum verið við það að hverfa. Þess vegna skipta dauðir hlutir mig alltaf minna og minna máli. Efnisleg gæði og áþreifanlegir hlutir létta samt stundum lífið og spara sporin. Þess vegna getur verið gott að grípa í tæki og tól og hafa aðgang að þvottavél og ryksugu í amstri dagsins. Tölvan, farsíminn og fleiri tækniundur eru síðan orðin framlenging á manni sjálfum. Tæknin er af hinu góða svo lengi sem við gleymum ekki að mannfólkið skapaði og bjó til tæknina en ekki öfugt. Ég fæ samt mikið út úr því að fara á söfn og finnst alveg frábært þegar notagildi og hönnun fer saman. Það er góð hönnun fyrir mér."

Stöðugt á bremsunni

Í fyrra ákvað hún að láta gamlan draum rætast. Hún seldi allar veraldlegar eigur sínar og hélt á vit ævintýranna ein síns liðs með bakpoka að vopni. Andrea segir að orð nái ekki að lýsa ferðinni því þetta sé eitthvað sem allir verði að prófa.

„Ég er vanalega dugleg að fara út fyrir þægindarammann og mér finnst það mjög mikilvægt. Ég skellti mér ein í bakpokaferð í nokkra mánuði og fór til Indlands, Taílands, Kambódíu og Laos. Ég ætlaði til fleiri landa í Asíu en það verður að bíða betri tíma. Ég náði að lifa algjörlega í núinu og njóta augnabliksins betur, kynntist fjölmörgum gullmolum frá öllum heimshornum. Í lok ferðarinnar leið mér eins og ég hefði fundið uppskriftina að eilífri hamingju, nokkurs konar nirvana, og mér fannst hugsanirnar vera á mínu valdi. Þetta var ótrúlegur tilfinningarússibani sem gerði mér einstaklega gott. Svona ferð víkkar sjóndeildarhringinn, gerir mann

Á hvaða geisladisk ertu að hlusta? Ég tékkaði á i-podnum um daginn og sá að ég á mest með Bubba. Mér finnst tónlist ólýsanleg snilld sem ég nýti mér við hin ýmsu störf og við hinar ýmsu aðstæður. Ég er með Sprengjuhöllina í bílnum og mér finnst diskurinn þeirra góður. Þessi tvö dæmi eru samt ekki lýsandi fyrir tónlistarsmekkinn þar sem ég er algjör alæta á tónlist. Ég verð að hrósa því tónlistaruppeldi sem ég fékk þar sem einhver plata var alltaf undir nálinni. Í útlöndum tapa ég mér í plötubúðum.

Uppáhaldsmaturinn: Síðustu vikurnar hefur það verið Asíu-súpan sem kærastinn gerir en síðan klikkar sushi aldrei.

Uppáhaldsflíkin: Gúmmítúttur.

Áhugamálið: Ástin og lífið.

Bíllinn minn er ... nauðsynlegur eftir að ég flutti í sveitina en ég átti ekki bíl áður þar sem ég seldi hann áður en ég fór í bakpokaferðalagið. Ferðaðist með strætó, hjólaði mikið og labbaði lengra en Reynir Pétur. Það var málið þar sem ég bjó í miðbænum. Núna verð ég að eiga bíl. Að taka skólabílinn út á afleggjara til að taka Akranesstrætó í bæinn er helst til of tímafrekt fyrir mig þessa stundina. Nú á ég kagga sem ég bruna um á og kolefnisjafna af krafti með öllum trjánum á lóðinni.

Líkamsræktin: Ekki rassgat að frétta af þeim málum, engar medalíur síðustu ár en markmiðið hefur verið lengi að að komast í splitt – á báðum.

LISTMUNASALA fold

Íslensk list
gerir hús að heimili

Opið laugardaga, í Kringlunni 10–18, Rauðarárstíg 11–14
Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

vetrarlíf

FÖSTUDAGUR 2. NÓVEMBER 2007

Gengið um Grænland

Leifur Örn Svavarsson fjallaleiðsögumaður rifjar upp fyrstu gönguskíðaferð sína til Ammassalik á Grænlandi. BLS. 8

NORDICPHOTOS/GETTY

öll
lífsins
gæði!

www.akureyri.is
Akureyri

www.akureyri.is
Hafnarstræti 82 • 600 Akureyri • Sími 462 7733

Hreindýrin í Húsdýragarðinum gleðjast líka yfir heimsókn mannanna þegar kólnar í dalnum.

Stásslegur snjókarl með sorgmæddan svip, enda erfiður viðskilnaður við skapara sína að kveldi.

Rómantískur garðskáli Grasagarðsins, þar sem njóta má inniveru og kósíheita til kl. 17 á daginn.

Guð skapaði heiminn til að leika sér í og mennina sem dulbúna engla.
MYNDIR/GETTYIMAGES

Lautarferð í Laugardal

Kristalstjörnur á fuglaberjum. Loðlúffur til að skapa heilt snjómannkyn með. Rjómasúkkulaði á brúsa. Kertaljós í luktum. Doppóttur dúkur. Ostur í smjördeigshorni. Góða skapið. Ullarhúfa og umvefjandi teppi. Þá er allt fullkomnað fyrir lautarferð í Laugardal á fegurstu dögum skammdegisins.

Lautarferðum þarf ekki að linna þótt fyrsti vetrardagur hafi sýnt sig í dagatali og veðráttu, og lautarferð í Laugardal svíkur engan. Þar er allt fyrir hendi til að gera góðan dag enn betri og innan seilingar að fara á skauta eða í sund, og heimsækja húsdýr í vetrarbúningi því opið er alla daga ársins frá 10 til 17 í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Heitt og ilmandi súkkulaði gefur yl í kroppinn og ekki skemmir unaðinn að skvetta smá koníaki saman við.

Fuglaber eru jólaskraut náttúrunnar, en vilja oft heim í stofu líka.

Kertaljós á frosnu nestisborði með gómsætum veitingum fylla sálina af gleði.

Samt er feikinóg að ganga saman um dalinn, fóðra endur á tjörnum Grasagarðsins, renna sér í brekkum, búa til snjókarla, tína köngla og fuglaber fyrir aðventuna, og finna nestisborð í fallegu umhverfi þar sem gaman er að dúkleggja, bera á borð ljúfmeti og kveikja á kertaluktum meðan borgarasinn suðar í fjarska.

Skelli svo á með óveðri má finna griðastað í gamla garðskálanum og húsakynnum Café Flóru sem opin eru almenningi til að njóta til klukkan 17 síðdegis.

Auðvitað er svo hvarvetna hægt að skapa ógleymanlegar minningar þótt úti sé kalt og dagurinn stuttur. Eina sem þarf er hlýr klæðnaður, nesti og smá fyrirhyggja til að útbúa fallega samverustund á töfrandi stað eftir leiki og samveru í vetrarríkinu.

thordis@frettabladid.is

Síð Columbia-dúnúlpa. Hettan er með loðkraga og í hálsmáli er sylgja til að herða að svo blási síður inn undir. Úlpan er vind- og vatnsheld og fæst í Ellingsen á 16.990 krónur en Ellingsen hefur nýverið hafið sölu á Columbia-útivistarvörum.

Loðfóðruð úlpa með fallegu mynstri bæði á herra og dömur. Fæst í 66° norður á 34.200 krónur.

Klassísk dúnúlpa frá 66°Norður með stroffi og frönskum rennilás á úlnliðum og hettu sem hægt er að taka af. Verð er 20.700 krónur.

Cintamani-úlpa sem kallast Eygló og er sérstaklega létt úr ekta gæsadúni. Efnið hrindir frá sér vatni og vindi en er þó afar létt og andar. Í ermum eru stroff á úlnliðum og vasi innan á. Úlpan hefur verið prófuð í ýmsum leiðöngrum, til dæmis á Everest, og hefur reynst mjög vel. Hún fæst meðal annars í verslunum og Cintamani og kostar 22.990 krónur.

Hugvitssamlega hönnuð Titanium-dúnúlpa frá Columbia. Vatnsheld og andar vel með ýmiss konar vösum, meðal annars fyrir gemsa, gleraugu og iPod. Hægt er að aðlaga þrengd að neðan, í hálsmáli og á hettu og á úlnliðum eru mjúk stroff. Við rennilás er lítill vasi þar sem finna má áfastan klút til að þurrka af gleraugum og undir handakrikum eru rennilásar til að opna og lofta út. Fæst í Ellingsen á 22.990 krónur.

Hlýjar og harðgerar úlpur

Þegar kólna tekur er nauðsynlegt að eiga góða úlpu. Mikilvægt er að velja hana gaumgæfilega þannig að hún þjóni persónulegum þörfum eigandans og falli auk þess að smekk hans. Við fórum á stúfana og fundum nokkrar úlpur sem eru í senn skynsamlega hannaðar, hlýjar og fallegar. Allar úlpurnar fást í fleiri en einum lit og er um að gera að kíkja á úrvalið í viðkomandi verslun. - hs

SKEMMTILEGUR VETUR
með ferðaþjónustubændum

HEYDALUR

Ævintýralegur vetur í Djúpinu. Gönguskíðabrautir, norðurljósaskoðun og dásamlegur náttúrupottur.

SVEINBJARNAR-GERÐI

Jólahlaðborð og þorrablót. Góð staðsetning fyrir iðkun vetraríþrótta og nálægð við menningarlífið á Akureyri.

VOGAFJÓS

Aðventan við Mývatn. Jólasveinar í fjósinu, sérstakur aðventumatseðill og mývetnskar matarkörfur til sölu.

HRAUNSNEF

Rómantísk aðventa í uppsveitum Borgarfjarðar, til dæmis danskur julefrukost með íslensku ívafi.



BJARTEYJAR-SANDUR

Hátíðlegur jólamarkaður í Gallerí Álfhóli. Gisting og gönguferðir með leiðsögn allt árið um kring.

ÖNGULS-STAÐIR

Jólahlaðborð á fallegum stað í Eyjafirði. Góð aðstaða fyrir fundarhöld og námskeið.



GISTIHÚSIÐ EGILSSTÖÐUM

Glæsilegur fimm rétta jólamatseðill í desember. Falleg staðsetning á bökkum Lagarfljóts.

SMÁRATÚN

Hin sívinsælu jólahlaðborð í Fljótshlíðinni. Hópar alltaf velkomnir, tilvalið fyrir árshátíðina.

EYRARKOT

Fundaraðstaða í gömlu hlöðunni. Námskeið um Orku manns og jarðar undir stjórn Erlu Stefánsdóttur í nóvember.

HÓTEL HEKLA

Girnileg villibráðaveisla í nóvember og jólahlaðborð í desember. Æfingaaðstaða fyrir golfáhugamenn.



HÓTEL LAKI

Hægt að slaka á og leika sér. Heilsulind og spennandi námskeið á döfinni.

Nánari upplýsingar á www.sveit.is

Ferðaþjónusta bænda - eitthvað fyrir alla!

Hvað er skemmtilegra en að fara upp í sveit og njóta þess sem náttúran og mannlífið á landsbyggðinni hefur upp á að bjóða, allan ársins hring? Ferðaþjónusta bænda býður upp á fjölbreytta gistimöguleika:

- **Heimagisting:** Fyrir þá sem vilja dvelja inni á heimili gestgjafa og njóta persónulegrar þjónustu.
- **Gistihús bænda:** Fyrir þá sem vilja vera útaf fyrir sig en njóta persónulegrar þjónustu og notalegs yfirbragðs.
- **Sveitahótel:** Fyrir þá sem vilja dekra við sig og bragðlaukana.
- **Sumarhús:** Fyrir þá sem eiga ekki sumarhús eða vilja vera út af fyrir sig á því svæði sem heimsótt er.

Innan vébanda Ferðaþjónustu bænda eru yfir 130 bæir - 4.000 gistirými.
Veitingar og fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar einnig í boði.

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

Síðumúli 2, 108 Reykjavík · tölvupóstur: sveit@sveit.is
Sími: 570 2700 · Fax: 570 2799

Spör ehf. - Ragnheiður I. Ágústsdóttir

Notað upp í nýtt og notað upp í notað

Þegar skauta- og skíðaskórnir eru farnir að þrengja að fætinum er óhjákvæmilegt að endurnýja. Í Skíðaþjónustunni á Fjölnisgötu 4b á Akureyri er nokkurs konar skiptimarkaður á skíðaskóm, skautum, hjólum og skíðum.

Viðar leitar vel og finnur eitthvað handa öllum í Skíðamiðstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

„Við erum með nýtt og notað og tökum notað upp í nýtt og notað upp í notað," segir Viðar Garðarsson, verslunarmaður í Skíðaþjónustunni, glaðlega. Hann hefur staðið vaktina í yfir 20 ár og segir alltaf mikið að gera, einkum þegar snjór sé á jörð. Nú eru Akureyringar farnir að framleiða sinn eigin snjó í Hlíðarfjalli og auðvitað eykur það viðskiptin hjá Vidda, en svo er kaupmaðurinn snjalli kallaður.

„Ég sel skíði og skauta á veturna og hjól á sumrin og við erum bæði með skíðaverkstæði hér og hjólaverkstæði," lýsir Viðar hress í bragði. „Sumir fara á skíði, kannski tvisvar, þrisvar á ári, en vaxa svo upp úr skónum og þeir eru sem nýir. Krakkar stækka náttúrlega hratt og þurfa að skipta um skíðaskó og skauta á hverju ári. Þeir fá hér aðra stærri í staðinn og borga einhvern þúsundkall á milli."

Viðar bjó til búðina, eins og hann orðar það, fyrir rúmum 20 árum, meira að segja heima í bílskúr til að byrja með. „Ég var töluvert á skíðum og var skíðaþjálfari líka en svo fór ég út í verslunarrekstur enda vantaði svona þjónustu." Hann telur skiptiþjónustu með skíði og skauta hafa verið í borginni líka, nánar tiltekið í Sportmarkaðinum, en hún hafi lognast út af því snjóinn hafi vantað og þar með viðskiptin. „Nú fæ ég bara Sunnlendingana hingað norður enda er opið hér frá 10 til 19 bæði laugardaga og sunnudaga að vetrinum ef snjór er," segir hann kampakátur. „Oft kemur fólk að sunnan á föstudagskvöldum og áttar sig á að skórnir eru of litlir. Þá þarf ég að vera á svæðinu enda er oft fjör hérna hjá okkur. Ég er með stóran lager og nóg handa öllum." Hann segir minna um að fólk endurnýi skíðin sín enda þurfi ekki að skipta þeim eins ört út og skónum. „Skíðin geta dugað lengur og þau mega vera lítil," segir hann. „Það gerir ekkert til þótt þau séu stutt."

Viðar segir bjart yfir haustinu því nýbúið sé að ræsa snjóvélarnar í fjallinu. „Göngumenn fóru líka um daginn aðeins að gá hvort færið væri komið. Þeir allra hörðustu. Menn eru svona í startholunum og þetta lofar góðu."

gun@frettabladid.is

SPÓLVÖRN

CINTAMANI gönguskórnir eru með Green Diamond sóla. Í sólanum eru þúsundir harðkorna sem gefa besta mögulega grip við allar aðstæður. Green Diamond er íslensk uppfinning.

Gerð: Hrund og Hróbjartur
Stærðir: Dömu 36-41 og herra 41-46
Efni: Leður með öndunarfilmu og vatnsvörn
Verð: 16.990 kr.

WWW.CINTAMANI.IS

SPJARAÐU ÞIG

PIRELLI nokian DEKK

Tími þinn er dýrmætur

Þú færð vetrardekkin hjá okkur á Max1

Engar tímapantanir

Max1 Bílavaktin sérhæfir sig í hraðþjónustu við allar gerðir bíla. Við bjóðum hraðþjónustu sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bíleiganda. Við erum eldsnöggir á Max-einum. Þú kemur þegar þér hentar og á meðan á þjónustu stendur færð þú þér rjúkandi kaffibolla og kíkir í blöð og tímarit. Bíllinn þinn er í hröðum og öruggum höndum hjá okkur.

Max-einn dregur nafn sitt af því að við ljúkum allri þjónustu við bílinn þinn innan klukkustundar frá því þjónusta hefst. Max-einn skiptir um bremsur, dempara, olíu, rafgeyma, perur, rúðuvökva og dekk og býður einnig ný dekk frá Nokian og Pirelli.

Við förgum notuðum dekkjum, rafgeymum, síum, olíu og öðrum spilliefnum samkvæmt ströngustu umhverfiskröfum.

Hjólbarðaþjónusta

Leiðist þér að bíða á dekkjaverkstæðum? Láttu okkur skella dekkjunum undir bílinn. Við bjóðum þér vandaða hjólbarða á hagstæðu verði frá Nokian og Pirelli.

Smurþjónusta

Er komið að smurningu? Við skiptum um olíu og síur eins og hendi sé veifað.

Rafgeymaþjónusta

Þarftu að skipta um rafgeymi? Við gerum það fyrir þig í hvelli og losum þig við þann gamla.

Demparaþjónusta

Eru dempararnir lélegir? Endurnýjum dempara og gorma í flestum gerðum bifreiða.

Bremsuþjónusta

Eru bremsuklossarnir búnir? Endurnýjum bremsuklossa og bremsudiska í flestum bifreiðum.

Önnur þjónusta

Við skiptum líka um þurrkublöð, perur og setjum rúðuvökva á bílinn. Fagmannleg vinnubrögð á örskotsstundu.

REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN:
Bíldshöfða 8. Símar 515 7097 og 515 7098.
Bíldshöfða 5a. Símar 515 7095 og 515 7096.
Jafnaseli 6. Sími 587 4700.

OPIÐ:
Virka daga frá kl. 8-18.
Laugardaga frá 9-13.

Forðastu óþægindi.
Komdu með bílinn til okkar.
Skoðaðu: www.max1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

Á skautasvellum borgarinnar má líta marga klára krakka.

Skautað í hlýju húsi

Það viðrar ekki alltaf til skautaiðkunar á Tjörninni og hafa borgarbúar vanið komur sínar á skautasvellin tvö á höfuðborgarsvæðinu.

Skautasvell Egilshallarinnar er í fullri stærð fyrir alþjóðlegar keppnir og er á 2. hæð. Þar er Skautafélagið Björninn með sinn heimavöll og alla starfsemi sína bæði í íshokkí og listdansi á skautum. Áhorfendaaðstaða er fyrir um 300 áhorfendur ásamt búnings- og félagsaðstöðu.

Í Egilshöll er skautasvellið opið almenningi mánudaga til fimmtudaga frá 13.00 til 15.00. Á föstudögum er opið frá 13.00 til 21.00 og 13.00 til 18.00 um helgar.

Aðgangseyrir er 400 krónur fyrir börn, 500 fyrir fullorðna en ókeypis fyrir öryrkja, eldri borgara og leikskólabörn. Skautaleiga er 300 krónur. www.egilsholl.is

Skautahöllin í Laugardal er 3.700 fermetrar að stærð, þar af er svellið 1.800 fermetrar. Allt að þúsund manns komast þar í stæði. Grunnskólar höfuðborgarsvæðisins hafa nýtt sér aðstöðuna í miklum mæli en Skautafélag Reykjavíkur æfir í höllinni. Félagið býður upp á íshokkíæfingar og listskautaiðkun fyrir fólk á öllum aldri.

Skautahöllin er opin almenningi mánudaga og þriðjudaga frá 12.00 til 15.00, lokað er á miðvikudögum fram að jólum. Á fimmtudögum frá 12.00 til 15.00 og 17.00 til 19.30, föstudaga frá 13.00 til 20.00. Um helgar er opið frá 13.00 til 18.00.

Aðgangseyrir fyrir börn er 500 krónur, 700 fyrir fullorðna en fyrir leikskólabörn 200 krónur með skautaleigu.
www.skautaholl.is

RISA STÓR

tónlistar & DVD markaður

Opið alla daga 12-18

Fellsmúla 28

(Við hliðina á Góða hirðinum)

Rýmum fyrir nýjum vörum.

Allt á hálfvirði 2.–4. nóvember

(föstudag, laugardag og sunnudag)

Fyrstur kemur fyrstur fær.

Athugið! Tilboðið gildir aðeins þessa þrjá daga.

Helmingsafsláttur veittur við kassann af auglýstu verði.

The Beatles – 25 titlar

1999 kr

1999 kr



1299 kr





Pink Floyd – 20 titlar

999 kr

999 kr

1499 kr

999 kr

1699 kr

Pantera – 5 titlar

1499 kr

999 kr

999 kr

Nirvana – 7 titlar

999 kr

999 kr

Metallica – 9 titlar

1299 kr

1299 kr

Doors – 10 titlar

999 kr

999 kr

999 kr

1499 kr

1499 kr

999 kr

1499 kr

1499 kr

MÚSIK & MYNDIR

...og fjöldi annarra titla

● **SKÍÐAVERTÍÐ HEFST Í HLÍÐARFJALLI** Vetur konungur er genginn í garð á Akureyri. Falleg snjódrífa liggur nú yfir Eyjafjarðarsvæðinu eftir snjókomu undanfarinna daga. Þá er snjóframleiðslan hafin í Hlíðarfjalli og snjóframleiðslukerfið látið ganga allan sólarhringinn þar sem nú er unnið hörðum höndum að því að gera skíðabrekkurnar klárar. Vonast er til að skíðavertíðin geti hafist laugardaginn 10. nóvember.

www.hlidarfjall.is

PENZIM™
Nærandi, græðandi og rakagefandi

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND
Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

PENZIM hefur sannað gildi sitt sem mýkjandi, nærandi og græðandi húð- og rakaáburður.

PENZIM er hrein, tær og litarlaus náttúrurvara byggð á vatni en ekki fitu.

PENZIM inniheldur engin ilmefni, litarefni, gerviefni eða rotvarnaefni sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum.

PENZIM inniheldur engar fitur, olíur eða kremblöndur sem geta smitað og eyðilagt flíkur eða rúmföt.

PENZIM hentar öllum óháð aldri og húðgerðum.

Penzim fæst í apótekum, heilsubúðum og verslunum Nóatúns um land allt.
penzim.is

Hundasleðarnir eru gríðarlega mikið notaðir á Grænlandi enda einn fárra farkosta sem nýtilegir eru í landinu.
MYND/LEIFUR ÖRN SVAVARSSON

Gengið um Grænland

Leifur Örn Svavarsson fjallaleiðsögumaður hefur farið í nokkrar gönguskíðaferðir til Grænlands og rifjar hér upp sína fyrstu ferð þangað og upplifunina sem hann varð fyrir í landinu.

Borgarísjakarnir geta verið geysifallegir þar sem þeir gnæfa upp úr sjónum.
MYND/LEIFUR ÖRN SVAVARSSON

„Íslenskir fjallaleiðsögumenn hafa boðið upp á skipulagðar gönguskíðaferðir til Ammassalik, oftast í kringum páska, og stefnum við að því að fara í slíka ferð um næstu páska," segir Leifur en aðeins tekur einn og hálfan klukkutíma að fljúga til Grænlands. „Í fyrstu ferðinni þangað fórum við beint úr flugvélinni inn í þyrlu sem flutti okkur í þorp sem núna er yfirgefið og heitir Kandortivit. Skíðunum á þyrlunni var bara tyllt niður og spaðarnir voru í gangi meðan við hoppuðum út. Síðan hvarf þyrlan yfir höfuð okkar og skildi okkur eftir í þögninni þar sem við vorum komin inn í allt annan menningarheim á ótrúlega stuttum tíma."

Leifur Örn Svavarsson fjallaleiðsögumaður hefur farið nokkrum sinnum til Grænlands og segir upplifunina jafnsterka í hvert skipti.

Leifur segir að á sama tíma og þyrlan hvarf úr augsýn hafi fólk á hundasleðum komið inn í þorpið úr veiði dagsins með fisk og seli sem gert var að fyrir utan hin örfáu hús þorpsins, í sólinni og hvítum snjónum. „Okkur fannst við vera komin áratugi aftur í tímann meðan við fylgdumst með þessu. Það var ekki bara landslagið sem var öðruvísi en við eigum að venjast með hvössum graníttindum og dal- og hvilftarjöklum í bröttum fjöllunum, sem teygja sig sumir alveg niður í sjó. Öll menning, fólk og tungumál var þannig að okkur fannst við vera komin í allt aðra heimsálfu þrátt fyrir þetta stutta flug," segir Leifur og bætir því við að þetta hafi verið fyrsta upplifun hópsins af þessu svæði og hún hafi verið jafnsterk í hvert skipti sem hann hafi farið til Grænlands.

„Við höfum lagað ferðir okkar að breyttum aðstæðum á Grænlandi því við hlýnun loftslagsins hefur lagnaðarísinn ekki verið nægilega traustur til ferðamennsku milli þorpa. Nú förum við því þvert yfir Ammassalik-eyjuna á landi og gistum alfarið inni í skálum á leiðinni," segir Leifur og bætir því við að hápunktur ferðarinnar sé þegar stoppað er í þorpi við Sermiligaaq-fjörðinn. „Það er mjög fallegur staður þar sem gríðarlega stórir borgarísjakar berast út fjörðinn. Við gistum í tvær nætur í þorpinu þannig að við höfum heilan dag til að ganga þar um á milli jakanna og skoða landslagið í kringum þorpið." Leifur segist stundum velta því fyrir sér þegar hann sitji úti í snjónum, í sínum hlýjustu fötum, hvernig í ósköpunum fólk gat lifað við frumstæðar aðstæður í þessu loftslagi. „Þarna hefur fólk búið kynslóð fram af kynslóð nánast við steinaldarskilyrði þar til fyrir rúmum hundrað árum," segir hann.

Grænland er kjörið til skíðagöngu þar sem yfirleitt er bjart og stillt veður svo útsýni er gott að öllu jöfnu.
MYND/LEIFUR ÖRN SVAVARSSON

„Gönguskíðaferðirnar okkar til Grænlands eru vikuferðir og hámarksfjöldi er tólf manns í hverjum hópi. Við erum með hundasleða með okkur sem taka allan farangur þannig að menn ganga bara léttir með dagsferðarbúnað fyrir daginn," segir Leifur og bætir því við að heilmikið sé fram undan hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum þannig að fólk ætti endilega að kynna sér ferðamöguleikana jafnt innanlands sem utan.

sigridurh@frettabladid.is

Margar ferðaskrifstofur bjóða upp á skíðaferðir til útlanda í vetur.

Á skíðum skemmti ég mér

Skíðaáhugamenn á höfuðborgarsvæðinu og víðar hafa orðið illa úti af snjóleysi hin síðari ár. Þar sem ekki hefur viðrað byrlega til skíðaiðkunar hefur áhugi fólks stóraukist á skíðaferðum til útlanda. Alparnir á Ítalíu, Sviss og Austurríki laða að með fallegum brekkum, lúxushótelum og góðum mat.

Ferðaskrifstofur hér á landi bjóða upp á sérstakar skíðaferðir til nokkurra áfangastaða. Hér eru taldar upp nokkrar þeirra:

Heimsferðir með ferðir til Alpanna nánar tiltekið Flachau, Lungau og Zell am See.

Úrval-Útsýn býður upp á ferðir til Selva Val Gardena og Madonna á Ítalíu, og Flachau, Kirchberg og Kitzbuhel í Austurríki. Þá er einnig boðið upp á ferðir til Andorra sem er nýjung í ferðum Úrvals-Útsýnar.

GB ferðir bjóða upp á skíðaferðir til Colorado í Bandaríkjunum.

Express ferðir eru með skíðaferð til Ischgl í austurrísku Ölpunum, Davos í Sviss, Lech í Austurríki og skíða- og brettaferð til Flims Laax í Sviss.

Ótal orð yfir vetur og snjó

Vetrarvefur Námsgagnastofnunar er fullur af fróðleik fyrir krakka sem nú fagna vetri.

Námsgagnastofnun heldur úti umfangsmikilli heimasíðu með ýmsum flokkum og undirvefjum. Vetrarvefurinn er einn þeirra og hefur verið starfræktur frá janúar í ár.

Vefurinn tekur fyrir þætti eins og árstíðaskipti í heiminum, hvernig snjór verður til og fjallar um ýmis íslensk orð yfir veður og snjó. Vefurinn var gerður í samstarfi við Veðurstofu Íslands og að sögn forsvarsmanna hjá Námsgagnastofnun hefur almenningur tekið hressilega við sér og hefur greinilega sterkar skoðanir á hvernig talað er um vetur og snjó.

Vefurinn er sérstaklega hugsaður fyrir börn á yngsta og miðstigi grunnskólanna og markmiðið er að gera upplýsingar um veðrið aðgengilegt fyrir þennan hóp.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Námsgagnastofnunar þar sem smellt er á „Í dagsins önn“. Þar undir er meðal annars að finna Vetrarvefinn. www.nams.is

- rh

● SNJÓKARLAR

eru tákn vetrarins og jólanna enda ófá jólakort skreytt með þessum skemmtilegu körlum, já og kerlingum. Stærsti snjókarl í heimi var hlaðinn árið 1999 í Bandaríkjunum. Hann var kallaður Angus, konungur fjallanna, og var tæpir 35 metrar á hæð. Snjókarlar hafa víða komið við sögu í kvikmyndum, bókum og teiknimyndasögum. Nýlegustu dæmin eru líklega kvikmyndin Jack Frost frá 1998 þar sem

Michael Keaton breytist í snjókarl þegar hann deyr. Þá koma snjókarlar einnig oft við sögu í teiknimyndunum um Calvin og Hobbes. Svo þekkja auðvitað allir sönginn um Snæfinn snjókarl:

Snæfinnur snjókarl
var með snjáðan pípuhatt,
Gekk í gömlum skóm
og með grófum róm
gat hann talað, rétt og hratt.
„Snæfinnur snjókarl!
Bara sniðugt ævintýr,“
segja margir menn,
en við munum enn
hve hann mildur var og hýr.

Nýtt!
PÚLSÞJÁLFUN
Örugg leið til árangurs

NORDICASPA

Fjögurra vikna lúxusnámskeið
fyrir konur og karla

Púlsþjálfun – brennsla og styrking. Þrír hóptómar í viku með áherslu á brennslu, þol og styrk. Þú æfir alltaf með púlsmæli til þess að tryggja að þú sért í hámarksfitubrennslu. Öruggasta leiðin til að æfa á réttu álagsstigi.
Styrktaræfingar/Supersett. Til að hámarka brennslu og styrk, tveir tímar í tækjasal undir leiðsögn þjálfara.
Vikuleg mæling. Vigtun, fitu- og ummálsmæling.
Ítarlega næringarráðgjöf – 2 frábærir fyrirlestrar um líkamann, næringuna og hugann.
Lífsorka. Lærðu að borða rétt til þess að auka brennsluna, bæta meltinguna, auka orkuna, bæta svefn og minnka sykurþörf.

Leyndarmálið. Að virkja kraft hugans og temja sér hugsunarhátt sem veitir þér það sem þú þráir.
Vikulegur fróðleikur – Einfaldar uppskriftir ásamt góðum ráðum.
Heilsudrykkur í lok hverrar æfingar.
Slökun og herðanudd í pottunum eftir æfingu.
Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon einkaþjálfari.
Takmarkaður fjöldi í hverjum hópi.
Tímar kl. 6:30, 7:30, 10:00. 16:30 og 18:30.

Ný námskeið hefjast 5. nóvember.
Skráning er hafin í síma 4445090 eða nordicaspa@nordicaspa.is

Smáfuglarnir eru mættir í mat

Á veturna sækja smáfuglarnir í garða víðs vegar um landið og þá getur verið gaman að setja upp fuglahús eða bretti og gefa þeim örlítið í gogginn.

„Margir fóðra smáfugla ár eftir ár og finnst gaman að fá þá í mat. Þess vegna er mikilvægt að bjóða fuglana velkomna með góðri aðstöðu og vanda fóðrið," segir Einar Ó. Þorleifsson, náttúrufræðingur hjá Fuglavernd.

Helstu garðfuglarnir á Íslandi eru skógarþrestir, auðnutittlingar og starrar og Einar segir það mikilvægt að fuglarnir séu fóðraðir daglega svo þeir eyði ekki orku í fæðuleit. „Fuglarnir vilja helst mjúkt fæði, haframjöl, brauðmola og kartöflur. Auk þess sem matarafgangar eins og kjöt og fita hakkað saman eru góður orkugjafi. Fuglarnir þurfa fitu á veturna og þess vegna er gott að dýfa brauðinu í matarolíu og blanda henni í annað fæði," segir Einar og bætir við: „Mörgum fuglum finnst líka gott að fá epli og rúsínur. Það laðar líka að sjaldséða og skrautlega fugla eins og silkitopp, svartþresti og gráþresti. Hins vegar er best að gefa snjótittlingum fræ á bersvæði og fóðra auðnutittlinga með fræjum úr þar til gerðum fóðrara."

Bústnir auðnutittlingar gæða sér á fóðri í snjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Til þess að fuglarnir nái að matast er mikilvægt að þeir hafi greiðan aðgang að fóðrinu og þá eru bæði fóðurbretti, hús og fuglafóðrarar tilvalin lausn. Fóðurbrettin fást í ýmsum búsáhalda- og byggingarvöruverslunum en síðan er líka gaman að smíða sín eigin með krökkunum og muna að þrífa þau þegar milt er í veðri.

Brettið á að vera 60-80 cm á lengd og 50 cm á breidd með köntum svo fóðrið fjúki ekki burt. Síðan er það fest á 1,5 m háa stöng, svo kisa nái ekki til, og stungið ofan í jörðina. Þá þarf fólk að vera vakandi fyrir því að setja bjöllur á kisurnar sínar.

Fuglahús eru af öllum stærðum og gerðum og þar verpa sumir fuglar eggjum. Á vef Fuglaverndar má sjá nokkrar tegundir af húsum og þau er einnig hægt að búa til heima. „Fuglarnir þurfa að snyrta fjaðrirnar vel allan ársins hring og þá getur verið gott fyrir þá að komast í bað enda sérstaklega mikilvægt á veturna til þess að fiðrið haldi einangrunargildinu," segir Einar og heldur áfram: „Best er að hafa fuglabaðið nokkra sentimetra hátt og síðan þarf vatnið alltaf að vera hreint og má ekki vera klístrað svo þeir geti líka fengið sér að drekka."

Einar Ó. Þorleifsson, náttúrufræðingur hjá Fuglavernd, hlakkar til að taka á móti garðfuglunum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fram undan er margt spennandi hjá Fuglavernd, meðal annars nýtt tímarit og fyrirlestrar. „Við erum nýbúin að gefa út garðfuglabæklinginn endurskoðaðan. Síðan er fram undan tímaritið okkar Fuglar og í næstu viku erum við með fyrirlestur í sal Kennaraháskólans þar sem Guðmundur A. Guðmundsson mun fjalla um ferð sína um heimskautalöndin og náttúrufarið þar," segir Einar en nánari upplýsingar um dagskrá félagsins er að finna á www.fuglavernd.is.

Upplýsingar um íslenska fugla er að finna á vef Námsgagnastofnunar: www.nams.is/fuglar

rh@frettabladid.is

KVEF?

NEFÚÐI HÁLSTÖFLUR VERKJALYF FRUNSUKREM

Það er engin ástæða til að láta sér líða illa.
Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Vectavir krem er áhrifarík lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Otrivin nefúðinn og nefdropar nir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

MAX VERÐHRUN!

Uppþvottavél

Siemens SE23E23120
- Þriggja kerfa uppþvottavél
- Þvotthæfni A
- Þurrkhæfni B
- Orkunýting A
- Vatnsflæðivörn
- Toppplata fylgir

39.989 kr.
Fullt verð ~~59.989~~

100 íslensk barnalög
Nýtt á CD
5 diskar
1.989 kr.
Fullt verð ~~3.299~~

Ferða hárblásari

Remington D02019
- 1800W ferðahárblásari
- Tveggja hita - tveir hraðar
- Spenna - 120/230-240V
- Takki fyrir kalt loft
- Hitadreifari fyrir sítt hár
- Klær fyrir EUR/UK, EUR/USA

2.489 kr.
Fullt verð ~~3.989~~

Úrval tónlistar á CD og DVD

Andrea Bocelli - Vivere

1.889 kr.
Fullt verð ~~2.499~~

Manstu gamla daga

1.489 kr.
Fullt verð ~~1.999~~

178 sm kæliskápur

Whirlpool ARC1699
- 179sm kæliskápur
- Kælir 375 lítrar
- Orkunýting A
- Hljóð: 40dB
- 5 Glerhillur
- Mál (hxbxd): 179x59,6x60,6

49.989 kr.
Fullt verð ~~69.989~~

Philips LCD

Philips 37PFL5322
- 37" LCD breiðtjaldssjónvarp
- Pixel Plus HD
- HD Ready
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Skerpa: 5.000:1 - svartími: 6ms
- Active Control og ljósskynjari
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

Nýtt á CD/DVD
2xCD
1xDVD

Ný dönsk - 1987-2007

1.989 kr.
Fullt verð ~~3.299~~

Nýdönsk öll frá upphafi ... Músíkin og myndböndin

Opnunartími

Mánudaga	kl. 11-19	Fimmtudaga	kl. 11-22
Þriðjudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Miðvikudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
		Sunnudaga	kl. 12-18

Fim

MAX / Kauptúni 1
210 Garðabæ
Sími 412 2200

VERÐHRUN!
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI

læsan á menningu annarra þjóða og gerði mig þakklátari. Ég hvet alla til að fara í svona ferð. Ég er samt helvíti hrædd um að ég sé komin á fulla ferð í neyslusamfélaginu á ný en samt er ég meðvituð um það og er því stöðugt á bremsunni."

Meðan á ferðinni stóð bloggaði Andrea. Þegar heim kom settist hún við skriftir og skrifaði bókina, Spenntu beltin – til Asíu með Andreu Róberts, sem kom út hjá JPV fyrir síðustu jól.

„Ég er algjör busi í bókabransanum og er ekki viss um að þessi bók hefði átt að vera í jólabókaflóðinu. Kannski átti hún betur heima í jólabókafjörunni. Bókin átti að hvetja fólk til að ferðast og í henni má finna margar gagnlegar upplýsingar um bakpokaferðalag. Það prumpaði einn gagnrýnandi á bókina en Silja Aðalsteins, bókaormur Íslands, kom þá og hældi bókinni á heimasíðu sinni, www.tmm.is, fyrir það sem hún var. Silja taldi blaðamanninn ekki vera að rýna til gagns og hún var ekki ein um það, það voru margir glaðir með bókina. Samt fannst mér þessi mikli metnaður bókaútgáfunnar detta niður í kjölfarið og bókin var sama og ekkert auglýst. Ég er lítið að velta mér upp úr því hvað gerst hefur og segi sjaldan „hefði" heldur dreg af þessu mikinn lærdóm. Ég er tilfinningahlunkur en ég meina, það eru engin leiðindi. Mér þótti ótrúlega vænt um ummæli Silju og síðan þykir mér frábært að hafa fengið bréf og póst frá fólki sem fór í ferðalag eftir mína hvatningu og sagðist ekki hafa getað gert það án minna ráða. Ég er þakklát fyrir þetta tækifæri og dæmi hver fyrir sig, bókin á að vera til í betri bókabúðum. Ég útiloka ekki aðra bók en þá verður margt gert öðruvísi en ég held að ég geri bíómynd fyrst," segir hún með dularfullum rómi.

„Ég hef verið að vinna að handriti í nokkur ár og verð að fara að finna mér tíma til að klára það. Geri ráð fyrir að það þarfnist andlitslyftingar þar sem það er líklega farið að slá aðeins í það."

Hlakkar til að útskrifast

Um þessar mundir er Andrea að ljúka meistaranámi í mannauðsstjórnun við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. „Námið hefur verið ótrúlega gefandi en það má kannski segja að mér hafi stundum liðið eins og fíl í kristalsverslun þar sem einstaklingshyggja er áberandi innan mannauðsstjórnunar. Ég gef nefnilega lítið fyrir einstaklingshyggju þar sem sumir eru jafnari en aðrir. Ég hef upplifað valkvíða þegar ég hef þurft að velja á milli spennandi námsleiða og námskeiða. Áhugasvið mitt er breitt og mig grunar að ég sé ekki hætt. Próf er ein súrsætasta tilfinning sem ég hef kynnst; eftir síðasta próf á önn eða skil á stóru verkefni fæ ég svaðalegt kikk og upplifi sæluvímu. Ég er mikið fyrir að fá tíu."

Þrátt fyrir það er hún ekki búin að ákveða hvað hún ætlar að verða þegar hún verður stór.

„Mig grunar að ég eigi eftir að vinna í starfsmannamálum eða við einhvers konar hönnun. Það er margt sem kemur til greina þar sem ég hef mikinn metnað fyrir hönd míns sjálfs en einnig fyrir hönd annarra."

Fór út af sporinu

Það er vel á annan áratug síðan fótleggir Andreu voru meðal annars valdir flottustu leggirnir í Fegurðarsamkeppni Íslands. Áratug síðar hefur hún allt aðrar skoðanir.

„Það má frekar segja að ég hafi farið út af brautinni. Ég var helvíti gott efni í femínista en síðan grunar mig að ég hafi dottið á hausinn. Ég sé samt ekki eftir neinu sem ég hef gert því það hefur gert mig að því sem ég er í dag. Ég hefði þó stundum átt að hlusta betur á eigið brjóstvit og síðan hefði verið helvíti huggulegt að hafa fundið orðin fyrr en það gerði ég í kynjafræðinni. Mér líður betur í eigin skinni með aldrinum og hef mikinn áhuga á að berjast fyrir viðurkenndri samfélagsstöðu kvenna og fullu jafnrétti. Samkvæmt bókstafnum eru íslenskar konur nú vel varðar lagalega séð fyrir kynjamisrétti en niðurstöður rannsókna sýna fram á stöðnun og bakslag. Ég sit í stjórn Unifem sem er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna og finnst mikilvægt að leggja mitt af mörkum. Árið 2000 dóu fimm konur á Indlandi

dag hvern vegna „slysabruna" í eldhúsi sem eiginmenn eða tengdaforeldrar ollu, tvær milljónir stúlkna eru umskornar á hverju ári og talið er að ofbeldi gegn konum dragi jafnmargar konur til dauða á alheimsvísu og krabbamein. Meðan að ástandið er svona finnst mér full ástæða til að ljá krafta mína í baráttunni fyrir betri heimi."

Þótt Andrea sé rétt skriðin yfir þrítugt hefur hún verið lengi í umræðunni. Hún var mjög áberandi í skemmtanalífinu og það var varla hægt að opna blað nema að rekast á mynd af henni.

„Það er ekki eins og ég hafi verið alveg: „Hei, hér er ég – taktu mynd!"" segir hún og hlær og bætir við: „Að stórum hluta held ég að þetta tengist fjölmiðlastarfinu þar sem erfitt er að neita um viðtal þegar þú vinnur sjálf við að fá fólk í viðtal. Svo stjórnar þú umræðunni ekki beint sjálf. Ég komst snemma inn á skemmtistaðina, var á undan í skóla, oftast með eldra fólki og fullorðinsleg miðað við aldur. Það var ávísun á inngöngu á skemmtistaðina. Mér finnst ég hafa verið svo lengi til. Ætli fólk haldi ekki bara að ég sé sextug eða eitthvað."

Ertu hætt að djamma?

„Nei, nei, en að vakna snemma um helgar er snilld og ég vil frekar eiga innileg samtöl og vera í matarboði með góðum vinum í heimahúsi eða á næsta bæ. Mitt djamm er ekki endilega að vera full í glansgalla í miðbænum eða díla við slefandi fólk á skemmtistað. Það er samt nauðsynlegt annað slagið."

Í gegnum tíðina hefur Andrea verið fastagestur á listum yfir best klæddu konur landsins. Hún segist þó alls ekki eyða miklu í föt en hennar fatamottó er að föt séu ekki dýr ef þau eru bara notuð nógu mikið.

„Ég kaupi alveg meiri háttar lítið af fötum. Ég breyti og hanna slatta sjálf og finnst það gaman. Er dugleg að blanda og svo er ég svo heppin að vera Þórhallur miðill þegar kemur að fötum, ég veit yfirleitt hvað er í tísku eftir tvö ár. Þannig hefur það alltaf verið og því fæ ég oft föt á mörkuðum og annars staðar á klink. Fatnaður er mjög merkingarbær og ég er meðvituð um að samfélagið tekur á móti manni á ólíkan máta eftir útliti og klæðaburði. Mér finnst gaman að vera í fötum sem ekki allir eru í, annars er ég lítið að hamast í lúkkinu og legg áherslu á þægindi. Flottasta útkoman er þegar ég tek mig til á örskotsstundu."

Þegar hún er spurð út í hvernig við hinar eigum að vera í vetur mælir hún með fötum í anda Jacqueline Kennedy og Audrey Hepburn. Þá vitum við það!

martamaria@365.is

Italsofa

The Italian touch

nýjar sendingar af sófasettum og hornsófum

Verð kr. 332.000.-

Leðurhornsófi

Verð kr. 310.000.-

Leðurhornsófi 2+H+2

Verð kr. 250.000.-

Leðurhornsófi

Verð kr. 329.000.-

Leðursófasett 3+1+1

Verð kr. 222.000.-

Sófi með tungu og skemmli.

Verð kr. 228.000.-

Hornsófi sem hægt er að breyta í rúm

Verð kr. 290.000.-

Leðursófasett 3+1+1.

Verð kr. 330.000.-

Leðursófasett 3+1+1.

Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum

Italsofa The Italian touch Frábært verð og gæði

www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Valhúsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

HEITUSTU PIPARSVEINAR LANDSINS

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON LEIKARI

Glaðlegi grínarinn Pétur Jóhann Sigfússon hefur ekki enn fundið hina einu sönnu ást í lífinu. Sagt er að hláturinn lengi lífið og eitt er víst að sú heppna mun lifa vel og lengi með Pétri. Pétur hefur heldur betur slegið í gegn sem leikari og er nú tilnefndur til Edduverðlaunanna fyrir stjörnuleik sinn í Næturvaktinni. Pétur þykir afar heillandi og uppátækjasamur og er góður karlkostur fyrir hverja hláturmilda konu og hver veit nema að hann bregði sér í líki villikattarins góðkunna á góðum degi, eitt er víst að sá villiköttur inniheldur ekki margar kaloríur.

VIGNIR SVAVARSSON HANDBOLTAMAÐUR

Hann er ekki bara handboltakappi heldur Hafnfirðingur og golfari með meiru og hefur heillað marga stúlkuna með töktum sínum innan vallar sem utan. Hann þykir með eindæmum myndarlegur og ekki spilla breiðar karlmannlegar axlir fyrir honum. Vignir hefur mikla unun af mat og matargerð og því gæti leiðin að hjartanu farið í gegnum magann. Faðmur hans er efalaust einn af þeim heitustu á landinu og sú kona sem mun krækja í hann verður ekki svikinn enda toppleikmaður á ferð sem reikar einsamall um enn sem komið er.

KARL SIGURÐSSON BAGGALÚTUR

Baggalúturinn glaðhýri, Karl Sigurðsson, eða Kalli eins og hann er kallaður, hefur boðað alla íslensku þjóðina með sér í gamlárspartí við miklar vinsældir án þess þó að rekast á yngismey sem hann hefur viljað fagna með næstu 30 áramótum eða svo. Ómþýð rödd hans og glaðleg augun bræða hverja þá konu sem kynnist Baggalútnum síkáta og ætti hann að geta sungið sig inn í hjarta hverrar tengdamóður án þess að blikna.

Það þýðir ekkert fyrir kvenpeninginn að kvarta yfir dræmu úrvali á markaðnum. Sirkus tók saman heitustu piparsveinana og eins og listinn sýnir þá eru engar smámurtur í boði heldur stórlaxar.

ORRI HAUKSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI

Framkvæmdastjórinn Orri Hauksson kemur ár sinni vel fyrir borð hvar sem hann stígur fæti. Hann var á sínum tíma aðstoðarmaður forsætisráðherra í tíð Davíðs Oddssonar og er fyrrverandi framkvæmdastjóri Símans og er nú eigandi Tæknivara. Orri þykir einstaklega vel gefinn og kemur vel fyrir sig orði. Hann er mikill aðdáandi hljómsveitarinnar Duran Duran og því gæti hliðartagl og snefill af 80's stemningu hitt Orra beint í hjartastað.

MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON LEIKHÚSSTJÓRI

Hann er búinn að sanna sig en hann var lengi ein af vonarstjörnum íslensks leikhússlífs. Gárungar segja hann næsta Borgarleikhússtjóra en það verður tíminn að leiða í ljós. Eftir að Magnús fluttist norður um heiðar hefur aðsókn í leikhúsið þar margfaldast og þykir hann mikill kraftaverkamaður í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur. Svo spillir útlitið ekki fyrir honum. Sú kona sem mun vinna hug og hjarta leikhússtjórans mun eiga blómlegt og fagurt leiksvið fyrir höndum í framtíðinni.

GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON ATHAFNAMAÐUR

Galdrakarlinn oftast kenndur við Oz hefur ekki framið ástargaldurinn í lífinu. Hann hefur hins vegar náð langt í tölvubransanum og hefur heldur betur rétt úr kútnum eftir að Oz-ævintýrið leið undir lok. Guðjón festi kaup á Næpunni í Þingholtunum fyrir nokkrum misserum, sem endurspeglar fágaðan smekk hans og næmt auga. Galdrahöllin þykir eitt fegursta hús Reykjavíkur og ætti að rýma mikið af ást.

FJÖLNIR ÞORGEIRSSON ATHAFNAMAÐUR

Hestamaðurinn Fjölnir Þorgeirsson er sannur íslenskur víkingur. Hann hefur marga fjöruna sopið þegar kemur að kvennamálum og þekkir kvenmannshjartað af dýpstu raun. Fjölnir þykir herramaður af guðs náð og ekki spillir karlmannlegur vöxtur hans, sem lætur hverja konu kikna í hnjánum. Á meðan Fjölnir riddari þeytist um á hvíta hestinum einsamall ætti engin kona að örvænta.

JÓN ARNÓR STEFÁNSSON KÖRFUBOLTAMAÐUR

Körfuknattleikskappinn Jón Arnór Stefánsson er talinn einn af efnilegustu íþróttamönnum sem Ísland hefur getið af sér. Jón Arnór hefur sagt skilið við Ameríkuna og NBA-deildina og leikur nú körfuna í mekka Húlíóanna, Róm á Ítalíu, þar sem hann gefur hinum súkkulaðibrúnu sísætu töffurum ekkert eftir. Kappinn þykir svo heillandi og myndarlegur að stúlkur hafa sett mynd af piltinum á desktoppið hjá sér og sumar hverjar hafa sofið með mynd af honum undir koddanum.



GUÐMUNDUR ARNARSSON, RITSTJÓRI GOLFBLAÐSINS

Hann hefur ekki slegið hina einu réttu holu í lífinu enn þá en hefur sveiflu sem leynist engum þeim sem til hans þekkja. Hann þykir hrókur alls fagnaðar á mannamótum og vinirnir sogast að honum. Guðmundur er ekki bara fjallmyndarlegur heldur er hann með höfuðið rétt skrúfað á þegar kemur að húmor og orðheppni. Þeirri sem kræki í Guðmund ætti ekki að leiðast eina mínútu.

Á morgun, laugardag.

Kántrýball að hætti Klaufanna

Staður: Ásvellir Hafnarfirði (Haukahúsið).

Klaufarnir frá Selfossi. Gáfu út plötuna
„Hamingjan er björt“ nú í sumar og er lagið *„Búkalú“,*
af þeirri plötu, eitt mest spilaða lagið í útvarpinu.

Gestasöngvarar:
Birgitta Haukdal og Tamra Rosanes sem er frægasta kántrýsöngkona Dana og mjög þekkt víðar.

Kynnir:
Guðmundur Ingi Þorvaldsson, leikari, tónlistarmaður og umfram allt kúreki.
Íslenskir kúrekar mæta á svæðið.

Tími: 23.00 opnar húsið.
Tónleikarnir eru sendir beint út á Rás 2 og hefst útsending 00.15
Veitingar seldar á staðnum.

sirkus STJÓRINN

Hverjir voru hvar

Helgin var þéttsetin hjá sirkusstjóranum sem hefði ekkert haft á móti einu ullar-sirkustjaldi eða svo til að ylja sér á þegar ferðast var á milli staða síðustu helgi.

Það var fjölbreytt mannhaf á Boston sl.föstudagskvöld og margir sem sóttu þar í brjóstbirtu og hlýju. **Friðrik Sophusson** leit þar inn með dóttur sinni, Gabríelu Friðriksdóttur myndlistar-manni og Baggalúturinn Karl Sigurðsson var þar í góðum gír. Dansleikur Heimilistóna sem fór fram í lðnó á laugardagskvöldið hleypti heldur betur blóðinu af stað í æðum sirkusstjórans. Hljómsveitarmeðlimirnir, leikkonurnar Elva Ósk, Katla Margrét, Ólafía Hrönn, Vigdís Gunnars og Ragga Gísla, skörtuðu sínu fegursta eins og þeirra er von og vísa og héldu uppi miklu stuði ásamt góðum gestum. Þær stöllur

Elma Lísa Gunnarsdóttir og Edda Eyjólfsdóttir leikkona stigu trylltan „gógó"-dans með bandinu og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona tók lagið við mikla hrifningu viðstaddra. Rokkdrottingin **Andrea Jónsdóttir** lét ekki sitt eftir liggja og þeytti skífum í pásum hljómsveitarinnar. Grænmetisdrottingin Valentína Björnsdóttir hjá Móður náttúru sýndi flotta takta á dansgólfinu. Leikararnir **Björn Hlynur**, Kjartan Guðjóns, **Nína Dögg** og Edda Arnljóts létu þetta samkvæmi ekki fram hjá sér fara sem og stjörnulög-fræðingurinn Sveinn Andri Sveinsson sem hafði pússað dansskóna svo um munaði.

Eftir svita og hita hélt sirkusstjórinn á Ölstofuna, en þar sást til Silju Hauksdótt-ur leikstýru og Hörpu Þórsdóttur, framleiðanda hjá Saga film. Þegar líða tók á nóttina skaut Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður inn kollinum og hleypti hressum straumum inn á ölið sem var annars frekar rólegt þetta kvöld.

Opnun á IPK Heimili og hugmyndir

Verslunin IPK Heimili og hugmyndir var opnuð í vikunni með pomp og prakt. Verslunin selur vandaðar heimilisvörur á viðráðanlegu verði. Margt var um manninn á opnuninni og notalegt andrúmsloft verslunarinnar umvafði gesti og gangandi.

OPNUN VERSLUNAR, HUGMYNDIR OG HEIMILI Mikið hefur verið lagt í umgjörð verslunarinnar og góðar hugmyndir leynast í hverju horni. MYNDIR/VÖLUNDUR

OPNUN VERSLUNAR, HUGMYNDIR OG HEIMILI Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður og austurríski vínbóndinn Hubert Sandhofer skáluðu í eðalvíni ræktuðu frá Hubert sjálfum. Það er gaman að sjá hvernig Kristín brýtur upp svartan klæðnaðinn með þessu rómantíska armbandi og hringnum sem hún ber.

OPNUN VERSLUNAR, HUGMYNDIR OG HEIMILI Björg Þórhallsdóttir óperusöngkona og Steinunn Birna Ragnardóttir pianóleikari stilltu saman strengi sína.

OPNUN VERSLUNAR, HUGMYNDIR OG HEIMILI Ástin skein af Ragnhildi Gísladóttur og Birki Kristinssyni. Takið eftir undurfögru hálsskrauti Ragnhildar.

Pinnahælar eru ekki búnir að vera

MYNDIR/ GETTY IMAGES

Á tískuvikunni á Ítalíu á dögunum sýndi ítalska hátískumerkið GUCCI vorlínu 2008. Það vakti athygli hvað pinnahælar voru áberandi en margir tískuspekúlantar voru búnir að úrskurða þá dauða. Nei, aldeilis ekki, GUCCI lýgur ekki. Á sýningunni var líka mikið um bleika tóna, stuttar buxur og dömuleg snið. Glamúr-gellur sem elska pinnahæla og bleika liti geta því glaðst allhressilega yfir þessum fregnum

Helgin mín

Afmælisþema um helgina

„Ég verð með lítið matarboð á laugardaginn þar sem ég átti afmæli í vikunni. Síðan ætlar maðurinn minn að bjóða mér út að borða á sunnudaginn af sama tilefni. Hver veit nema að maður skelli sér í sund, það er svo gott svona um helgar."

BRYNJA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR, BLAÐAMAÐUR Á ÍSAFOLD.

Aðallega vinnuhelgi

„Helgin mun einkennast mest af vinnu hjá mér. Ég er að sýna í Borgarleikhúsinu í sýningunni „Viltu finna milljón?" og önnur sería Sigtisins (þriggja diska eðalútgáfa) kemur út á DVD núna 1. nóvember og af því tilefni munum við Sigtis-bræður hittast og leggja á ráðin um hvernig sé vænlegast að herja á landann. Ef tími gefst mun ég síðan reyna að gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni."

GUNNAR HANSSON, LEIKARI OG ÞÁTTASTJÓRNANDI.

TAKTU LAUGARDAGINN FRÁ

CULT OG SMIRNOFF KYNNA DJ SIMON OG DJ DAÐA FRÁ KÖBEN Á

OLIVER

NÚNA LAUGARDAGINN 3. NÓVEMBER!

CULT, SMIRNOFF OG CAFE OLIVER...FULLKOMIN BLANDA

OLIVER
BAR CAFÉ GRILL
www.cafeoliver.is
cafeoliver@cafeoliver.is

Mælum með

„Ég mæli með Fair trade-búðinni. Með því að versla fair trade-vörur er maður að stuðla að því að fólk annars staðar í heiminum fái mannsæmandi laun fyrir vinnuna sína, auk þess sem hluti af hagnaðinum fer í að byggja upp samfélögin þar sem vörurnar eru framleiddar. Fyrir utan það hve málstaðurinn er góður þá er þetta líka vönduð og falleg vara.“

ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR BACHMANN
leikkona.

„Ég mæli með því að fólk skelli sér á Hótel Búðir og njóti náttúrunnar og matarins þar. Þar er himneskt að vera, sérstaklega eftir að snjórinn kom í fjöllin. Maturinn á Búðum er yndislegur og get ég mælt með kenjum kokksins sem er ævintýralegur góður matur. Svo er einstaklega skemmtilegt að hlusta á yfirþjóninn því hann veit hreinlega allt um vín.“

ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR
leikkona.

„Mæli með OSushi the Train í Iðuhúsinu. Ég reyni að borða fisk reglulega og fátt jafnast á við gott sushi. OSushi hefur bætt matarmenninguna á Íslandi með frábæru sushi sem er á góðu verði. Fljótlegt og hollt í hádeginu.“

DAGMAR UNA ÓLAFSDÓTTIR
verslunarkona.

„Ég mæli með myndinni The Secret. Þetta er frábær mynd sem allir ættu að sjá og fara eftir. Þetta er leyndarmál sem við ættum öll að vita af.“

KARL BERNDSEN
förðunarfræðingur.

Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus
www.klingenberg.is

WWW.KLINGENBERG.IS

Fallegasta sál landsins

„Einar Bárðarson er ein fallegasta sál þessa lands,“ segir Sigríður Klingenberg um athafnamanninn. „Einar er andleg týpa, dálítið dulrænn, næmur á fólk og getur þar af leiðandi veðjað á réttan hest þegar þar að kemur. Hans helsti veikleiki er að hann segir já við alla og tekur stundum að sér meira en góðu hófi gegnir. Hann hefur ómælda bjartsýni fyrir öllu sem hann tekur sér fyrir hendur og þess vegna gerast hlutirnir hjá honum. Hann hefur stundum eytt of miklum peningum í bjartsýnisköstin sín svo það hefur verið hans helsta áhyggjumál. Þetta er hins vegar komið til með að leysast 1,2 og 3 þar sem hinir ýmsu fjárfestar eiga eftir að hafa mikinn áhuga á honum og sjá hversu mikill prýðispiltur þetta er. Fley hans mun sigla seglum þöndum um allan heim þar sem hann mun negla á himnafestingarnar hinar ýmsu stjörnur sem eiga eftir að þakka honum mikinn part í frama sínum og lífi. Einar er fram úr hófi rómantískur og miðað við talna- og stafaspeki FRÁBÆR elskhugi, bæði hugmyndaríkur og lipur í sekknum. Hann er að fara á strembið ár á næstunni, þar sem hann þarf að læra að fá aðra til að vinna því hann á bara að stjórna. Hann mun líka stofna nýtt fyrirtæki sem gæti starfað á erlendri grundu og verður það happadrjúgt. Halelúja, Einar Bárðarson.“

EINAR BÁRÐARSON „Einar er fram úr hófi rómantískur og miðað við talna- og stafaspeki FRÁBÆR elskhugi, bæði hugmyndaríkur og lipur í sekknum,“ segir frú Klingenberg um athafnamanninn.

VALLI SPORT OG SIGGI HLÖ ERU PLÖTUSNÚÐAR Á DISKÓKVÖLDI Á GAUKNUM

Fengu nýtt hár

Stuðpinnarnir Siggi Hlö og Valli sport hafa engu gleymt þótt hárið sé farið að hvítna í vöngum. Á morgun ætla þeir að troða upp á Gauki á Stöng með ógurlegu diskóballi þar sem þeir setja sig í stellingar plötusnúða. Af því tilefni létu þeir klippa sig í anda diskótímans.

„Við vorum fengnir til að spila á Queen-kvöldi á Players um daginn þar sem Eiríkur Hauksson, Magni og Jónsi voru að syngja og við að DJ-ast á undan og í hléi. Stemningin var svo gríðarleg, en það mættu um þúsund manns á þessa uppákomu, að okkur langaði til að gera eitt stórt ball eins og í gamla daga,“ segir Valli sport og bætir við að þetta sé svona „Leikhúskjallarastemning“ fyrir þá sem muna eftir því.

„Við erum í þessu til að skemmta fólki og fíflast, hoppa og láta öllum illum látum. Hjá okkur mega menn vera asnalegir og sleppa sér. Enginn þarf að reyna að halda kúlinu, það tapa því flestir strax hvort sem er þegar fjörið byrjar. Við munum gefa 500 fyrstu gestum kvöldsins geisladiskinn með nýju syrpunni okkar ásamt því að þeir sem mæta snemma fá að smakka Gordon's Space-drykkinn og hlusta á Kidda Bigfoot sem mun hita upp fyrir okkur.“

Þeir félagar lofa því að vera í karakter allan tímann en fyrr í vikunni fóru þeir í ekta diskóklippingu en þeir voru búnir að safna hári í þónokkurn tíma.

„Siggi tekur þetta aðeins meira út í tískupönkið sem var í gangi um 1984. Báðir höfum við verið með mottu í meira en mánuð og blöndum þessu saman við mottukeppni auglýsingastofunnar Pipars, en þar eru allir karlmenn með mottu þessa dagana. Mottukeppnin endar á þessu kvöldi og er frítt inn fyrir alla sem eru með mottu.“

Þeir félagar segjast finna fyrir miklum spenningi vegna diskókvöldsins enda ekki á hverjum degi sem Hollywood-kynslóðin fær að sletta úr klaufunum á dansstöðum bæjarins.

MEÐ MOTTU OG ALLT
Valli sport og Siggi Hlö eru farnir að hlakka til kvöldsins en þeir lofa því að margir þekktir einstaklingar muni verða á svæðinu.

„Það hafa margir þekktir einstaklingar boðað komu sína og það er aldrei að vita hver tekur lagið og hver tekur í græjurnar,“ segir Valli alsæll með nýju hárgreiðsluna sína.

martamaria@365.is

SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. HANNES HEIMIR VIRÐIST ÓSIGRANDI EN HANN HEFUR UNNIÐ SEX MÓTHERJA. HELGI SELJAN Á HINS VEGAR METIÐ, 8 SIGRA. HÉR REYNIR STEINN ÁRMANN VIÐ HANNES.

1. Hvað heitir þriðja sólóplata Mugison?
2. Hver skrifaði bókina Verónika ákveður að deyja?
3. Hvaða ár hóf Stöð 2 útsendingar?
4. Hvaða kvikmynd fékk flestar Eddutilnefningar í ár?
5. Hverjir eru Brooklyn, Romeo og Cruz?
6. Hver stjórnar þættinum Ertu skarpari en skólakrakki á Skjá einum?
7. Hver leikur aðalhlutverkið í The Heartbreak Kid?
8. Hver var nýlega ráðinn knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarliðsins Bolton?
9. Hver er söngvari Metallica?
10. Hvenær var fyrsti vetrardagur?

Rétt svör: 1. Mugiboogie. **2.** Paulo Coelho. **3.** 1986. **4.** Veðramót. **5.** Synir Beckhamhjónanna. **6.** Gunnar Hansson. **7.** Ben Stiller. **8.** Gary Megson. **9.** James Hetfield. **10.** 27. október.

■ Hannes Heimir 9 RÉTT SVÖR

1. Mugiboogie.
2. Paulo Coelho.
3. 1986.
4. Veðramót.
5. Börn Davids og Victoriu Beckham.
6. Gunnar Hansson.
7. Ben Stiller.
8. Gary Megson.
9. James Hetfield.
10. 15. okt.

■ Steinn Ármann 6 RÉTT SVÖR

1. Mugiboogie.
2. Ekki hugmynd.
3. 1985.
4. Veðramót.
5. Beckham-drengirnir.
6. Gunni Hansson.
7. Ben Stiller.
8. Veit ekki.
9. Veit ekki.
10. 15. september.

Hannes Heimir heldur sigurgöngu sinni áfram. Hannes fékk 9 stig af tíu mögulegum á móti sex stigum Steins Ármanns. Steinn Ármann skorar á Davíð Þór Jónsson svo Hannes má taka á honum stóra sínum í næstu viku. Fylgist með.

LAGERSALA Í 4 DAGA

70-85% afsláttur

í verslun okkar Faxafeni 12, 2. hæð

Dömur og herrar:	Vind- og vatnsheldir jakkar	4.500 kr.
	Vind- og vatnsheldar buxur	3.000 kr.
	Sweat peysur	2.000 kr.
	Flíspeysur og flísvesti	3.000 kr.
	Léttir jakkar	2.500 kr.
	Dúnúlpur	8.000 kr.
	Húfur og vettlingar	1.000 kr.
	Stuttermabolir	500 - 1.000 kr.
Krakkar:	Vind- og vatnsheldir jakkar	3.000 kr.
	Sweat peysur og buxur	1.000 kr.
	Flauelisbuxur	1.000 kr.
	Pollajakkar	1.000 kr.
	Húfur og vettlingar	500 kr.

Opið:
Fimmtudag og föstudag 9-18 | laugardag 10-16 | sunnudag 12-16

www.66north.is
REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - AKUREYRI: Glerárgata 32

Klæddu þig vel

66° NORÐUR

66°NORÐUR/KHO/07

Panasonic

KYNNINGARTILBOÐ

PANASONIC 32" LCD SJÓNVARP MEÐ 100Hz MYNDTÆKNI

Vreal2 Full Digital myndvinnsluörgjörvinn frá Panasonic tryggir framúrskarandi myndgæði hvort sem verið er að horfa á hefðbundna útsendingu eða mynd í háskerpu.

100Hz Motion Picture Pro tryggir að hröðustu myndir eða íþróttaleikir verða skýrir og skarpir.

Viera Link tryggir að hægt er að nota eina fjarstýringu fyrir mörg Panasonic tæki og þannig má stýra heimabíói, DVD spilara og sjónvarpi á einfaldari hátt.

Panasonic TX32LX70F tækið er að auki hlaðið búnaði svo sem vönduðu hljóðkerfi, snúningsstandi og mörgu fleiru.

SJÓNVÖRP
HEIMABÍÓ
HLJÓMTÆKI
DVD SPILARAR
BLUE-RAY SPILARAR
HÁSKERPU TÖKUVÉLAR
MYNDAVÉLAR

OG FLEIRA OG FLEIRA OG FLEIRA

VERÐ 139.990
FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ

Panasonic *NÚ FÁANLEGT HJÁ OKKUR!*
HÁGÆÐA RAFTÆKI OG ÞJÓNUSTA

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspitalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hö, 7,5L/100km. Einnig 2006/2007 tilboðsbílar. Frá 3.500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Nissan Patrol árg. 92 35 breyttur, ný dekk, traustur og góður bíll, engin skipti. Sími 898 4004.

Pallbílar

Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2008/2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

F150 Lariat, árg. 2005, ekinn 58.000 km með öllu. Verð 2.850.000. Uppl. 899-6977

GMC Sierra SLT Duramax, 2006 árg. Ekinn 42þ.m, einn með öllu, dísil 6,6 l turbo, engin útborgun, einungis yfirtaka á láni hjá Avant með gr.byrgdi um 66 þ.kr. Uppl. í síma 895-5696

Húsbílar

HYMER TRAMP GT. húsbíll árg 2006 skráður 03-07 ekinn 13000 km þetta er glæsilegur húsbíll með bakkmyndavél,markísu og fl.fl. Einn með öllu. Upplýsingar í síma 692 9435.

Fjórhjól

Til sölu ný 400cc götuskráð fjórhjól einnig ný 50cc til 250cc afturdrifin fjórhjól allar nánari upplýsingar í síma 661 9232.

Vélsleðar

Ski-Doo SummitT 800 X RS 151" árg. 2007. Arctic Cat Crossfire 700 Sno Pro árg. 2006.

Arctic Cat Crossfire 700, árg. 2006, nýr. Yamaha Venture 600 árg. 1999 Tveggjamanna. Góðir sleðar á góðu verði. S. 898 2811.

Fellihýsi

Fleetwood Cheyenne '07 með fullt af aukahlutum. Fæst á góðu verði. S:898-7007

Vinnuvélar

Aukahlutir í bíla

Eigum vatnskassa í margar gerðir bíla Grettir Vatnskassar. Vagnhöfði 6, S. 577 6090

Hjólbarðar

Nagladekk undir jeppa BF Goodrich 31x10,5x15. Uppl. í s. 892 8012

Til sölu nagladekk, lítið notuð, á Porsche felgum. Stærð 235/65/17 Cooper. Uppl. í s. 899 0103.

16" Volvo Cross Coundry álfelgur með nýlegum vetrardekkjum. Verð kr. 70 þús. Uppl. í s. 897 8580.

Mjög góð 4 stk. Pierlli nagladekk 225 45 17. Verð kr. 40 þús. Uppl. í s. 897 8580.

Dekk undir Ford 150, 165/75/18, glæný, negld á felgum, allt nýtt. Uppl. í s. 893 6921.

Til sölu 4 stk 16" álfelgur undan Land Cruiser 100. V. 30 þús. Einnig til sölu 4 stk sumardekk, 275/65R17. V. 20 þús. Uppl. í s. 898 3420.

Varahlutir

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Einnig airbag. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

KEYPT & SELT

Til sölu

Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

Nýr Krazy Blautbúningur ásamt 16 Lítra loftkút og tveimur 12 lítra kútum, flotvesti ásamt öllum græjum. Gott verð. Uppl. í s. 438 1063.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Óska eftir pizza kæliborði, hrærivél og öðrum hlutum fyrir pizzastað. Uppl. í s. 692 4878 milli 16-21.

Hljóðfæri

Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

Umboðssala
Allt í umboðssölu - BMS-Tölvulausnir. Sími 565 7080, Suðurlandsbraut 8

Til sölu tölva, D4 og 3,4Ghz, 1GB ram vinnsluminni. 256mb G-force 6800gg, 320GB Hdd winvista. Sony 19" skjár. Uppl. í s. 822 9644 og 534 6878.

Til bygginga

Ný Sakkaborð (dokar) til sölu 1.545 kr/m2. Uppl. í 8473798 og ulfurinn.is, Halldór

ÞJÓNUSTA

Jólaskemmtanir

Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

Hreingerningar

Hreingerningar - Gólfbónun - Bónleysing - Flutningsþrif -Gluggaþvottur - Teppahreinsun -Þrif eftir iðnaðarmenn. Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum. www.hreingerningar.is

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Garðyrkja

Tökum að okkur ýmsa Jarðvegsvinnu
Tökum að okkur ýmsa jarðvegsvinnu, td. Hellulagningar, sökklar, dremlagnir ofl. ofl. Fljót og örugg þjónusta.
Upplýsingar gefur Ingólfur í síma 868 2204 & Óskar í síma 898 9027.

Málarar

Þarftu að láta mála?
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Sandspörtlun og málun
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar Málarameistari.

Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Húsaviðhald
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu og flísalögnum.
Upplýsingar í síma 695 4661.

Nýsmíði - Viðhald húsa
Trésmíði. viðhald húsa, parketlagnir,flísa- nýsmíði á gluggum og ísetning. Föst tilboð eða tímavinna.
Uppl. í s. 864 5920.

Flísalagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Stíflujþónusta

Tölvur

Tölvujþónusta
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

Spádómar

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 12 á hádegi til 12 á miðnætti. Lára spámiðill. Visa/Euro.

Alspá 445 5000
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Hanna 908 6040 & 555 2927
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

BÍLAR TIL SÖLU

ÞJÓNUSTA

Andrea
Ég spái í spil, bolla og kristalskúlu. Verð stödd í bænum frá 7/11 til 12/11. Símapantanir í 691 0283.

661 3839 - Símaspá
Fast verð. ATH. stgr. Opið virka daga 17-23 og um helgar 13-23.

Óskaspá
Opið frá 17-23 alla daga. Sími 901 5060. Geymið Auglýsinguna.

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Trésmíði

Húsasmíðameistari
Getum tekið að okkur verkefni vegna tímabreytinga á verkum. Uppl. í síma 663 5555 eða senda inn nafn, símanúmer og uppl. um verk á gpals@internet.is

Önnur þjónusta

Getum bætt við okkur verkefnum t.d. flísalagnir, parket og málningavinnu ofl. nánari uppl. í síma 846 9424 Valgerður 898-7126 Bjarni 899 4443 Jón Aðalfell ehf

HEILSA

Snyrting

GIGI 100% lífrænt hunangsvax. Mest selda vaxið Naglaskóli og heildverslun Icelandicbeauty

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Langar þig til þess að ná tökum á þyngdinni, líta ótrúlega vel út, losna úr sófanum og hafa næga orku til þess að fara í ræktina? Flottari kroppur og heilbrigðari lífsstíll. Hafðu samband. Árangur með Herbalife. Gerður 865 4052 & Hanna 892 4284.

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

HEIMILIÐ

Dýrahald

til sölu bulldog hvolpar,ættb.hrfi upplýsingar í síma 8699702 og boli.is

Til sölu gullfallegir Beagle hvolpar. Foreldrar innfluttir frá Danmörku, afkomendur margverðlaunaðra hunda. Tilbúnir til afhendingar örmerktir og með ættbók HRFÍ. Uppl. 663 2712

Papillon stelpa til sölu ættbókafærð frá Íshundum. sími 863 8596.

Chihuahua hvolpar til sölu. Einungis á góð heimili. Mjög sanngjarnt verð. Barn og hundvanir. Uppl í s 866 5310.

Yndistlega fallegur og blíður, loðinn Cuvooooa strákur sem elskar börn selst á 60 þús. Sími 697 6364.

Húsgögn

Ýmislegt fyrir heimilið til sölu vegna brottflutnings. Uppl. í s. 693 5483.

Til sölu vegna fluttnings. 2ja sæta leðursófi, 2 stólar, borð og veggsamstæða. Fæst fyrir lítið. Uppl. í s. 849 2554.

Málverk

Ýmis falleg málverk til sölu, t.d. eftir Tolla o.fl. Uppl. í s. 693 5483.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

NOVOS
Erum með flottar íbúðir á góðu verði til leigu í Keflavík. Kíkið á heimasíðu okkar: www.novos.is eða hafið samband í síma 420-9515.

Leigusalar auglýsa frítt.
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
Leigjendur leita frítt.
Leiga.is býður
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Íbúðir til leigu!
Nokkrar íbúðir lausar eða losna fljótlega nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.leigulidar.is

103 fm, 3ja - 4ra herb. íbúð til leigu á Seltjarnarnesi. Sérinngangur, leiga 120 þús. á mán. Laus strax. Leigutími til maí. Uppl. gefur Guðmundur í s. 894 6022.

2 HÚS TIL LEIGU ALICANTE SPÁNI 8-10 manns stutt á Strönd, Golf og m.fl. Bókaðu hjá okkur.6951239 www.spanarhus.com

Til leigu 2 herbergja íbúð í Árbænum, leiga er kr. 107 þús á mán með hússjóð og hita, einnig þarf að greiða kr. 321 þús í peningum sem tryggingu. uppl í S. 898 3420.

Keflavík
Til leigu 3ja herb. 90 fm raðhús í Keflavík með bílskýli. Verð 85 þús. Uppl. í síma 897 0010.

Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja herb. íbúð í norðurbænum í Hfj. til leigu. Uppl. í s. 692 3414.

Maður á þrítugsaldri auglýsir eftir 2-3ja herb. íbúð til leigu á sv. 101 Skilvísum greiðslum heitið. S. 693 6911

Mjög traustur leigutaki óskar eftir 4ra herb. íbúð í Salahverfi eða nágr. (Kóp). S. 696 1855.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu atvinnuhúsnæði/lagerhúsnæði við Auðbrekku í Kópavogi, stærð 320 fm. Að mestu eitt opið rými með ágætum innkeyrsludyrum. Upplýsingar í síma 864 4949.

Verslunar/skrifstofuhúsnæði til leigu
Um 90fm verslunar/skrifstofuhúsnæði við Kleppsmýrarveg. Gott verð. Nánari uppl. í s. 581 4000.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Geymsluhúsnæði. Stafnhúsa Eyrarbakka
Húsbíla, hjólhýsi, báta ofl. ofl. Uppl. hjá Gísla í s. 899 1128.

Tjaldvagna og fellihýseigendur ath.
Hef til leigu pláss í skemmu í vetur, þurr og vel loftræst, sanngjarnt verð. Uppl. í s. 825 6369.

Bílskúr. Óska eftir að taka á leigu bílskúr eða geymslu, undir lager. Uppl. í s. 863 8909.

Gisting

Stúdíóíbúð í Reykjavík
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030,info@4thfloorhotel.is

Frábær orlofsíbúð á miðri göngugötunni á Akureyri til leigu.Verð;Fim-sun 20.þ., vikan 30.þ.. Uppl. 8678035

ATVINNA

Atvinna í boði

Hrói Höttur
Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, eftir kl 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is

TIL SÖLU

Euroconforto
Heilsuskórnir hafa slegið í gegn á Íslandi

Hlý og þægileg jólagjöf
12 fallegir litir
Stærðir 35-43
Verð 4.700
Útsölustaðir: Valmiki Kringlunni, Euroskór Firðinum, Nína Akranesi, Heimahornið Stykkishólmi, Mössubúð Akureyri, Kóda Keflavík, Töff föt Húsavík, Xena Glæsibæ - Mjódd - Spöngin - Borgarnes.

Ósteikt laufabrauð

Ef þú vilt eiga notalega stund með fjöldskyldunni við **laufabrauðsskurð** í skammdeginu, skaltu hringja í **EKTA BRAUÐ**. Við lögum deigið, fletjum það út og skerum niður. Þú sækir það, skerð út og steikir. Þú færð glænýjar kökur, unnar eins og best gerist í eldhúsinu heima, úr **EKTA** hráefnum.
Einnig erum við með steiktar kökur í umbúðum sem henta vel í pakkann til ættingja erlendis. Pöntunarsími 555-1762 milli kl.14 og 16 alla virka daga

Sælgætis og videohöllin Garðatorgi
Óskum eftir að ráða fólk í kvöld- og helgarvinnu hentar vel skólafólki. Einnig vantar fólk í dagvinnu.
Umsóknareyðublöð á staðnum. Einnig hægt að hringja í sima 565 6677.

NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR - KRINGLAN
„JÓI FEL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í nýtt bakarí okkar í Kringlunni strax.
Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS

SUBWAY

Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is.
Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

Kornið óskar eftir starfsfólki í Lækjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

Afgreiðslustarf
Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir. Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í tölvupósti stodin@internet.is - Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði

Hrafnista Reykjavík
Aðhlynning.
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir.
Góð íslenska skilyrði.
Uppl. í síma 585-9529 og á hrafnista.is

Hrafnista Hafnarfirði
Aðhlynning.
Okkur vantar starfsfólk í aðhlynningu á helgarvaktir.
Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529 og á hrafnista.is

Café Roma Kringlunni
Óskar eftir starfskrafti. Lágmarksaldur 20 ár. Góð laun og sveigjanlegur vinnutími í boði.
Uppl. gefur Halla í s. 690 0557.

Sölumaður með reynslu óskast í heildverslun. Snyrtilegur og áreiðanlegur. Góð laun í boði, sveigjanlegur vinnutími. Vinnubíll. Uppl. í s. 663 4403

Krambúðin Skólavörðustíg 42
Vantar fólk á fastar dagvaktir. Fólk á öllum aldri kemur til greina. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

American style
Er það leikur einn að reka þitt heimili og skipuleggja þig og hjálpa öðrum í kringum þig? American Style er að leita að kraftmiklum kvöld- og helgarrekstrarstjóra. 100% laun fyrir 75% vinnu. Lágmarksaldur: 25 ára. Gæti hentað vel með háskóla.

Bónstöð
Duglegur og reglusamur starfsmaður óskast á bónstöð. S. 895 8873.

HENDUR.IS
Vantar stóran hóp fólks til að þrífa verslun frá 5-7 nóvember frá 16 - 21. Uppl. á www.hendur.is

Bakarí - kaffihús, Skipholti
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Bakarí í Kópavogi, Engihjalla.
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn og aðra hvora helgi. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Vélamaður óskast á hjólagröfu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Vantar duglega menn í röralagnir og almenna jarðvinnu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Atvinna óskast

HENDUR.IS
Þarftu aðstoð. Fáðu tilboð. Finnum rétta fólkið á rétta verðinu. Uppl. á www.hendur.is

22 ára stúlka óskar eftir 50% vinnu fyrir hádegi. Dugleg og samviskusöm. Uppl. í s. 865 8784.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

KORPART

KorpArt-hópurinn á Korpúlfsstöðum opnar vinnustofur sínar laugard. 3.nóv. kl. 12-16. Gestum gefst tækifæri til að skoða verk listamanna og hönnuða, sem eru til sýnis og sölu. Í vetur er opið hús á Korpúlfsstöðum fyrsta laugardag í mánuði. Sjá nánar á vefsíðunni korpart.is

Ýmislegt

80-90% útsala. Engihjalla 8, 1. hæð. Kl. 15-20 alla daga! Uppl. í s. 861 4082.

Einkamál

TANTRA EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11 HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

18plús.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Myndin á jólakortinu 2007 er eftir Kolbrúnu Sigurðardóttur og heitir „Barnagaman".

Kortin eru seld í 5 og 10 stk. pökkum með hvítum umslögum á kr. 500 eða kr. 1000 pakkinn. **Sölustaðir eru:** Lyf og heilsa, Barnaspítali Hringsins, Blóðbankinn, Melabúðin, Hjá Hrafnhildi, Blómaval og fleiri staðir.
Einnig er hægt að senda pöntun í tölvupósti á póstfangið: hringurinn@simnet.is.
Þá má lesa inn pöntun á símsvara félagsins í síma 551-4080.

Allur ágóði rennur til styrktar veikum börnum á Íslandi.

Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið

ATVINNA

Vélavörður

Vísir hf óskar eftir Vélaverði sem getur leyst af sem yfirvélstjóri á Sighvati GK 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.

Nánari upplýsingar eru gefnar hjá skipstjóra í síma 852-2357

Viking Fjord AS (H111) er eigd av Alsaker Fjordbruk og er eit av Vestlandets største slakteri for laks og aure. Det er plassert på Sunde i Kvinnherad, og er eit moderne slakte- og pakkeanlegg med ein kapasitet på 80 tonn pr skift. Bedrifta sysselset i dag om lag 50 pers. Sjå også www.alsaker.no.

Grunna auka aktivitet i Viking Fjord AS (H111) søkjer me etter;

Produksjonsformenn

Arbeidsoppgåver
- Personalleiing, opplæring og motivasjon
- Aktiv deltaking i produksjon
- Avlaste og rapportere til fabrikksjef

Kvalifikasjonar
- Evne til å drive og organisere produksjonen til høg effektivitet
- Positiv, samarbeidsvillig og motiverande lagspelar
- Erfaring og/eller utdanning frå næringsmiddelsektoren kan vere ein fordel

Me kan tilby
- Utfordrande og krevjande stillingar i eit ungt og allsidig miljø
- Mogelegheit for fagleg utvikling
- Konkurransedyktige vilkår

For nærare opplysningar, ta kontakt med
fabrikksjef Kjetil Haktorson tlf 53 47 01 62 eller 99 21 01 62.

Send søknad med CV innan 16.11.07 til:
Viking Fjord AS, Sundsvegen 119, 5450 Sunde i Sunnhordland,
eller til post.viking.fjord@fjordbruk.no

Alsaker Fjordbruk

TILBOÐ / ÚTBOÐ

Útboð

Nautic ehf, fyrir hönd HB Granda hf, óskar eftir tilboðum í fyrirhugaðar breytingar á ms Örfirisey RE-4 / skipaskr. Nr.2170.

Breytingarnar felast í því, að nýtt stýri verður sett á skipið, svo og ný 3ja togvindan, ásamt tilheyrandi búnaði. Slipptaka er nauðsynleg vegan verksins.

Útboðsgögnin eru seld hjá Nautic ehf, Lágmúla 5, Reykjavík og kosta kr. 10.000,-

Tilboðin verða opnuð hjá Nautic ehf, þann 20. Nóv. 2007 kl.11 f.h.

FASTEIGNIR

Draumahús 530 1800

Föst lág söluþóknun

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága söluþóknun.
Skoðaðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á:
www.draumahus.is eða hringdu í
síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki



SKÍÐASVÆÐIN ÓSKA EFTIR REKSTRARSTJÓRA Í SKÁLAFELL 100% STARF

Viðkomandi starfsmaður er ábyrgur fyrir daglegri stjórnun í Skálafelli, verkefnastýringu starfsmanna sinna, mannaráðningum o.fl. Einnig hefur viðkomandi skyldum að gegna í Bláfjöllum. Starfið er gríðarlega fjölbreytt og krefjandi. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri Skíðasvæðanna.

Nauðsynlegt er að umsækjendur búi yfir:
Frábærri þjónustulund
Geta unnið sjálfstætt
Þekkingu og reynslu af verkefnastýringu
Þekkingu og reynslu af iðnaðarstörfum hverskonar
Hafi meirapróf og/eða vinnuvélaréttindi
Hafi burði til að vinna líkamlega erfiða vinnu
Sé ekki lofthræddur
Hafi ánægju af útiveru
Einnig væri kostur ef umsækjandi þekkir til starfsemi Skíðasvæðanna

Aðrir kostir umsækjenda:
Iðnmenntun og tölvukunnátta

Eins og gefur að skilja er um nokkurskonar vertíðarvinnu að ræða. Mjög mikil vinna hluta úr ári.

Laun eru greidd skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar.

Áhugasamir vinsamlegast skilið inn umsókn og ferilsskrá til Magnúsar Árnasonar, framkvæmdastjóra Skíðasvæðanna, Pósthússtræti 3-5 101 Reykjavík eða í tölvupósti magnus@skidasvaedi.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember 2007.

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is

SKÍÐASVÆÐIN
www.skidasvaedi.is

TILKYNNINGAR

Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar og bæjarráðs Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:

Langabrekka 2. Deiliskipulag.
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 13. júlí 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Löngubrekku 2 ásamt umsögn bæjarskipulags. Málsmeðferð var skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun dags. 5. október 2007. Athugasemdum var svarað með erindi dags. 10. október 2007.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 15. október 2007.

Vatnsendahvarf - athafnasvæði. Svæði III. Deiliskipulag.
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 9. október 2007 tillögu að deiliskipulagi við Vatnsendahvarf – athafnasvæði. Svæði III. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og bygg–ingar–laga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2007.

Vatnsendi – athafnasvæði. Urðarhvarf 2 og 4. Breytt deiliskipulag.
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðar breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 16. ágúst 2007 tillögu að deiliskipulagi við Urðarhvarf 2 og þann 6. september 2007 fyrir Urðarhvarf 4.
Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. Skipulag- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2007.

Vatnsendi – og deiliskipulag Vatnsendalands – Dimmuhvarfs, lóðirnar Dimmuhvarf 9, 9a og 9b. Breytt deiliskipulag
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðar breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 12. apríl 2007 tillögu að deiliskipulagi við Dimmuhvarfs, lóðirnar Dimmuhvarf 9, 9a og 9b.
Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. Skipulag- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 6. nóvember 2007.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Alltaf besta verðið flottasta úrvalið

GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ

Spiderman Top Flyer

TILBOÐ 499kr
Verð áður 699,-

Sjálflýsandi stjörnur

TILBOÐ 169kr
Verð áður 249,-

Twist-up litir

TILBOÐ 999kr
Verð áður 1.499,-

Stimpilpúðasett

TILBOÐ 399kr
Verð áður 549,-

Talstöð

TILBOÐ 999kr
Verð áður 1.499,-

Transformers Movie Legends

TILBOÐ 699kr
Verð áður 999,-

Hello Kitty bangsi

TILBOÐ 1.999kr
Verð áður 2.499,-

Dýra píanó

TILBOÐ 1.699kr
Verð áður2.399,-

Fiskaspil

TILBOÐ 699kr
Verð áður 999,-

Hello Kitty taska

TILBOÐ 1.599kr
Verð áður 2.299,-

Gildir til 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Spillir trúarbragðakennsla siðferðiskennd barna?

UMRÆÐAN
Trúmál

BRYNJÓLFUR ÞORVARÐARSON

Í grunnskólum landsins er kennd námsgrein sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla nefnist „kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði“.

Af lestri námskrárinnar sést fljótt að einkum er átt við kristilega siðfræði. Hér er því ekki hlutlaus kennsla í siðfræði, t.d. eins og hún birtist í mannréttindasáttmála SÞ eða hjá grísku heimspekingunum. Kristið siðgæði sem byggir á vilja Guðs, ekki þörfum mannsins, og hlýtur því alltaf að vera takmarkað. En skoðum dæmi.

Adam og Eva

Námsbók 6. bekkjar hefst á syndafallinu. Nemendur lesa biblíutextann, fyrstu Mósebók 3:1-23, söguna af Adam og Evu. Í umfjöllun um textann er fjallað um óhlýðnina og að Adam og Eva þorðu ekki að kannast við glæp sinn. Síðan fylgir stutt smásaga sem á að gerast í samtíma nemenda þar sem aftur er fjallað um hlýðni og að játa á sig syndir sínar. Loks er hugleiðing þar sem fjallað er um að við þurfum öll að velja og berum öll ábyrgð á okkar eigin lífi. Af því að við erum hluti af sköpunarverkinu þurfum við að halda okkur óspilltum eins og við viljum að náttúran sé.

Hér er siðferðið skilgreint sem ábyrgð mannsins gagnvart Guði. Við eigum að fylgja skipunum Hans, annars erum við að syndga. Námsefnið fjallar ekkert um aðkomu Guðs í dæmisögunni um Adam og Evu, sem væri þó mergurinn málsins ef um „hlutlausa“ dæmisögu væri að ræða. Af hverju vildi Guð ekki að við værum eins og hann? Af hverju sagði hann Adam og Evu að þau myndu deyja? Af hverju brást hann svona harkalega við út af einu epli? Eilíf fordæming og útskúfun hlýtur að vera ógnvekjandi í huga 12 ára barns. Í bókinni er málverk þar sem Adam felur andlit í greipum sér í ævarandi skömm en Eva veinar eins og skynlaus skepna.

Var refsingin í samræmi við glæpinn? Hver var glæpurinn? Var Guð vondur eða góður? Hvað meinar Guð þegar hann segir: „Sjá, maðurinn er orðinn einn af oss, þar sem hann veit skyn góðs og ills. Aðeins að hann rétti nú ekki út hönd sína og taki einnig af lífsins tré og eti, og lifi eilíflega!“ (I Mos, 3.22)

Námsefnið tekur aðeins á litlum hluta þeirra siðferðilegu álitamála sem felast í sögunni og margir nemendur taka eflaust eftir. Siðferðileg nálgun námsefnisins er í samræmi við guðfræðilega túlkun kristinna á sögunni, markmið námsefnisins er að efla kristinn skilning en ekki almennt siðgæði.

Faraó drukknar

Í námsefni sem miðað er við 4. bekk grunnskóla er sagt frá því þegar Móses, með aðstoð Guðs, drekkti Faraó og hermönnum hans í Rauða hafinu. Myndin sem fylgir er dökkt og drungalegt málverk sem sýnir Ísraelslýð fagna og þakka Drottni á meðan Egyptar drukkna.

Námsefnið leggur líka áherslu á gleði Ísraelsmanna. Mirjam nokkur dansar um og slær á bumbur, lofar Drottin „því hann hefur sig dýrlegan gjört, hestum og riddurum steypti hann í hafið“. Þessi setning er tvítekin í námsefninu svo nemendur taki örugglega vel eftir.

Hvernig taka kennslubókarhöfundar á þessum atburði? Strax á eftir frásögninni er kaflinn búinn með setningunni „Þannig björguðust Ísraelsmenn undan Egyptum“. Fjöldadráp á hermönnum Faraós er ekkert rætt. Siðferðilegum spurningum sem gætu vaknað í huga 10 ára barns er ósvarað: Er rétt að drepa fólk? Er fjöldadráp á öllum óvinum rétta leiðin til að vinna stríð? Er rétt að fagna þegar óvinir deyja? Er Guð góður þegar hann drepur vont fólk? Er rétt að beita ofbeldi til að ná því fram sem maður vill? Hefði ekki verið betra að loka hafinu fyrir framan Egypta og forða þeim þannig frá dauða eða vildi Guð hefna sín – og var það gott og rétt?

Eins og sést er námsefnið verulega hæpið frá siðferðilegu sjónarmiði. Umfjöllun námsbókarhöfunda er langt í frá fullnægjandi. Niðurstaðan, í mínum huga, er veruleg hætta á skertri siðferðisvitund áhrifagjarnra nemenda enda gengur námsefnið út frá forsendum ævagamallar trúarbókar en ekki þörfum nútímans.

Höfundur er með BS í tölvufræðum og stundar nám í sagnfræði við HÍ.

Blómin sem hurfu

UMRÆÐAN
Umhverfismál

HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Ég fór ásamt fjölda manns að skoða undurfagrar myndir af blómjurtum í villtri íslenskri náttúru eftir Eggert Pétursson á Kjarvalsstöðum. Þetta voru málverk en ekki eftirmyndir af náttúrunni eins og hún er í dag, það er ekki hægt, því hún er rúin af blómgróðri vegna beitar búfjár um aldir. Jafnvel á örfáum friðuðum smáblettum, svo sem í Þjóðgarðinum og Skaftafelli, hafa ótal blómjurtir horfið á meðan þar var beitt. Þetta eru staðreyndir, sem eru til hjá Náttúrufræðistofnun sem gaf út vandað myndskreytt rit um íslenskar blómjurtir fyrir nokkrum árum, eftir margra ára rannsóknir. Þegar það var kynnt, kom í Morgunblaðinu grein sem bar nafnið „Váskýrsla“ þar var sagt frá því að ótal blómjurtir væru horfnar úr beitilandinu og á annað hundrað þyrftu gjörgæslu við.

Er þetta ekki sorgleg staðreynd? Nú skyldi maður halda að ráðamönnum sem létu okkur borga þessa dýru rannsókn, brygði ónotalega við og gerðu strax ráðstafanir til að koma í veg fyrir útrýmingu fleirri blómjurta, eða til hvers var rannsóknin? Tóm sýndarmennska? Ekkert hefur verið gert öll þessi ár svo nú hafa fleiri blómjurtir óhjákvæmilega horfið úr gróðurríkinu. Allt er þetta heimsku okkar og íhaldssemi að kenna að stunda enn þann dag í dag miðalda rányrkjubúskap á þrautpíndu landinu. Hvernig geta ráðamenn horft á sinn feril með góðri samvisku vitandi hvað verið er gera afkomendum okkar sem taka við stöðugt rýrari og snauðari landgæðum. Er ekki landið sem við búum á undirstaðan undir góðu lífi bæði fyrir líkama og sál? En það mætir alltaf afgangi, öll orka fer í fjármál sem eru auðvitað nauðsynleg en þeim má alltaf breyta og lagfæra. En gróðurinn og gróðurmoldin sem tapast við þetta aumkunarverða sinnuleysi kemur aldrei aftur og er töpuð að eilífu.

Mér datt í hug á sýningunni að þessar myndir yrðu e.t.v.eina sönnunin fyrir komandi kynslóðir fyrir því að á þessu landi hafi áður fyrr verið fallegur blómgróður með þúsundum ólíkra tegunda, en við hefðum fórnað þeim í sauðfjárbeit af rænuleysi. Falleg eftirmæli það! Ráðamenn þið vitið þetta allt. Finnst enginn meðal ykkar sem hefur kjark til að koma þessum málum í mannsæmandi horf? Hans yrði minnst í sögunni sem hetju, en hinir eins og hingað til hverfa smám saman með skömmina á bakinu.

Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Full búð af frábærum tilboðum

999 kr/kg, áður 1.695 kr/kg
Goða bayonneskinka

1.371 kr/kg, áður 1.959 kr/kg
Borgarness villikryddað hátíðarlambalæri

1.178 kr/kg, áður 1.785 kr/kg
Goða hunangsgrísakótilettur

392 kr/kg, áður 740 kr/kg
Ísfugls heill ferskur kjúklingur

1.999 kr/stk
Latibær, 4 þættir

108 kr/kg, áður 215 kr/kg
Borgarness skólaskinka, 165 g

98 kr/ltr, áður 169 kr/ltr
Del Monte epla- og appelsínusafi

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SÍA Umbrot: Vikurfréttir

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 1.–4. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

SÖNGVARINN RICKY MARTIN ER 35 ÁRA Í DAG.

„Hommar vilja að ég sé samkynhneigður en gagnkynhneigðir vilja það ekki. Þeir blaðamenn sem ég tala við vonast allir til þess að ég leysi frá skjóðunni. Ég vildi óska þess að fólk hætti að velta sér upp úr mínu lífi og færi að lifa sínu eigin lífi.“

Poppsöngvarinn Ricky Martin er ættaður frá Púertó Ríkó og sló fyrst í gegn sem stjarna í þarlendri sjónvarpssápu..

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 2.NÓVEMBER 2004

Bush kosinn forseti í annað sinn



Þennan dag árið 2004 fóru forsetakosningar í Bandaríkjunum fram. George Walker Bush, frambjóðandi Repúblikanaflokksins, hafði betur í slagnum við John Kerry, þingmann frá Massachusetts og frambjóðanda Demókrataflokksins.

Utanríkismál einkenndu kosningabaráttuna að þessu sinni og þá sérstaklega yfirlýsing Bush um stríð gegn hryðjuverkum og innrásin í Írak árið 2003.

Eins og í kosningunum 2000 urðu miklar deilur um lögmæti kosninganna og misræmi í talningu atkvæða. Bush gat í raun ekki fagnað sigri fyrr en daginn eftir kosningar þegar Kerry ákvað að draga ekki niðurstöðu kosninganna í Ohio í efa.

Bush fékk 62 milljónir atkvæða, eða 51 prósent, og varð þar með fyrsti forsetinn til að fá meirihluta atkvæða frá því að faðir hans og nafni var kjörinn forseti árið 1988.

Enginn forsetaframbjóðandi hefur nokkru sinni fengið jafn mörg atkvæði. John Kerry fékk 59 milljónir atkvæða, eða 48 prósent, og er það næstmesti atkvæðafjöldi sem forsetaframbjóðandi hefur fengið. Aðrir frambjóðendur fengu innan við eitt prósent atkvæða. Þar var Ralph Nader efstur á blaði með rúmlega 465 þúsund atkvæði eða 0,38 prósent.

MERKISATBURÐIR

1906 Fyrsta kvikmyndahús Íslands, Reykjavíkur Biograftheater, tekur til starfa í Fjalakettinum.

1912 Skátafélag Reykjavíkur er stofnað í Fjósinu, bakhúsi Menntaskólans í Reykjavík.

1913 Morgunblaðið hefur göngu sína. Stofnandi og fyrsti ritstjóri þess var Vilhjálmur Finsen.

1914 Lög um notkun bifreiða taka gildi. Bílprófsaldur er bundinn við 21 árs aldur. Hámarksökuhraði er 15 km/klst í þéttbýli en annars 35 km/klst.

1941 Bandarísk flugvél ferst á Langahrygg á Reykjanesi og með henni ellefu manns. Þetta var mesta flugslys sem orðið hafði á Íslandi.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

Sigurður V. Hallsson

Lindargötu 57,

lést fimmtudaginn 18. október á líknardeild Landspítalans Landakoti. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Hrafnhildur Eyjólfsdóttir
Margrét Sigurðardóttir — **Friðjón Örn Friðjónsson**
Anna Mariella Sigurðardóttir — **Jakob Gunnarsson**
Benedikt Sigurðsson — **Eyjólfur Rósmundsson**
Hekla Gunnarsdóttir — **Elísabet Rósmundsdóttir**
Páll Viðar Jensson — **Unnur Rósmundsdóttir**
og afabörn.

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug á einn eða annan hátt vegna andláts og útfarar okkar ástkæra,

Sigurðar Magnúsar Magnússonar

Esjubraut 39, Akranesi.

Sérstakar þakkir til Höllu Skúladóttur krabbameinssérfræðings og starfsfólks deildar 11-B á LSH og einnig til Hallveigar Skúladóttur hjúkrunarfræðings og Heimahjúkrunar SHA.

Björnfríður Guðmundsdóttir
Magnús Hólm Sigurðsson
Ásta Ósk Sigurðardóttir — **Jóel Bæring Jónsson**
Selma Sigurðardóttir — **Þorvaldur Sveinsson**
og afabörn.

†

Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,

Elín Maríusdóttir

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að kvöldi 31. október. Útförin verður auglýst síðar.

Ólafur Björn Guðmundsson
Björn Már Ólafsson
Þórey Vigdís Ólafsdóttir
Maríus Ólafsson
Elín Soffía Ólafsdóttir
og fjölskyldur.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hildigunnur Kristinsdóttir

Skíðabraut 15, Dalvík,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 29. október sl. verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 3. nóvember kl. 13.30.

Börn, barnabörn og fjölskyldur þeirra.

BJÖRGUNARSVEITIN ÞORBJÖRN Bogi Adolfsson, formaður sveitarinnar, og Óskar Sævarsson, ferðamála- og markaðsmálafulltrúi Grindavíkur, sjá um opið hús hjá björgunarsveitinni á morgun. Þar verður farið yfir sögu sveitarinnar í máli og myndum yfir veislukosti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BJÖRGUNARSVEITIN ÞORBJÖRN Í GRINDAVÍK: SEXTUG Á LAUGARDAG

Menningarganga og terta

Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík fagnar sextugsafmæli á morgun laugardag.

Dagurinn hefst með menningar- og sögutengdri göngu, undir leiðsögn Sigrúnar Franklín, um Þórkötlustaðanes þar sem nýtt söguskilti verður vígt. Nesið, sem skiptist í Þórkötlustaðanes og Hópsnes, er sögusvið útgerðar í Grindavík þar sem minjar um verbúðir standa ennþá. Á austanverðu nesinu er síðan einn elsti byggðakjarninn í Grindavík.

„Saga björgunarsveitarinnar og nessins er samtvinnuð. Þarna bjó fólk við sjósókn og róðra fram undir miðja síðustu öld og samtals hefur björgunarsveitin bjargað 232 sjómönnum úr sjávarháska og drjúgum hluta á nesinu,“ segir Óskar Sævarsson, ferða- og markaðsmálafulltrúi Grindavíkur, sem er einnig forstöðumaður Saltfiskseturs ins og hefur starfað með björgunarsveitinni í áratugi.

Gangan sem er í boði björgunarsveitarinnar, Grindavíkurbæjar og Saltfiskseturs ins hefst klukkan 13. „Skiltið segir sögu gamla byggðakjarnans ásamt því að sýna fornar minjar um sjósókn á staðnum. Einnig eru þar öll kennileiti og örnefni ásamt strandstöðum,“ útskýrir Óskar sem segir að gangan taki um klukkustund með fræðslustoppum og endi í húsakynnum björgunarsveitarinnar að Seljabót 10. Þar verður opið hús frá klukkan 13-17 á laugardag.

„Sveitin býður til afmælisveislu þar sem allir eru velkomnir. Þar verður saga sveitarinnar til sýnis í máli og myndum yfir veglegum veigum. Þetta er ein elsta björgunarsveit landsins og á sér stórmerka sögu. Við ætlum að bjóða upp á risastóra afmælistertu ásamt góðgæti fyrir krakkana og hoppukastala ef veður leyfir,“ segir Óskar sem býst við góðri veislu.

„Björgunarsveitin er sterkt afl og félagsskapur í augum Grindvíkinga og nýtur gífurlegrar velvildar svo ég vona að sem flestir sjái sér fært að mæta á afmælisdaginn,“ segir Óskar brosandi. Afmælisveislan er síðasti liður í viðburðadagskrá Grindavíkurbæjar og Saltfiskseturs ins.

Sjá:www.grindavik.is **rh@frettabladid.is**

†

Elskulegi eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, fósturfaðir, afi og bróðir,

Sveinn Ingvi Þorsteinsson

Deildarási 1,

lést 26. október á Krabbameinsdeildinni við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju, föstudaginn 2. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkað, en þeim sem vilja minnast hans er beint á minningarsjóð Karitas S. 551 5606 milli 9 og 11 eða Krabbameinsfélagið.

Jónína Kristín Vilhjálmsdóttir
Þröstur Sveinsson — **Guðrún Eiríksdóttir**
Óla Laufey Sveinsdóttir
Þorsteinn Sveinsson — **Keelie Walker**
Jóna Denný Sveinsdóttir
Vilhjálmur Örn Halldórsson — **Svanfríður Ásgeirsdóttir**
systkini og barnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

Kristjáns Hans Jónssonar

Sérstakar þakkir til starfsfólks á 4. hæð hjúkrunarheimilisins Sólvangs, Ásgeirs Theodórs, yfirlæknis lyfjadeildar St. Jósefsspítala, og allra þeirra sem önnuðust Kristján í erfiðum veikindum hans.

Fyrir hönd fjöskyldunnar,

Ásdís G. Konráðsdóttir.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

Allt sem þú þarft…

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Þar má finna skýrar og greinargóðar fréttir og kjarnyrta þjóðfélagsumræðu. Fjölbreytt og spennandi sérblöð fylgja Fréttablaðinu um tísku, hönnun, menningu, viðskipti og dægurmál. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

…alla daga

Tíu dropar – úr blómskreytta brúsanum
Hvort sem þú drekkur rósa-knúppate eða bara gamaldags molasopa, þá heldur þessi blómskreytti hitabrúsi drykknum heitum. Hann fæst í rauðum eða bláum litum og kostar 800 krónur.

Hamar fyrir blómabörn
15 cm langur blómskreyttur hamar. Fæst í bláum og rauðum litum. 400 krónur.

Klipptu það með blómum
Skæri með blómskreyttu handfangi, rauðu eða bláu. 200 krónur.

Við mælum með blómum
Blómskreytt málbandið fæst í bláum og rauðum litum og kostar 200 krónur.

Blómabirta
Vasaljósið er blómum skrýtt og lýsir þér leiðina þótt það strái kannski ekki rósablöðum á hana. 400 krónur.

TIGER
Villidýr í verði
Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri
Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Athygli

ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON ER ORÐINN ÓNÆMUR FYRIR ÁREITI HVERSDAGSLEIKANS

Oft vildi ég óska að ég væri meiri bókaormur. Sérstaklega þegar viðrar illa eins og gert hefur undanfarna daga. Ég get nefnilega auðveldlega séð sjálfan mig fyrir mér, sitjandi við gluggann að lesa góða skáldsögu meðan vindurinn myndar heila sinfóníu í trjánum fyrir utan og rigningin slær taktfast á þakið og gluggann minn. Það er eitthvað svo rómantískt við þá mynd í huga mér. Sama má reyndar segja um sólríkan dag á ströndinni, þar sem ég sé sjálfan mig með bók í hönd í skugga af gömlum hjalli og það eina sem ég heyri er hljóðið í öldunum þegar þær skella á landinu. Þessi bóklestur minn á sér þó nær eingöngu stað í hugarskotum mínum.

Í raunveruleikanum er ég allt of upptekinn til að setjast niður og lesa. Það geta liðið margar vikur án þess að ég opni bók og ég er alltaf í kapphlaupi við tímann að gera eitthvað annað. Þegar ég kem svo heim á kvöldin hefur sjónvarpið oftast vinninginn.

Þegar amma mín var að alast upp var slegist um þær fáu bækur sem voru í boði og þær voru lesnar aftur og aftur. Foreldrar mínir náðu líka í skottið á þessari menningu, rétt áður en sjónvarpið fór að tröllríða öllu lífi fólks. Núna er framboðið af afþreyingu orðið svo mikið að fólk er nánast ónæmt fyrir áreiti. Heimili landsins eru full af raftækjum sem keppast um athyglina og miðla þess á milli blikkandi auglýsingaborðum eða orðræðu um ágæti einhverrar vöru yfir viðstadda. Fréttirnar í útvarpinu kallast á við fréttirnar í sjónvarpinu og sennilega er enginn að hlusta nema veggirnir.

Oft hafa foreldrar mínir sagt mér að vera duglegri að lesa bækur. Það er sá raunveruleiki sem þau ólust upp við. Það er spurning hvort ég mun í framtíðinni hvetja börnin mín til að horfa á DVD og flakka nú aðeins meira um netið, enda verði þá komið annað og enn ágengara form afþreyingar sem ég mun þá hvorki skilja upp né niður í.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Áskorun til nýrrar borgarstjórnar og lögreglustjóra

Borgaryfirvöld og lögreglustjóri hyggjast nú stytta opnunartíma nokkurra skemmtistaða í miðbænum. Þar á meðal er Q-bar við Ingólfsstræti, en það er eini yfirlýsti skemmtistaður samkynhneigðra á Íslandi.

Slíkur staður er afar mikilvægur fyrir samkynhneigða í þjóðfélaginu og þykir því mörgum furðulegt að vegið sé að minnihlutahóp með þessum hætti, um leið og litið er fram hjá öðrum nærliggjandi skemmtistöðum.

Ef stytting á opnunartíma Q-bars verður að veruleika er næsta víst að fleiri skemmtistaðir í miðbænum hljóti sömu meðferð á næstunni.

Við teljum að slíkar aðgerðir muni aðeins koma niður á menningarlífi borgarinnar og um leið skapa ný miðbæjarvandamál.

Eru yfirvöld virkilega búin að gleyma því hvernig ástandið var í miðbænum þegar allir skemmtistaðir lokuðu kl 03:00 ?

Við skorum á borgaryfirvöld og lögreglustjóra að endurskoða afstöðu sína.

Þeir sem vilja sýna samstöðu og vera með í áskoruninni er bent á undirskriftalista á netinu www.petitiononline.com/askorun

Aðstandendur Q-bars

Sýningarlok
Sýningu Marsibilar G. Kristjánsdóttur á Kaffi Karólínu á Akureyri lýkur í dag. Á sýningunni má sjá verk sem Marsibil hefur fengið innblástur að úr draumum sínum og hugarflugi, tilfinningum og óraunverulegum veruleika. Kaffi Karólína er til húsa að Kaupvangsstræti 23, Akureyri.

menning

menning@frettabladid.is

Úti að aka

Í kvöld er frumsýning hjá Leikfélagi Akureyrar á bandarísku leikverki, Ökutímum, eftir Paulu Vogel. Þegar er uppselt á átján sýningar verksins sem verða í Rýminu. Verkið er nokkurra ára gamalt og vakti fyrst athygli fyrir að unglingastjarnan Molly Ringwald kom á óvart í burðarhlutverkinu en í verkinu segir af Lillu, sem Kristín Þóra Haraldsdóttir leikur. Fjölskylda hennar er allt annað en venjuleg. Mamma og amma keppast við að leggja henni lífsreglurnar. En er Peck bara góður frændi þegar hann býðst til að kenna henni á bíl?

LEIKLIST Þröstur Leó Gunnarsson og Kristín Þóra Haraldsdóttir í hlutverkum sínum í Ökutímum sem frumsýnt er í kvöld í Rýminu.
MYND/LEIKFÉLAG AKUREYRAR-GRÍMUR BJARNASON

María Reyndal setur verkið á svið en Sigtryggur Magnason þýðir. Filippía Elísdóttir gerir bæði leikmynd og búninga en Lay Low semur tónlist og flytur í sýningunni. Þröstur Leó Gunnarsson leikur frændann og er það í fyrsta sinn sem hann starfar með LA. Aðrir leikarar í sýningunni eru þau Þrúður Vilhjálmsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson og Hallgrímur Ólafsson. Mikill áhugi er á sýningunni í Rýminu sem LA rekur með tilstyrk TM; uppselt á átján sýningarkvöld og sala á fleiri kvöld langt komin.
- pbb

Verk úr safni listunnanda

Markús Ívarsson, járnsmiður og annar stofnenda Vélsmiðjunnar Héðins, var einn umsvifamesti safnari íslenskrar myndlistar á fyrri hluta 20. aldar. Í dag verður opnuð sýning í Listasafni Íslands á verkum sem hann safnaði á þriðja og fjórða áratugnum.

ÍSLENSKIR LISTAMENN VIÐ SKILNINGSTRÉÐ EFTIR JÓHANNES KJARVAL Eitt af verkunum úr safni Markúsar sem verða á sýningunni í Listasafni Íslands.

Markús lést árið 1943, en ekkja hans, frú Kristín Andrésdóttir, og dætur þeirra færðu Listasafni Íslands 56 málverk að gjöf árið 1951. Síðar hafa afkomendur Markúsar fært safninu tvö verk að gjöf að auki og í tilefni sýningarinnar nú hlotnast safninu tvö verk til viðbótar.

Sýningarstjórinn Rakel Pétursdóttir segir framlag Markúsar til safnsins ómetanlegt. „Markús hafði einstakan áhuga á myndlist. Strax og hann hafði nokkur efni til fór hann að viða að sér verkum eftir íslenska listamenn og um 1930 tók hann að kaupa list jafnt og þétt. Stuðningur hans við íslenska myndlistarmenn, ekki síst á erfiðum tímum í þjóðlífinu eins og á kreppuárununum, er algjörlega ómetanlegur. En hann veitti myndlistarmönnum ekki aðeins fjárhagslegan stuðning, hann kynntist þeim einnig persónulega og heimsótti þá á vinnustofur þeirra til að fræðast um list þeirra, sem sýnir glögglega hve einlægur áhugi hans var."

Markús og Kristín kona hans vildu veg íslenskrar myndlistar sem mestan og reyndu eftir bestu getu að opna augu fólks fyrir myndlist með því að lána verk til vina og kunningja. Keyptu þau stundum verk frá mismunandi skeiðum á ferli listamannanna og verk ungra listamanna sem voru fulltrúar nýrra viðhorfa í myndlist. Safn þeirra nær því að sýna breytingar og þróun í listsköpun margra merkustu listamanna þjóðarinnar á 20. öldinni.

Á sýningunni má sjá stóran hluta af þeim verkum sem Listasafn Íslands hefur fengið að gjöf frá aðstandendum Markúsar. Við lát Markúsar voru í safni hans um 200 verk; olíumálverk, vatnslitamyndir, teikningar og höggmyndir.

Það er umhugsunarefni hvernig safnkostur verður til og varpar sýningin á verkum úr safni Markúsar nauðsynlegu ljósi á mikilvægi gjafa fyrir listasöfn.

„Þessi sýning skerpir dálítið á mikilvægi þeirra gjafa sem safninu berast, enda væri safnkosturinn ansi fátæklegur án þeirra.

Fjárveitingar til listaverkakaupa eru ekki hlutfallslega háar og því eru gjafir frá einstaklingum, listaverkasöfnurum og listamönnum, safninu enn nauðsynlegar svo hægt sé að gefa heildstæða mynd af menningararfinum og setja saman glæsilegar sýningar," segir Rakel.

vigdis@frettabladid.is

Lottó Open 2007
Danskeppni
Lotto Open 2007
Verður haldin laugardaginn 3. nóvember í Íþróttahúsinu Strandgötu, Hafnarfirði
Miðasala hefst kl. 9.30. Keppni hefst kl. 11.00
Miðaverð 1.200 kr.
Eldri borgarar og börn 5 ára og yngri frítt.
Komið og sjáið pör á heimsmælikvarða dansa... missið ekki af því!!
Nánari upplýsingar um dagskrá á **www.lottoopen.com**
Samhliða Lottó danskeppninni verður haldið úrtökumót í flokki Fullorðinna F á vegum DSÍ.

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar
ALCAN

NÍNA MARGRÉT OG SIGURGEIR Leika heildarverk Schumanns fyrir selló og píanó í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Schumann og hádegiskátína

Í dag kl. 12.15 fara fram tónleikar númer tvö í hádegistónleikaröðinni VON103. Sigurgeir Agnarsson sellóleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari flytja þar heildarverk Schumanns fyrir selló og píanó. Það telst fremur sjaldgæft að heyra þessi verk flutt saman á tónleikum en öll voru samin árið 1849 og tilheyra „Hausmusik" eða ljóðrænni heimilistónlist 19. aldarinnar.

Fünf Stücke im Volkston, eða „Fimm stykki í þjóðlegum stíl", voru samin fyrir selló fyrst og fremst en hin þekktu Fantasiestücke voru upphaflega samin fyrir klarinett en eru leikin jöfnum höndum á selló og víólu. Verkið Adagio og Allegro óp. 70 var sömuleiðis samið upphaflega fyrir horn en er í dag einnig leikið af sellóleikurum samtímans tónlistarunnendum til ánægju.

Schumann lagði tónlistarsögunni enn fremur til fimm rómönsur fyrir selló og píanó árið 1851 en handrit að þessum verkum hafa týnst þannig að ástæða er til að fagna þeim verkum sem eftir standa eftir einn rómantískasta listamann fyrri alda. Í hádeginu í dag gefst tónleikagestum kostur á að eiga klassískt hádegi helgað Schumann, miðsvæðis í höfuðborginni. Tónleikarnir verða um fjörutíu mínútna langir án hlés.

Veitingahúsið Te & Kaffi býður upp á veitingar til sölu í tengslum við tónleikana. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við SÁÁ og Rás 1 á Ríkisútvarpinu. Listrænn stjórnandi VON103 er Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari og fara tónleikarnir fram fyrsta föstudag hvers mánaðar. Miðaverð er 2.000 kr.
- vþ

skemmtilegri

Stöð 2 og Coca-Cola kynna

Coca-Cola

Jólagestir

Björgvins Halldórssonar

Laugardaginn 8. desember
Laugardalshöllinni

Ný Jólagestaplata
væntanleg í nóvember.
Auk þess verða þrjár fyrri Jólagestaplöturnar fáanlegar saman í hátíðarbúningi.

Glæsilegustu jólatónleikar sem haldnir hafa verið hérlendis

Bjarni Arason
Eyjólfur Kristjánsson
Friðrik Ómar
Helgi Björnsson
Ragnar Bjarnason

Stefán Hilmarsson
Svala Björgvinsdóttir
Sigga Beinteins
og fleiri
frábærir gestir

Ásamt stórhljómsveit, strengjasveit, barna-, gospel- og karlakórum
undir stjórn Þóris Baldurssonar. Sviðsetningu annast Björn G. Björnsson.

Miðasala hefst í dag kl. 10:00!

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT

Afslappað andrúmsloft á Vorblóti

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld verða með óvenjulegasta móti. Þeir hefjast klukkan 21, standa í um klukkutíma og að þeim loknum verður partí í anddyri Háskólabíós með hljómsveitinni, stjórnandanum og plötusnúðnum DJ Þorbirni.

RUMON GAMBA STJÓRNANDI Segir Vorblót Stravinskíjs tímamótaverk.

Tónleikarnir eru þeir fyrstu í nýrri tónleikaröð sem kallast Heyrðu mig nú! Röðinni er ætlað að hrista upp í tónleikaforminu og gera tónlistina aðgengilegri fyrir ungt fólk sem ekki hefur kynnt sér hljómsveitina og verk hennar áður.

Á efnisskrá kvöldsins er Vorblót eftir Igor Stravinskíj, eitthvert frægasta verk tónlistarsögunnar. Ballettinn segir frá því þegar ung stúlka dansar sig til dauða til að tryggja komu vorsins. Verkið vakti mikla hneykslun við frumflutninginn, enda byltingarkennt og krassandi og hefur engu tapað af slagkrafti sínum. Verkið þykir óvenjulega vel samið og er einstaklega aðgengilegt þrátt fyrir frumleika sinn og framsækni tónskáldsins.

Rumon Gamba, stjórnandi tónleikanna, segir það magnaða upplifun að heyra Vorblótið flutt á tónleikum. „Vorblótið skapaði nýtt viðmið fyrir sígilda tónlist á tuttugustu öldinni. Frumstæður taktur og ómstríðir tónar eru áberandi í verkinu og ég tel að fólk sem er vel að sér í popp- og rokktónlist geti fundið í því ýmislegt við sitt hæfi. Ég mun segja lítillega frá tónlistinni og kynna verkið með tóndæmum áður en við flytjum það í heild sinni og því ætti fólk að geta fylgst vel með því sem er að gerast.“

Tónleikaröðin Heyrðu mig nú! er nýjung í starfi Sinfóníunnar og segist Rumon spenntur fyrir því að takast á við verkefnið. „Sinfóníuhljómsveitin hefur mest náð til tveggja aldurshópa; annars vegar barna á grunnskólaaldri, enda höfum við mikið gert af því að bjóða þeim aldurshóp á tónleika. Hins vegar er það svo fólk yfir þrítugu sem er stærsti hluti áhorfendahóps okkar á fimmtudagstónleikum. Aldurshópurinn 16-30 ára hefur orðið svolítið útundan og viljum við reyna að koma til móts við hann með þessari nýju tónleikaröð þar sem við gerum klassíska tónlist aðgengilega fyrir fólk sem hefur kannski ekki mikla reynslu af að hlusta á slíka tónlist. Við stefnum að því að stemningin á tónleikunum verði afslöppuð og skemmtileg og vonum að allir skemmti sér svo vel í hófinu eftir tónleikana.“

Miðaverði á tónleikana er mjög stillt í hóf og kostar miðinn því aðeins 1.000 kr., enda er það alkunna að ungt fólk hefur oft ekki mikið á milli handanna. Ungt fólk á öllum aldri ætti því að eiga möguleika á að upplifa Vorblót Stravinskíjs í Háskólabíói í kvöld.

vigdis@frettabladid.is

Salurinn

LAUGARDAGUR 3. NÓV. KL. 17
TÍBRÁ: GESTUR KLÖRU SCHUMANN
Leikverk í tali og tónum.
Höfundurinn Stephanie Wendt kemur fram í hlutverki Klöru Schumann.
Miðaverð 2000/1600 kr.

ÞRIÐJUDAGUR 6. NÓV. KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR - DEBUT
Bylgja Dís Gunnarsdóttir og Julia Lynch
Miðaverð 2000/1600 kr.

MIÐVIKUDAGUR 7. NÓV. KL. 20
VINIR INDLANDS – styrktartónleikar
Íslenskir tónlistarmenn í fremstu röð.
Miðaverð 2000 kr.

FIMMTUDAGUR 8. NÓV. KL. 20
FAÐMUR HEILAHEILL –styrktartónleikar
Tónleikar fyrir alla fjölskylduna.
Miðaverð 2000/1000 kr.

SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Margbreytileiki tungumála

Ráðstefna sem ber heitið „Margbreytileiki tungumála og menningarheima. Alþjóðleg miðstöð tungumála á Íslandi“ hefst í dag í Háskóla Íslands. Það er Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem gengst fyrir viðburðinum.

Ráðstefnan er liður í að hrinda í framkvæmd áformum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um að setja á laggirnar alþjóðlega miðstöð tungumála á Íslandi. Í miðstöðinni verður framúrskarandi aðstaða til kennslu og rannsókna á sviði tungumála og menningarfræða.

Á ráðstefnunni verða áformin rædd í ljósi nýjustu rannsókna og reynslu erlendra tungumálastofnana af rekstri slíkrar starfsemi.

Meðal þátttakenda á ráðstefnunni eru virtir fræðimenn á sviði bókmennta, menningarfræða, málvísinda og tölvuvísinda víðs vegar að úr heiminum, sem og fulltrúar tungumálastofnana, meðal annars í Ástralíu, Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Brasilíu.

HÁSKÓLI ÍSLANDS Ráðstefnan verður sett í dag kl. 9.

Ráðstefnan hefst í Hátíðarsal Háskóla Íslands í dag kl. 9 með ávörpum Geirs H. Haarde forsætisráðherra og Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands.

- vþ

Roof Tops
Föstudags- og laugardagskvöld
Misstu bara af þessu ef þú þorir!
ARI JÓNS: söngur, trommur
SVENNI GUÐJÓNS: söngur, hljómborð
FINNBOGI KJARTANS: söngur, bassi
GÚI RINGSTED: söngur, gítar
SIGGI PEREZ: söngur, saxafónn, slagverk
KRINGLU KRÁIN

HINN ÍSLENZKI ÞURSAFLOKKUR
OG KAMMERSVEITIN CAPUT

Viðhafnartónleikar
23. febrúar í Laugardalshöllinni

MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00

*(Et kraftigt tegn, misbrug det ikke!)

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT

BLOODGROUP

BRIGHT EYES

> Í SPILARANUM

Bloodgroup - Sticky Situation
Sigur Rós - Hvarf/Heim
The Raveonettes - Lust Lust Lust
Fulli kallinn - Hafnarfjörður, Capital of the Universe
Bright Eyes - Motion Sickness: Live Recordings

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Syngja með karlakór

Hljómsveitirnar Nilfisk, Hellvar, Cliff Clavin, Coral, Johnny and the Rest og Sign halda tónleika á Gauki á Stöng í kvöld ásamt karlakórnum Fjallabræðrum til styrktar bættum vegasamgöngum til Vestfjarða.

„Við erum rosalega góðir vinir, ég og Ásgeir og Halldór sem sjá um kórinn, og þekkjumst að vestan," segir Ragnar Sólberg, söngvari Sign. „Við höfum alltaf rætt um þetta á léttu nótunum þegar við hittumst. Við í Sign vorum beðnir um að spila á þessum tónleikum en gátum það ekki því bassaleikarinn býr á Akureyri. Þannig að við ákváðum að láta verða af þessu og tóna okkur niður og gera lag með Fjallabræðrunum. Ég held að þetta verði rosalega töff."

SIGN Hljómsveitin Sign spilar með karlakórnum Fjallabræðrum á Gauki á Stöng í kvöld.

Ætla þeir að syngja saman lag Sign, When Demons Win, í órafmagnaðri útgáfu og verður spennandi að sjá hvernig útkoman verður. Allir meðlimir Sign eru ættaðir frá Ísafirði og því er þeim afar hugleikið að vegasamgöngur til Ísafjarðar verði bættar. „Það er stundum alveg hræðilegt að keyra þangað," segir Ragnar.

Allur ágóði af tónleikunum rennur til samgönguráðuneytisins. Húsið verður opnað klukkan 21 og kostar 1000 krónur in. - fb

> Plata vikunnar

Mugison - Mugiboogie

★★★★★

„Stórvirki sem drepur víða niður fæti í tónlistarsögunni, en einkennist öðru fremur af flottum lagasmíðum, kraftmiklum og skapandi útsetningum og tilþrifamiklum flutningi." TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Allt í lausu lofti

Það er ekki ofsögum sagt að upplausnarástand ríki í plötuútgáfu. Sala á geisladiskum heldur áfram að dragast saman og tónlistarmenn keppast við að máta nýjar aðferðir til þess að koma tónlist sinni í verð og til hlustenda. Það vakti mikla athygli þegar Prince lét nýju plötuna sína fylgja með breska dagblaðinu Mail on Sunday. Síðan hafa fleiri fylgt í kjölfarið, þ.á m. Ray Davies, en nýja platan hans Working Man's Café fylgdi með Sunday Times viku áður en platan kom í verslanir. Sú staðreynd að geisladiskar fylgja oft með breskum dagblöðum sem sum kosta langt undir hundraðkallinum er auðvitað sönnun þess hve framleiðslukostnaður á geisladiskum er ofboðslega lítill.

Stærsta sprengjan í útgáfubransanum er samt að sjálfsögðu plata Radiohead, In Rainbows. Enn er óvíst hve margir hafa sótt sér plötuna á Netið og hvað þeir hafa borgað, en það má bóka að tekjur sveitarinnar af útgáfunni séu umtalsverðar. Uppátækið hefur mælst misvel fyrir hjá öðrum tónlistarmönnum, en nú þegar er talað um að fleiri þekktir listamenn hugleiði að feta í fótspor sveitarinnar, þ.á m. Oasis og Jamiroquai. Þetta er samt möguleiki sem aðeins þekktir tónlistarmenn geta nýtt sér. Það þýðir ekki fyrir nýja listamenn að bjóða hlustendum að borga bara það sem þeim dettur í hug fyrir tónlist.

Það er nú komið á hreint að XL-útgáfan, sem gaf út sólóplötu Thoms Yorke og hefur listamenn eins og White Stripes, MIA og Dizzee Rascal á sínum snærum, mun gefa In Rainbows út á geisladiski. Þar með hefur Radiohead kvatt EMI og er komin á mála hjá fyrirtæki sem er óháð útgáfurisunum fjórum. Risarnir eiga undir högg að sækja og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Madonna mun t.d. vera að yfirgefa Warner. Hér á Íslandi gefur Mugison sína plötu út sjálfur og selur hana beint á vefsíðunni sinni – niðurhal og platan send um hæl. Þeir hörðustu tala um að tími plötufyrirtækjanna sé brátt liðinn. Ég vona svo sannarlega að svo sé ekki. Menn gleyma því að tónlistarsagan er vörðuð frábærum plötuútgáfum sem voru stofnaðar af ástríðufullum ofurhugum sem höfðu mikil og jákvæð áhrif á tónlistarsöguna: Atlantic, Studio 1, Stax, Rough Trade, Factory, Tommy Boy, Warp, Sub Pop... Listinn er endalaus.

THOM YORKE Hefur sett plötuheiminn á annan endann með nýrri plötu Radiohead.

Prinsessan vaknar til lífsins

Í skjóli agalegs fjölmiðlafárs, hárleysis og forræðisdeilu sendir Britney Spears frá sér nýja plötu. Steinþór Helgi Arnsteinsson athugaði hvort poppprinsessan væri tilbúin að taka við drottningarkrúnunni.

POPPPRINSESSAN VAKNAR Britney Spears hefur sent frá sér fyrstu plötu sína í nokkur ár. Eftir ótrúlegan fjölda skandala undanfarið reynir Britney að kasta af sér slyðruorðinu og vill verða poppdrottning.

Blackout, fimmta plata Britney Spears, kom í verslanir í vikunni og núna loksins, loksins virðist eitthvað jákvætt vera að eiga sér stað í lífi Britneyjar, sem verður ekki 26 ára fyrr en í byrjun desember. Britney hefur undanfarin ár verið skotspónn harkalegrar umfjöllunar fjölmiðla sem þreytast ekki á því að fjalla um atferli hennar dag hvern. Reyndar verður að segjast alveg eins og er að Britney sjálf er líklegast sú sem ýtir fárinu mest áfram með ýmsum uppátækjum. Nærbuxnalaus úti á lífinu, partístuð með Paris Hilton, árás á ljósmyndara með regnhlíf, tíðar heimsóknir í afvötnun, vægast sagt ömurleg frammistaða á MTV-tónlistarhátíðinni og síðan allar deilurnar við hinn hæfileikalausa rappara K-Fed, allt eru þetta atriði sem lesendum bæði slúðurblaðanna og mbl.is finnst ekki leiðinlegt að fylgjast með.

Kynþokki eða sjálfsóöryggi

„Þetta er Britney, tík!" Á þessum orðum hefst fyrsta smáskífulag Blackout og um tíma mátti líka heyra þetta þegar maður heimsótti heimasíðu Britney. Lagið heitir Gimme More og er það lag Britneyjar sem náð hefur hæst inn á Billboard-vinsældalistann í Bandaríkjunum. Lagið situr þar nú í þriðja sæti en aðeins lagið ... Baby One More Time hefur náð alla leið á toppinn.

Myndbandið við Gimme More er í anda fyrri myndbanda Britney þar sem hún sést dansandi í efnislitlum fötum að sýna hversu agalega kynæsandi hún er. Alltaf eru þessi myndbönd jafn ömurlega full af sýndarveruleika þar sem undir niðri ríkir blússandi sjálfsóöryggi. Hvers vegna er tónlistin ekki sjálfri sér næg, hvers vegna þarf einnig eitthvað kynferðislegt til að selja tónlistina?

Athyglisverðast við myndbandið er samt munurinn á ljóshærðri Britney og þeirri dökkhærðu en sú síðarnefnda er töluvert óheflaðri. Dökkhærða Britney má einnig finna á plötuumslaginu og sýnir kannski að Britney er enn að þroskast enda ekki nema 25 ára gömul.

Mennirnir á bak við tjöldin

Blackout hefur verið kölluð uppsrisuplata Britney en langt því frá allir eru sammála um að svo sé. Sem fyrr kemur úrvalslið tónlistarmanna og upptökustjóra að plötunni. Svíar koma eins og vanalega mikið við sögu í lagasmíðunum en helst ber að nefna þátt Nate „Danja" Hills, tónlistarlegs afsprengis Timbalands. Um þessar mundir stefnir Danja í að verða heitasti og eftirsóttasti taktasmiður tónlistarbransans, ef hann er ekki orðinn það nú þegar.

Fleiri góðir gestir koma einnig við sögu á plötunni, til dæmis T-Pain og Pharrell Williams, en það hefur alltaf verið einkenni Britneyjar að fá heitustu upptökustjórana, taktasmiðina og lagahöfundana til liðs við sig hverju sinni. Réttara væri þó að segja að plötufyrirtæki Britneyjar, Jive, fengi þá til liðs við hana.

Á hálum ís

En hvað gefur Britney í plötuna? Hún syngur vissulega og karakter hennar einn og sér selur fleiri plötur en samanlagðir hæfileikar flestallra tónlistarmannanna sem koma að plötunni, eins sorglega og það nú hljómar.

Við skulum samt leyfa Britney að halda áfram að þroskast og þróast. Lagaheiti á borð við Why Should I Be Sad, Break the Ice, Hot as Ice, Freakshow og Get Naked (I Got a Plan) sanna allavega að Britney er ekki alveg búin að koma öllum sínum andlegu málum á hreint.

Tvær nýjar plötur frá Benna

Tónlistarmaðurinn Benni Hemm Hemm er með tvær nýjar plötur í undirbúningi. Eftir um það bil viku lýkur hann við litla plötu sem verður gefin út í næsta mánuði og í lok ársins hefur hann upptökur á stórri plötu.

Sviinn Jens Lekman og samstarfsmaður hans, skoski pianóleikarinn Bill Wells, koma við sögu í nokkrum lögum á minni plötunni. „Það var frábært að vinna með þeim. Ég er mjög ánægður með þetta," segir Benni, sem kynntist Lekman á Airwaves-hátíðinni á síðasta ári. „Mig langaði að gefa út plötu í minni kantinum, bara til að gefa út á Íslandi. Ég vildi hafa þetta lítið í sniðum, í litlu upplagi og með engu markaðsátaki," segir hann. „Þessi litla plata er í rauninni til þess að ég geti slakað á því það er svo leiðinlegt að gera ekki neitt."

JENS LEKMAN Sviinn Jens Lekman kynntist Benna á Airwaves í fyrra.

Benni, sem gaf í fyrra út plötuna Kajak, notast við mun færri hljóðfæri á þessari litlu plötu, aðeins gítar og píanó auk þriggja blásturshljóðfæra.

Upptökur á stórri plötu hefjast síðan í lok ársins. „Ég kem mér eiginlega alltaf í þá stöðu að vinna rosalega hratt. Þá kem ég þeim sem eru að vinna með mér í þá stöðu að vinna mjög hratt. Í þetta skipti ætla ég bara að taka upp, láta útgefandann fá hana og halla mér aftur."

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær á Benni þrjú lög á heimasíðu David Byrne, fyrrverandi forsprakka Talking Heads. „Mér finnst hann flottur en hef ekkert fylgst meira með honum en öðrum," segir Benni, en viðurkennir að um mikinn heiður sé að ræða. - fb

BENNI HEMM HEMM Benedikt Hermann Hermannsson er með tvær nýjar plötur í smíðum.

Aðeins 3 dagar eftir

Blend og Ecco heildsölumarkaðurinn

Í Glæsibæ (við hliðina á læknamiðstöðinni)

Skór og föt á ótrúlegu verði

Ekki missa af þessu!

Allt að

90%

afsláttur

Opið:
Föstudag 12-19
Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17

Opið:
Föstudag 12-19
Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17

Komdu og gerðu kaup ársins!

> ALDREI ÚR FÖTUNUM

Jessica Alba mun að sögn aldrei fækka fötum fyrir framan upptökuvélina. Leikkonan fagra segist hafa hlotið strangt kaþólskt uppeldi og verið kennt að góðar stúlkur hylji kroppinn. „Ég mun aldrei leika í nektarsenu í kvikmynd, aldrei nokkurn tímann!" Henni þykir þó ekki tiltökumál að klæðast kynþokkafullum fötum og taka að sér ögrandi hlutverk en hún lék t.d. fatafellu í kvikmyndinni Sin City.

fólk

folk@frettabladid.is

Keppir á HM „taktkjafta"

„Taktkjafturinn" Beatur tekur þátt í heimsmeistarakeppninni í „beatboxi" sem verður haldin í Þýskalandi næsta sumar.

Beatur, sem heitir réttu nafni Bjartur Guðjónsson, er núverandi Íslandsmeistari í „beatboxi" og tekur þar af leiðandi þátt í keppninni fyrir Íslands hönd.

Hann er jafnframt að undirbúa fyrstu íslensku „beatbox"-plötuna þar sem röddin verður hans eina hljóðfæri. „Það má segja að ég hafi byrjað í níunda bekk að fikta við þetta. Mér fannst þetta spennandi. Ég heyrði einhvern gera þetta og prófaði að apa eftir honum," segir Beatur.

Í febrúar á næsta ári fer hann á ráðstefnu í Berlín ásamt félögum sínum úr hópnum Haltu takt-kjafti, þeim Bangza og Sigga Bahama, til að kynna heimsmeistarakeppnina. „Það kemur fullt af liði hvaðanæva að úr heiminum, bæði fréttamenn og hugsanlegir „sponsorar". Þeir eru að halda þessa ráðstefnu til að geta haldið stærstu heimsmeistarakeppnina hingað til," segir hann. Meðal annars taka þátt í keppninni fulltrúar frá Afríku og Arabalöndunum.

Siggi Bahama, sem heitir réttu nafni Sigurður Magnússon, hefur jafnframt verið beðinn um að halda forkeppnir fyrir komandi heimsmeistarakeppnir í „beatboxi" hér á landi og verður sú fyrsta væntanlega haldin fyrir þarnæstu keppni. - fb

„TAKTKJAFTAR" Beatur, Bangzi og Siggi Bahama skipa hópinn Haltu taktkjafti. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Latibær slær öll met

Leiksýning Latabæjar hefur farið ótrúlega vel af stað og er nú þegar uppselt á flestar sýningarnar sem á að halda víðs vegar um Bretland en áætlað er að sýningarferðalagið standi yfir í 33 vikur. Yfir 50 þúsund manns hafa nú þegar séð Latabæ á sviði í Apollo-leikhúsinu og er þessi aðsókn framar öllum vonum hjá framleiðendum sýningarinnar úti í Bretlandi.

Viðbrögð gagnrýnenda hafa einnig verið mjög góð og flestir hafa gefið henni fjórar stjörnur af fimm, þar á meðal gagnrýnandi The Herald sem fór lofsamlegum orðum um sýninguna. Gagnrýndandi whatonstage.co.uk var þó ekki par hrifinn og gaf henni eina stjörnu. Áhorfendur voru þó ekki á sama máli á sömu vefsíðu og gáfu sýningunni fjórar stjörnur. Á vefsíðu Latabæjarsýningarinnar má jafnframt sjá viðbrögð þeirra sem hafa komið í Apollo-leikhúsið og séð sýninguna og ætla margir af þeim að reyna að sjá sýninguna aftur. - fgg

ÍÞRÓTTAÁLFURINN Fimmtíu þúsund manns hafa séð Latabæjar-sýninguna í Bretlandi og er að verða uppselt á allar sýningar.

The Sun svarar Heather Mills

Ritstjóri afþreyingardeildar dagblaðsins The Sun sér sig tilneyddan til að svara Heather Mills í stórri grein sem birtist á heimasíðu blaðsins. Mills fór mikinn í nýlegu viðtali og sakaði bresk blöð um að skrumskæla ímynd sína.

Ritstjórinn á afþreyingardeild The Sun, Victoria Newton, sakar Heather Mills um að hafa sjálf dregið dóttur sína Beatrice inn í kastljós fjölmiðla. Það sé nokkuð sem hún og hennar blað hafi passað sig vel á að gera ekki í umfjöllun um skilnað Heather og bítilsins Paul McCartney.

„Þetta er dóttirin sem hún sakar sir Paul um að hafa mistekist að gæta þó að McCartney borgi í raun öryggisvörðum til að gæta þeirra mæðgna," skrifar Victoria, sem liggur ekki á skoðunum sínum í greininni þegar kemur að bítlafrúnni fyrrverandi.

Hún segir jafnframt að umrætt viðtal hafi verið ákall um samúð almennings og veltir því fyrir sér hvað Beatrice muni segja um mömmu sína þegar hún verður eldri og sér þetta. Og síðan vindur hún sér að dökkri fortíð Mills sem hefur verið töluvert til umfjöllunar. „Ég hef sagt að hún sé gullgrafari og ég stend við það. Ef Heather væri ekki á eftir stórri summu af auðæfum Pauls hefði skilnaðurinn fyrir löngu verið frágenginn," skrifar Victoria og heldur áfram að sveifla sverðinu sínu.

„Ég hef einnig skrifað að hún hafi verið klámmyndafyrirsæta þrátt fyrir að hún vilji meina að hún hafi verið fyrirsæta af bestu gerð. Við erum með myndir sem sanna þessa fortíð hennar. Og staðreyndin er sú að hún var einnig vændiskona þrátt fyrir að vilja ekki viðurkenna það," heldur Victoria áfram og lýkur pistli sínum á því að segja Heather vera ímyndunarveikan lygara. „Hún hefur logið því að hún sé margverðlaunaður blaðamaður, ber sig saman við Díönu prinsessu og segist eiga að vera jafn fræg og sir Paul. Hún hefur sakað Paul um að reka eitthvert áróðursbatterí gagnvart sér þegar það blasir við hverjum sem er að þeir hafa ekki sagt orð. Þessi kona þarf hjálp og það strax."

EKKERT ER SATT The Sun segir að Heather Mills sé gullgrafari og lygari, fyrrverandi vændiskona og klámmyndafyrirsæta.

SVONA ER ENGLAND | FRUMSÝND 2. NÓVEMBER Í REGNBOGANUM

THIS IS ENGLAND

MYND EFTIR SHANE MEADOWS

„Þeir fjölmörgu gagnrýnendur sem fullyrða að þetta sé besta breska mynd síðustu ára, hafa rangt fyrir sér. Þetta er einfaldlega besta kvikmynd síðustu ára. Hrá, mikilvæg og stórskemmtileg! Nýliðinn Turgoose er uppgötvun ársins."

- Glamour

KLIPPIÐ HÉR!

1 Ekkert hlé | 2 Minna af auglýsingum | 3 Engin truflun

græna ljósið - Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.

www.graenaljosid.is - Skráning í Bíóklúbb Græna ljóssins margborgar sig

Framdi ekki sjálfsvíg

Simon LeBon, söngvari Duran Duran, trúir því ekki að vinur hans Michael Hutchence úr hljómsveitinni INXS hafi framið sjálfsvíg fyrir tíu árum. „Hann elskaði lífið, konur og eiturlyf. Hann lifði lífinu til fulls. Það er ekki möguleiki að hann hafi viljað binda enda á þetta allt saman," sagði LeBon, sem bjó eitt sinn með Hutchence.

Lík Hutchence fannst á hótelherbergi í Sydney í Ástralíu þar sem hann hafði verið á tónleikaferð. Talið er að hann hafi hengt sig með belti enda benti krufningarskýrslan til þess.

MICHAEL HUTCHENCE Hutchence lést fyrir tíu árum í föðurlandi sínu, Ástralíu.

Mesta úrval af austurlenskri matvöru á Íslandi

Opnum í dag kl. 10.00
freistandi & framandi

matvörumarkað að Suðurlandsbraut 32

Verið velkomin og upplifið ótrúlegt úrval af austurlenskum matvörum frá t.d. Indlandi, Japan, Kína, Filippseyjum, Indónesíu, Thailandi og Víetnam ásamt ferskum og framandi ávöxtum og grænmeti til að nota í spennandi matargerð. Allt til að töfra fram gómsæta og holla austurlenska rétti.

Hjá okkur færðu mesta úrvalið á Íslandi af austurlenskum matvörum ásamt ráðleggingum og frábærri þjónustu.

Fjöldi glæsilegra opnunartilboða...

Upplifðu töfra austurlanda í matargerð!

ASIAN

Höfum einnig opnað á sama stað Green Apple, sem sérhæfir sig í miklu úrvali af lífrænum og vistvænum vörum, s.s. matvöru, korni, niðursuðuvörum, olífuolíum, nuddolíum, gjafavörum og mörgu fleiru...

LÍFRÆNAR OG VISTVÆNAR VÖRUR

Green Apple

MATVÖRUMARKAÐUR - SUÐURLANDSBRAUT 32 - 108 REYKJAVÍK - S. 551 2121

Opið virka daga kl. 10.00-19.00, laugard. kl. 11.00-17.00

Metsölulisti Eymundsson

1. Negrastrákarnir
Gunnar Egilsson / Muggur

Negrastrákarnir, þessir yndislegu hrakfallabálkar, eru komnir enn og aftur til að skemmta íslenskum börnum. Hinn góðkunni listamaður, Muggur, myndskreytti.

2. Biblían

Ný biblíuþýðing sem miðast við breiðan lesendahóp og notkun í helgihaldi kirkju og safnaða. Þetta er Biblía 21. aldarinnar. Fáanleg í 5 mismunandi kápugerðum.

3. Öskudagar
Ari Jóhannesson

Á giftusömum ferli sem læknir í rúm þrjátíu ár staldrar Ari Jóhannesson við og leyfir ljóðinu að vitja sín.

4. Leyndarmálið
Rhonda Byrne



Leyndarmálið virkar. Bókin sat í 13 vikur samfellt í fyrsta sæti metsölulistans þegar hún kom út.

5. Mæling heimsins
Daniel Kehlmann

Ein mest selda bók í Þýskalandi á undanförnum árum. Nú er hún loksins komin í íslenskri þýðingu.

6. Barbapabbi í langferð
Anette Tison

Loksins komin ný bók um Barbapabba en bækurnar um Barbafjölskylduna hafa slegið rækilega í gegn meðal íslenskra barna.

7. Þúsund bjartar sólir
Khaled Hosseini

Ný metsölubók frá höfundi Flugdrekahlauparans.

8. Þriðja táknið
Yrsa Sigurðardóttir

Glæpasagan vinsæla eftir Yrsu Sigurðardóttur. „Spennandi, heillandi og einstök“, segja bandarískir gagnrýnendur.

9. Viltu vinna milljarð?
Vikas Swarup



Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Bókin sat 28 vikur samfellt í fyrsta sæti kiljulistans.

10. Skrímsli í myrkrinu
Áslaug Jónsdóttir

Hvað leynist í myrkrinu? Þriðja bókin í margverðlaunuðum bókaflokki um stóra og litla skrímslið.

Eymundsson
Bóksali frá 1872
eymundsson.is

Opnar skemmtistað á Akranesi

Fyrrverandi fegurðarkóngurinn Óli Geir Jónsson hefur ákveðið að opna skemmtistaðinn Breiðina á Akranesi á nýjan leik ásamt eiganda Trix í Keflavík. „Ég er skemmtanastjóri Trix og verð yfir Breiðinni líka,“ segir Óli Geir. „Þetta er 700 fermetra staður sem ég vissi að væri laus. Það er bara einn lítill skemmtistaður á Akranesi fyrir og það er grundvöllur fyrir öðrum.“ Óli Geir er þó ekki að fara út í miklar fjárfestingar vegna nýja staðarins því húsið verður tekið á leigu af núverandi eiganda þess. „Það þarf að taka þetta aðeins í gegn. Ég verð þarna að hjálpa til, smíða DJ búr og þess háttar. Við verðum með opnunarpartí hinn 17. nóvember og ég ætla að spila sjálfur þá. Svo byrjum við þetta á fullu með Á móti sól og Páli Óskari þar á eftir. Þetta verða bara endalaus partí og hamingja.“

HVERGI BANGINN Óli Geir Jónsson verður skemmtanastjóri Breiðarinnar á Akranesi. „Þetta verða endalaus partí og hamingja,“ segir hann.

Óli Geir segist þó ekki ætla að flytja upp á Akranes enda ætlar hann að halda áfram starfi sínu sem skemmtanastjóri Trix. Hann segir að Breiðin verði opin allar helgar. „Ég veit lítið um það hverjir hafa stjórnað þessu og hvernig. Við höfum allavega trú á þessu enda förum við okkar eigin leiðir,“ segir hann.

- sók

ANDREA BOCELLI Bocelli tók á öllu sem hann átti á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Bocelli fór á kostum

Ítalski stórsöngvarinn Andrea Bocelli fór á kostum í Egilshöll í fyrrakvöld fyrir framan á sjötta þúsund áhorfendur. Söng hann öll sín frægustu lög, þar á meðal Con te partió sem margir þekkja sem Time to Say Goodbye.

Alls kom yfir eitt hundrað manna fylgdarlið með Bocelli til Íslands, þar á meðal 78 manns úr Tékknesku sinfóníunni. Bocelli er margverðlaunaður tenór og einn söluhæsti tónlistarmaður heims síðustu ár, enda kunnu íslensku áhorfendurnir vel að meta undurfagra rödd hans.

SAMAN Í EGILSHÖLL Óli Boggi og Bryndís mættu í Egilshöll til að hlýða á ítalska tenórinn.

Í GÓÐU SKAPI Haraldur, Ingigerður, Bryndís og Kristján mættu með góða skapið á tónleikana.

EFTIRVÆNTING Íris, Daði, Draumur og Fjóla biðu eftir Bocelli með mikilli eftirvæntingu.

VINKONUR Vinkonurnar Gunnheiður, Ingunn og Íris létu sig ekki vanta á tónleikana.

Áhorfendur upp á stóla fyrir hlé

Afmælissýningin „George Michael í 25 ár“ var frumsýnd á Broadway um helgina og hefur fengið góða dóma. „Ég er búinn að vera í uppákomum á Broadway í fjögur ár og hef aldrei upplifað annað eins,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson, sem syngur lög George Michael í sýningunni. „Fólk var farið að dansa uppi á stólum fyrir hlé og það hef ég aldrei séð. Viðbrögðin komu okkur gjörsamlega í opna skjöldu. Við vorum búin að halda þessu mikið til fyrir okkur og fengum smá svartsýniskast nokkrum dögum fyrir frumsýningu eins og gengur. Það reyndist sem betur fer óþarft.“

Friðrik Ómar hlær þegar hann er spurður að því hvort konur í salnum hafi rifið sig úr nærklæðunum og fleygt þeim upp á svið. „Já, já, bæði konur og karlar.“ Friðriki til halds og trausts er X-Factor sigurvegarinn Jógvan Hansen. „Ég valdi hann með mér af því við erum jafnháir,“ segir Friðrik Ómar og skellir upp úr. „En svona í alvöru talað þá kom enginn annar til greina. Jógvan er frábær strákur.“ Tuttugu manns eru á sviðinu á Broadway þegar mest er; dansarar og söngvarar. „Við tókum vissa áhættu þegar við ákváðum að gera ekki hefðbundna Broadway-sýningu,“ segir Friðrik. „Við notum bæði grafík og myndbönd og lögin spanna tímabilið frá Wham! og fram til dagsins í dag. Fólk fær eitthvað fyrir allan peninginn.“

NÆRBUXUR UPP Á SVIÐ Öllu er tjaldað til í George Michael-sýningunni á Broadway. Friðrik Ómar Hjörleifsson segir að bæði konur og karlar hafi rifið sig úr nærbuxunum og hent þeim upp á sviðið. MYND/LALLI SIG

Annars er nóg að gera hjá Friðriki Ómari, sem syngur á balli eftir hverja sýningu með Guðrúnu Gunnarsdóttur, er að gefa út plötu og fékk sína fyrstu íbúð afhenta á dögunum. „Ég bý í Norðurmýrinni en er að fara að færa mig í 101 og hlakka mikið til,“ segir Friðrik Ómar, sem er í sambúð. „Nú er bara að drífa sig í málningargallann og fara að leggja parkett.“

- sók

SPRENGJU-
HÖLLIN

1.999 kr.

TÍMARNIR OKKAR
ER MEST SELDA PLATA LANDSINS
3 VIKUR Á TOPPNUM

★★★★★

EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA

"Tímarnir Okkar er ekkert annað en Sumar á Sýrlandi minnar kynslóðar. Sneisafull af ódauðlegum poppmelódíum sem verða kyrjaðar af íslensku þjóðinni um ókomna framtíð."

Steinþór Helgi Arnsteinsson, Fréttablaðið

93%

„Mikilvægasta íslenska platan sem kemur út í ár - og jafnvel í nokkur ár."

- Monitor

★★★★★

„Fáar íslenskar hljómsveitir hafa komið jafnmikið á óvart síðastliðin ár."

- Morgunblaðið

„Eins og kynslóð okkar, er platan alveg jafn fersk og heillandi og hún er áhrifamikil til framtíðar."

- Reykjavík Grapevine

★★★★

„Skemmtilegasta íslenska poppplatan í áraraðir."

- Fréttablaðið

★★★½

„Vægast sagt frábær poppplata."

- DV

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

BALLS OF FURY	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	7
BALLS OF FURY LÚXUS	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	
ÆVINTÝRAEYJA IBBA	kl. 4 - 6	
DARK IS RISING	kl. 3.45 - 5.50 - 8	7
THE HEARTBREAK KID	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
RESIDENT EVIL 3	kl. 10.10	16
GOOD LUCK CHUCK	kl. 8 - 10.10	14
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 3.50	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó!

THIS IS ENGLAND	kl. 6 - 8 - 10	
ROUGE ASSASSIN	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16
SUPERBAD	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 5.40 - 8 - 10.20	14

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

BALLS OF FURY	kl. 6 - 8 - 10	7
ELIZABETH: THE GOLDEN AGE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
EASTERN PROMISES	kl. 8 - 10.20	16
SYNDIR FEÐRANNA	kl. 6 - 10.20	12
VEÐRAMÓT	kl. 5.40 - 8	14

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI SÍMI 462 3500

BALLS OF FURY	kl. 8 - 10	7
EASTERN PROMISES	kl. 10	16
DARK IS RISING	kl. 6 - 8	7
THE HEARTBREAK KID	kl. 6	12

ÁLFABAKKA

MICHAEL CLAYTON DIGITAL	kl. 8 - 10:30	7
MICHAEL CLAYTON	kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
THE GOLDEN AGE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
THE INVASION	kl. 8 - 10:30	16
ÍÞRÓTTAHETJAN M/- ÍSL TAL	kl. 4 - 6	L
HEARTBRAKE KID	kl. 5:30 - 8	12
THE BRAVE ONE	kl. 10:30	16
STARDUST	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
ASTRÓPÍÁ	kl. 4 - 6	L

KRINGLUNNI

MICHAEL CLAYTON	kl. 8 - 10:30	7
THE INVASION	kl. 10:10 DIGITAL	16
DARK IS RISING	kl. 4 - 6	7
ÍÞRÓTTAHETJAN M/- ÍSL TAL	kl. 4 - 6	L
IN THE LAND OF WOMEN	kl. 5:50 - 8	L
THE KINGDOM	kl. 8 - 10:10	10
BRATZ	kl. 3:40	L

AKUREYRI

ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali	kl. 6	L
MICHAEL CLAYTON	kl. 8 - 10	7
STARDUST	kl. 5:50	10
THE INVASION	kl. 8 - 10	16

KEFLAVÍK

ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali	kl. 6	L
ÆVINTÝRAEYJA IBBA m/ísl tali	kl. 6	L
VEÐRAMÓT	kl. 8	14
THE KINGDOM	kl. 8	16
3:10 TO YUMA	kl. 10:10	16
HALLOWEEN	kl. 10:10	16

SELFOSSI

HEARTBRAKE KID	kl. 8 - 10:20	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 8	L
THE KINGDOM	kl. 10:10	10

Jagúar spilar á miðnætti

Hljómsveitin Jagúar heldur útgáfutónleika á Nasa í kvöld til að kynna sína nýjustu plötu, Shake It Good. „Við ætlum að spila alla plötuna eins og hún leggur sig fyrir fólk fyrri hluta tónleikanna en síðan ætlum við að taka meira ball-efni," segir Óskar Guðjónsson úr Jagúar, sem vonast til að fólk dansi eins og það eigi lífið að leysa. Hefjast tónleikarnir á miðnætti og kostar 1.500 krónur inn.

Jagúar spilaði í Iðnó á Airwaves-hátíðinni við mjög góðar undirtektir og ætlar að fylgja þeim tónleikum vel eftir í kvöld. „Það kom okkur slatta á óvart hvað það gekk vel á Airwaves. Það var rosaleg vítamínsprauta fyrir bandið. Það var meiriháttar gaman að spila þar og við komum fullir tilhlökkunar í þetta gigg á Nasa."

JAGÚAR Hljómsveitin Jagúar heldur útgáfutónleika á Nasa í kvöld.

Jagúar verður einnig í beinni útsendingu á Rás 2 í dag þar sem hún spilar væntanlega lög af nýju plötunni. **- fb**

Skrautlegar dagbækur Sixx

Fyrir skömmu kom út bókin The Heroin Diaries sem fjallar um skrautlegt líferni Nikki Sixx, bassaleikara rokksveitarinnar Mötley Crüe. Sixx var á sínum tíma á kafi í heróínneyslu og á hraðri leið í gröfina en hefur nú tekið sig saman í andlitinu.

Bókin The Dirt, sem fjallar um sukksaman feril Mötley Crüe, þykir ekki komast í hálfkvisti við The Heroin Diaries, sem blaðamaðurinn Ian Gittins skrifaði með aðstoð Sixx. Sögur af ótrúlegri eiturlyfjaneyslu, hópkynlífi og undarlegum uppátækjum Sixx eru uppistaðan í bókinni og er ekkert dregið undan í lýsingunum.

Dauði á Valentínusardag

„Viltu hjálpa mér að segja söguna af því þegar ég dó?," spurði Sixx blaðamanninn Gittins þegar hann bað hann um að skrifa með sér bókina, sem er byggð á dagbókum hans. Gittins hafði áður tekið viðtal við Sixx og félaga hans Tommy Lee fyrir tímaritið Melody Maker á Valentínusardag árið 1986, skömmu áður en Sixx dó í nokkrar mínútur. „Þeir voru báðir útúrdópaðir, sérstaklega Sixx. Áður en dagurinn var á enda hafði hann tekið of stóran skammt af heróíni og eiturlyfjasali hafði fleygt honum út á götu, áður en hann bjargaðist á ótrúlegan hátt," sagði Gittins í grein sinni í dagblaðinu The Guardian.

Sixx bað Gittins um að skrifa bókina í sem dekkstri mynd og sagði honum að ræða við vini sína og vandamenn um þetta myrka tímabil í lífi sínu, sem hann reyndar man sjálfur lítið sem ekkert eftir.

Viski í handlegginn

Mötley Crüe var undir lok níunda áratugarins ein vinsælasta þungarokkshljómsveit Bandaríkjanna og hefur í dag selt yfir 41 milljón platna um heim allan. Sixx átti erfitt með að höndla velgengnina því hann var á sama tíma langt leiddur í eiturlyfjaneyslu, auk þess sem hann glímdi við þunglyndi. Engu að síður gaf hann sér alltaf tíma til að skrifa samviskusamlega í dagbók sína á degi hverjum.

Tommy Lee segir að félagi sinn hafi verið í tómu rugli. „Ég var algjör stuðbolti á þessum tíma en Sixx var ennþá verri," sagði Lee. „Hann vildi blanda alls konar eiturlyfjum saman til að sjá hversu langt hann kæmist," sagði Lee. „Ég gleymi því ekki þegar við vorum á hóteli í Kanada. Við vorum búnir með kókaínið og vöktum í staðinn alla nóttina við að sprauta í okkur Jack Daniel´s-viskíi. Við vorum svo útúrdópaðir að við föttuðum ekki að við gætum drukkið það."

NIKKI SIXX Sixx var ekki barnanna bestur á árum áður og sökk á bólakaf í eiturlyfjaneyslu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

MÖTLEY CRÜE Bókin The Dirt fjallar um sukksaman feril Sixx og félaga í Mötley Crüe. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

„Ég er dauður"

Eftir að Sixx hafði verið endurlífgaður árið 1986 lét hann sér það ekki að kenningu verða. Lýsir það best hversu langt hann var leiddur. „Eftir að ég dó kom ég heim og breytti kveðjunni á símsvaranum mínum í: „Hey, þetta er Nikki. Ég er ekki við vegna þess að ég er dauður." Eftir það sprautaði ég mig."

ALLSGÁÐUR Nýleg mynd af Nikki Sixx, sem hefur verið allsgáður í þó nokkur ár. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Cruise sefur lítið

Leikarinn Tom Cruise segist hafa lítinn tíma til að slappa af því mestur tími hans fari í fjölskylduna, kvikmyndaferilinn og starf hans sem meðeigandi fyrirtækisins United Artists.

„Eins og með svo marga aðra þá reynir maður að leysa úr þessu. „Við erum orðin frekar góð í að skipuleggja hlutina. Ég sef hvort sem er ekkert svo mikið," sagði Cruise.

Hann er mjög ánægður með hjónaband sitt og Katie Holmes og segist heppinn að eiga hana sem eiginkonu. „Ég ber mikla virðingu fyrir henni sem listamanni og sem konu," sagði hann. „Hún er mjög sterk og þokkafull kona. Hún er mjög fyndin, virkilegur grínisti."

CRUISE OG HOLMES Leikarahjónin Tom Cruise og Katie Holmes eru góð í að skipuleggja líf sitt.

Cruise, sem er 45 ára, hefur einnig áhuga á að leikstýra og segist ætla að prófa það einn góðan veðurdag. „Mig hefur alltaf langað til þess. Mér hefur verið boðið að leikstýra en ég hef ekki ennþá fundið rétta verkefnið."

Lýkur við nýtt ævintýri

Höfundur Harry Potter, J. K. Rowling, hefur lokið við sjö handskrifuð eintök af nýju ævintýri sem nefnist The Tales of Beedle the Bard. Ævintýrið, sem verður ekki gefið út, kom við sögu í síðustu bók hennar, Harry Potter og dauðadjásnin. Eitt eintak verður selt á uppboði og rennur allur ágóðinn til góðgerðasamtakanna The Children´s Voice. Ætlar Rowling sjálf að gefa hin eintökin.

Rowling segir að ævintýrið sé yndisleg leið til að kveðja Potter. „Fólk sagði við mig að loksins gæti ég tekið mér hvíld frá skriftum en í rauninni var ég ekkert í pásu," sagði hún.

Nýlega afhjúpaði Rowling að skólastjórinn Dumbledore úr Harry Potter-bókunum væri samkynhneigður. Hún segist alltaf hafa litið á hann sem slíkan. „Enginn spurði mig hvort hann hefði einhvern tímann verið ástfanginn. Fólk einblíndi á Harry og þess vegna hafði ég aldrei verið spurð að þessu."

Nýja bókin verður boðin upp hjá Sotheby´s í London í næsta mánuði. Upphafsverð er rúmar 3,6 milljónir en talið er að ævintýrið seljist á mun hærra verði.

Harry Potter-bækurnar höfðu selst í 325 milljónum eintaka áður en sjöunda og síðasta bókin kom út. Hafa bækurnar verið gefnar út í yfir níutíu löndum. Síðasta bókin er væntanleg í búðir hérlendis í íslenskri þýðingu 15. nóvember næstkomandi.

J. K. ROWLING Höfundur Harry Potter ætlar að selja nýjasta ævintýri sitt á uppboði.

JOHN LENNON Lennon gaf hárgreiðslukonunni Betty Glasgow hárlokk á sjöunda áratugnum.

Selur lokk úr John Lennon

Lokkur úr hári Bítilsins fyrrverandi Johns Lennon verður settur á uppboð síðar í mánuðinum. Talið er að 250 til 370 þúsund krónur fáist fyrir hann.

Hárgreiðslukonan Betty Glasgow fékk lokkinn að gjöf frá Lennon um miðjan sjöunda áratuginn ásamt miða sem á stóð: „Til Betty, fullt af ást og hári frá John Lennon xx". Glasgow starfaði sem stílisti við tónlistarmyndir Bítlanna, A Hard Day´s Night og Help, og komst þannig í kynni við fjórmenningana frá Liverpool. „Það var frábært að vinna með strákunum. Þeir voru alltaf saman í hóp og hlógu mikið," sagði hún.

LANE GARRISON Garrison hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi.

Þriggja ára fangelsi

Leikarinn Lane Garrison, sem sló í gegn í þáttunum Prison Break, hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi. Garrison var í desember síðastliðnum drukkinn þegar hann ók á tré og lést einn af þremur farþegum bílsins, sautján ára unglingur. Játaði Garrison sig sekan um verknaðinn og að hafa gefið unglingum undir lögaldri áfengi.

Hinn 27 ára Garrison fór með hlutverk Tweener í Prison Break. Fjalla þættirnir um fangaflótta og þykja örlög leikarans frekar kaldhæðnisleg af þeim sökum. Garrison þarf jafnframt að greiða um átján milljónir króna í skaðabætur til þeirra sem biðu skaða af árekstrinum.

> Heiðar Geir á leið heim

Sænska félagið Hammarby hefur ákveðið að bjóða Framaranum Heiðari Geir Júlíussyni ekki samning hjá félaginu en hann hefur verið í láni þar undanfarið ár frá Fram. Heiðar Geir mun því snúa aftur til Fram nema eitthvað komi upp á. Frömurum gengur ekkert að ganga frá samningi við Svíann Alexander Steen sem var í lykilhlutverki hjá liðinu síðasta sumar. Að sögn Framara tók Steen vel í að vera áfram en hann fór utan til að bera málið undir sína nánustu áður en hann tekur endanlega ákvörðun. Það hefur að sögn ekki gengið vel og unnusta Steen víst ekki mjög spennt fyrir því að vera á Íslandi.

sport
sport@frettabladid.is

GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON: VAR SELDUR FRÁ HAMMARBY TIL NÝLIÐA NORRKÖPING Í ALLSVENSKAN

Garðar og Stefán auðvelduðu ákvörðun mína

Gunnar Þór Gunnarsson var í gær seldur frá Hammarby í Svíþjóð til nýliða Norrköping í Allsvenskan-deildinni í fótbolta, en Gunnar Þór spilaði fyrir Fram í Landsbankadeildinni í fyrrasumar. Fyrir hjá Norrköping er Garðar Bergmann Gunnlaugsson, en Stefán Þór Þórðarson er á förum frá félaginu og spilar með ÍA á næstu leiktíð.

„Ég átti gott spjall við bæði Garðar og Stefán áður en ég skrifaði undir og þeir höfðu ekkert nema gott að segja um Norrköping, þannig að það hjálpaði mér auðvitað að taka þessa ákvörðun," sagði Gunnar Þór og kvaðst ekki geta beðið eftir því að spila fyrir sitt nýja lið.

„Ég var með nokkur tilboð í höndunum, bæði í Svíþjóð og Noregi, en Norrköping var það lið sem gekk mest á eftir mér og stjóri liðsins vildi sérstaklega fá mig og það var frábært að finna þann áhuga. Bærinn er líka heillandi, af svipaðri stærð og Reykjavík og það er kostur finnst mér," sagði Gunnar og telur sig ekki vera að taka skref niður á við.

„Norrköping verður nýliði í efstu deild á næstu leiktíð en Hammarby endaði í sjötta sæti í deildinni í ár. Hammarby er því ef til vill stærri klúbbur, en Norrköping sló þó Hammarby út úr bikarnum síðasta sumar þannig að liðin eru ekki ósvipuð að getu. Markmiðið hjá Norrköping fyrir næsta tímabil er samt fyrst og fremst að tryggja stöðu liðsins í deildinni og sýna það strax að liðið ætli sér ekki aftur niður," sagði Gunnar og vonast til þess að fá fleiri tækifæri með landsliðinu.

„Það var frábært að hafa fengið tækifæri með landsliðinu á sínum tíma og vera kominn á blað þar. Ég held að það sé skref í rétta átt fyrir mig að fara til Norrköping, þar sem ég fæ vonandi meir að spila. Það ætti að auka líkurnar á því að komast í landsliðið á ný, enda verður maður eðlilega ekki valinn án þess að vera byrjunarliðsmaður hjá félagsliði sínu," sagði Gunnar. Hann lék tuttugu leiki með Hammarby í Allsvenskan síðasta sumar en þar af var hann aðeins átta sinnum í byrjunarliðinu.

Spurði Óla hvort hann hefði dottið á hausinn

Pétur Pétursson var í gær ráðinn aðstoðarþjálfari íslenska landsliðsins við hlið Ólafs Jóhannessonar sem var ráðinn landsliðsþjálfari í byrjun vikunnar. Pétur segir að það hafi komið sér algjörlega í opna skjöldu er Ólafur leitaði til hans.

GULIR OG RAUÐIR Búningur Lecce þekkist á gulu og rauðu röndunum. NORDICPHOTOS/AFP

Búningastjóri Lecce:

Varð fyrir eldingu og dó

FÓTBOLTI Búningastjóri ítalska knattspyrnuliðsins Lecce lést í gær eftir að hafa orðið fyrir eldingu eftir æfingu liðsins á Via del Mare-leikvanginum. Lecce er 91 þúsund manna borg á suðausturströnd Ítalíu.

Hinn 42 ára gamli Antonio De Giorgi var að ganga frá eftir æfingu og á leið í átt að búningsklefanum þegar eldingunni laust í hann.

Þjálfarinn Giuseppe Papadopulo og yfirmaður íþróttamála félagsins, Guido Angelozzi, stóðu rétt hjá en sluppu ómeiddir. Lecce hefur þegar lagt inn beiðni um að leik liðsins við Cesena um helgina verði frestað. **- óój**

Iceland Express-deild karla:

ÍR-ingar komnir með Kana

KÖRFUBOLTI ÍR-ingar hafa samið við Ray Cunningham, 28 ára gamlan og 199 cm framherja sem hefur spilað í minni atvinnumannadeildum Bandaríkjanna frá því að hann kláraði háskólaferil sinn 2001.

Cunningham leysir af Sonny Troutman sem byrjaði tímabilið með ÍR-ingum en var látinn fara eftir slaka frammistöðu. Cunningham lék með Minot SkyRockets í CBA-deildinni á síðasta tímabili og var þá með 17,4 stig og 7,4 fráköst að meðaltali í leik auk þess að nýta 46,3 prósent þriggja stiga skota sinna.

Cunningham lék á sínum tíma með Murray State háskólanum þar sem hann var með 11,3 stig og 6,8 fráköst á sínu besta ári 1999-2000. **- óój**

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA
EIMSKIPS BIKARINN
Eimskipsbikarinn í handbolta í kvöld!
AFTURELDING 2 – FRAM 2
kl. 19.45 Varmá

FÓTBOLTI Skagamaðurinn Pétur Pétursson verður hægri hönd landsliðsþjálfarans Ólafs Jóhannessonar næstu tvö árin. Samningar þess efnis voru undirritaðir í gær. Að Ólafur skuli hafa leitað til Péturs kemur mörgum á óvart og þá ekki síst Pétri sjálfum.

„Ég spurði Óla hvort hann hefði dottið á hausinn ofan í grunninn þar sem hann var að smíða. Hann kvað svo ekki vera," sagði Pétur við Fréttablaðið í gær aðspurður um símtalið frá Ólafi en Pétur þekkir Ólaf sama sem ekki neitt. „Við eigum okkur enga sögu og þekkjumst lítið. Höfum þó setið saman á leikjum en lengra nær það nú ekki. Ég var mjög hissa þegar hann hringdi í mig."

Pétur hefur haldið sig frá sviðsljósinu síðan hann hætti með KR sumarið 2001 en hann gerði KR að Íslandsmeisturum sumarið á undan. Hann þjálfar 2. flokk hjá Breiðabliki sem stendur og var að byrja sitt þriðja ár með flokkinn. Hann mun halda þjálfun Blikastrákanna áfram en þess utan er Pétur með sína eigin ljósmyndastofu.

„Mér líst vel á að taka þessari áskorun. Manni verður ekkert boðið þetta aftur. Annað hvort hefur maður áhuga á að gera þetta einu sinni eða ekki," sagði Pétur en hann segist hafa náð vel saman með Ólafi er þeir byrjuðu að spjalla um landsliðið.

„Það var ótrúlegt hvað við vorum sammála enda báðir sveitastrákar. Ég var sammála því sem Óli sagði um landsliðið og svo er spurning hvort þetta gangi upp hjá okkur.

AFTUR Í SLAGINN Pétur Pétursson var ráðinn aðstoðarlandsliðsþjálfari í gær. Hann sést hér á ljósmyndastofu sinni í gær fyrir framan liðsmynd af Feyenoord leiktíðina 84-85. Við hlið Péturs á þeirri mynd er Ruud Gullit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég ætlaði mér ekkert að fara aftur á stóra sviðið og bjóst ekki við að þessi staða kæmi upp. Ég dró mig vísvitandi út úr sviðsljósinu á sínum tíma og hef í raun engan sérstakan áhuga á að vera í sviðsljósinu.

Það er fínt að fara út á völl og allt það en ég get vel verið án alls sem fylgir þessu. Það er þá kannski ágætt að geta bent á þjálfarann þegar hringt er í mann," sagði Pétur léttur á því og hló dátt en hann segist hafa hætt að þjálfa hjá KR á sínum tíma þar sem hann hafði ekki lengur gaman af því sem hann var að gera.

„Það var ekkert launungarmál á sínum tíma að það var alls ekki auðvelt að þjálfa hjá liði eins og KR. Ef maður hefur ekki gaman af því sem maður er að gera þá á maður að hætta. Það var þannig í mínu tilviki. Ég vann titil með KR en því fylgdi engin ánægja á eftir. Það var svolítið skrítið og þá fattaði ég að þetta var ekki lengur gaman og því sneri ég mér að öðru," sagði Pétur.

henry@frettabladid.is

MARTINA HINGIS Hætt og féll á lyfjaprófi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Hingis fellur á lyfjaprófi:

Kókaín í sýni Hingis

TENNIS Svissneska tenniskonan Martina Hingis hefur játað að hafa fallið á lyfjaprófi á Wimbledon-mótinu. Efnið sem fannst í sýni Hingis var kókaín.

„Ég féll á lyfjaprófi en ég hef samt aldrei tekið nein lyf. Ég er algjörlega saklaus í þessu máli," sagði Hingis, sem er 27 ára. Hún tilkynnti á sama tíma að hún væri hætt tennisiðkun í annað sinn á ferlinum vegna meiðsla. **- hbg**

Micah Richards hjá Man. City:

Gæti misst af Króatíuleiknum

FÓTBOLTI Micah Richards, varnarmaðurinn snjalli hjá Manchester City, meiddist á hné í 1-0 sigri á Bolton í deildarbikarnum í vikunni og gæti misst af landsleikjum Englands um miðjan mánuðinn.

Richards var borinn af velli eftir að hafa fest takkana í grasinu og snúið upp á hnéð. England spilar vináttuleik við Austurríki 16. nóvember og lokaleik sinn í undankeppni EM við Króatíu fimm dögum síðar. **- óój**

Jónatan Magnússon á sjúkrahúsi í Vestmannaeyjum:

Ég féll ekki í yfirlið

HANDBOLTI Það fór um áhorfendur í Vestmannaeyjum á miðvikudag þegar Akureyringurinn Jónatan Magnússon lagðist í gólfið í fyrstu sókn og þurfti í kjölfarið að yfirgefa völlinn og fara á sjúkrahús. Fréttir bárust af því að Jónatan hefði fallið í yfirlið en hann segir þær fréttur orðum auknar.

„Ég fékk smá sting í magann fyrir leik og þegar leikurinn byrjaði varð stingurinn óbærilegur. Ég stöðvaði því bara leikinn og lagðist niður til að jafna mig. Það var engin dramatík í þessu og ég féll ekkert í yfirlið," sagði Jónatan við Fréttablaðið í gær en hann var í kjölfarið fluttur á Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Þar gisti hann yfir nóttina og félagar hans í liðinu fóru því norður á undan honum.

„Það voru bara varúðarráðstafanir. Það er í fínu lagi með mig og hjartað í mér. Menn hallast helst að því að maginn hafi verið að gera uppreisn þar sem ég hef verið að bryðja talsvert af bólgueyðandi töflum vegna hinna meiðslanna. Ég fer svo í magaspeglun á morgun [í dag] og þá kemur ástand magans í ljós. Annars er ég bara kominn heim og mér líður vel," sagði Jónatan brattur eins og venjulega. **- hbg**

Á GÓLFINU Það fór um áhorfendur í Eyjum þegar Jónatan lagðist í gólfið. Var talað um að hann hefði fallið í yfirlið en hann segir það orðum aukið. MYND/HLYNUR SIGMARSSON/HANDBOLTI.IS

NÝDÖNSK
1987-2007



2.799 kr.

2CD&DVD

PLATA 1

1. Verðbólgin augu 2. Sökudólgur óskast 3. Eplatré 4. Lærðu að ljúga 5. Þá kemur þú
6. Holur innan hausinn 7. Hei þú 8. Flauelsföt 9. Hunang 10. Neptúnus (Sjávarguð)
11. Horfðu til himins 12. Fluga 13. Alelda 14. Deluxe 15. Kirsuber
16. Nostradamus 17. Frelsið 18. Apaspil 19. Fram á nótt

MYNDBÖNDIN

1. Hólmfríður Júlíusdóttir 2. Apaspil 3. Nostradamus 4. Frelsið 5. Allt 6. Kirsuber
7. Alelda 8. Landslag skýjanna 9. Horfðu til himins 10. Himnasending 11. Skynjun
12. Hunang 13. Kvikindi 14. Klæddu þig 15. Blómarósahafið 16. Lærðu að ljúga
17. Flugvélar 18. Fagurt fés 19. Sökudólgur óskast



PLATA 2

1. Afneitum draumunum 2. Hvað kostar hamingjan? 3. Á sama tíma að ári 4. Flugvélar
5. Kraftaverk 6. Húsmæðragarðurinn 7. Blómarósahafið 8. Klæddu þig 9. Kvikindi
10. Ljósaskipti 11. Ilmur 12. Himnasending 13. Freistingar 14. Landslag skýjanna
15. Svefninn laðar 16. Sól 17. Skynjun 18. Hjálpaðu mér upp 19. Hólmfríður Júlíusdóttir



NÝDANSKIR DAGAR

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

Nemanja Sovic hefur gert tveggja ára samning við 1. deildarlið Breiðabliks og spilar sinn fyrsta leik í kvöld:

Best fyrir alla að ég fór frá Fjölni

KÖRFUBOLTI Einn allra besti sóknarmaður Iceland Express-deildar karla í körfubolta hefur ákveðið að spila með 1. deildarliði Breiðabliks næstu tvö tímabil.

„Ég ákvað þetta sjálfur og fékk stuðning frá Fjölni til þess að fara. Þeir skildu mig og mína afstöðu og ég er mjög þakklátur fyrir það," segir Sovic, sem segir ekki hafa komið til greina að fara í annað félag.

„Það vó þungt í minni ákvörðun að Breiðablik er með gott lið og að ég gæti spilað í Iceland Express-deildinni sem fyrst aftur. Ég valdi líka að fara til Breiðabliks út af Einari Árna þjálfara. Ég hef mikla trú á honum og ég get vonandi hjálpað Breiðabliki að komast upp í Iceland Express-deildina. Það var minn fyrsti kostur í stöðunni að spila með Breiðabliki," sagði Sovic, sem hefur gert frábæra hluti með Fjölni undanfarin ár. Það eru örugglega fáir búnir að gleyma því þegar hann lék veikur gegn Tindastóli í síðustu umferðinni síðasta vor en hjálpaði Fjölni til þess að halda sæti sínu með því að skora 41 stig og taka 13 fráköst í sjö stiga sigri.

„Mér fannst þetta vera rétti tíminn til þess að yfirgefa Fjölni. Tímabilinu hjá Fjölni var mjög góður og ég var mjög ánægður með þau þrjú og hálft ár sem ég eyddi í Grafarvoginum. Það var best í stöðunni fyrir alla að ég færi," sagði Nemanja Sovic. „Byrjunin á tímabilinu er búin að vera erfið og það er mín tilfinning að liðinu muni ganga betur án mín," sagði Sovic en Fjölnir tapaði þremur af fyrstu fjórum leikjum sínum í Iceland Express-deildinni. Sovic átti mjög góðan dag í eina sigrinum, sem kom gegn Stjörnunni, en hann kom þá með 20 stig, 10 fráköst og 5 varin skot inn af bekknum. Sovic hefur byrjað á bekknum í öllum leikjunum en spilaði það eitthvað inn í ákvörðun hans?

„Það var erfitt fyrir mig að taka því að ná ekki að vinna mér sæti í byrjunarliðinu en það var þó ekki aðalástæðan fyrir því að ég vildi fara," sagði Sovic. Hann hætti einnig þjálfun kvennaliðs Fjölnis, sem hefur tapað öllum leikjum sínum í vetur en engu að síður staðið sig vel í frumraun sinni í efstu deild.

„Það var mjög erfitt að yfirgefa kvennaliðið og mér líður verst út af því. Ef stelpurnar fá bandarískan leikmann geta þær gert ýmislegt í þessari deild. Ég er mjög ánægður með þær hingað til í vetur, þær eru að standa í liðunum og eru ekki að tapa leikjunum illa þrátt fyrir að spila ekki með bandarískan leikmann. Það sýnir okkur að það er mikið varið í þessar stelpur því öll önnur lið deildarinnar eru með bandarískan leikmann innan sinna raða," segir Sovic, sem ætlar að spila sinn fyrsta leik með Breiðabliki gegn Ármanni/Þrótti í kvöld. **- ööj**

FRÁBÆR SÓKNARMAÐUR Nemanja Sovic skoraði 22,1 stig að meðaltali í 69 leikjum með Fjölni í úrvalsdeildinni. Hann er langstigahæsti leikmaður félagsins í sögu úrvalsdeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FIMM JAFNTEFLI Emil Hallfreðsson hefur ekki kynnst því enn að vera í sigurliði í ítölsku deildinni. NORDICPHOTOS/AFP

Lið Emils Hallfreðssonar:

Þjálfarinn var rekinn í gær

FÓTBOLTI Reggina, lið landsliðsmannsins Emils Hallfreðssonar, rak í gær þjálfara sinn, Massimo Ficcadenti, í kjölfar þess að liðið tapaði 1-3 á heimavelli fyrir Livorno og settist fyrir vikið á botn deildarinnar.

Reggina á enn eftir að vinna sinn fyrsta sigur í deildinni í vetur en liðið hefur fengið fimm stig út úr 10 leikjum. Renzo Ulivieri, sem þjálfaði áður lið Bologna, mun að öllum líkindum taka við liðinu og þá er að sjá hvort Emil, sem hefur verið í byrjunarliðinu í öllum leikjunum, haldi sæti sínu í liðinu.

Emil hefur staðið sig vel með Reggina og fengið góða dóma fyrir frammistöðu sína en hann hefur ekki verið í sigurliði síðan hann hjálpaði íslenska landsliðinu að vinna Norður-Íra 12. september síðastliðinn.

„Ég er búinn að standa mig það vel að ég hlýt að fá tækifæri áfram, en maður veit þó aldrei. Ég reyni bara að geta eitthvað áfram og ég hef líka fulla trú á því að liðið rífi sig upp úr þessari lægð," sagði Emil í samtali við Fréttablaðið í gær. **- ööj**

SESTUR Á BEKKINN Lebron James skoraði aðeins tvær körfur á 36 mínútum gegn Dallas. NORDICPHOTOS/GETTY

NBA-deildin farin af stað:

Lebron gat ekki neitt í stórtapi

KÖRFUBOLTI Lebron James, sem leiddi Cleveland Cavaliers inn í lokaúrslit NBA-deildarinnar í sumar, var ískaldur í fyrsta leik tímabilsins þegar Cleveland tapaði með 18 stiga mun á heimavelli, 74-92, fyrir Dallas.

James skoraði aðeins 10 stig í leiknum, klikkaði á 9 af 11 skotum sínum og tapaði 5 boltum, sem er slakasta frammistaða hans á ferlinum í opnunarleik tímabilsins.

„Þetta er bara fyrsti leikurinn og vonandi getum við gleymt honum sem fyrst. Við spiluðum illa en svona hefur þetta verið allt undirbúningstímabilið. Við erum ekki að gera neitt rétt," sagði James og þjálfarinn Mike Brown orðaði þetta á einfaldan hátt. „Við vorum bara rassskelltir. Dallas kom hingað og gerði það sem liðið vildi í vörn sem sókn," sagði Brown. **- ööj**

BT

Panasonic

TX-32LX70F
PANASONIC 32" LCD 100HZ LX70
Myndstýring: V Real 2 Engine
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
100Hz Motion Picture Pro
IPS Alpha panel
Intelligent Scene Controler
3D Color management
Sub Pixel Control
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 2

1. GREIÐSLA
1. febrúar 2008

FYLGIR
29.999

SC-PT150
PANASONIC HEIMABÍÓ PT150

149.999

BT LÁN
Verð frá:
4.750
59 mánaða

TOSHIBA

PSL40E-02R01QN5
TOSHIBA SATELLITE L40-139
Intel Celeron M 520
15.4" TFT WXGA
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows® Vista Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

1. GREIÐSLA
1. febrúar 2008

14272-TRU - TRUST
fartölvufjarstýring
DTI-1GB - 1GB KINGSTON USB MINNI
BEU3015P - TARGUS BLACK SKIN fartölvutaska

Fylgir
9.997

69.999
89.999

BT LÁN
Verð frá:
2.103
59 mánaða

APPLE IPOD TOUCH 8GB

Flettu í gegnum ljósmyndasafnið þitt með því að draga fingurinn þvert yfir skjáinn. Ótrúleg birta og frábærir litir í þessu magnaða 3,5" snertiskjá.

Fullkomnasti Ipodinn til þessa. Spilarinn styður "coverflow" Þannig að mögulegt er að fletta í gegnum tónlistarsafnið og skoðað plötuhulstrin. Allt að 22 klst rafhlöðuending

Farðu á netið þráðlaust í þessari mögnuðu lófatölvu. Ekkert mál að skoða tölvupóstinn, visir.is eða hvað annað sem þú hefur áhuga á.

Settu inn kvikmyndir eða þætti í gegnum Itunes á einfaldan hátt og horfðu á þá í widescreen þegar þú ert á ferðinni.

Þegar tölvan er tengd við netið er með einföldum hætti hægt að logga sig inn YouTube og skoða skemmtilegar videoklippur.

LÆGSTA VERÐ Á LANDINU!!!

ÓTRÚLEGUR SNERTISKJÁR!!

39.999

BT LÁN
Verð frá:
1.714
36 mánaða

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla:

Njarðvík-KR 82-81
Stig KR: Joshua Helm 30 (12 fráköst), Helgi Már Magnússon 11 (5 stoðsendingar), Darri Hilmarsson 11, Avi Fogel 10, Fannar Ólafsson 8 (7 fráköst, 23 mín.), Ellert Arnarsson 3, Brynjar Þór Björnsson 3 (8 stoðsendingar), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Jovan Zdravevski 3.
Stig Njarðvíkur: Charleston Long 18 (12 fráköst), Brenton Birmingham 16 (9 stoðs., 4 stolnir), Hörður Axel Vilhjálmsson 13, Egill Jónasson 12 (8 fráköst, 4 varin), Jóhann Árni Ólafsson 10, Friðrik Stefánsson 7 (8 fráköst, 4 varin), Sverrir Þór Sverrisson 5.

Keflavík-ÍR 110-79
Stig Keflavíkur: Tommy Johnson 24, Anthony Susjnara 16, B.A. Walker 15, Jón Norðdal 12, Arnar Jónsson 10, Gunnar Einarsson 7, Sigurður Þorsteinsson 4, Sigfús Árnason 4, Vilhjálmur Steinarsson 2, Þröstur Jóhannsson 1.
Stig ÍR: Hregegviður Magnússon 29, Sveinbjörn Claesen 12, Eiríkur Önundarson 9, Ólafur Sigurðsson 9, Steinar Arason 9, Ray Cunningham 5, Ómar Sævarsson 4, Þorsteinn Húnfjörð 2

Tindastóll-Grindavík 78-90
Stig Tindastóls: Marcin Konarzewski 25 (15 fráköst), Donald Brown 21, Ísak Einarsson 12, Serge Poppe 12, Samir Shaptahovic 5, Svavar Birgisson 3.
Stig Grindavíkur: Adama Darboe 22, Jonathan Griffin 18, Igor Beljanski 13, Páll Axel Vilbergsson 11, Björn Brynjólfsson 9, Páll Kristinsson 9, Þorleifur Ólafsson 6, Ármann Vilbergsson 2.

Skallagrímur-Fjölnir 88-65
Stig Skallagríms: Darrell Flake 23 (14 frák.), Pétur Már Sigurðsson 22, Miljoca Zekovic 12, Alan Falla 11 (10 stoðs.), Axel Kárason 7, Hafþór Ingi Gunnarsson 6, Áskell Jónsson 5, Óðinn Guðmundsson 2.
Stig Fjölnis: Drago Pavlovic 23, Karlton Mims 15, Kristinn Jónasson 10, Níels Páll Dungal 9, Hjalti Þór Vilhjálmsson 3, Þorsteinn Sverrisson 2, Brynjar Þór Kristófersson 2

Stjarnan-Þór 85-78

STAÐAN:

1. Keflavík	**5**	**5**	**0**	**495:406**	**10**
2. Grindavík	5	4	1	446:426	8
3. KR	**5**	**4**	**1**	**467:432**	**8**
4. Njarðvík	5	3	2	412:373	6
5. Tindastóll	**5**	**3**	**2**	**429:440**	**6**
6. Stjarnan	5	2	3	417:428	4
7. ÍR	**5**	**2**	**3**	**402:428**	**4**
8. Skallagr.	5	2	3	399:402	4
9. Hamar	**4**	**1**	**3**	**290:303**	**2**
10. Snæfell	4	1	3	354:368	2
11. Þór A.	**5**	**1**	**4**	**414:470**	**2**
12. Fjölnir	5	1	4	381:430	2

Þetta var algjör grísakarfa

Helgi Már Magnússon tryggði Íslandsmeisturum KR ævintýralegan sigur á Njarðvík, 82-81, með þriggja stiga körfu um leið og leiktíminn rann út. Brotið var á Helga í skotinu en boltinn fór samt ofan í körfuna.

KÖRFUBOLTI Íslandsmeistarar KR halda áfram að gera Njarðvíkinga gráhærða með ævintýralegum sigrum gegn grænu ljónunum. Helgi Már Magnússon sendi Njarðvíkinga tómhenta heim úr Vesturbænum í gær er hann sökkti ótrúlegri þriggja stiga körfu um leið og leiktíminn rann út í gær.

Það verður að segjast eins og er að fyrri hálfleikur stóð ekki væntingum. Áhorfendur voru færri en vonast hafði verið til og öll stemning var talsvert róleg. Hún skilaði sér inn á völlinn þar sem leikmenn voru fullrólegir í tíðinni. Sú ákefð og grimmd sem maður átti von á var víðsfjarri allan hálfleikinn og leikurinn hægur og ekki sérstaklega vel spilaður.

KR tók fljótlega frumkvæðið í fyrsta leikhluta, þökk sé góðum leik Helm sem skoraði 11 stig í leikhlutanum og Darra sem setti niður tvær þriggja stiga körfur. Meistararnir leiddu þrátt fyrir það aðeins með einu stigi eftir fyrsta leikhlutann, 20-19. KR var áfram ívið grimmari aðilinn þó svo Vesturbæingar væru fjarri því að þurfa róandi. Njarðvíkingar voru ragir, leituðu stanslaust inn í teiginn og ógnin að utan var engin hjá þeim. Munurinn í leikhléi var sex stig, 43-37, og áhorfendur fegnir því að komast í flatbökurnar enda röðin orðin löng áður en fyrri hálfleikur var allur. Það segir sína sögu.

Þriðji leikhluti var einvígi á milli Fogel og Long framan af sem skoruðu grimmt. Stóru mennirnir hjá Njarðvík – Egill og Friðrik – komu svo sterkir inn með þriggja stiga körfum og það kveikti í gestunum, sem náðu frumkvæðinu og þeir héldu því til loka leikhlutans. Munurinn tvö stig þegar einn fjórðungur var eftir, 65-67.

Vörn KR small í gírinn í fjórða leikhluta og fyrir vikið náði KR strax fínni forystu, 74-67. Fyrsta karfa Njarðvíkinga kom ekki fyrr en fjórar og hálf mínúta voru liðnar af leikhlutanum en þá setti Sverrir niður þrist. Það reyndust vera einu stig Njarðvíkinga í sex mínútur af leikhlutanum en það kviknaði svo um munaði á þeim grænu undir lokin.

Þeir komust yfir, 77-78, þegar lítið var eftir af leiknum og lokamínúturnar voru æsispennandi þar sem aðeins munaði stigi á liðunum. Egill kom þeim í 79-80 og Fogel klikkaði í næstu sókn. KR braut á Jóhanni, sem fór á línuna þegar aðeins sjö sekúndur voru eftir. Hann skoraði úr öðru vítinu, 79-81. KR tók leikhlé, Brynjar brunaði síðan upp og gaf niður í hornið á Helga Má, sem setti niður körfuna þó svo að Long bryti á honum.

„Þetta var algjör grísakarfa," sagði Helgi Már brosmildur í leikslok. „Hann varði frá mér fyrsta skotið mitt í leiknum og ég skaut því hátt og hann endaði ofan í. Ég tek það. Þetta var ljúft en við þurfum að bæta mikið fyrir Keflavíkurleikinn."

Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur, var eðlilega svekktur. „Þetta var alveg ógeðslega svekkjandi og verra að geta ekkert gert í þessu síðan," sagði Teitur, sem bar engu að síður höfuðið hátt. „Ég er hrikalega ánægður með strákana, sem voru komnir með leikinn en það var lítið við þessari körfu að gera. Við sýndum samt í leiknum að við erum meðal þeirra bestu."

henry@frettabladid.is

HVERT ERT ÞÚ AÐ FARA KALLINN MINN? Skarphéðinn Ingason hefur hér góðar gætur á Njarðvíkingnum Brenton Birmingham sem átti fínan leik fyrir þá grænklæddu en það dugði ekki til í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Í FANTAFORMI Stuðningsmannahópur KR, Miðjan, fór á kostum í DHL-höllinni í gær og gladdi með skemmtilegum og hnyttnum söngvum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Breski íþróttamálaráðherrann:

Leikmenn fá fáránlega há laun

FÓTBOLTI Breski íþróttamálaráðherrann Gerry Sutcliffe gagnrýndi laun atvinnuknattspyrnumanna í gær.

„Ég óska Johns Terry góðs gengis en ég tel það vera fáránlegt að hann sé að fá 150 þúsund pund í laun á viku," sagði Sutcliffe, sem er nýtekinn við, en Terry fær rúmar átján milljónir íslenskra króna í laun á viku samkvæmt nýjum samningi við Chelsea.

Íþróttamálaráðherrann talaði enn fremur um að fótboltamenn ættu í mikilli hættu á að fjarlægjast venjulegt fólk og einangra sig frá öðrum á Bretlandi yrði þróunin áfram í sömu átt. **- óój**

Keflavík heldur áfram sigurgöngu sinni í Iceland Express-deildinni:

ÍR-ingar engin fyrirstaða fyrir Keflvíkinga

KÖRFUBOLTI Keflavíkurliðið er enn taplaust í Iceland Express-deild karla í körfubolta eftir að hafa valtað yfir ÍR suður með sjó í gærkvöldi. ÍR hélt í við Keflavík framan af en sigurinn var á endanum mjög öruggur, 110-79.

Keflvíkingar höfðu frumkvæðið í fyrri hálfleik og voru alltaf skrefi á undan. ÍR-ingar misstu þá aldrei langt frá sér fyrr en í upphafi annars leikhluta þegar heimamenn náðu tíu stiga forystu. Baráttuglaðir Breiðhyltingar unnu þó upp muninn aftur en góður leikkafli Keflvíkinga undir lok fyrri hálfleiks skilaði þeim þó þrettán stiga forystu í hálfleik, 52-39.

Í seinni hálfleik réðu Keflvíkingar gangi leiksins þar sem þeir juku muninn jafnt og þétt. Bikarmeistarar ÍR réðu lítið við hraðan leik Keflavíkur og munurinn orðinn nítján stig við upphaf lokafjórðungsins. Spurningin í fjórða leikhluta var einungis hversu stór sigur Keflavíkur yrði, sem varð á endanum þrjátíu og eitt stig.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, hrósaði vörninni mikið. „Við vorum að spila rosalega góða vörn hérna í dag. Hún skilaði okkur auðveldum stigum og því fór sem fór," sagði Sigurður, sem sagði ÍR-inga þó alltaf baráttuglaða. „ÍR berst alltaf mikið og þeir voru að fá nýjan útlending þannig það er kannski ekki mikið að marka þennan leik hjá þeim. Stigaskorið dreifðist vel hjá okkur og því var erfitt fyrir þá að vita hvern þeir áttu að dekka." Hann spáir ekki mikið í sigrana fimm. „Mótið er svo nýbyrjað að það skiptir engu máli núna hvað við erum búnir að vinna marga leiki," sagði Sigurður að lokum. **- tom**

TROÐSLA Keflvíkingurinn Bobby Walker treður hér glæsilega í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi



TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

TOYO TIRES
Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

Bílaþjónusta Benna
Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.

erum og verðum

ALLTAF ÓDÝRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 8600GT
- 22" Acer widescreen 5ms

119.950

AMD TÖLVUPAKKI 1

- AMD X2 DualCore 4600+
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB ATI Radion X1250
- 19" Acer widescreen 5ms

79.950

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

ACER ASPIRE 5633WLMI

- 1.66GHz Core 2 Duo T5500
- 1GB Dual DDR2 533MHz
- 80GB SATA 5400rpm
- Intel GMA950 PCI-E
- 15,4" CrystalBrite skjár

79.950

ACER ASPIRE 5920G

- 2.0Ghz Core 2 Duo T7300
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8600
- 15,4" CrystalBrite skjár

129.950

TURNUPPFÆRSLA 1

- AMD X2 DualCore 4000+
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 256MB Ati Radeon X1250

29.950

TURNUPPFÆRSLA 3

- AMD X2 DualCore 6000+
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB GeForce 8600GT

69.950

CANON IP2500

Canon iP2500 er 2 hylkja ljósmyndaprentari með 4800x1200 dpi upplausn ChromaLife tækni

6.950

ACER 22" AL2216WBD

Hágæða 22" LCD Acer tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

25.950

DIVICO TVIX M-4100

Enn betri og fullkomnari TviX

- Spilar H.264
- Innbyggt netkort
- HDMI Útgangur

34.950

CORSAIR 1GB MINNI

Hágæða vinnsluminni frá Corsair með 1GB DDR2 667MHz, PC2-5300 lísfstíðarábyrgð

2.950

LOGITECH EX-110

- Logiteh EX-110
- Þráðlaus geislamús
- Þráðlaust lyklaborð
- Áprentaðir íslenskir stafir

3.450

2.1 HÁTALARAKERFI

ÖflugtZ-3e hátalarasett frá Logitech, 2 öflugir hátalarar + risa bassi, 40w RMS

9.950

SAMSUNG DVD SKRIFARI

- Styður Dual layer
- 20x +/- DVD skrifhraði
- 48x CD skrifhraði
- Hugbúnaður fylgir

3.450

MSI NX8400GS -TD256E

256MB skjákort 800MHz DDR2, 450MHz Core, 64-bit, DVI, PCI-E 16X

5.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

> **Scarlett Johansson**

„Ég er mjög sjálfstæð. Ég get alveg séð um mig sjálfa en samt þarf ég mikið af ást og umhyggju," útskýrði hin gullfallega Scarlett Johansson eitt sinn. Scarlett leikur á móti Ewan McGregor í myndinni The Island sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON TRÚIR EKKI Á ENDURSÝNINGAR

Sama gamla tuggan

Sjónvarpið er farið að pirra mig. Árum saman hefur þetta verið einn helsti afþreyingarmiðillinn minn og þessi rafmagnskassi með lampanum hefur getað haldið mér félagsskap svo tímunum skiptir. En nú finnst mér eins og hann sé að segja sama brandarann, sömu söguna og bara sama gamla hlutinn. Og það sannast kannski best á því að sömu þættirnir eru á dagskrá, aftur og aftur.

Vinir eru ef til vill besta dæmið um þetta. Hversu oft hefur maður ekkki séð þessa ramm-amerísku þætti? Þeir hafa verið endursýndir og endursýndir og endursýndir og hafa verið til á myndbandaleigum svo lengi sem elstu menn muna. Aðdáendur þeirra hafa meira að segja gefið út borðspil, venjuleg spil, haldið kvöld tileinkuð þessum sexmenningum og jafnvel reynt að finna sér kaffihús

sem minnir á Central Perk. Og svo er eitt fífl fundið, einn með fimm aura brandarana, einn gáfaður og þrjár heimskar ljóskur og öllum við borðið líður eins og Friends. „Væri ekki lífið bara yndislegt ef maður gæti búið í risastórri þakíbúð í New York, fengið sér kaffibolla og lesið blöðin án þess að þurfa að hafa áhyggjur af vinnu eða skuldum," hugsar þetta fólk og stingur gula miðanum frá bankanum ofan í tösku.

En það sem verra er. Það morar allt í Friends-þáttum á öllum sjónvarpsstöðvum. Fólk sem talar allt of hratt og reynir að vera skondið, sniðugt og klárt í hverri einustu setningu. Allir þessir þættir eru byggðir á sömu formúlunni og miðað við þá virðast allir Ameríkanar kljást við sömu vandamálin.

EKKI MISSA AF

18.00 The Truman Show
STÖÐ 2 BÍÓ

20.10 Útsvar SJÓNVARPIÐ

20.35 Tekinn 2 STÖÐ 2

21.00 Scissor Sisters á tónleikum SIRKUS

21.00 Survivor: China SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.05 07/08 bíó leikhús
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ungar ofurhetjur (25:26)
17.52 Villt dýr (22:26)
18.00 Snillingarnir (34:42)
18.24 Þessir grallaraspóar (3:26)
18.30 Svona var það (7:22)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós

20.10 Útsvar Að þessu sinni eigast við Akureyri og Árborg og meðal keppenda eru Erlingur Sigurðarson íslenskufræðingur og Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

21.10 Wallander - Þorpsfíflið Sænsk sakamálamynd frá 2005. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Jørn Faurschou og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Johanna Sällström og Ola Rapace. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

22.35 Gistiheimilið Paradís (Guest House Paradiso) Bresk bíómynd frá 1999.

00.05 Fanturinn (Mean Machine) Fótboltastjarna sem situr inni fyrir líkamsárás fer fyrir föngum í fótboltaleik gegn fangavörðum. Meðal leikenda eru Vinnie Jones, David Kelly, Jason Flemyng og Jason Statham. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Girl Next Door
08.00 First Daughter
10.00 Lóa og leyndarmálið (e)
12.00 The Truman Show
14.00 First Daughter
16.00 Lóa og leyndarmálið

18.00 The Truman Show Aðalhlutverk: Jim Carrey, Ed Harris, Laura Linney. Leikstjóri: Peter Weir. 1998.

20.00 The Girl Next Door

22.00 The Island Bandarískur vísindatryllir eftir Michael Bay.

00.15 The Forgotten
02.00 Missing
04.00 The Island

STÖÐ 2

08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love
10.15 Numbers (6:24)
11.00 Freddie (14:22)
11.25 Ástarfleyið (11:11)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin fegurð (97:114)
13.55 Forboðin fegurð (98:114)
14.45 Lífsaugað
15.25 Bestu Strákarnir (1:50) (e)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
19.35 The Simpsons (6:22) (e)
20.00 Logi í beinni

20.35 Tekinn 2 (8:14) Bjarni Ben þingmaður lendir í vandræðalegum aðstæðum þegar hópur gagnfræðaskólanema spyr hann óþægilegra spurninga á fyrirlestri. Einnig fær sjónvarpskonan Nadia að finna fyrir pressunni þegar allt fer úrskeiðis við tökur.

21.05 Stelpurnar Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegri en nokkru sinni fyrr.

21.30 Waiting Kolsvört gamanmynd með þeim Ryan Reynolds og Justin Long úr Die Hard 4 í aðalhlutverkum. 2005.

23.05 The Royal Tenenbaums Dramatísk gamanmynd með úrvalsleikurum. Aðalhlutverk: Gene Hackman, Anjelica Huston, Gwyneth Paltrow og Ben Stiller. Leikstjóri: Wes Anderson. 2001. Bönnuð börnum.

00.55 Unbreakable
02.40 Agatha Christie - Mystery of the Blue Train
04.15 Balls of Steel (1.6)
04.50 Tekinn 2 (8.14)
05.20 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.00 Iceland Expressdeildin 2008 Upptaka af leik KR og Njarðvíkur

14.00 Iceland Expressdeildin 2008

15.30 Spænski boltinn Upptaka af leik Valladolid og Barcelona

17.35 PGA Tour 2007 - Highlights
18.30 Það helsta í PGA mótaröðinni
19.00 Gillette World Sport 2007

19.30 NFL Gameday Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandarísk fótboltanum.

20.00 Spænski boltinn - Upphitun Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

20.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.

21.00 World Supercross GP 2006-2007
22.00 World Series of Poker 2007
22.45 Heimsmótaröðin í póker 2006
23.35 Timeless (Þróttahetjur)
00.00 NBA-körfuboltinn 2007/2008 (Boston - Washington) Bein útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.

SÝN 2

17.30 Chelsea - Man. City
19.10 Liverpool - Arsenal
20.50 Premier League World
21.20 Premier League Preview (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
21.50 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches
22.50 Goals of the season (Goals of the Season 2003/2004) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
23.50 Premier League Preview (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

SKJÁREINN

07.30 Game tíví (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.00 Vörutorg
17.00 Game tíví (e)
17.25 7th Heaven (e)
18.15 Dr. Phil

19.00 Friday Night Lights (e) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas.

20.00 Charmed (12:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlagasnormir. Áætlanir um að breyta heiminum og eyða öllum djöflum falla í misjafnan jarðveg. Brody gerir samkomulag við Zankou sem gæti dregið dilk á eftir sér.

21.00 Survivor: China (7:14) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.

22.00 Law & Order: Criminal Intent (14:22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Kona sem vann fyrir bandarísku leyniþjónustuna er myrt á heimili sínu. Logan og Barek komast að því að eiginmaður hennar er ekki allur þar sem hann er séður.

22.50 Masters of Horror (6:13) Nú er það ítalski hrollvekjumeistarinn Dario Argento sem leikstýrir spennandi sögu með sjálfum Meatloaf í aðalhlutverki. Hann leikur Jake Feldman sem lifir fyrir loðfeldi. Hann dreymir um að finna hinn fullkomna loðfeld og er tilbúinn til að drepa til að draumurinn verði að veruleika.

23.40 Backpackers (18:26)
00.10 Law & Order. SVU (e)
01.00 The Company (e)
01.50 C.S.I. Miami (e)
02.50 C.S.I. (e)
03.35 C.S.I. (e)
04.20 Vörutorg
05.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00
Logi í beinni

Logi Bergmann tekur á móti góðum gestum í spjallþætti sínum í kvöld. Pétur Jóhann Sigfússon þarf vart að kynna enda er hann einn vinsælasti leikari landsins um þessar mundir og var nýlega tilnefndur til Edduverðlaunanna fyrir hlutverk sitt í Næturvaktinni. Söngkonan Katie Melua mun einnig kíkja í heimsókn til Loga.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
The Royal Tenenbaums
Stöð 2 kl. 23.05

Frábær mynd úr smiðju leikstjórans Wes Anderson sem einnig hefur gert myndir á borð við Rushmore og The Life Aquatic with Steve Zissou. Hér fer einvala lið á kostum í fjölskrúðugri fjölskyldusögu þar sem ekkert er eins og það á að vera. Frábær mynd í alla staði og tónlistin er í algjörum sérflokki.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Stjörnukíkir
15.03 Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Pollapönk
20.30 Tímakornið
21.10 Flakk
22.10 Veðurfregnir
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

18.20 Fréttir
19.10 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
19.50 Ren & Stimpy Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.
20.15 Ren & Stimpy
20.40 Totally Frank Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.
▶21.00 Scissor Sisters - Live from London Sirkus sýnir frá tónleikum Scissor Sisters sem fram fóru á Trafalgar Square í London hinn 16. september síðastliðinn. Á þessum tilteknu tónleikum tekur sveitin öll sín vinsælustu lög. Lög eins og Take Your Mama, Comfortably Numb, Mary og Filthy Georgeous ásamt nýjasta smelli sínum, I Don't Feel Like Dancin'.
22.00 Numbers (3:24) Einfalt þjófnaðarmál vindur upp á sig þegar í ljós kemur að það tengist skelfilegu morði.
22.45 Life on Mars (8:8) Sam er ákveðnari en nokkru sinni í því að komast að því hvernig hann getur snúið aftur heim.
23.40 Hollywood Uncensored Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað. 2007.
00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

iNN

20.00 Hrafnaþing Gestir Ingva Hrafns Jónssonar skoða málefni líðandi stundar með liðna viku sem útgangspunkt.
21.00 Mér finnst Ólína Þorvarðardóttir, Silja Aðalsteinsdóttir ritstjóri og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur setja orð á sín sjónarmið.

DR 1

11.35 Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.25** Blandt dyr og mennesker i Norden **12.50** Rabatten **13.20** VQ - Videnskabsquiz **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Tjenesten - nu på TV **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** Øreflip **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Cirkusrevyen 2006 **20.00** TV Avisen **20.30** En ny dag truer **22.10** Roxanne - næsen er i vejen **23.55** Boogie Listen

NRK 1

8.55 Frokost-tv **11.00** NRK nyheter **11.15** Solens mat **11.45** Columbo **13.00** Gjensynet **14.00** Orson og Olivia **14.30** Øya **15.00** VG-lista Topp 20 **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Charlie og Lola **17.10** Herr Hikke **17.15** Karsten og Petra **17.25** Sauen Shaun **17.35** Miniplanetene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.05** Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dalziel og Pascoe **23.05** Sopranos **23.55** Med kjærlig hilsen - The Beatles **0.45** Country jukeboks med chat **3.00** Dansefot jukeboks

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** Små grytor har också öron **13.00** Videokväll hos Luuk **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **15.55** Plus **16.25** Niklas mat **16.55** Helgmålsringning **17.00** BoliBompa **17.30** Fåret Shaun **17.35** Häxan Surtant **18.00** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Isprinsessan **21.00** Martirios flamenco **21.50** Levande föda **22.35** Rapport **22.45** Kulturnyheterna **22.55** Svensson, Svensson **23.25** Grotesco **23.55** En riktig människa

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðaslættar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefúðinn og nefdropar innihalda xýlómetasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólín ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbúprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Ég hlusta á útvarpið meðan ég keyri og fylgi alltaf sömu dagskrá. Frá klukkan sex til níu á morgnana hlusta ég á Bylgjuna en þá tekur Útvarp Saga við til tíu. Svo stilli ég aftur á Bylgjuna og hlusta á Ívar, vin minn. Bylgjan er spiluð þar til kemur að kvöldfréttum á Rás 2.“

André Bachmann, vagnstjóri og tónlistarmaður.

Ný kvikmynd úr efniviði Guðrúnar Helgadóttur

„Það er alltaf stórt verkefni að skrifa handrti að bíómynd og það er jafnvel erfiðara þegar það er saga eða bók sem liggur til grundvallar,“ segir Margrét Örnólfsdóttir en hún og Inga Lísa Middleton eru að skrifa kvikmyndahandrit eftir bók Guðrúnar Helgadóttur, Óðruvísi dagar. Áætlað er að kvikmyndin fari í framleiðslu á næstu tveimur árum en Inga Lísa mun væntanlega leikstýra henni. Kvikmyndafyrirtækið Zik Zak framleiðir en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verður þetta í fyrsta skipti frá því Þráinn Bertelsson leikstýrði Jóni Oddi og Jóni Bjarna fyrir 26 árum að bók eftir þennan ástsælasta barnabókahöfund

26 ÁR SÍÐAN SÍÐAST Kvikmynd Þráins Bertelssonar um tvíburana Jón Odd og Jón Bjarna hefur lifað í 26 ár.

þjóðarinnar er færð upp á hvíta tjaldið.

Íslenskar barnamyndir hafa ekki átt upp á pallborðið hjá íslenskum kvikmyndagerðarmönnum um þó nokkurt skeið. Margrét er nánast handviss um að síðasta barnamyndin í fullri lengd hafi verið Regína sem frumsýnd var árið 2001. En nú virðist hins vegar vera bjartara framundan, Dugguholufólk Ara Kristinssonar verður frumsýnd á næstunni og Zik Zak undirbýr nú gerð kvikmyndarinnar Gauragangs eftir samnefndri metsölubók Ólafs Hauks Símonarsonar.

„Hálfgerð lægð hefur verið í gerð barnamynda hér á landi í þó nokkurn tíma og það hefur jafnvel verið kvartað yfir því á erlendum barnamyndahátíðum að það hafi vantað slíkar myndir frá Íslandi,“ segir Margrét og bætir því við að það sé nú ekki alveg jafn hættulegt og það líti út fyrir í fyrstu að gera íslenska barnamynd. „Þær hafa fengið fína dreifingu á Norðurlöndum og Þýskalandi og lifa lengi á myndbandaleigunum.“ - fgg

ENGINN ÞARF AÐ VERA HRÆDDUR VIÐ BÖRN Hálfgerð lægð hefur verið í gerð barnamynda hér á landi en einhver kraftur virðist vera að færast í hana aftur núna.

HEIÐRAÐ SKÁLD Sigurður Pálsson hefur fengið tvær mikilsmetnar orður frá franska ríkinu og því augljóst að Fransmenn kunna vel að meta störf skáldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGURÐUR PÁLSSON: FRAKKAR KUNNA VEL AÐ META SKÁLDIÐ

Sæmdur riddarakrossi frönsku heiðursorðunnar

„Mér var tilkynnt þetta ekki alls fyrir löngu. Maður fær engar nákvæmar skýringar heldur bara tilkynningu,“ segir rithöfundurinn Sigurður Pálsson en Frakklandsforseti hefur ákveðið að sæma hann Chevalier de l'Ordre National du Mérite eða riddarakrossi frönsku heiðursorðunnar. Sigurður þarf trúlega ekki að fara til Frakklands til að veita henni viðtöku heldur mun sendiherra Frakka hér á landi væntanlega sjá um það fyrir forsetann. „Enda skilst mér að Sarkozy sé ákaflega upptekinn maður,“ segir Sigurður en bætir því við að hann taki við orðunni af auðmýkt og stolti. Rithöfundurinn segist reyndar ekki vera vel að sér í orðum í þessari merkingu en honum skiljist að riddarakross frönsku heiðursorðunnar tilheyri frönsku heiðursfylkingunni.

Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem Frakkar heiðra Sigurð fyrir störf hans því fyrir sautján árum fékk hann riddaraorðu lista og bókmennta af hálfu menningamálaráðherra Frakka, Jack Lang. Til gamans má geta þess að breski hjartaknúsarinn Jude Law fékk þá orðu fyrr á þessu ári.

Sigurður gerir einmitt upp árin sín í París, frá 1967 til 1982, í sinni nýjustu bók sem kallast einfaldlega Minnisbók. „Þetta er búið að vera í vinnslu mjög lengi og ég var þó nokkurn tíma að finna rétta taktinn. En svo fyrir þremur árum fór þetta að koma og ég er mjög sáttur,“ útskýrir Sigurður en hann var nýorðinn nítján ára þegar hann lagði land undir fót og hélt til Toulouse í Suður-Frakklandi „Ég var síðan kominn tímanlega til Parísar áður en stúdentabyltingin hófst 1968,“ útskýrir Sigurður en þar lærði hann meðal annars hvernig á að verjast táragasi með klút vættum í sítrónusafa og forðast að vera króaður inni af óeirðalögreglu.

Og skáldið ætlar að taka þátt í óvenjulegri en franskri kynningu að frumkvæði tískuvöruverslunarinnar Liborius sem hyggst hafa Minnisbókina í sérstakri forsölu hinn þriðja nóvember. „Þetta er eitthvað sem ég þekki vel frá Frakklandi þar sem úrvalsbúðir bjóða upp á slíka þjónustu. Og svo er bara gaman að taka þátt í þessari nýjung í kynningu á bókum sem kemur sér vonandi vel fyrir bóksöluna,“ segir Sigurður en hann verður á staðnum og áritar bókina.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslenskir milljarðamæringar virðast vera orðnir þreyttir á að láta sjá sig á Range Rover-jeppum sem teljast núorðið almúgaeign. Þess í stað keppast þeir nú við að slá hver annan út í frumlegheitum. Nýjasta útspil milljarðamæringsins **Þorsteins M. Jónssonar**, sem einatt er kenndur við Kók, er átta milljóna svartur pallbíll af gerðinni Cadillac Escalade. Hefur kerran vakið ómælda athygli á götum Reykjavíkur, sérstaklega í myrkri þar sem hún ljómar eins og jólatré.

Mannamál **Sigmundar Ernis Rúnarssonar** þykir hafa farið vel af stað á Stöð 2. Einn af liðum þáttarins er menningarumfjöllun **Gerðar Kristnýjar** og **Katrínar Jakobsdóttur**. Nokkurs kurrs hefur orðið vart í bókmenntaheiminum yfir því að Gerður fjalli um bókmenntir í sjónvarpsþættinum. Er í því samhengi bent á að Gerður eigi tvær bækur í jólabókaflóðinu og það hafi hingað til ekki tíðkast að höfundar fjalli um verk annarra höfunda á sama tíma og þeir gefi sjálfir út bækur.

Frostrósartónleikar **Samúels Kristjánssonar** og félaga verða haldnir í fimmta sinn hinn 15. desember næstkomandi. Athygli vekur að Samúel hefur fengið almannatengslafyrirtækið Inntak til að sjá um kynningarmál fyrir Frostrósir. Við fyrstu sýn gæti fólk haldið að það væri til að koma í veg fyrir að mistök síðasta árs, þegar fjölmargir tónleikagestir fóru ósáttir heim, endurtaki sig. Hið rétta er hins vegar að umfang tónleikanna, bæði hér heima og erlendis, er orðið slíkt að Samúel og félögum þótti réttast að fá fagmenn í þennan hluta verkefnisins. - hdm

Sigga & Timo
GULLSMIÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT 2. gas **6.** mannþvaga **8.** blása **9.** rangl **11.** mun **12.** ælunarfæri blóms **14.** yfirstéttar **16.** málmur **17.** gagn **18.** hækkar **20.** peninga **21.** velta.
LÓÐRÉTT 1. þurft **3.** gat **4.** flokkur sýklalyfja **5.** efni **7.** sárabindi **10.** óvild **13.** of lítið **15.** baklaf á flík **16.** tímabils **19.** gylta.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. loft, **6.** ós, **8.** puð, **9.** ráf, **11.** ku, **12.** fræva, **14.** aðals, **16.** ál, **17.** nýt, **18.** rís, **20.** fé, **21.** snúa.
LÓÐRÉTT: 1. þörf, **3.** op, **4.** fúkalyf, **5.** tau, **7.** sáralín, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** árs, **19.** sú.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

1. Amharísku sem er töluð í Eþíópíu.
2. Sóleyjarrima í Grafarvogi.
3. David Byrne, söngvari Talking Heads.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.
STÓR HUMAR • RISARÆKJUR
LÚÐA • SKÖTUSELUR • HÖRPUSKEL
og fiskréttir i sparifötum

Brúðkaup ársins eftir tvær vikur

Jón Ásgeir Jóhannesson, starfandi stjórnarformaður Baugs, og unnusta hans til margra ára, Ingibjörg Pálmadóttir, munu ganga í hjónaband hinn 17. nóvember næstkomandi. Athöfnin fer fram í Dómkirkjunni en eftir það er um 300 manns boðið til veislu í Hafnarhúsinu.

„Þú færð mig ekki til að segja neitt um þetta,“ segir Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur en heimildir Fréttablaðsins herma að hann muni gefa parið saman. Ekki náðist í Jón Ásgeir í gærdag.

Mikil leynd hefur hvílt yfir brúðkaupsáformunum og fóru fregnirnar ekki að spyrjast út fyrr en á miðvikudag þegar boðskortin voru send út.

Á LEIÐ UPP AÐ ALTARINU Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir ganga í heilagt hjónaband hinn 17. nóvember næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Val Jóns Ásgeirs og Ingibjargar á veislusal þykir athyglisvert. Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur, segir þó algengt að einkaveislur séu haldnar í Hafnarhúsinu. „Það er mjög mikil spurn eftir því að leigja húsið. Við leigjum það út um næstum því hverja helgi,“ segir Soffía, sem leggur áherslu á að veislur sem þessar bitni ekki á starfsemi safnsins. En hvað kostar það fyrir brúðhjón að leigja Hafnarhúsið? „350 þúsund. Og þá er innifalin uppsetning á tjaldinu yfir portið.“ - hdm

Electrolux

- Vandaður **blástursofn með 8 eldunarkerfum**
- **Kjöthitamælir** og klukka
- **Þrefalt gler** í ofnhurð
- Innfelldir stjórnrofar
- Einnig fáanlegur í stáli
- Verð áður kr. 73.600

AFSLÁTTUR 20%
Verð nú **59.900**

AFSLÁTTUR 34%
Verð nú **79.900**

Electrolux

- Vandað spansuðuhelluborð með stórum hellum
- **Snertitakkar** og Boost
- Verð áður kr. 119.900

SPANSUÐA ELDAÐU Á METTÍMA!

ZANUSSI

- Fjölkerfa **blástursofn** með heitum blæstri
- **Grill + undir- og yfirhiti**
- **High Light hraðhellur**
- Burstað kámfrítt stál
- HxBxD: 90x59,6x60 cm
- Verð áður kr. 84.900

ÞÚ SPARAR 15.000
SÁL Verð nú **69.900**

applíance
- 60 cm veggháfur stál með 870 rúmmetra sogafköstum
- 3 hraðastillingar
- Verð áður kr. 29.900

AFSLÁTTUR 50%
Verð nú **4.900**

AFSLÁTTUR 37%
Verð nú **8.900**

Electrolux

Stór örbylgjuofn með stafrænu stjórnborði
- **1300W Grill**
- **28 lítra**
- RedDot hönnunarverðlaun
- Verð áður kr. 29.900

ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **74.900**

Electrolux

- Rúmmál kælis **223 lítrar** og **92 lítra** frystir
- **Orkunýtni A+**
- **MAXI frystiskúffur** með betri nýtingu og nægu rými
- Flöskurekki
- Glerhillur með kanti
- Sjálfvirk afþíðing í kæli
- Hljóðlátur 38 dB(A)
- HxBxD: 175x59,5x62 cm
- **Verð áður kr. 94.900**

Electrolux

- **1200 snúninga** hraðþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
- Tekur allt að 6 kg af taui
- **Hraðval** á algengum þvotta-kerfum
- Seinkun á gangsetningu 3 / 6 klst.
- **Stórt hurðarop**
- Þriggja ára ábyrgð
- Verð áður kr. 69.900

BARNALÆSING MEÐ RAFMAGNSLÁSI

AFSLÁTTUR 22%
Verð nú **54.900**

Electrolux

- **Barkalaus þurrkari** með **rakaskynjara**. Stoppar þegar þurrkarinn er orðinn þurr.
- Tekur hámark **6 kíló**
- **Krumpuvörn**
- Kerfi fyrir viðkvæman þvott
- Verð áður kr. 64.900

AFSLÁTTUR 24%
Verð nú **49.900**

RISA LAGER HREINSUN

OPIÐ ALLA HELGINA!

Sparaðu allt að 70%

AFSLÁTTUR 38%
Verð nú **2.490**
~~3.990~~
Töfrasproti með þeytara og saxara

AFSLÁTTUR 57%
Verð nú **1.290**
~~2.990~~
Eldhúsvog digital með skál

AFSLÁTTUR 30%
Verð nú **6.990**
~~9.990~~
Safapressa 600W fyrir heila ávexti

AFSLÁTTUR 43%
Verð nú **3.990**
~~6.990~~
Mínútugrill stál með rifflum

AFSLÁTTUR 50%
Verð nú **1.990**
~~3.990~~
Brauðrist burstað stál Retro

AFSLÁTTUR 33%
Verð nú **1.990**
~~2.990~~
Hrísgrjónapottu með glerloki

AFSLÁTTUR 40%
Verð nú **2.990**
~~4.990~~
Kleinuhringjajárn. Tilvalin gjöf!

AFSLÁTTUR 50%
Verð nú **2.990**
~~5.990~~
Stór rafmagnspanna með glerloki

AFSLÁTTUR 50%
Verð nú **1.490**
~~2.990~~
Gufustraujárn 1400W

VERÐDÆMI:

Brauðristar	1.490	Kleinuhringjajárn	2.990
Kaffivélar	1.290	Mínútugrill	3.990
Hraðsuðukönnur	1.290	Rafmagnshnífar	1.690
Eldhúsvogir digital	1.290	Ísgerðarvélar	3.990
Sítruspressur	1.290	Brauðvélar	7.990
Töfrasprotar	1.290	Dósaopnarar	1.490
Handþeytarar	1.990	Rafmagnshellur	2.990
Samlokugrill	1.490	Rafm. pönnur	2.990
Töfrasprotar	1.290	Gufustraujárn	1.290
Hrísgrjónapottar	1.990	Ryksugur	3.490
Litlar hrærivélar	1.990	Töfrasópur	3.990
Matvinnslutæki	2.490	Rakatæki	5.990
Kaffikvarnir	1.990	Hárblásarar	790
Vöfflujárn	2.990	Hárklippisett	990
Súkkulaðipottur	2.490	Nefháraklippur	490
Súkkulaðibrunnur	8.990	Naglasnyrtitæki	790
Eggjasjóðarar	990	Krulluburstasett	990
Loftviftur stál	5.990	Hnökrarakvélar	690
Nuddtæki	1.490	Hitaofnar	1.990
Andlitsgufubað	1.990	Olíuf.rafm.ofnar	3.490
Hitateppi	1.990	Handklæðaofn	3.990
Fótanuddtæki	3.490		
Dekur & SPAsett	6.990		

AFSLÁTTUR 50%
Verð nú **1.990**

TRISTAR
Racklette grill fyrir 4 með grillplötu og 4 pönnum
Verð áður kr. 3.990

Rafha ehf

Opið
Virka daga 9-18
Laugardagur 10-18
Sunnudagur 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

BAKÞANKAR
Bergsteins
Sigurðssonar

Nokkur framfaramál

Út er komin hin klassíska barnabók Tíu litlar skipamellur eftir Metúsalem frá Munaðarnesi, eitt ástælasta skáld þjóðarinnar. Hver man ekki eftir vísunum um gálurnar tíu sem týna tölunni ein af annarri í sprútttunnum, nælonsokkabuxnasnörum og ilmvatnsfnyk á slippstöð suður með sjó?

INNBLÁSINN af Ástandinu setti Metúsalem þessa kviðlinga saman á fimmta áratug síðustu aldar til að brýna fyrir litlum tátum hvernig getur farið ef þær eru of útbærar á blíðu sína í þeim tilgangi að ná sér í tyggigúmmí og annan lúxusvarning sem bandarískir dátar og togarasjómenn hafa upp á að bjóða. Vísurnar koma öllum í sólskinsskap og hafa haft ofan af fyrir nokkrum kynslóðum skólabarna en einhverra hluta vegna verið ófáanlegar um langt skeið.

ÍSLENSKA þjóðkirkjan rétti samkynhneigðum sáttahönd á prestastefnu þegar komist var að þeirri niðurstöðu að leyfa prestum sem það vilja að staðfesta greftrun homma og lesbía – í vígðri mold og allt. Talsmenn þjóðkirkjunnar telja það aftur á móti of stórt skref að tala um útfarir samkynhneigðra eins og hverja aðra jarðarför. Félagar úr stétt kristilegra góðborgara telja enn fremur að það samræmist ekki íslenskri málvenju að orðin jarðarför og lesbía og/eða hommi komi fyrir í sömu andrá. Í viðleitni sinni til að brúa bilið milli sannkristinna og samkynhneigðra hafa þeir aftur á móti stungið upp á nokkrum orðum sem nota mætti í stað staðfestra greftrana, til dæmis hommaför og dyslesbía.

VIÐSKIPTARÁÐHERRA hefur ákveðið að afnema vöru- og stimpilgjöld. Hann telur aftur á móti ekki rétt að gera það í einu vetfangi heldur í nokkrum áföngum. Í fyrsta lagi er það gert til að hlífa neytendum, sem munu að öllum líkindum ekki ráða við óheft aðgengi að handsápu, kakódufti og svampbotnatertum á svo lækkuðu verði að í sumum tilfellum stappa kjörin nærri raunvirði.

Í öðru lagi þykir sanngjarnt að kaupmenn, og aðrir sem hag hafa af, fái að aðlagast breyttu kerfi og auka álagningu smátt og smátt til að vega upp það tekjutap sem… ja, einhver annar en þeir yrði fyrir við þessa breytingu. Smyrji þeir öllu á í einu er hætt við að til átaka komi milli kaupmanna og neytenda – reyndar aðallega í formi langra og gífuryrtra lesendabréfa – en sýnt þykir að yrðu öllum til armæðu og engum til hagsbóta.



GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 2. nóvember, 306. dagur ársins

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.12	13.11	17.09
Akureyri	9.07	12.56	16.44

Heimild: Almanak Háskólans

www.volkswagen.is

Við getum nú boðið takmarkað magn af Passat Variant með geysiöflugri 140 hestafla 2,0 TDI® dísilvél sem eyðir aðeins 6,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Sítengt aldrei (4Motion) gerir vetraraksturinn að magnaðri upplifun.

Innifalinn 285.000 kr. aukahlutapakki

- 16” álfelgur
- Skyggðar rúður
- Aftengjanlegt dráttarbeisli
- Aksturstölva
- Leðurklætt stýri
- Fjarlægðarskynjarar að aftan og framan
- Silfurlitir þakbogar
- Hiti í framsætum
- 230V tengi í farþegarými

Volkswagen Passat er grænn bíll

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA